# Gjörðabók byggingarnefndar 1922-1929

Aðfnr. 4632 A

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

I.

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR

Gjörðabók

byggingarnefndar

1922-1929

.077.5:025.26 - .785.075.15

Aðfnr. 4632 A

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SKJALASAFN
REYKJAVÍKURBÆJAR
4632 A

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bók þessi, sem er 376 - þrjú hundruð sjötíu og sex - blaðsíður að stærð, gegnumdregin og útbúin með innsigli stjórnarráðsins, löggildist hér með til að vera:

Gjörðabók

byggingarnefndar Reykjavíkur

Í Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu 13. janúar 1922.

F. h. r.

Oddur Hermannsson.

Vigfús Einarsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1922, laugardaginn 14. janúar, kl. 5 1/2 síðdegis, var haldinn fundur í byggingarnefnd Reykjavíkur á skrifstofu borgarstjóra.

Gerðist þetta:

1. Kristjáni Sveinssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 24 við Fálkagötu. Stærð 35.91 $m^2$. Byggingarleyfisgjald kr. 6.50.

2. Eyjólfi Ísakssyni og Guðm Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á erfðafestulandinu "Hjallalandi". Stærð 57.4 $m^2$. Byggingarleyfisgjald kr. 12.70. Leyfið því skilyrði bundið, að bæjarstjórnin gefi samþykki sitt til að byggja megi á erfðafestulandinu.

3. Útitröppur við nýbyggt hús Margrétar Zöega við Austurstræti og Vallarstræti, ná lengra út frá húshliðinni en lög mæla fyrir, og hefur ekki verið lagfært þrátt fyrir kröfur byggingarfulltrúa. Ákveðið að kæra þetta til sekta ig niðurrifs.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. H. Þorláksson. Sveinn Jónsson. Pétur Ingimundarson. Kristinn Sigurðsson. Þorvarður Þorvarðsson. Guðm. Ásbjörnsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1922, mánudaginn 30. janúar kl. 4 síðdegis, var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Fellt úr gildi byggingarleyfi er gísla Jónssyni var veitt 27. ágúst f.á. Honum leyft að byggja hluta af húsi í sama sniði og um getur í áður nefndu byggingarleyfi. Stærð 79.5 m². Byggingarleyfisgjald kr. 22.30. Húsið verður byggt á lóð, er beiðandi hefir keypt úr Geirstúni, á horni fyrirhugaðrar Bárugötu og Garðastrætis og er 433 m². að stærð samkv. framlögðum uppdrætti. Leyfið er þeim skilyrðum bundið, að lóðareigandi greiði í bæjarsjóð 2 kr. fyrir hvern fermeter af lóðinni, þegar Garðastræti verður gjört, en þangað til sjái hann sjálfur fyrir vatnsleiðslu, skolpræsi og aðgangi að lóðinni. - Húsið verður nr. 2 við Bárugötu.

2. Guðm. Bjarnasyni klæðskera leyft að byggja viðbót við suðurhluta hússins nr. 6 í Aðalstræti. Stærð 16.63 m². Byggingarleyfisgjald kr. 2.50. - Skilyrði fyrir leyfinu, að bygging þessi verði rifin niður þegar aðalbyggingin verður ~~rifin/niður~~ byggð af nýju á lóðinni og skal þetta þinglesið, sem kvöð á eigninni.

3. Þorsteini Jónssyni, Grettisgötu 19C leyft að byggja skúr norðan við húsið, sem er í smíðum á Urðarstíg 4, 4.5 m². að stærð og að breyta innréttingu í kjallara. Leyfisgjald kr. 4.00. -

Fleira ekki gert. Á fund vantaði slökkviliðsstjóra.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Kristinn Sigurðsson.
Sveinn Jónsson. Guðm. H. Þorláksson. Þorvarður Þorvarðsson.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1922, laugardaginn 11. febrúar, kl. 4 síðd., var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Gísla Halldórssyni leyft að byggja á lóðinni nr. 13 við Frakkastíg, fisksöluskúr úr steinsteypu. Stærð 17.64 m$^2$. Byggingarleyfisgjald kr. 2.12. Leyfi lóðareiganda fylgir beiðninni.

2. Guðm. Guðmundsson, Rauðarárstíg 5, sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 16 við Þórsgötu, og fylgir beiðninni samþykki lóðarleigjanda. Nefndin veitir hið umbeðna leyfi, en tekur það fram, að lóðin verði óskipt samkvæmt leigusamningnum. Stærð hússins er 47.56 m$^2$. Byggingarleyfisgjald kr. 7.23.

3. Ekkjufrú Marín Ólafsdóttur leyft að breyta skúr við vesturenda hússins nr. 19 við Hafnarstræti. Leyfisgjald kr. 2.00.

4. Gunnþórunni Halldórsdóttur leyft að gera viðbyggingu úr úr steini við bakskúr hússins nr. 5 við Amtmannsstíg. Stærð 10.15 m$^2$. Byggingarleyfisgjald kr. 3.65.

5. Þorsteini Ásbjörnssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 33 við Bragagötu. Stærð 83.43 m$^2$. Byggingarleyfisgjald kr. 20.02.

6. Steingrími Guðmundssyni leyft að setja kvist á suðurhlið hússins nr. 46 við Grettisgötu. Leyfisgjald kr. 2.00.

7. Helga Ívarssyni og Jóni Ívarss. leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 35 við Bragagötu. Stærð 71.72 m$^2$. Byggingarleyfisgjald kr. 8.61.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Kristinn Sigurðsson. Pétur Ingimundarson. Sveinn Jónsson. Guðm. H. Þorláksson. Þorvarður Þorvarðsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1922, laugardaginn 25. febrúar, kl. 4 s.d. var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Þorbirni Péturssyni leyft að gera tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 28 við Lokastíg. Stærð 63.2 fermetrar. Gjald kr. 15.70.

2. Árna Jónssyni leyft að setja gluggakvist á húsið nr. 37 við Laugaveg. Byggingarleyfisgjald kr. 4.oo.

3. Jóni Guðnasyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóð Jóns Eiríkssonar nr. 15 við Urðarstíg. Stærð 60.72 fermetrar. Byggingarleyfisgjald kr. 14.60.

Fleira gerðist ekki.

Á fund vantaði Þorvarð Þorvarðsson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. G. H. Þorláksson. Sveinn Jónsson.
Pétur Ingimundarson. Kristinn Sigurðsson. Guðm.Ásbjörnsson.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1922, laugardaginn 11. marz, kl. 4 s.d. var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Jóni Magnússyni Bergstaðastræti 15 leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóð, sem hann hefur keypt úr lóðinni nr. 22 við Bergstaðastræti, og er 151.3 fermetrar að stærð, samkvæmt framlögðum uppdrætti. Leyfið er því skilyrði bundið, að austurmörk lóðarinnar verði hornrétt við Bjargarstíg, eða að öðrum kosti byggt á allri lengd lóðarinnar meðfram Bjargarstíg, með gangi í gegn um neðri hæð hússins. Húsið verður nr. 7 við Bjargarstíg, og er að stærð 66.25 ferm. Byggingarleyfisgjald kr. 16.50. Leyfið verður ekki afgreitt fyrr en settu skilyrði er fullnægt, og nýr uppdráttur framlagður.

2. Almann Normann leyft að byggja íbúðarhús úr steinsteypu, einlyft á kjallara. Stærð 95.4 ferm. Húsið á að standa á lóð, sem hann hefur keypt af bænum, fyrir sunnan lóð Péturs Ólafssonar við Suðurgötu, og að fyrirhugaðri Hringbraut. Það er skilyrði, að framhlið hússins verði samsíða stefnu Hringbrautar, og að hann sjái sér sjálfur fyrir aðgangi að húsinu og frárennsli. Byggingarleyfisgjald kr. 28.25.

3. Vilhjálmi Bjarnasyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, án kjallara, á lóðinni nr. 28 við Lokastíg, og hefir hann til þess leyfi lóðareiganda. Stærð hússins er 62.95 ferm. Byggingarleyfisgjald kr. 15.17.

4. Sveinn Jóhannesson sækir um undanþágu frá byggingarsamþykktinni, til þess að geta skipt eigninni nr. 22A við Grettisgötu í tvær eignir, og fylgir beiðninni lýsing á því hvernig hugsað er að skiptingin fari fram. Nefndin sér ekki að hægt sé að skipta þessari eign, og mælir því ekki með undanþágunni.

5. Bæjarstjórnin hefur beiðzt álits nefndarinnar um, hvort rétt sé, að halda Veghúsastíg opnum milli Klapparstígs og Vatnsstígs. Lóðir þær, sem liggja norðan við Veghúsastíg, hafa engan aðgang annan en um þann stíg, og telur nefndin því nauðsynlegt, að stígurinn verði opinn milli Vatnsstígs og Klapparstígs, og leggur til að Veghúsastígur verði ákveðinn 6.3 m. breiður, og stefnan eins og sýnt er á uppdrætti, sem lögð var fram á fundinum. Nefndinni virðist sannað, að bæjarstjórnin geti tekið endurgjaldslaust það af lóðinni nr. 14A við ~~Veghúsastíg~~ Klapparstíg, sem þarf til Veghúsastígs, og leggur til, að sú lóð verði þegar tekin, en leggur jafnframt til, að ekki verði leyft að byggja á lóðunum nr. 1, 3 og 5 við Veghúsastíg, nema látin sé ókeypis lóð undir breikkun stígsins.

6. Einari Arnórssyni leyft að byggja viðbótarbyggingu við hús sitt nr. 25 við Laufásveg. Að stærð 82.39 ferm. Byggingarleyfisgjald kr. 34.60. Byggingin verður úr steinsteypu..

Fleira gerðist ekki. Á fund vantaði Þorvarð Þorvarðsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Kristinn Sigurðsson.
Sveinn Jónsson. Pétur Ingimundarson. G.H. Þorláksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1922, laugardaginn 1. apríl, kl. 4 síðd., var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra:

Þetta gerðist:

1. Ólafi Guðmundssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóð, sem hann hefur farið fram á að fá á leigu hjá bænum við Frammnesveg, á horni væntanlegs framhalds á Holtsgötu. Stærð 75.6 m². Byggingarleyfisgjald kr. 4.80. -

2. Á fundi byggingarnefndarinnar 11. marz, var Jóni Magnússyni leyft að byggja hús á lóðinni nr. 7 við Bjargarstíg, með skilyrði um breytingu á lóðarmörkum. Hefir hann nú fullnægt skilyrðinu, og verður lóðin 156 m². að stærð.

3. Jóni Oddi Jónssyni leyft að breikka húsið nr. 14 við Urðarstíg um 2.8 m. og byggja steinsteyptan inngönguskúr við norðurgafl hússins. Öll stækkunin er 26.31 m². Byggingarleyfisgjald kr. 3.20.

4. Þorgeiri Eyjólfssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 24 við Lokastíg. Stærð 66.68 m². Byggingarleyfisgjald kr. 15.50. Sveinn Jónsson er því mótfallinn að eldhúsið sé út að götunni.

5. Helgu Árnadóttur leyt að byggja viðbótarbyggingu úr steinsteypu austan við húsið nr. 114 við Laugaveg. Stærð 26.00 m². Byggingarleyfisgjald kr. 5.20.

6. H/f Jón Sigmundsson & Co. sækir um leyfi til að byggja þrílyft íbúðarhús úr steinsteypu með kjallara á baklóðinni nr. 8 við Laugaveg. Húsið er að stærð 123.54 m², og er ætlazt til að það standi 3.15 m. frá lóðarmörkum að sunnanverðu. Samkv. 14. gr. byggingarsamþykktarinnar má húsið ekki standa nær lóðarmörkum en 4.38 m. og þar sem lóðin öll er talin 378 m². að stærð og þar eð ekki má byffja á henni stærra hús en 189 m². verður ekki eftir til byggingar meðfram Laugavegi meira en cirka 62.46 m2. og þannig girt fyrir, að sæmilegt hús verði reist á forlóðinni við Laugaveg,um ca. 15 m. með götu, ef hið umbeðna leyfi verður veitt. Byggingarnefndin telur sjálfsagt að aðalhúsið eigi að standa við Laugaveg, og vill því ekki veita hið umbeðna leyfi.

7. Jóni Björnssyni leyft að setja kvist á austurhlið hússins nr. 3 við Vesturgötu, með því skilyrði, að kvisturinn og skilrúmið verði úr steini eða steinsteypu. Byggingarleyfisgjald kr. 2.oo. Sveinn Jónsson er mótfallinn að þetta verði leyft.

8. Eiríki Sigurðssyni og Guðm. Hallssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 2 við Bergþórugötu. Stærð 104.88 m². Byggingarleyfisgjald kr. 27.50.

9. Birni Jónssyni leyft að byggja hæð ofan á húsið nr.28

 © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

við Grettisgötu. Byggingarleyfisgjald kr. 7.55.

10. Halldóri Eiríkssyni leyft að byggja geymsluskúr á lóðinni sunnan við Hafnarstræti 22, Stærð skúrsins er 24.19 m2. Leyfisgjald kr. 2.00. Leyfið því skilyrði bundið, að skúrinn verði byggður úr steini eða steinsteypu.

11. Magnúsi Magnússyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 8 við Urðarstíg. Stærð 61.14 m2. Leyfisgjald kr. 9.80. -

12. Meiri hluti nefndarinnar leyfir Þorkeli Guðmundssyni að byggja einlyft íbúðarhús með gagli út að götu, úr timbri, járnvarið- á leigulóðinni nr. 27 við Freyjugötu. Stærð 23.94 m2. Gjald kr. 2.50.

13. G.Björnsson sækir um leyfi til að byggja "manzard"-þak ofan á húsið nr. 1 við Amtmannsstíg. Nefndin synjar um leyfi til þessa.

14. Tekið fyrir erindi"Lúðrafélagsins Hörpu" um byggingu HLJÓMLISTASKÁLA í fyrirhuguðum skemmtigarði fyrir neðan Staðarstað. Byggingarnefndin óskar að fá fleiri tillötur um útlit skálans, og frestar málinu að svo stöddu. Að öðru leyti lætur nefndin þess getið, að hún álítur að það beri að greiða fyrir málinu.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Þorvarður Þorvarðsson. Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson. Sveinn Jónsson. Kristinn Sigurðsson. Guðmundur H. Þorláksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1922, laugardaginn 15. apríl, kl. 4 síðd., var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Árna Árnasyni leyft að byggja viðbót við hús hans á Bakkastíg 7. Byggingin verður úr steini. Stærð 20.48 m$^2$. Leyfisgjald kr. 2.50.

2. Bergþóru Jónsdóttur leyft að byggja viðbót við hús hennar, Nönnugötu 4. Byggingin verður úr steinsteypu. Stærð 19.16 m$^2$. Byggingarleyfisgjald kr. 2.70.

3. Ben.G.Waage leyft að byggja viðbót úr steini eða steinsteypu við hús hans nr. 24 við Skólavörðustíg. Stærð 28.16 m$^2$. Byggingarleyfisgjald kr. 5.80. Aðgangur að baklóðinni verður um lóðina nr. 24A.

4. Skúla Jónssyni leyft að byggja fiskgeymsluhús, járnvarið á lektum, á leigulóð hans við Tryggvagötu á hafnarbakkanum. Stærð 143.93 m$^2$. Byggingarleyfisgjald kr. 15.00. Sveinn Jónsson er mótfallinn að leyfa þessa byggingu án glugga út að Tryggvagötu, og borgarstjóri vill yfirleitt ekki leyfa timburbyggingu á þessum stað. Leyfið er að öðru leyti veitt með því skilyrði, sem bókað er í fundargerð hafnarnefndar 13. marz þ.á.

5. Þorsteini Bjarnasyni leyft að byggja íbúðarhús úr steini á leigulóðinni nr. 35 við Bragagötu og hafa leigjendur lóðarinnar gefið samþykki sitt til þess. Stærð 49.83 m$^2$. Byggingarleyfisgjald kr. 10.60.

6. Jónas Eyvindsson fer fram á að fá að byggja eina hæð úr tibri ofan á húsið nr. 19B við Grettisgötu og jafntframt lengja húsið, úr steini, um 1.90 m. Byggingarnefndin getur ekki veitt leyfi til þessa.

7. Guðríði Bramm leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 21 við Skólavörðustíg . Stærð 113.89 m$^2$. Leyfisgjald 38.50. kr. Verði húsið til bráðabirgða aðeins einlyft, eins og getið er um í umsókninni, leyfir nefndin ekki að setja kvisti á þakið.

8. Guðlaugi Þorbergssyni leyft að breyta þaki og hækka skúr á húsinu nr. 5 við Frakkastíg. Byggingarleyfisgjald kr. 4.00

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

K. Zimsen. Sveinn Jónsson. Guðm. Ásbjornsson. Kristinn Sigurðsson. Guðm. H. Þorláksson. Pétur Ingimundarson. Þorvarður Þorvarðsson.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1922, laugardaginn 29. apríl, kl. 4 síðdegis, var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Jón Högnason hefur eignazt lóð Halldórs Jónassonar nr.23 við Þórsgötu, og var honum leyfð sú breyting á byggingarleyfi því, er Halldóri var veitt 27. ágúst 1921, að húsið verði einlyft á kjallara 57 fermetra að stærð. Gjald kr. 2.oo.

2. Ólafi Þórðarsyni synjað um að setja kvist á húsið nr. 6B við Grundarstíg.

3. Birni Arnórssyni leyft að byggja sumarbústað í erfðafestulandi hans fyrir ofan sundlaugarnar, með því skilyrði að bæjarstjórnin heimili að byggja á erfðafestulandinu. Stærð 38.3 ferm. Gjald kr. 5.oo.

4. Jónasi Eyvindssyni neitað um leyfi til þess að gera húsið nr. 13B við Grettisgötu tvílyft götumegin.

5. Kristínu Þorvaldsdóttur leyft að breyta dyrum og glugga á húsinu nr. 4 við Kirkjustræti. Gjald kr. 2.oo.

6. Jóni Jónssyni og Valdimar Kristjánssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 27 við Freyjugötu. Húsið er með skúrþaki. Stærð 55 fermetrar. Byggingarleyfisgjald kr. 7.oo. Heimild lóðarleigjanda fylgdi með umsókninni.

7. Skúla Jónssyni leyft að gera breytingu á þaki á fiskgeymsluhúsi hans á hafnarbakkanum, er honum var leyft að byggja á síðasta fundi. Leyfisgjald kr. 2.oo.

8. Lagðir fram 7 uppdrættir að fyrirhuguðum hljómlistarskála lúðrafélagsins "Harpa". Voru uppdrættirnir merktir 1-7, og hallaðizt meiri hluti nefndarinnar að nr. 7 með nokkrum breytingum og leggur nefndin til, að lúðrafélaginu "Harpa" verði leyft að byggja hljómlistaskálann í því formi, á þeim stað, er byggingarnefnd síðar ákveður á staðnum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen. Sveinn Jónsson. Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson. Kristinn Sigurðsson. G.H.Þorláksson. Þorvarður Þorvarðsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1922, laugardaginn 13. maí, kl. 4 síðd., var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Gerðist þetta:

1. Jóni Kristjánssyni leyft að byggja þrílyft íbúðarhús úr steinsteypu án kjallara, á lóðinni 3A við Miðstræti. Stærð 107.76 $m^2$. Ennfremur geymsluskúr úr steinsteypu, 34.4 $m^2$. að stærð. Byggingarleyfisgjald kr. 46.oo.

2. Páli Stefánssyni leyft að byggja skúr úr steini á lóðinni nr. 36 við Laufásveg. Stærð 16.32 $m^2$. Byggingarleyfisgjald kr. 2.oo.

3. Konstantín Eiríkssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóð, sem hann hefur keypt úr lóðinni nr. 23 við Ingólfsstræti, og er að stærð 606.9 $m^2$. samkv. framlögðum uppdrætti. Húsið verður nr. 1 A við Spítalastíg. Stærð 56.7 $m^2$. Byggingarleyfisgjald kr. 14.oo.

4. Gunnþórunni Halldórsdóttur leyfð breyting á skúrbyggingu er henni var leyft að byggja 11 febr. þ.á. Leyfisgjald kr. 2.oo.

5. Bergi Th. Þorbergssyni leyft að byggja viðbótarbyggingu úr steinsteypu við suðausrurhlið hússins nr. 31 við Sellandsstíg. Stærð 28.92 $m^2$. Byggingarleyfisgjald kr. 4.oo. Hjallur, sem stendur á lóðinni verður rifinn.

6. Einari Árnasyni leyft að setja dyr á kjallara hússins nr. 45 við Vesturgötu. Skilyrði fyrir leyfinu, að inngönguriðnái ekki nær en 50 cm. út frá húshliðinni. Byggingarleyfisgjald kr. 2.oo.

7. Einari Arnórssyni leyft að setja dyr á vesturhlið húss hans nr. 25 við Laufásveg, og breyta glugga á sömu hlið. Leyfisgjald kr. 4.oo.

8. B.Stefánsson & Bjarnar leyft að breyta gluggum og dyrum á húseigninni nr. 22 við Laugaveg og hleypa niður gólfi í búðinni. Leyfisgjald kr. 4.oo.

9. Jóni Magnússyni leyft að setja kvist á norðurhlið hússins nr. 21 við Hverfisgötu. Byggingarleyfisgjald kr. 2.oo.

10. Brynjólfi Björnssyni leyft að byggja viðbyggingu úr steinsteypu við suðurhlið hússins nr. 14 við Hverfisgötu og setja kvist á sömu hlið. Stærð viðbyggingarinnar 26 $m^2$. Leyfisgjald kr. 8.oo.

11. Carl Olsen leyft að byggja íbúðarhús á erfðafestulandi hans við Laugalækinn. Stærð 59.8 $m^2$. Byggingarleyfisgjald kr. 10.oo. Leyfið er veitt að áskildu leyfi bæjarstjórnar til að

 © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

byggja á erfðafestulandinu.

12. Ermenrek Jónssyni leyft að byggja geymsluskúr á lóðinni nr. 3 við Bergþórugötu. Byggingin verður úr steinsteypu. Stærð 27.86 m². Leyfisgjald kr. 4.00.

13. Árna Einarssyni leyft að byggja bráðabirgðaskúr úr timbri á lóðinni nr. 28 við Laugaveg. Stærð skúrsins 25.38 m². Byggingarleyfisgjald kr. 3.00.

14. Sturla Jónssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 58 við Bergstaðastræti (Stekkjarholtstúni). Stærð 298.18 m². Byggingarleyfisgjald kr. 112.00. -

15. Lúðvig Hafliðasyni synjað um að setja hæð ofan á húsið nr. 28 við Vesturgötu.

16. Bæjarverkfræðingurinn lagði fram uppdrátt að baðhúsbyggingu við Barnaskólann. Ætlazt er til að húsið verði byggt úr steinsteypu, og standi við austurgafl leikfimishússins, jafnbreitt því, og 11.60 m. á lengd, eða alls 106.5 m². að flatarmáli. Gafl hússins verður 5 m. frá Laufásvegi og þakskegg í 1 m. hæð yfir gangstétt, eða dálítið lægra en grindverkið með Laufásvegi. Byggingarnefndin telur að byggingin muni verða til svo mikillar óprýði, að hún getur ekki fallizt á að leyfa þetta, og frestar málinu.

17. Sambandi ísl. samvinnufélaga leyft að láta setja til bráðabirgða smáskúr á lóð sambandsins austan við Sölvhól. Stærð 17.68 m². Byggingarleyfisgjald kr. 2.00. -

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Kristinn Sigurðsson. Pétur Ingimundarson. G.H. Þorláksson. Sveinn Jónsson. Þorvarður Þorvarðsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1922, laugardaginn 27. maí kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Árna Pálssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 20 við Fálkagötu. Stærð 39.69 fermetrar. Gjald kr. 5.oo. Timburskúr, sem er á lóðinni verður rifinn. Leyfið er því skilyrði bundið, að 2 gluggar verði á þeirri hlið hússins sem snýr að Fálkagötu.

2. Árna Sveinssyni leyft að setja dyr út að Barónsstíg á kjallara hússins nr. 79 við Laugaveg, enda ákveði bæjarvekfræðingur áður hæð gangstéttarinnar.

3. Eggert Claessen leyft að breyta glugga á bakhlið hússins nr. 8 við Lækjargötu. Gjald kr. 2.oo.

4. Steindór Einarsson fer fram á að fá leyfi til að byggja 2 bifreiðarskúra úr steinsteypu á lóð hans við Sellandsstíg. Annar skúrinn er þegar byggður í óleyfi og ólöglega, að því leyti að hann er sumpart úr timbri og með gluggum að lóðarmörkum. Hefir byggingarfulltrúinn á síðastl. hausti kært byggingu þessa til sekta og niðurrifs, en kröfum hans hefur ekki fengizt framgengt. Auk þess er stór timburskúr á norðurmörkum lóðarinnar, sem ekkert byggingarleyfi hefur verið veitt fyrir, og íbúðarhúsinu hefur verið breytt og það stækkað án leyfis. Samkvæmt fasteignagjaldaskrá bæjarins er byggð lóð 58.3 $m^2$., en hún mælist á uppdrætti cirka 237.3 $m^2$. Byggingarnefndin vill ekki una við, að ekki hafi verið fullnægt kröfu byggingarfulltrúans og kærir að nýju Steindór Einarsson fyrir allar hinar nefndu óleyfðu byggingar, og krefst þess, að það af skúrunum, sem kemur í bága við byggingarsamþykktina, verði tafarlaust rifið, og Steindór sektaður hæstu sekt fyrir brot á byggingarsamþykktinni og þrjózku. Byggingarnefndin vill ekki veita neitt leyfi til bygginga á umræddri lóð, fyrr en kröfum hennar er fullnægt.

5. Jóni Halldórsson & Co. leyft að byggja viðbótarbyggingu úr steini eða steinsteypu við vesturgafl hússins nr. 6B við Skólavörðustíg. Stærð 43.56 $m^2$. Byggingarleyfisgjald kr. 16.oo.

6. Níels Fjeldberg og Hjalta Lýðssyni leyft að byggja reykingarhús úr steinsteypu á baklóð hússins nr. 50B við Grettisgötu. Stærð 47.25 $m^2$. Byggingarleyfisgjald kr. 5.oo. Leyfið því skilyrði bundið, að reykháfur verði svo hár, sem heilbrigðisnefnd telur nauðsynlegt.

7. Guðm. Jónssyni baðverði leyft að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 7 við Urðarstíg. Stærð 53.28 $m^2$. Byggingarleyfisgjald kr. 7.oo. Leyfi lóðareiganda fylgdi beiðninni.

8. Sigurði Ásbjörnssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús á kjallara á leigulóðinni nr. 21 við Bergþórugötu. Stærð 159.73



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

m2. Byggingarleyfisgjald kr. 52.oo.

9. Guðm. Guðmundssyni leyft að byggja skúr úr steinsteypu á lóð hans Bjargarstíg 14. Stærð 5.28 m2. Byggingarleyfisgjald kr. 2.oo.

10. Ól. Jónssyni leyft að byggja bílskúr á lóðinni nr. 8 við Brunnstíg. Stærð 24.85 m2. Leyfisgjald kr. 2.oo.

11. Árna Gestssyni leyft að breyta gluggum á norðurhlið hússins nr. 2 við Laugaveg. Byggingarleyfisgjald kr. 2.oo.

12. Stefáni Guðmundssyni leyft að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 12 við Kárastíg. Stærð hússins er 70.8 m2. Byggingarleyfisgjald kr. 9.oo.

13. Þór.B.Þorláksson, f.h. Listvinafélagsins, fer fram á að fá leyfi til að byggja sýningahús á lóð, sem félagið fær leigða hjá bæjarstjórninni norðan við opna svæðið við Skólavörðuna. Málinu frestað.

14. Gísla J. Johnsen konsúl leyft að byggja tvílyft íbúðarhús á kjallara úr steinsteypu á lóðinni nr. 18 við Túngötu. Stærð 108.8 m2. Húsið verður byggt á lóð, sem hann hefur keypt úr Geirstúni, 811 m2. Byggingarleyfisgjald kr. 41.oo.

15. Guðjóni Samúelssyni f.h. stjórnar Landsbankans, leyft að byggja við og ofan á gamla Landsbankahúsið. Viðbótin er að flatarmáli 91.08 m2. Byggingarleyfisgjald kr. 98.oo.

16. Guðjóni Samúelssyni f.h. Landsbankans (stjórnarinnar) leyft að reisa sambyggð íbúðarhús úr steinsteypu á lóð þeirri, er Landsbankinn hefur fengið á leigu við Framnesveg. Húsin eru alls 18, hvert að flatarmáli 36.5 m2. Númer húsanna verða síðar ákveðin. Byggingarleyfisgjald kr. 135.oo.

17. Th. Thorstrup & Karl Finsen leyft að setja kvist á húsið "Skálholt" í Sauðagerði. Byggingarleyfisgjald kr. 4.oo.

18. Lagður fram uppdráttur af fyrirhuguðum skemmtigarði við Tjörnina og ákveðinn staðurinn fyrir hljómlistarskálann.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

K. Zimsen. Pétur Ingimundarson. Guðm. Ásbjörnsson.
Sveinn Jónsson. Kristinn Sigurðsson. Guðm. H. Þorláksson.
Þorvarður Þorvarðsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1922, laugardaginn 10. júní, kl. 4 síðd., var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Bæjarverkfræðingurinn lagði fram nýjan uppdrátt að baðhúsi við barnaskólann, og er gert ráð fyrir að leikfimishúsinu verði lyft upp um ca. 90 cm. og kjallarinn gerður að baðh'si. Byggingarnefndin samþykkir uppdráttinn fyrir sitt leyti.

2. Jóhönnu Olgeirsson leyft að breyta dyrum á framhlið hússins nr. 58 við Laugaveg. Byggingarleyfisgjald kr. 2.oo.

3. Björn Þorgrímsson og Ágúst Jónsson sækja um leyfi til að innrétta steinskúr til íbúðar, sem er á baklóð hússins nr. 8 við Grettisgötu. Nefndin vill veita hið umbeðna leyfi. Gjald kr.2.oo.

4. Þórunni Andrésdóttur leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 19 við Bergþórugötu. Stærð 102.4 fermetrar. Byggingarleyfisgjald kr. 33.oo.

5. Gísla Gíslasyni leyft að gera inngöngu- og geymsluskúr við húsið nr. 32B við Bræðraborgarstíg. Stærð 8.16 fermetrar. Gjald kr. 2.oo.

6. Einari Einarssyni leyft að setja 2 kvisti á húsið nr.16, og hækka það við Bjargarstíg. Gjald kr. 4.oo.

7. Pétri Jóhannessyni leyft að gera viðbótarbyggingu úr steini við húsið nr. 38 við Njálsgötu. Stærð 45.24 fermetrar. Gjald kr. 6.oo.

8. Ásgeir Jónssyni og M. Skaftfeld leyft að byggja tvílyft íbúðarhús með kjallara, á lóðinni nr. 28 við Skólavörðustíg. Húsið verður úr steinsteypu 130 fermetrar að stærð. Byggingarleyfisgjald kr. 52.oo. Lóðin er keypt úr Efra-Holtsbletti og er að stærð 269.6 ferm. Leyfið er því skilyrði bundið, að kjallaratröppurnar nái ekki nema 50 cm. út frá hornsneiðingu hússins.

9. Jóni Tómássyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús með kjallara á leigulóðinni sem hann hefur fengið við Frammnesveg. Stærð 51.78 fermetrar. Gjald kr. 11.oo.

10. Lagður fram og samþykktur uppdráttur frá Listvinafélaginu, samanber fundargerð 27. maí 13. lið. Stærð 140 fermetrar. Byggingarleyfisgjald kr. 23.oo.

11. Steindóri Einarssyni leyft að gera bifreiðarskúr úr steini eða steinsteypu á Ráðagerði við Sellandsstíg. Stærð 86.32 fermetrar. Gjald kr. 11.oo. Leyfið er því skilyrði bundið, að engir gluggar séu hafðir á þeirri hlið skúrsins, sem veit að nágrannalóðinni.

Fleira gerðist ekki. Á fund vantaði Þorvarð Þorvarðsson.
Fundi slitið.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

K. Zimsen. Guðm. H. Þorláksson. Kristinn Sigurðsson.
Sveinn Jónsson. Pétur Ingimundarson. Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1922, laugardaginn 1. júlí, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Þorkeli Helgasyni leyft að hækka þak og setja kvist á húsið nr. 25 við Bræðraborgarstíg, svo og að byggja inngönguskúr úr steini, 8.82 m².að flatarmáli, við norðurgafl hússins. Rifinn verður skúr 3.4 m². að flatarmáli. Gjald kr. 6.oo.

2. Skæringi Kristjánssyni leyft að reisa einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 34 við Fálkagötu með inngönguskúr við austurhlið. Stærð 38.25 m². Gjald kr. 5.oo.

3. Eggert Claessen leyft að breyta skúr við norðurgafl hússins nr.8 við Lækjargötu og setja glugga og dyr á framhlið hans. Gjald kr. 2.oo.

4. Beiðni Óskars Gíslasonar um fjósbyggingu við Laugaveg 115, vísað til heilbrigðisnefndar til álits.

5. Guðmundi Jónssyni leyft að gera viðbyggingu úr steini við vesturgafl hússins nr. 73 við Hverfisgötu, 44.2 m². að stærð. Gjald kr. 10.oo.

6. Ólafi Th. Guðmundssyni synjað um leyfi til skúrbyggingar, sem ætlazt er til að standi sumpart á lóðinni nr. 34B við Laugaveg og sumpart á lóðinni nr. 13 við Grettisgötu.

7. Benedikt Guðmundssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 16 við Urðarstíg og liggur fyrir samþykki Jóns Jónssonar, sem hefir lóðina á leigu. Húsið er 48.oo m². að stærð. Gjald kr. 6.oo.

8. Guðsteini Eyjólfssyni og Tómasi Jónssyni leyft að byggja steinsteyptan geymsluskúr á suður og vesturmörkum lóðarinnar 32B við Laugaveg, að stærð 31.5 m². Gjald kr. 5.oo.

9. Guðm. Kr. Guðmundssyni leyft að byggja skúr úr steinsteypu í norðausturhorni leigulóðarinnar nr. 15 við Freyjugötu (Baldursgötu 32) 1 .5 m². að flatarmáli. Gjald kr. 3.oo.

Fleira gerðist ekki. Á fund vantaði Guðm. Ásbjörnsson, Pétur Ingimundarson og Þorvarð Þorvarðsson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sveinn Jónsson. Guðm. H. Þorláksson. Kristinn Sigurðsson.

 © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1922, laugardaginn 15. júlí, kl. 4 síðd. var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

1. Sigurbirni Jónassyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á lóðinni nr. 11 við Stýrimannastíg. Stærð 74.6 m2. Byggingarleyfisgjald kr. 22.oo.

2. Þorgeiri Eyjólfssyni og Sæm. Runólfssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 24 við Lokastíg. Stærð 97.5 m2. Byggingarleyfisgjald kr. 2.oo. Um leið fellur niður byggingarleyfi, veitt Þorgeiri Eyjólfssyni 1. apríl þ.á.

3. Jóni Benediktssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 36 við Skólavörðustíg. Stærð 72.41 m2. Byggingarleyfisgjald kr. 11.oo.

4. Rafmagnsveitu Reykjavíkur leyft að gera ýmsar breytingar á stofuhæð hússins nr. 41 við Lindargötu ("Kaupangi"). Sömuleiðis leyfð breyting á efri hæð hússins og að setja bakstiga. Einnig leyft að dýpka kjallarann. Byggingarleyfisgjald kr. 4.oo. Umbeðnu leyfi til að breyta kjallaranum í bílgeymslu var synjað.

5. Guðm. Kr. Guðmundssyni leyft að setja kvist á húsið nr. 32 við Baldursgötu. Gjald kr. 2.oo.

6. Guðjóni Guðlaugssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á lóðinni nr. 26 við Lokagötu (?) Stærð 57 m2. Byggingarleyfisgjald kr. 7.oo. Jafnframt numið úr gildi byggingarleyfi Árna Guðmundssonar, veitt 2. júlí 1921, á sömu lóð.

7. Ó.B.Magnússyni og Freygarði Þorvaldssyni leyft að gera viðbótarbyggingu úr steinsteypu við austurenda hússins nr. 27 við Laugaveg. Stærð 40.78 m2. Byggingarleyfisgjald kr. 16.oo.

8. Th. Thorsteinsson leyft að byggja skúr úr steinsteypu við norðurgafl fiskhúss hans á Kirkjusandi. Stærð 50.25 m2. Byggingarleyfisgjald kr. 6.oo. Skilyrði fyrir leyfinu, að norðurgafl fiskhússins verði úr steini eða steinsteypu allur upp úr.

9. Daníel Þorsteinsson fer fram á að fá leyfi til að byggja viðbyggingu við húsið nr. 7 við Mýrargötu. Byggingarnefndin vill ekki leyfa þetta.

10. Aðalsteini Pálssyni leyft að lyfta húsinu nr. 38 við Vesturgötu um 1 meter og hækka grunninn um það úr steinsteypu. Byggingarleyfisgjald kr. 2.oo.

11. Jóni Helgasyni prentara leyft að flytja húsið nr. 27 við Bergstaðastræti inn á lóðina og hækka kjallarann. Byggingarleyfisgjald kr. 2.oo.

12. Einari Jóhannssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steini á leigulóðinni nr. 5 við Urðarstíg, með því skilyrði,


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að gangurinn inn á baklóðina verði 1 1/2 m. Einnig er leyfið því skilyrði bundið, að ekki verði "manzard"þak á húsinu, heldur heil hæð. Stærð 95.1 m2. Öll hús, sem nú eru á lóðinni vera rifin niður. Byggingarleyfisgjald kr. 27.oo.

13. Óskari Gíslasyni leyft að byggja heyhlöðu og fjós á baklóð hússins nr. 115 við Laugaveg, samkv. meðfylgjandi uppdrætti Stærð 52.39 m2. Byggingarleyfisgjald kr. 7.oo.

14. Sigurði Halldórssyni leyft að hækka inngönguskúr við bakhlið hússins nr. 7 við Þingholtsstræti. Byggingarleyfisgjald kr. 4.oo. Sömuleiðis leyft að setja gluggakvist á húsið.

15. Þorláki Oddssyni leyft að byggja viðbótarbyggingu úr steini við suðvesturhornið á húsinu nr. 48 við Bergstaðastræti, samkv. meðfylgjandi uppdrætti. Stærð 35 m2. Byggingarleyfisgjald kr. 5.oo.

16. Bæjarstjórnin hefur á fundi 1. júní þessa árs, vísað til byggingarnefndar, að athuga með hvaða kjörum bærinn geti eignazt hið óbyggða svæði milli Laufásvegar, Lækjargötu og Bókhlöðustígs, til að gera þar skemmtigarð eða leikvöll. Byggingarnefnd álítur, að fasteignanefnd beri að komazt eftir með hvaða kjörum bærinn geti fengið hið umrædda svæði, en telur hinvegar sjálfsagt að þetta svæði verði tekið til eignar og lagfært þannig, að til prýði geti orðið, sem óbyggt svæði.

Fleira gerðizt ekki.

Á fundinn vantaði Kristinn Sigurðsson. Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson.
Guðm. H. Þorláksson. Sveinn Jónsson. Þorvarður Þorvarðsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1922, laugardaginn 29. júlí, kl. 4 síðdegis var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Bjarna Einarssyni leyft að stækka og setja port á húsið nr. 30 við Seljandsstíg. Stækkunin nemur 9.30 fermetrum. Byggingarleyfisgjald kr. 4.00.

2. Lárusi G. Lúðvíkssyni leyft að setja kvist og gera smábreytingar innanhúss á húsinu nr. 4 við Þingholtsstræti. Ennfremur er honum leyft að setja miðstöðvarhitun í húsin nr. 2 og 4 við Þingholtsstræti. Gjald kr. 6.00.

3. Matthíasi Matthíassyni leyft að gera geymslu- og þvottaskúr á baklóðinni nr. 22 við Skólavörðustíg. Stærð 36.84 fermetrar. Gjald kr. 5.00.

4. Lagður fram uppdráttur með nr. á fyrirhuguðum húsum við Framnesveg,og samþykktur.

5. Samúel Ólafssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á baklóðinni nr. 53B við Laugaveg. Stærð 40 fermetrar. Byggingarleyfisgjald kr. 8.00.

6. O. J. Olsen leyft að gera einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 21A við Ingólfsstræti. Stærð 51.62. Gjald kr.700.

7. C. P. Aspelund leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 15 við Rauðarárstíg. Stærð 69.16 fermetrar. Gjald kr. 17.00.

8. Þórði Björnssyni leyft að gera einlyftan íbúðarskúr úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 2 við Urðarstíg. Stærð 36.08 fermetrar. Gjald kr. 6.00.

Fleira gerðist ekki.

Á fund vantaði Þorvarð Þorvarðsson, Kristinn Sigurðsson og slökkviliðsstjóra.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjornsson. Sveinn Jónsson. Guðm. H. Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1922, laugardaginn 12. ágúst, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Sigríði Bjarnadóttur leyft að setja hæð ofan á og byggja skúr vuð húsið nr. 9 við Lokastíg. Stærð 22.41 fermeter. Gjald kr. 11.oo.

2. Ingólfi Helgasyni leyft að byggja einlyftan íbúðarskúr úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 36 við Frammnesveg (nýtt númer) Stærð 39.29 fermetrar. Gjald kr. 5.oo.

3. Jóhanni Benediktssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 40 við Frammnesveg. Stærð 52.32 fermetrar. Gjald kr. 13.oo.

4. Jónasi Eyvindssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, með kjallara, á lóðinni nr. 85 við Laugaveg. Stærð 91.22 fermetrar. Gjald kr. 35.oo. Húsið verður 2 metra frá Götulínu. Leyfið er því skilyrði bundið, að útitröppur verði ekki hærri en 1.5 m.

5. Þorleifi Ottesen leyft að gera einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 36 við Fálkagötu. Stærð 60.5 fermetrar. Gjald kr. 8.oo.

6. Aðalsteinn Pálsson fer fram á að fá leyfi til að gera þrjár steinsteyptar tröppur við húsið nr. 38 við Vesturgötu. Þessar tröppur yrðu að ná langt út á gangstéttina, svo að nefndin vill ekki mæla með undanþágu.

7. Guðrúnu Símonardóttur leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóð, sem hún hefur keypt úr lóðinni nr. 3 við Freyjugötu. Stærð 26.8 fermetrar. Gjald kr. 3.52. Lóðin sem fylgir þessu húsi er 119 fermetrar.

8. Hallgrími Hallgrímss. leyft að gera einlyftan skúr úr steinsteypu á lóðinni nr. 35A við Vesturgötu. Stærð 37.4 fermetrar. Gjald kr. 5.1o.

Fleira gerðist ekki.

Á fund vantaði Þorvarð Þorvarðsson og byggingarfulltrúa.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson. Sveinn Jónsson. Kristinn Sigurðsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1922, laugardaginn 2. sept.kl. 4 síðd., var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Gerðist þetta:

1. Lagður fram uppdráttur af gatnaskipun á hafnaruppfyllingunni, eins og hafnarnefndin hefur fallizt á hann, og var samþykktur.

2. Einari Einarssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 10 við Vitastíg. Stærð 110.13 m². Byggingarleyfisgjald kr. 15.oo.

3. Birni Magnússyni leyft að innrétta til íbúðar áður gjörðan bílskúr úr steinsteypu á erfðafestulandinu Blönduhlíð við Hafnarfjarðarveg. Leyfið er veitt að áskildu samþykki heilbrigðisnefndar. Leyfisgjald kr. 2.oo.

4. Ólafi Ólafssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 7 við Nýlendugötu. Leyfið því skilyrði bundið, að hann láti af hendi ókeypis lóð undir Nýlendugötu, þegar hún verður lögð. Stærð hússins 60.36 m². Byggingarleyfisgjald kr. 13.oo.

5. Jóni Eyjólfssyni leyft að byggja viðbótarbyggingu úr steinsteypu við húsið nr. 23 við Fálkagötu. Stærð 21.42 m². Byggingarleyfisgjald kr. 3.oo.

6. Ragnhildi Ólafsdóttur leyft að breyta í íbúðarhús og um leið lengja heyhlöðu, er stendur á lóðinni nr. 66 við Laugaveg. Stærð viðbótarinnar er 17.64 m². Byggingarleyfisgjald kr.5.oo.

7. Sigvalda Sveinbjarnarsyni leyft að byggja steinsteypuskúr til íbúðar á baklóð hússins nr. 27 við Lindargötu. Stærð 33.65 m². Byggingarleyfisgjald kr. 5.oo.

8. Jóel Úlfssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 100A við Hverfisgötu, sbr. fund 13/lo 1923. Stærð 69.14 m². Byggingarleyfisgjald kr. 17.oo.

9. Guðjóni Bjarnasyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús á leigulóðinni nr. 34 við Framnesveg. Stærð 66.18 m². Byggingarleyfisgjald kr. 8.oo.

10. Helga Fr. Bjarnasyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri og járnvarið á leigulóðinni nr. 32 við Bragagötu, að fengnu samþykki lóðarleigjanda. Stærð 35.07 m². Byggingarleyfisgjald kr. 5.oo.

11. Kristján Einarsson fer fram á, að honum verði leyft að byggja skúr vestan við hús hans Freyjugötu 10 og að byggja ofan á húsið. Beiðninni synjað, með því að nefndin vill ekki leyfa að byggja fram í sundið á milli nr. 6 og 10.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vélr. Ing.Jörundss.

12. Þorsteinn Sigurðsson fer fram á að honum verði leyft að byggja viðbótarbyggingu úr steinsteypu við hús hans nr. 13 við Grettisgötu samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti, og ennfremur að honum verði leyft að setja 63 cm. hátt port ofan á timburhúsið og gera þakkvisti. Loks fer hann fram á að fá meðmæli byggingarnefndarinnar til undanþágu frá 14. gr. byggingarsamþykktarinnar, þar sem óbyggð lóð er 36.7 m². minni en samþykktin ákveður. Nefndin vill ekki mæla með undanþágunni og getur því ekki veitt hið umbeðna leyfi. Undanþágubeiðnin var felld með 3:3 atkvæðum.

13. Húsameistari ríkisins fer fram á fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, að fá leyfi til að framkvæma ýmsar breytingar á húsinu "Nýborg" á Arnarhólstúni samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti, og er ætlazt til að húsið verði notað fyrir áfengis og lyfjasölu ríkisins. Beiðninni synjað með 3:3 atkvæðum.

14. Ólafur A. Ólafss. fer fram á að fá að gera breytingar á húsinu nr. 12 við Vesturgötu. Beiðninni synjað.

15. Friðrik J. Ólafssyni leyft að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á erfðafestulandi hans Laugamýrarbletti nr. 13. Stærð 26.25 m². Byggingarleyfisgjald kr. 4.00. Leyfið er veitt að áskildu samþykki bæjarstjórnarinnar til að byggja á erfðafestulandinu.

16. Helga Helgasyni leyft að setja hurð í stað glugga á suðurhlið hússins nr. 11 við Laugaveg. Byggingarleyfisgjald kr. 2.00.

17. Magnúsi Magnússyni leyft að byggja þvottahús úr steini við austurgaflinn á húsi hans, Njalsgötu 60. Stærð 14.85 m². Leyfisgjald kr. 2.00. Skilyrði fyrir leyfinu er, að reykháfurinn verði byggður upp með eldvarnarveggnum að austanverðu.

18. Birni Þórðarsyni leyft að byggja viðbótarbyggingu úr steinsteypu við hús hans nr. 3 við Spitalastíg. Stærð 31.5 m². Leyfisgjald kr. 8.00.

19. Tómasi Tómassyni leyft að byggja ölgerðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 21 við Njálsgötu. Stærð 138.16 m². Byggingarleyfisgjald kr. 39.00. Sveinn Jónsson var á móti að veita þetta leyfi.

20. Kristjáni Kristjánssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 6 við Kirkjugarðsstíg. Stærð 67.64 m². Leyfisgjald kr. 18.00.

21. Guðmundi Einarssyni leyft að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 8 við Kirkjugarðsstíg. Stærð hússins er

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

45.36 m². Byggingarleyfisgjald kr. 9.oo.

22. Magnúsi Matthíassyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steini á lóð, sem hann hefir keypt af Lárusi Lárussyni við Túngötu. Stærð 160.54 m². Byggingarleyfisgjald er kr. 53.oo.

23. Valdimar Kr. Árnasyni leyft að byggja inngangs- og geymsluskúr ásamt þvottahúsi á baklóð hússins Vitastíg 9. Stærð 22.4 m². Byggingarleyfisgjald kr. 3.oo.

24. Bjarna Einarssyni leyft að gera ýmsar breytingar á húsinu Baldursgötu 10 og stækka skúr við húsið. Stærð viðbótarinnar er 6.4 m². Byggingarleyfisgjald kr. 4.oo.

25. H. S. Hansson fer fram á að fá að setja "Manzard"þak ofan á húsið nr. 15 við Laugaveg. Nefndin vill ekki leyfta þetta.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Þorvarður Þorvarðsson. Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson. Sveinn Jónsson. Kristinn Sigurðsson. Guðm. H. Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár1922, laugardaginn 16. sept., kl. 4 síðd. var haldinn fundur í byggingarnefndinnið á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Jóni Benediktssyni leyft að byggja hæð ofan á húsið nr. 36 við Skólavörðustíg, er hann fékk leyfi fyrir að byggja 15. júlí 1922. Leyfisgjald kr. 9.oo.

2. Gamalmennahælinu á "Grund" leyft að byggja geymsluskúr úr timbri og járni á erfðafestulandinu. Stærð 47.88 m2. Leyfisgjald kr. 5.oo. Leyfið er því skilyrði bundið, að skúrinn verði rifinn hvenær sem byggingarnefnd krefst þess með 6 mánaða fyrirvara og að samþykki bæjarstjórnarinnar fáist til að byggja á erfðafestulandinu.

3. Magnús Pétursson fer fram á að fá að byggja 2 bráðabirgðaskúra úr timbri við húsið nr. 10A við Urðarstíg. Nefndin synjaði beiðni þessari.

4. Einari Eiríkssyni og Jóni Vigfússyni leyft að breyta dyrum og gluggum á húsi því, er leyft var að byggja 1. apríl þ.á. á lóðinni nr. 2 við Bergþórugötu og að stækka það um 8.82 m2. Byggingarleyfisgjald kr. 4.oo.

5. Jóni Ormssyni og E. Ormssyni leyft að byggja hæð ofan á húsið nr. 13 við Baldursgötu og stækka húsið um 24.25 m2. Byggingarleyfisgjald kr. 18.oo.

6. H. Gudberg leyft að breyta gluggum á framhlið hússins nr. 24 við Laugaveg. Byggingarleyfisgjald kr. 2.oo.

7. Magnúsi Benediktssyni leyft að byggja inngönguskúr úr timbri og járnvarinn við hús hans nr. 10B við Urðarstíg. Stærð 5.94 m2. Gjald kr. 2.oo.

8. Verzlunin "Vaðnes" fer fram á að fá að byggja skúr við bakhlið hússins nr. 30 við Klapparstíg, úr járni á lektum. Beiðninni synjað.

9. Þórði Þórðarsyni leyft að byggja viðbótarbyggingu úr steinsteypu við húsið nr. 19A við Grettisgötu. Stærð 25.1 m2. Byggingarleyfisgjald kr. 5.oo. Framlagður samningur milli lóðareiganda að nr. 17A og 19A við Grettisgötu, þar sem þeir hafa komið sér saman um, að húsið nr. 19A hafi gangréttindi eftir 2 metra breiðum gangstíg, sem tilheyrir lóðinni 17A.

10. Bjarna Bjarnasyni leyft að byggja hesthús og heyhlöðu á baklóð hússins nr. 43 við Grettisgötu, að áskildu samþykki heilbrigðisnefndar. Stærð 26.72 m2. Byggingarleyfisgjald kr.4.oo.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. Tekin fyrir á ný beiðni Þorsteins Sigurðssonar frá síðasta fundi, undir lið 12. Samþykkt með 4 atkv. gegn 1 (Kristinn Sigurðsson) að veita hið umbeðna leyfi og mælt með undanþágu frá 14. gr. byggingarsamþykktarinnar að því er stærð óbyggðrar lóðar snertir. Stærð viðbyggingarinnar er 167.45 m2. Byggingarleyfisgjald kr. 70.oo.

12. Byggingarnefndin leyfir að áskildu samþykki hafnarnefndar, að byggja verkamannaskýli á lóð hafnarinnar norðanvert við Tryggvagötu, vestan við Lækjarósinn. Stærð 180 m2. Byggingarleyfisgjald kr. 2[illegible].oo. Nefndin mælir með að byggingin sé leyfð, þó hún sé yfir 75 m2.að stærð. Leyfið er því skilyrði bundið, að byggingin verði tekin burtu, hvenær sem byggingarnefndin krefst þess með 6 mánaða fyrirvara.

13. Daníel Þorsteinssyni leyft að byggja viðbótarbyggingu úr steinsteypu við hús hans nr. 7 við Mýrargötu og að breyta þaki á húsi því, sem er á lóðinni. Stærð viðbótarinnar er 73.71 m2. Byggingarleyfisgjald kr. 27.oo.

14. Ág. Ármann leyft að flytja húsið nr. 16 við Laugaveg á baklóð hússins nr. 20 við Þórsgötu. Byggingarleyfisgjald kr.4.oo.

15. Frú Magneu Thorgrímsson leyft að snua tröppunum við framhlið hússins nr. 10 við Kirkjustræti, með því skilyrði, að tröppurnar gangi ekki meira en 120 cm. út frá húshliðinni. Leyfisgjald kr. 2.oo.

16. Bæjarstjórnin hefir á fundi 7. sept. samþykkt áskorun til byggingarnefndarinnar, um að leyfa breytingar þær á "Nýborg" á Arnarhólstúni, er húsameistari ríkisins fór fram á fyrir hönd ríkisstjórnarinnar á síðasta fundi undir lið 13 í fundargjörð nefndarinnar. Málinu vísað til brunamálanefndar til álita.

Fleira gerðist ekki.

Borgarstjóri K. Zimsen fjarverandi (á leið til útlanda) og mætti á fundinum í hans stað settur borgarstjóri Sigurður Jónsson.

Fundi slitið.

Sig. Jónsson. Pétur Ingimundarson. Sveinn Jónsson.
Kristinn Sigurðsson. Guðm. Ásbjörnsson. Þorvarður Þorvarðsson.
Guðm. H. Þorláksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1922, laugardaginn 30. sept., kl. 4 síðd. var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjora.

Þetta gerðist:

1. Ólafi Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 6 við Bókhlöðustíg. Stærð 57.72 m². Byggingarleyfisgjald kr.12.oo.

2. Ólínu Andrésdóttur leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr tibri og járni á leigulóðinni nr. 28 við Bragagötu. Stærð 51.95 m2. Byggingarleyfisgjald kr. 8.oo. Skilyrði fyrir leyfinu, að glugginn yfir dyrunum verði jafn breiður og dyrnar.

3. H/f "Ara fróða" leyft að byggja fiskverkunarhús á Rauðarárholti, austanvert við fiskverkunarreiti bæjarins. Stærð 437.85 m². Byggingarleyfisgjald kr. 70.oo.

4. H/f. "Draupnir" leyft að byggja fiskverkunarhús úr steini á leigulóð félagsins "Álfheimum". Stærð 229.4 m². Byggingarleyfisgjald kr. 37.oo.

5. Sig Berndsen leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinstehpu á horni Bergstaðastrætis og fyrirhugaðrar götu milli Ingólfsstrætis og Bergstaðastrætis, fyrir norðan nr. 10 við Bergstaðastræti. Stærð hússins ~~nr~~ 77.53 m². Byggingarleyfisgjald kr.22.oo.

6. Á horninu á Skálholtsstíg og Laufásvegi hefur verið sett há bárujárnsgirðing um lóðina nr. 13 við Laufásveg. Með því að girðing þessi hefir verið sett langt út fyrir fyrirhugaðar götulínur, og orsakar stórhættu fyrir umferð um áðurnefndar götur, þá felur nefndin byggingarfulltrúa, að krefjast þess, að girðingin sé tafarlaust tekin í burtu.

7. Þegar nýju númerin voru ákveðin við Klapparstíg, hafði sézt yfir að ákveða númer á husið 1B (hús Sigríðar Rafnsdóttur) Nefndin leggur til, að téð hús verði talið nr. 38A við Klapparstíg.

8. Upplýst var á fundinum, að skilyrði því er sett var, fyrir byggingarleyfi á húsinu nr. 82 við Laugaveg 13. ágúst 1921, um fluttning hússins nr. 82B sé enn ófullnægt, þrátt fyrir kæru byggingarfulltrúa. Felur nefndin borgarstjóra, að gera ráðstafanir til, að skilyrðinu verði tafarlaust fullnægt.

9. Lagt fram álit brunamálanefndar, þar sem hún hefur á fundi sínum 2 . þ.m. fyrir sitt leyti veitt leyfi til umbeðinna breytinga á hús nu "Nýborg", með því skilyrði, að mjög eldfim efni séu geymd í eldföstu rúmi. Var fellt í byggingarnefndinni með 3:3 atkvæðum að leyfi þetta yrði veitt.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Sig.Jónsson. Pétur Ingimundarson. Sveinn Jónsson. Kristinn Sigurðsson. Guðm. H. Þorlaksson. Guðm. Ásbjörnsson. Þorvarður Þorvarðsson.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1922, laugardaginn 14. okt., kl. 4 síðd., var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Gerðist þetta:

1. Elíasi Bjarnasyni leyft að byggja skúr úr holsteini á baklóð hússins nr. 10 við Þórsgötu. Stærð 9.34 m2. Leyfisgjald kr. 2.oo.

2. Garðari Gíslasyni leyft að reisa vörugeymsluhús á eystri hafnarbakkanum. Stærð 85.88 m2. Byggingarleyfisgjald kr. 14.oo. Leyfið er veitt að áskildu leyfi hafnarnefndar, og mælt með undanþágu til stjórnarráðsins, að því er stærð hússins snertir. Einnig er leyfið því skilyrði bundið, að vörugeymsluhúsið verði rifið burtu, bænum að kostnaðarlausu, hvenær sem byggingarnefndin krefst þess með 6 mánaða fyrirvara.

3. Þorsteini Ásbjörnssyni leyft að reis viðbyggingu við hús hans nr. 33 við Bragagötu, og á baklóðinni geymsluskúr. Stærð viðbyggingarinnar 43.45 m2. Stærð geymsluskúrsins 38.28 m2. Hvortveggja úr steinsteypu. Byggingarleyfisgjald kr. 14.oo.

4. Kristínu Sigurðardóttur leyft að byggja skúrbyggingu úr steinsteypu á baklóð hússins nr. 20A við Laugaveg. Stærð 38.3 m2. Byggingarleyfisgjald kr. 7.oo. Skilyrði fyrir leyfinu að skúrinn verði byggður á vesturmörkum lóðarinnar.

5. Guðmundi Jónssyni leyft að byggja íbúðarhús á lóð hans nr. 40B við Grettisgötu. Húsið verður úr timbri og járnvarið. Stærð 46.8 m2. Byggingarleyfisgjald kr. 12.oo. Skilyrði að gluggar séu jafn langt frá báðum hornum.

6. Grími Sigurðssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús á lóðinni nr. 42 við Frammnesveg. Stærð 67.42 m2. Byggingarleyfisgjald kr. 19.oo.

7. Jóni Kjartanssyni leyft að breyta geymsluhúsi í íbúð, sem stendur á baklóð hússins nr. 54B við Grettisgötu. Leyfisgjald kr. 4.oo.

8. Joni Magnúswyni leyft að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 6 við Urðarstíg. Stærð 35.91 m2. Leyfisgjald kr. 6.oo.

9. Pétri Ingimundarsyni leyft að byggja íbúðarhús úr timbri og járnvarið á lóðinni nr. 3 við Freyjugötu, 70.1 m2. að stærð, með geymsluskúr úr steinsteypu, áföstum, 13.8 m2. að stærð. Byggingarleyfisgjald kr. 16.oo.

10. Ársæli Árnasyni leyft að byggja bráðabirgðaskur úr timbri og járni á lóðinni sunnan við Laugaveg 4. Stærð 14.62 m2. Byggingarleyfisgjald kr. 2.oo.

 © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. Guðm. Sigurjónsson fer fram a að fá að byggja bráðabyrgða-skúr við hús hans Laufásveg 13. Nefndin vill ekki leyfa þetta, þar sem meir en helmingur skúrsins gengur út á götulínuna.

12. Guðm. Sigurjónssyni leyft að breyta gluggum á kjallara hússins nr. 13 við Laufásveg. Leyfisgjald kr. 2.00. Einnig var sama manni leyft að láta girðinguna fyrir norðan húsið (Laufásveg 13) standa óbreytta til bráðabirgða.

13. Jóni Magnússyni og Ingimundi Jónssyni leyft að byggja fiskþvottahús úr timbri og járni á leigulóðinni á Selstúni. Stærð 312.5 m². Samþykkt að mæla með undanþágu við stjórnarráðið að því er stærðina snertir. Skilyrði fyrir leyfinu, að húsið sé ekki á lóðarmörkum byggt. Byggingarleyfisgjald kr. 38.00.

14. Jóni Sigmundssyni & Co. leyft að byggja tvílyft ~~íbúðar~~ steinsteypuhús á baklóðinni nr. 8 við Laugaveg. Stærð 73.00 m². Leyfisgjald kr. 30.00. Skilyrði að gluggar hússins á suðurhliðinni verði færðir það til, að 6.30 m. bil verði frá þeim og að gluggum á bakhlið hússins nr. 3 við Skólavörðustíg.

Fleira gerðist ekki.

Á fund vantaði Kristinn Sigurðsson. Fundi slitið.

Sig.Jónsson. Guðm.H.Þorláksson. Sveinn Jónsson. Pétur Ingimundarson. Guðm. Ásbjörnsson. Þorvarðsson, Þorvarður.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1922, laugardaginn 28. október, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Bjarna Bjarnasyni og Sigurði Magnússyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 48 við Framnesveg. Stærð 54.4 fermetrar. Byggingarleyfisgjald kr. 14.oo.

2. Gísla Arnbjarnarsyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 32 við Óðinsgötu. Stærð 65.62 m². Gjald kr. 21.oo. Jafnframt fellur úr gildi byggingarleyfi veitt Theódór Siggeirssyni 26. febrúar 1921.

3. Hannesi Björnssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 5 við Nönnugötu. Stærð 78.43 m². Gjald kr. 24.oo.

4. Benjamín Gíslasyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu(á lóðinni nr. 53C við Grettisgötu. Stærð 16.oo m². Gjald kr. 2.oo) á leigulóðinni nr. 25 við Freyjugötu. Stærð 69.45 m2. Gjald kr. 11.oo. Jafnframt fellur úr gildi byggingarleyfi veitt Símoni Símonarsyni 28 -5 1921.

5. Sigurbirni Ármann leyft að byggja einlyftan geymsluskúr úr steinsteypu, á lóðinni nr. 53C við Grettisgötu. Stærð 16.oo m². Gjald kr. 2.oo.

6. Jóni H. Einarssyni leyft að setja kvist á húsið nr. 39B Við Njálsgötu og gera viðbótarbyggingu úr steinsteypu við vesturenda hússins. Stærð 43.99 m². Gjald kr. 13.oo.

7. Guðm. Kr. Guðmundssyni leyft að setja glugga á norðurgafl hússins nr. 20 við Hafnarstræti. Ennfremur að setja inngöngurið og birtugrófir á suðurgafl og vesturhlið hússins, allt samkvæmt framlögðum uppdrætti. Gjald kr. 14.oo.

8. Þorgrími Jónssyni leyft að gera einlyf íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 109 við Laugaveg. Stærð 39.2 m². Gjald kr. 8.oo.

9. Jóni Björnssyni leyft að breyta dyrum og gluggum á suðurhlið hússins nr. 4 við Vesturgötu. Gjald kr.4.oo.

10. Guðm. Jónssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 53 við Bergstaðastræti. Stærð 77.12 m². Leyfið er því skilyrði bundið, að byggt sé yfir ganginn og verður því öll stærðin 98.87 m². Gjald kr. 27.oo.

11. Jóhannesi Sveinssyni og Sveini Jóhannssyni, leyft að gera einlyft íbúðarhús úr timbri á lóðinni nr. 18A við Bræðraborgarstíg. Stærð 74.39 m². Gjald kr. 18.oo.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Eiríki Bjarnasyni leyft að gera 2 kvisti á húsið nr. 11 við Tjarnargötu. Gjald kr. 4.00.

13. Ungmennafélögunum í Reykjavík leyft að gera fjórlyft samkomu- og íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 13 við Laufásveg. Stærð 223.6 m2. Gjald kr. 144.00. Óbyggða lóðin verður 75.21 m2., en á að vera samkvæmt byggingarsamþykktinni 99.6 fermetrar. Ennfremur er hæð hússins 15.5 m., en má ekki vera samkvæmt byggingarsamþykktinni meira en 12.5 metrar, þ.e. breidd götunnar. Nefndin mælir með því, að undanþágur verði veittar, hvað þessi 2 atriði snertir.

14. Sigvaldi Sveinbjörnsson afsalar sér byggingarleyfi er honum var veitt 2. september 1922 á lóðinni nr. 27 við Lindargötu.

Fleira gerðist ekki.

Á fund vantaði Þorvarð Þorvarðsson og Kristinn Sigurðsson.

Fundi slitið.

Sig. Jónsson. Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson. Sveinn Jonsson. Guðm.H.Þorláksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár1922, laugardaginn 11. nóvember, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Leifi Th. Þorleifssyni leift að breyta dyrum og gluggum á húsinu nr. 25 við Laugaveg. Gjald kr. 2.oo.

2. Elías Hólm leyft að setja dyr á norðurhlið hússins nr. 12 við Laugaveg. Gjald kr. 2.oo.

3. Guðvilda Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 29 við Bragagötu. Stærð 47.56 $m^2$. Gjald kr. 6.oo. Leyfi lóðarleigjanda fylgir umsókninni.

Fleira gerðist ekki.

Á fund vantaði Þorvarð Þorvarðsson og Kristinn Sigurðsson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. H. Þorláksson. Sveinn Jónsson. Pétur Ingimundarson. Guðm. Ásbjörnsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1922, laugardaginn 2. desember kl. 4 síðdegis var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Stefáni Thorarensen leyft að byggja þrílyft lyfjabúðar- og íbúðarhús á lóðinni nr. 16 við Laugaveg. Húsið verður úr steinsteypu. Stærð hússins með útihúsum 301.75 $m^2$. Byggingarleyfisgjald kr. 144.oo.

2. Valdimar Loftssyni leyft að setja viðbyggingu úr steinsteypu við vesturenda hússins nr. 14 við Vitastíg og að setja kvistglugga götumegin á húsið. Stærð viðbyggingarinnar 67.19 $m^2$. Byggingarleyfisgjald kr. 19.oo.

3. Sveinbirni Kristjánssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 107 við Laugaveg. Stærð hússins 57 $m^2$. Byggingarleyfisgjald kr. 16.oo. Lóðina hefir Sveinbjörn Kristjánsson keypt úr erfðafestulandi Þorláks Bjarnar á Rauðará og er hún samkv. uppdrætti 240 $m^2$. Skilyrði fyrir leyfinu er, að lóðinni verði breytt í byggingarlóð.

4. Bjarna Þorsteinssyni leyft að byggja smiðjuhús úr steinsteypu á baklóðinni nr. 6b við Aðalstræti. Stærð 83.25 $m^2$. Leyfisgjald kr. 14.oo. Skilyrði, að eldvarnarveggur verði á austurgafli smiðjuhússins.

5. Baldri Benediktssyni synjað um leyfi til að breyta þaki á húsinu nr. 92a við Hverfisgötu.

6. Benedikt Sveinssyni leyft að byggja timburskúr á lóðinni nr. 11a við Skólavörðustíg. Stærð 23.94 $m^2$. Leyfisgjald kr. 3.oo.

7. Eiríkur Sigurðsson og Jón Vigfússon fara þess á leit, að byggingarnefndin hlutist til um, að lóðum húsanna nr. 21 við Frakkastíg og 2 við Bergþórugötu verði skipt þannig, að öll opinber gjöld verði framvegis greidd fyrir hvert húsið út af fyrir sig. Byggingarfulltrúinn hefur gert uppdrátt af lóðinni og tillögur um skiptingu hennar, sem byggingarnefndin fellst á. Verður þá lóð Jóns Vigfússonar nr. 2 við Bergþórugötu 145.81 m2. að stærð, og lóð Eiríks Sigurðssonar, nr. 21 við Frakkastíg, 163.29 $m^2$.Með því að skipta lóðunum þannig, verður mögulegt að byggja á allri lóðinni meðfram götum.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. H. Þorláksson. Kristinn Sigurðsson.
Sveinn Jónsson. Pétur Ingimundarson. Guðmundur Ásbjörnsson.
Þorvarður Þorvarðsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1922, laugardaginn 16. desember, kl. 4 síðd., var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Gerðist þetta:

1. Marel Ólafssyni og Ágúst Ólafssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 1 við Nönnugötu. Stærð 73.8 m2. Byggingarleyfisgjald kr. 21.oo.

2. Jóni Jónssyni leyft að byggja einlyft steinhús með kjallara á hornlóðinni við Njarðargötu og Urðarstíg (nr. 16 við Urðarstíg). Stærð 37.5 m2. Byggingarleyfisgjald kr. 9.oo.

3. Karli Guðmundssyni og Kristjani Siggeirssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 4 við Öldugötu. Stærð 147.17 m2. Byggingarleyfisgjald kr. 33.oo. - Skilyrði, að þar sem loftin eru úr steinsteypu, sé aðal langveggur hússins það einnig. Stærð lóðarinnar er 423.67 m2. og er það götugjald greitt, sem bæjarsjóður hefir tilskilið.

4. Þórarni Kristjánssyni leyft að byggja tvílyft steinhús á lóðinni nr. 5 við Fjólugötu. Stærð 94.16 m2. Byggingarleyfisgjald kr. kr. 32.oo.

5. Sigurði Sigurðssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 28c við Laugaveg, sem er keypt úr lóðinni nr. 28A og er 111 m2. að stærð. Stærð hússins er 43.65 m2. Byggingarleyfisgjald kr. 14.oo.

6. Verzlun Helga Zöega leyft að byggja geymsluskúr á hinni uppfylltu lóðfyrir neðan járnsteypuna við Tryggvagötu. Grind skúrsins verður úr tré og járnvarin. Stærð 128 m2. Byggingarleyfisgjald kr. 21.oo. Leyfið því skilyrði bundið, að undanþága fáist frá byggingarsamþykktinni, og mælir nefndin með, að hún sé veitt enda verður húsið tekið burtu jafnskjótt og byggingarnefnd krefst þess með 6 mánaða fyrirvara.

7. Hannesi Guðlaugssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 8 við Urðarstíg. Stærð 57.o7 m2. Byggingarleyfisgjald kr. 13.oo.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. H. Þorláksson. Kristinn Sigurðsson. Sveinn Jónsson. Pétur Ingimundarson. Þorvarður Þorvarðsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1922, laugardaginn 30. desember, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. "Kol og Salt" leyft að flytja saltgeymsluhús, sem hefur staðið austast á austuruppfyllingunni við höfnina vestur á lóð þá, sem félagið hefir nú leigt upp af nýja bólvirkinu. Leyfið er því skilyrði bundið, að húsið verði tekið burtu bænum að kostnaðarlausu, hvenær sem byggingarnefnd krefzt þess, með sex mánaða fyrirvara. Gjald kr. 2.oo.

2. Gísla J. Ólafsson leyft að setja kvist á húsið nr. 7 við Skothúsveg. Gjald kr. 2.oo.

3. Lesið upp bréf frá Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu út af því, að bæjarstjórnin hafði beiðzt úrskurðar ráðuneytisins um valdsvið byggingarnefndar gagnvart bæjarstjórninni. Niðurlag bréfsins hljóðar þannig:

" Þar sem bæjarstjórn hefir í byggingarsamþykktinni
" gefið byggingarnefndinni sjálfstætt vald í bygg-
" ingarmálum, virðist byggingarnefndin ekki þurfa
" að hlíta íhlutun bæjarstjórnarinnar, nema hvað
" bæjarstjórninni að sjálfsögðu ber að hafa eftirlit með
" því, að byggingarnefndin bregðist ekki skyldum
" sínum, brjóti ekki settar reglur, eða fari út
" fyrir valdsvið sitt."

Fleira gerðist ekki.

Á fund vantaði Þorvarð Þorvarðsson og Kristinn Sigurðsson.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson.
Sveinn Jónsson. G. H. Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1923, laugardaginn 13. janúar, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Einari Hróbjartssyni leyft að byggja tvílyft steinsteypuhús, á lóð sem hann hefir keypt úr lóðinni nr. 2 við Holtsgötu. Stærð lóðarinnar er 220.5 fermetrar. Stærð hússins 86.0 fermetrar. Byggingarleyfisgjald kr. 24.00. Húsið verður nr. 19 við Brekkustíg.

2. Vitamálastjórninni leyft að setja reykháf og 2 ofna í vinnuskúr, sem hún hefur við Klapparstíg. Gjald kr. 2.00.

3. A. Meinholt leyft að setja glugga á vesturgafl hússins nr. 5 við Laugaveg. Gjald kr. 2.00.

4. Metúsalem Jóhannesson sækir um leyfi til að byggja upp aftur pakkhús og skúr, sem brann á lóð hans bak við húsið nr. 15 við Þingholtsstræti. Nefndin vill ekki fyrir sitt leyti leyfa að þessar byggingar verði endurreistar.

Á fund vantaði Þorvarð Þorvarðsson.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson.
Sveinn Jónsson. Kristinn Sigurðsson. G.H.Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1923, laugardaginn 27. janúar, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Þorláki Ófeigssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri, á lóðinni nr. 89 við Laugaveg. Stærð hússins 68.2 m2. Byggingarleyfisgjald kr. 18.oo.

2. Sveinbirni Jónassyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 21 við Lokastíg. Stærð 42.55 m2. Gjald kr. 6.oo.

Í sambandi við þennan lið athugast, að lóðin, sem talin hefur verið nr. 21 við Lokastíg, á að vera nr. 17 við sömu götu, og lóðin sem talin hefur verið nr. 23 á að vera nr. 19. Borgarstjóra og byggingarfulltrúa falið að sjá um, að þessu verði breytt.

3. Valdimar Guðjónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu með kjallara á lóð hans við Nýlendugötu, milli Norðurstígs og Ægisgötu. Stærð 52.50 m2. Gjald kr. 12.oo.

4. Þuríði Bárðardóttur leyft að byggja þrílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 16 við Tjarnargötu. Stærð 122.85 m2. Gjald kr. 59.oo.

5. Framlagður og samþykktur uppdráttur af áhakdahúsi bæjarins við Vegamótastíg. Stærð 61.63 m2.

6. H/f. Kol & Salt synjað um að flytja geymsluskúr á austuruppfyllingunni.

Fleira gerðist ekki.

Á fund vantaði Þorvarð Þorvarðsson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson.
Sveinn Jónsson. Kristinn Sigurðsson. G. H. Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1923, laugardaginn 10. febrúar, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Einari Kristjánssyni leyft að byggja viðbótarbyggingu austan við húsið nr. 28a við Laugaveg, að því áskildu að bæjarstjórnin leyfi að húshliðin megi vera 2.5 metra frá leikvellinum við Grettisgötu. Stærð hússins er 30.58 m$^2$. Byggingarleyfisgjald kr. 12.oo.

2. Guðmundi I. Guðmundssyni leyft að gera skúrbyggingu úr steinsteypu á lóðinni nr. 26 við Óðinsgötu. Stærð skúrsins er 31.62 m$^2$. Gjald kr. 4.oo.

3. Magnúsi Guðmundssyni leyft að byggja íbúðarskúr úr steinsteypu á baklóð hússins nr. 16 við Skólavörðustíg. Stærð skúrsins 36.22 m$^2$. Gjald kr. 6.oo. Það skilyrði er sett fyrir leyfinu, að þakið hallist inn á lóðina, og eldvarnarveggir nái upp fyrir þakið, eins og lög mæla fyrir, og loks að geymsluskúrar þeir, sem á lóðinni standa, verða rifnir niður.

4. Jonas Thorarensen leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóð hans við Skálholtsstíg, sem er 275.4 m$^2$., og keypt úr Jónasartúninu. Stærð hússins 70.77 m$^2$. Byggingarleyfisgjald kr. 26.oo. Skilyrði, að leyfisbeiðandi sjái sér sjálfur fyrir frárennsli og aðgangi að lóðinni.

5. Eggert Kristjánssyni synjað um leyfi til að breyta húsinu nr. 74 við Laugaveg.

6. Leyfð sú breyting á uppdrætti hússins nr. 4 við ~~Vesturgötu~~ Öldugötu, sem samþykkt var á fundi byggingarnefndar 16.des. f.á., að loft verði úr timbri í sta steinsteypu. Gjald kr. 2.oo.

Fleira gerðist ekki.

Á fund vantaði Þorvarð Þorvarðsson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Kristinn Sigurðsson. Sveinn Jónsson.
Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson. Guðm.H.Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1923, laugardaginn 24. febrúar, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1 Jóhanni Stefánssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 21A við Þórsgötu. Stærð 64.55 m$^2$. Gjald kr. 22.oo.

2. Jóni Hjálmarssyni leyft að gera viðbótarbyggingu úr steini við húsið nr. 21 við Óðinsgötu. Stærð 55.11 m$^2$. Gjald kr.12.oo.

3. Sigurði Guðbrandssyni og Valdimar Árnasyni leyft að gera tvílyfta viðbótarbyggingu úr steinsteypu við húsið nr. 16 við Hverfisgötu. Stærð 77.53 m$^2$. Gjald kr. 28.oo.

4. Þórði Þórðarsyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 81 við Laugaveg. Stærð 81.oo m$^2$. Gjald kr. 28.oo. Leyfið er því skilyrði bundið, að húsið standi 2 metra frá götujaðri.

5. Ellert Magnússyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 15 við Bergþórugötu. Stærð 75.2 m$^2$.Gjald kr. 18.oo. Leyfið er því skilyrði bundið að húsið standi 2 metra frá götujaðri,eins og sýnt er á uppdrættinum.

6. Stefáni Thorarensen leyft að hækka suðurhlið hússins nr. 16 við Laugaveg, um eina hæð, og setja dyr á hornið við Laugaveg og Vegamótastíg í stað glugga. Gjald kr. 10.oo.

7. Stefáni Thorarensen leyft að gera bárujárnsgirðingu við lóðina nr. 34c við Laugaveg, með því skilyrði, að hann geri girðinguna svo trausta, að byggingarfulltrúi telji fullnægjandi. Gjald kr. 2.oo.

8. Jón Víðis afsalar sér byggingarleyfi því, er honum var veitt á fundi byggingarnefndar 14. maí 1921, til að byggja á lóðinni nr. 17 við Þórsgötu.

9. Benjamín Gíslasyni leyft að setja hæð úr steinsteypu ofan á húsið nr. 25 við Freyjugötu. Gjald kr. 8.oo.

10. Ásmundi Magnússyni og Árna Sigurðssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr timbri, með kjallara, á lóðinni nr. 5 við Týsgötu. Stærð 75.oo, m$^2$. Gjald kr. 26.oo. Stærð lóðarinnar 196.2 m$^2$.

Fleira gerðist ekki á fundinum.

Á fund vantaði Þorvarð Þorvarðsson.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Guðm.H.Þorláksson. Kristinn Sigurðsson.
Sveinn Jónsson. Pétur Ingimundarson. Guðm. Ásbjörnsson.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1923, laugardaginn 10. marz, kl. 4 síðdegis var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Ólafi Jónssyni leyft að setja kvist á suðurhlið hússins Vesturgötu 35. Leyfisgjald kr. 2.oo.

2. Ingibergi Ólafssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 99 við Hverfisgötu. Stærð hússins er 70.85 m². Lóðin er 440.44 m². Gjald kr. 23.oo.

3. Jónasi Jónassyni leyft að gera tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 6 við Öldugötu. Stærð 87.7 m². Byggingarleyfisgjald kr. 32.oo. Stærð lóðarinnar er 394.87 m².

4. Kristni Kjartanssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, með kjallara, á lóðinni nr. 4 við Baldursgötu, og hann hefur keypt úr lóðinni nr. 41 við Laufásveg. Stærð hússins er 66 m². Gjald kr. 15.oo. Stærð lóðarinnar er 189.21 m2. Leyfið er því skilyrði bundið að útitröppur séu ekki meira en 1.5 m. að hæð.

5. Brynjólfi Jónssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóð sem hann hefur keypt úr lóðinni nr. 81 við Laugaveg. Stærð hússins er 85.39 m². Gjald kr. 24.oo. Stærð lóðarinnar er 226.55 m².

6. Ármanni Jóhannssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóð, sem hann hefur keypt úr lóðinni nr. 6 við Bakkastíg. Stærð 66.88,m². Gjald kr. 15.oo. Stærð lóðarinnar er 157.5 m².

7. Bjarna Jónssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 16 við Túngötu og er keypt úr Geirstúni. Stærð hússins er 126.37 m². Gjald kr. 46.oo. Stærð lóðarinnar er 541.5 m².

8. Valdimar Jónssyni leyft að gera viðbótarbyggingu við húsið nr. 15 við Brekkustíg. Stærð 10.04 m². Gjald kr. 2.oo.

9. Guðna Einarssyni og Jóni Pálssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr timbri, á lóð, sem þeir hafa keypt úr Hlíðarhúsabletti nr. 4. Stærð hússins 73.26 m². Gjald kr. 25.oo. Númer á húsinu verður ákveðið síðar. Stærð lóðarinnar er 381.87 m². Leyfið er því skilyrði bundið, að lóðinni verði breytt í byggingarlóð.

10. Guðjóni Guðmundssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 91 við Laugaveg, og sem er 586 m². að stærð. Stærð hússins er 68.53 m². Gjald kr. 17.oo.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

11. Einari Einarssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 83 við Laugaveg. Stærð hússins er 74.25 m2. Gjald kr. 20.oo. Stærð lóðarinnar er 350.32 m2. Gangur að húsinu verður yfir lóð Jónasar Eyvindssonar frá Hringbraut.

12. Jóni Bjarnasyni leyft að byggja skúr fyrir geymslu á lóðinni nr. 4 við Vesturgötu. Stærð 60.9 m2. Gjald kr.8.oo.

13. Ragnari Þórarinssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús með kjallara, á lóðinni nr. 17 við Þórsgötu. Stærð 59.86 m2. Gjald kr. 17.oo.

14. Þorbergi Halldórssyni Leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 46 við Framnesveg. Stærð 65.52 m2. Gjald kr. 8.oo.

15. Stefáni Thorarensen synjað um leyfi til að setja glugga á eldvarnarvegg hússins nr. 16 við Laugaveg.

16. Byggingarnefndin leggur til við bæjarstjórnina að leigulóðinni nr. 21 við Bergþórugötu, verði skipt í tvær sjálfstæðar lóðir, sem verða 161.62 og 132.48 m2.

17. Eiríki Bjarnasyni leyfð breyting á kvisti, sem honum var leyft að gera á fundi byggingarnefndar 28. okt. s.l. Sveinn Jónsson var mótfallinn þessari breytinu.

18. Lögð fram umsókn frá Kristjáni Jónssyni, þar sem hann fer fram á að fá leyfi til að byggja hús úr holsteini, sem hann kallar L.Y.D. Byggingarnefndin vill ekki að svo komnu veita hið umbeðna leyfi.

Fleira gerðist ekki.

Á fund vantaði Þorvarð Þorvarðsson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Pétur Ingimundarson. Guðm. Ásbjörnsson.
Sveinn Jónsson. Kristinn Sigurðsson. Guðm. H. Þorláksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1923, laugardaginn 14. apríl, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Sigurði Jóhannessyni leyft að byggja íbúðarhús úr steinsteypu, á baklóðinni nr. 13 við Nýlendugötu. Stærð 40.17 m$^2$. Gjald kr. 5.oo.

2. Birni Jónssyni synjað um leyfi til að hækka skúr við húsið nr. 62 við Hverfusgötu.

3. Guðbjörgu Þorsteinsdóttur leyft að byggja viðbótarbyggingu við húsið nr. 29B við Njálsgötu. Stærð 31.95 m$^2$. Byggingarleyfisgjald kr. 4.oo

4. Geir Pálsson sækir um leyfi til að byggja íbúðarhús á lóðinni nr. 78 við Laugaveg. Nefndin vill ekki veita hið umbeðna leyfi, þar sem hún telur uppdráttinn óhæfan, bæði hvað fyrirkomulag og frágang snertir.

5. Helgi Bergs sækir um leyfi til að byggja "villabyggingu" á lóðinni nr. 30 við Skólavörðustíg (horni Baldursgötu). Nefndin telur ekki rétt að leyfa "villabyggingu" á þessum stað, en telur bæjarstjórnina hafa úrslitaatkvæði um þetta, og óskar álits hennar áður en fullnaðarákvörðun er tekin um málið.

6. Markúsi Þorsteinssyni leyft að byggja viðbótarbyggingu og hækka húsið nr. 9 við Frakkastíg. Stærð 30.55 m$^2$. Byggingarleyfisgjald kr. 17.oo.

7. Magnúsi M. Moberg leyft að setja port ofan á húsið nr. 32 við Bragagötu og setja skúr við húsið. Stærð 4.68 m$^2$. Byggingarleyfisgjald kr. 6.oo.

8. Runólfi Magnússyni leyft að setja hæð ofan á húsið nr. 21 við Bræðraborgarstíg og stækka inngönguskúr við húsið. Stærð 1.05 m$^2$. Gjald kr. 6.oo.

9. Í tilefni af frumvarpi til laga um byggingarnefnd landsins, var borgarstjóra falið að skýra allsherjarnefnd erfideildar Alþingis frá ástæðum þeim er lágu til grundvallar fyrir synjun byggingarnefndar, um breytingar á vörugeymsluskýlinu "Nýborg" síðast liðið sumar.

Fleira gerðist ekki.

Á fund vantaði Þorvarð Þorvarðsson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm.Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson. Sveinn Jónsson. Kristinn Sigurðsson. Guðm. H. Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1923, laugardaginn 28. apríl, kl. 4 síðdegis, var haldinn fundur á skrifstofu borgarstjóra, í byggingarnefndinni.

Þetta gerðist:

1. Friðgeir Bjarnasyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á leigulóðinni nr. 14 við Fálkagötu. Stærð 35.28 m2. Byggingarleyfisgjald kr. 5.oo.

2. Kristinn Jónsson sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóð, sem hann hefur keypt úr Laufástúni við Njarðargötu. Þar sem byggingarnefndin hefir í hyggju að leyfa aðeins "villa"-byggingar á þessum stað, getur hún ekki veitt hið umbeðna leyfi.

3. H.P.Hansen leyft að setja kvist á húsið nr. 63 við Hverfisgötu, og hækka inngönguskúr. Leyfisgjald kr. 4.oo.

4. Gestur Kr. Guðmundsson og Hannibal Sigurðsson fara fram á að fá leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr STEINSTEYPU á lóðinni nr. 57 við Hverfisgötu. Nefndin felldi með jöfnum atkvæðum að leyfa þetta, með því atlazt er til, að húsið standi 5 m. frá götu.

5. Sigurliða Kristjánssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 95 við Laugaveg. Stærð 92.2 m2. Leyfisgjald kr. 23.oo.

6. Jóni Sigurðssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 54 við Laufásveg[q]. Stærð 120.23 m2. Leyfisgjald kr. 44.oo. Beiðandi sjái sjálfur fyrir afrennsli. Lóðin er 439.4 m2.

7. Stefáni Jónasi Björnssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóð Marels Ólafssonar, nr. 1 við Nönnugötu. Stærð 57 m2. Leyfisgjald kr. 16.oo.

8. Jörgen B. Hansen leyft að byggja íbúðarhús úr timbri á lóð hans við Laufásveg (úr Holtastaðalóð). Stærð 74.98 m2. og 2 skúrar úr steini, 12.88 m2. að dtærð. Leyfisgjald kr. 23.oo. Skilyrði fyrir leyfinu, að eigandinn sjái sér sjálfur fyrir afrennsli. Leyfi veitt 31. marz þ.á. jafnframt fellt úr gildi.

9. Guðm. Guðmundssyni leyft að byggja viðbót úr steinsteypu við húsið nr. 1 við Brekkustíg. Stærð 28.53 m2. Leyfisgjald kr. 6.oo.

10. Guðm. Markússyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr ~~///~~ steinsteypu, á lóð, sem hann hefur keypt úr lóðinni nr. 21B við Bræðraborgarstíg. Stærð 91.49 m2. Leyfisgjald kr. 26.oo. Leyfið því skilyrði bundið, að lóðareigandi greiði 2 kr. fyrir

---

q) enda standi húsið 2 metra frá Laufásvegi



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hvern fermetra lóðarinnar í vegagjald, þegar Unnarstígur verður gerður.

11. Jóhanni Fr. Kristjánssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr holsteini á horninu við Njarðargötu og Fjólugötu. Stærð 100.7 m2. Byggingarleyfisgjald kr. 25.oo. Samþykkt að leyfa beiðanda að hafa torfþak ofan á járninu. Leyfið er því skilyrði bundið, að eigandinn sjái sér sjálfur fyrir vatni og afrennsli. Lóðin er 376 m2. að stærð.

12. Jóhannk Fr. Kristjánssyni leyft að flytja húsið nr. 59 við Hverfisgötu inn á baklóðina og byggja þar við steinskúr, svo og að hækka kjallarann. Stærð húss og skúrs 40.9 m2. Leyfisgjald kr. 4.oo. Skilyrði, að húsið standi minnst 3.15 m. frá lóðarmörkum á alla vegu.

13. Bæjarstjórnin hefur samþykkt, að leyfa megi "villa"-byggingu á lóð Helga Bergs nr. 50 við Skólavörðustíg, og var því tekin fyrir byggingarleyfisbeiðni hans frá síðasta byggingarnefndarfundi. Nefndin telur misráðið að leyfa umrædda "villa"-byggingu, en sættir sig við samþykkt bæjarstjórnarinnar, jafnframt því, sem hún vill taka fullt tillit til tillögu skipulagsnefndar í bréfi til borgarstjóra, dags. 20. þ.m., um fyrirkomulag bygginga meðfram Skólavorðustíg milli Baldursgötu og Njarðargötu. Vill nefndin því krefjast þess, að húsið verði sett jafnlangt frá Skólavörðustíg og húsið nr. 38 við sömu götu og ennfremur að minnsta kosti 2 metrar frá Baldursgötu. Húsið er á uppdrættinum sýnt ca. 1 m. frá Baldursgötu, og til að fullnægja áðurgreindum skilyrðum þarf að breyta stærð hússins svo það komist fyrir á lóðinni. Nefndin getur því ekki samþykkt hinn framlagða uppdrátt.

14. Kristjáni Snorrasyni leyft að byggja íbúðarhús úr timbri á lóð við Njarðargötu, er hann hefir keypt úr Laufástúni, og sem er 345.3 m2. að stærð. Stærð hússins er 66.88 m2. Byggingarleyfisgjald kr. 17.oo. Skilyrði, að beiðandi sjái sjálfur fyrir vatnsleiðslu og afrennsli.

15. Geir Pálssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 78 við Laugaveg. Stærð 79.17 m2. Leyfisgjald kr. 23.oo.

16. Ketill Þorsteinsson, sem hefur lóðina nr. 38 við Bragagötu á leigu, fer fram á að fá henni skipt þannig, að syðri hluti hennar verði sjálfstæð leigulóð. Nefndin leggur til, að lóðinni verði skipt þannig, að hin fráskilda lóð verði 8 m. fram með Bragagötu og 13 m. á dýpt og fylgi henni ennfremur 2 m. breiður og 10 m. langur gangur upp að stígnum milli Bragagötu og Njarðargötu. Verður þessi lóð öll að flatarmáli 124 m2. og telst nr. 38 við Bragagötu.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17. Katli Þorsteinssyni leyft að byggja tvílyft steinsteypuhús á horninu við Bragagötu og Freyjugötu, er verður nr. 38a við Bragagötu. Stærð 52,4 m2. Leyfisgjald kr. 19.oo.

18. SnæbiriEysteinssyni og Gunnari Gunnarssyni leyft að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 38 við Bragagötu (sbr. 16. lið). Stærð 60.8 m2. Leyfisgjald kr. 22.oo.

19. Lagt til að lóðin nr. 27 við Freyjugötu verði skipt þannig, a) að lóðin nr. 27 (á horninu) verði 191.5 m2., með þeirri kvöð, að 2 m. breiður gangur verði nyrzt á lóðinni, eftir allri lengd hennar, til afnota fyrir hús baklóðarinnar. b) Vestast á lóðinni komi sjálfstæð lóð, 112.5 m2. að stærð, og telst ~~xjálfx xkxxxkáx~~ nr. 25A við Freyjugötu. c) Nyrzt á lóðinni komi önnur sérstök lóð, 144 m2.að stærð og a hún að teljast til Njarðargötu, en verður fyrst um sinn 27a við Freyjugötu.

20. Ólafi Auðunssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 25a við Freyjugötu. Stærð 47.25 m2. Leyfisgjald kr. 10.oo.

21. Lagt fram bréf skipulagsnefndar til borgarstjóra, dag. 20. þ.m., um skipulagsuppdrátt af Reykjavík, og óskað er eftir áliti bæjarstjórnar um afstöðu hennar í því máli.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 10 3/4 síðdegis.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson. Sveinn Jónsson. Kristinn Sigurðsson. Guðm. H. Þorláksson. Þorvarður Þorvarðsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1923, fimmtudaginn 3. maí, kl. 10 árdegis, var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf frá Helga Bergs, þar sem hann fer fram á, að fá leyfi til að flytja vesturhlið hússins út að Baldursgötu, en húsið verði að öðru leyti eins og uppdrátturinn sýnir. Byggingarnefndin vill ekki breyta fyrri samþykkt sinni um það, að "villa"-bygging á þessum stað skuli vera minnst 2 m. frá Baldursgötu, og hún tekur það enn fram, að hún telji það mjög misráðið, að leyfa sundurlausa byggingu þarna, þar sem þetta er eina lóðin milli Baldursgötu og Njarðargötu meðfram Skólavörðustíg, sem er óbyggð, en á öllum hinum lóðunum, að einni undantekinni, standi húsin í götujaðri og eru sumpart sambyggð og sumpart byggð með hliðsjón af því, að samfelld bygging verði meðfram götunni. Telur nefndin því réttara, að á þessari umræddu lóð verði byggingu hagað þannig, að gert sé ráð fyrir samfelldri byggingu og vill fyrir sitt leyti leyfa hús með slíkri gerð.

2. Kristinn Jónsson hefir tjáð nefndinni, að hann hafi síðastliðinn laugardag lokið við að steypa kjallara húss síns við Njarðargötu og stendur hann út að götujaðri, en nefndin synjaði honum á fundi sínum sama dag um leyfi til að byggja húsið nær götujaðri en 2 metra. Fer hann nú fram á leyfi til að mega fullgera húsið á hinni gerðu undirstöðu og var beiðni hans samþykkt með 3 atkvæðum gegn 2. Einn nefndarmaður greiddi ekki atkvæði.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörmsson. Sveinn Jónsson. Kristinn Sigurðsson. Pétur Ingimundarson. Þorvarður Þorvarðsson. Guðm. H. Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1923, laugardaginn 12. maí, kl. 4 síðdegis, var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. H.S.Hansen leyft að stækka glugga á húsinu nr. 15 á Laugavegi (gamla húsinu). Leyfisgjald kr. 2.oo.

2. Sigurði Jóhannssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 44 við Framnesveg. Stærð 67.76 m². Byggingarleyfisgjald kr. 20.oo.

3. Sigvalda Sveinbjörnssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni Lindargötu 27. Stærð 33.65 m². Byggingarleyfisgjald kr. 5.oo. Húsið skal standa í réttri götulínu Frakkastígs.

4. Jóni Egilssyni synjað um leyfi til að reisa járnvarin skúr við norðurenda bílaverkstæðisins við "Hlemm". Skúrinn var ætlazt til að byggja úr timbri og járnvarinn.

5. Magnúsi Magnússyni leyft að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 22 við Fálkagötu. Stærð 88 m². Byggingarleyfisgjald kr. 11.oo.

6. Nefndin leggur til, að leigulóðinni nr. 34 við Bragagötu verði skipt í tvær lóðir, þannig, að forlóðin verði 156.8 m². en baklóðin 165.2 m². og verður hún því nr. 34a við Bragagötu.

7. Að því tilskildu, að lóðarskipting samkvæmt síðasta lið fari fram, leggur nefndin til, að Jóni Jónssyni, Urðarstíg 16, verði leigð baklóðin og leyfir honum jafnframt að reisa einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á þessum stað. Stærð 44.1 m². Byggingarleyfisgjald kr. 6.oo.

8. Gunnari Gunnarssyni leyft að setja dyr í stað glugga á framhlið hússins nr. 8 við Tjarnargötu, að því tilskildu að hurðin opnist inn og ekkert þrep verði á gangstéttinni.

9. Vald. Poulsen leyft að byggja geymsluskúr úr steinsteypu á baklóðinni nr. 29 við Klapparstíg. Stærð 27.2 m². Leyfisgjald kr. 4.oo.

10. Kristni Sigurðssyni leyft að reisa geymsluskúr úr steinsteypu á baklóð hússins nr. 13 við Óðinsgötu. Stærð 43.36 m². Byggingarleyfisgjald kr. 7.oo.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

K. Zimsen. Sveinn Jónsson. Guðm. H. Þorláksson. Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson. Þorvarður Þorvarðsson. Kristinn Sigurðsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1923, laugardaginn 19. maí, kl. 4 síðdegis var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Jensen Bjerg leyft að breyta gluggum og dyrum á Hótel Ísland, hliðinni sem snýr að Aðalstræti. Gjald kr. 4.00.

2. Guðbjörgu Guðmundsdóttur leyft að gera viðbótarbyggingu úr steini, við vesturenda hússins nr. 41 við Njálsgötu. Stærð 34.65 m². Gjald kr. 8.00.

3. Finni O. Thorlacius leyft að byggja þrílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 10 við Laufásveg. Stærð 147.05 m². Gjald kr. 68.00.

4. Gestur Guðmundsson sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðar- og geymsluhús úr steinsteypu á erfðafestulandinu Norðurmýrarblettur 17-18. Stærð 95.25 m². Nefndin vill veita þetta leyfi að því tilskildu, að bæjarstjórnin heimili að byggja á erfðafestulandinu. Byggingarleyfisgjald kr. 20.00.

5. Kristni Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóð sem hann hefur keypt úr Laufáslandi, vestanvert við Laufásveg. Stærð 45.87 m². Gjald kr. 10.00.

6. Lofti Guðmundssyni leyft að byggja steinsteypuhús á lóðinni fyrir vestan 1B við Lindargötu. Stærð 170.17 m². Gjald fyrir neðstu hæðina kr. 24.00.

7. Tekið fyrir erindi Kristjóns Jónssonar, þar sem hann sækir um leyfi til að nota holstein, er hann nefnir L. Y. D. stein, til húsbygginga samkv. fundarg. byggingarnefndar 10. marz s.l. Nefndin hefir skoðað stein þennan, og telur ekkert því til fyrirstöðu að nota hann, hvað styrkleika snertir, en álítur hinsvegar að hann sé ekki hentugt bygginarefni, sérstaklega hvað verð veggja snertir.

Fleira gerðist ekki.

Á fund vantaði Þorvarð Þorvarðsson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson.
Sveinn Jónsson. Kristinn Sigurðsson. Guðm. H. Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1923, laugardaginn 26. maí, kl. 4 síðdegis, var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Gerðist þetta:

1. Tryggva Ólafssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á horninu við Hringbraut (Hringbraut) og Tjarnargötu. Stærð 87.51 m². Byggingarleyfisgjald kr. 25.oo. Lóðin er keypt úr lóð Almars Normanns, og er að stærð 421.2 m².

2. Pétri Gunnlaugssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á lóðinni nr. 8 við Framnesveg. Stærð hússins er 56.3 m². Byggingarleyfisgjald kr. 12.oo. Húsið á að standa 1 m. frá fyrirhuguðum stíg milli Framnesvegar og fyrirhugaðrar götu. Lóðarstærðin er 189.22 m².

3. Bjarna Sighvatssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóð, sem hann hefir keypt úr Ólsenstúni á horninu við Bárugötu og Ægisgötu, og sem er að stærð 315 m². Stærð hússins er 79.7 m². Byggingarleyfisgjald kr. 25.oo. - Skilyrði, að lóðinni verði breytt í byggingarlóð og tilskilið gjald greiðist í bæjarsjóð.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

Á fund vantaði Kristinn Sigurðsson.

K. Zimsen. Þorvarður Þorvarðsson. Guðm. Ásbjörnsson.
Pétur Ingimundarson. Sveinn Jónsson. Guðm. H. Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1923, laugardaginn 2. júní, kl. 4 síðdegis, var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Gerðist þetta:

1. Kristjáni Guðmundssyni leyft að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á lóð, sem hann hefir keypt úr lóðinni nr. 5 við Týsgötu. Verður húsið nr. 7 (6) við þá götu. Stærð hússins er 43.56 m2. Byggingarleyfisgjald kr. 11.oo.

2. Þorláki Runólfssyni leyft að setja kvist á hús hans nr. 44 við Vesturgötu. Leyfisgjald kr. 2.oo.

3. Hannesi Helgasyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóð við götu, sem fyrirhuguð er milli Ingólfsstrætis og Bergstaðastrætis. Stærð 36.21 m2. Byggingarleyfisgjald kr. 5.oo. Skilyrði er, að lóðareigandi greiði kr. 2.oo af hverjum fermetra lóðarinnar í götugjald, þegar gatan verður lögð. Stærð lóðarinnar er 110.5 m2.

4. Nefndin leggur til að stígur sá, er getur um í 3. lið verði nefndur Hallveigarstígur.

5. Ásmundi Ólafssyni leyft að byggja geymsluskúr úr steinsteypu við vesturenda húss hans nr. 32 við Fálkagötu. Stærð 16 m2. Byggingarleyfisgjald kr. 2.oo.

6. Eggert Jónssyni leyft að byggja inngönguskúr við bakhlið hússins nr. 30 við Óðinsgötu. Stærð 3.9 m2. Leyfisgjald kr.2o.

7. Jóhannesi kr. Jóhannessyni leyft að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á leigulúðinni nr. 4 við Fálkagötu. Stærð 57.76 m2. Leyfisgjald kr. 15.oo.

8. Jónasi S. Húnfjörð leyft að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á baklóðinni nr. 24 við Óðinsgötu. Stærð 40 m2. Byggingarleyfisgjald kr. 5.oo.

9. Kattspyrnufélaginu "Þrándur" leyft að byggja skúr á lóð, sem það hefur fengið sér útvísaða á Melunum til Knattspyrnuæfinga. Stærð skúrsins er 5.98 m2. Leyfisgjald kr. 2.oo. Leyfið er því skilyrði bundið, að skúrinn verði tekin burtu, bænum að kvæntalausu, hvenær sem byggingarnefnd krefst þess.

10. Borgarstjóri lagði fram bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, dags. 24. maí þ.á., þar sem tilkynnt er, að ráðuneytið úrskurði, samkv. 3. gr. byggingarsamþykktarinnar fyrir Reykjavík, eftir ástæðum, að Helga Bergs skúli heimillt að reisa hús það, er hann hefur sótt um leyfi fyrir og verið synjað um, á lóð hans á horni Skólavörðustígs og Baldursgötu, þannig, að það standi jafnlangt frá Skólavörðustíg og húsiðnr. 38 við



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þá götu, en standi með útbygginguna í jaðri Baldursgötu.

Út af þessu lætur byggingarnefnd þess getið, að henni hefir áður með öllu verið ókunnugt um, að Helgi Bergs hafi skotið máli þessu til ráðuneytisins, þar sem ráðuneytinu hefir ekki þóknazt að leita álits byggingarnefndar né bæjarstjórnar um þetta mál, eða um ástæður fyrir því að Helga Bergs var synjað um að byggja á umgetinni lóð eins og hann fór fram á. Leyfiir nefndin sér fyrir sitt leyti að mótmæla því, að úrskurðum hennar verði breytt af æðri stjórnarvöldum án þess hún fái tækifæri til að færa rök fyrir þeim áður, enda mun slík aðferð verða til þess að veikja alla aðstöðu nefndarinnar og bæjarstjórnar og koma byggingarmálum bæjarins á ringulreið.

Hvað þetta mál sérstaklega snertir, þá telur nefndin mjög vafasamt, að það heyri undir úrskurð ráðuneytisins samkvæmt. 3. gr. byggingarsamþykktarinnar, sem ákveður, að ef lóðareiganda þyki rétti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar, megi hann skjóta úrskurðinum til ráðuneytisins, því það er ekki sýnt, að rétti lóðareiganda sé að nokkru leyti hallað, þótt hann verði að setja hús öðruvísi á lóð sína, en honum hefur sjálfum dottið í hug, eða haga því eitthvað öðruvísi en hann í fyrstu hefur ætlað. Slíka takmörkun á frjálsræði til að byggja eftir eigin geðþótta á lóðum sínum verða allir lóðareigendur í bænum að þola og nefndin leyfir sér að fullyrða, að Helgi Bergs hefir ekki með kröfu byggingarnefndar um að setja umrætt hús 2 metra frá jaðri Baldursgötu verið beittur neinu óréttlæti eða rétti hans hallað í nokkru atriði, þar sem lóðin er nægilega stór til að byggja á henni hús, er sé jafnstórt hinu fyrirhugaða að flatarmáli, þótt kröfu byggingarnefndar sé fullnægt.

Nefndin felur formanni sínum að tilkynna ráðuneytinu þessi mótmæli sín gegn umræddum úrskurði.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. H. Þorláksson. Sveinn Jónsson. Kristinn Sigurðsson. Pétur Ingimundarson. Þorvarður Þorvarðsson. Guðm. Ásbjornsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1923, laugardaginn 16. júní, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Eggert Kristjánssyni leyft að lyfta húsinu nr. 74 við Laugaveg um o.90 m. og innrétta kjallarann fyrir vinnustofu og sölubúð. Gjald kr. 6.oo. Ennfremur er honum leyft að gera skúr við austurenda hússins, en skúr, sem er þar úr timbri verður rifinn. Stækkunin nemur 3.25 metrum.

2. Guðm. Ásbjörnssyni leyft að setja skúr úr steinsteypu við vesturenda hússins nr. 1 við Laugaveg. Stærð skúrsins er 29 fermetrar. Ennfremur að breyta gluggum, hurðum og innréttingu hússins. Gjald kr. 6.oo.

3. Guðm. Jenssyni leyft að byggja íbúðarskúr úr steinsteypu á baklóð hússins nr. 17A við Skólavörðustíg. Stærð 28.12 $m^2$. Gjald kr. 4.oo.

4. Jóni Magnússyni leyft að byggja eina hæð ofan á nr. 11 við Urðarstíg. Gjald kr. 4.oo.

5. Nefndin leggur til að lóðinni nr. 11 við Urðarstíg verði skipt í 2 lóðir, og fái Sigurður Bjarnason syðri partinn, er verður nr. 11A og er að stærð 86.03 $m^2$. Neðri parturinn verður áfram í leigu Jóns Magnússonar og er 154.47 fermetrar að stærð, með þeirri kvöð að leiguhafi lóðarinnar nr. 11A hafi frjálsan aðgang að lóð sinni um hana.

6. Samþykki bæjarstjórnin skiptingu lóðar þeirrar, er umræðir í næsta lið á undan, þá leyfir nefndin Sigurði Bjarnasyni að gera tvílyft íbúðarhús á lóðinni nr. 11A við Urðarstíg. Stærð 28.36 fermetrar. Gjald kr. 6.oo.

7. Jóni Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 2 við Urðarstíg. Stærð 32.48 fermetrar. Gjald kr. 7.oo.

8. Jóni Zöega leyft að breyta gluggum og dyrum á húsinu nr. 14 við Bankastræti. Gjald kr. 2.oo.

9. Matthíasi Lýðssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 2 við Fálkagötu. Stærð 56.30 $m^2$. Gjald kr. 7.oo.

10. Jóni Stefánssyni leyft að breyta gluggum á húsinu nr. 17 við Laugaveg. Gjald kr. 2.oo.

11. Gísla J. Johnsen leyft að gera bifreiðarskúr úr steinsteypu á bakhlið hússins nr. 18 við Túngötu. Stærð 11.96 $m^2$. Gjald kr. 2.oo.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Guðm. Kristjánssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 58 við Grettisgötu. Stærð 52.09 $m^2$. Gjald kr. 13.oo.

13. Þorgeir Guðjónssyni leyft að setja hæð ofan á húsið nr. 10 við Bergstaðastræti og stækka viðbygginguna. Stækkunin nemur 3.35 $m^2$. Gjald kr. 6.oo.

14. Helgi Bergs sendir uppdrátt áritaðan af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, samanber úrskúrð ráðuneytisins 24.f.m. Nefndin vill ekki fyrir sitt leyti samþykkja afstöðu og útlit hússins eins og það er á umræddum uppdrætti, og ákveður að tilkynna Helga Bergs að hann verði sjálfur að bera ábyrgð á afleiðingum þess, ef hann byggir húsið án samþykkis byggingarnefndar og bæjarstjórnar.

15. Fiskveiðahlutafélagið Otur leyft að breyta þökum á 2 húsum á á Mjölnislóðinni og setja þau undir eitt ris. Gjald kr. 2.oo. Ennfremur sækir félagið um leyfi til að byggja timburskúr á sömu lóð. Það er upplýst að þessi umræddi skúr er þegar byggður og ákveður ~~[illegible]~~ nefndin að kæra félagið til sekta og niðurrifs á skúrnum.

16. Þórði Stefánssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús á lóðinni nr. 101 við Hverfisgötu. Stærð 73.47 $m^2$. Stærð lóðarinnar 162.96 $m^2$., og er hluti úr lóðinni nr. 101 við Hverfisgötu. Hús Lövdals, sem áður hefur verið samþykkt á umræddri lóð verður nr. 101A. Byggingarleyfisgjald kr. 26.oo.

17. Guðm. Erlendssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 18 við Fálkagötu. Stærð 32.49 fermetrar. Gjald kr. 7.oo.

18. Hinn 11. júní 1921 var Guðm. Ögmundssyni leyft að gera einlyft íbúðarhús úr steinsteypu við Laufásveg, en þar sem hann er ekki farinn að nota leyfið, ákveður nefndin að tilkynna honum að það sé fallið úr gildi.

19. Kristinn Steinar Jónsson fer fram á að bæjarstjórnin greiði sér kr. 720.20, sem sé kostnaður við það, að hann hafi orðið að setja hús sitt 2 metra frá Njarðargötu. Þessi kostnaður er tilorðinn af því, að þessi maður hafði byrjað á byggingunni í götulínu, áður en samþykki byggingarnefndar og bæjarstjórnar var fengið. Nefndin telur ekki bæjarstjórnina bera ábyrgð á því, þó menn byrji á byggingum áður en leyfi er fengið fyrir þeim, og getur því ekki mælt með þessari beiðni.

Fleira gerðist ekki. Á fund vantaði Þorvarð Þorvarðsson og Kristinn Sigurðsson. Pétur Ingimundarson fór af fundi undir 18. lið.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sveinn Jónsson. Guðm. H. Þorláksson. Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1923, laugardaginn 23. júní, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Hannesi Einarssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 16 við Óðinsgötu. Stærð 85.19 m2. Gjald kr. 29.oo.

2. Jóni Ólafssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, með porti og risi á lóðinni nr. 48 við Laufásveg. Stærð hússins er 53.20 ferm. Stærð lóðarinnar 218.40 fermetrar. Gjald kr. 15.oo.

3. Sofusi og Vigfúsi Árnasonum leyft að gera tvílyftan íbúðarskúr úr steinsteypu á baklóðinni nr. 31A við Bergstaðastræti. Stærð hússins er 50 fermetrar. Stærð lóðarinnar 128.65 fermetrar. Gjald kr. 18.oo.

4. Fjeldberg & Lýðsson leyft að byggja einlyfta vinnustofu á lóðinni nr. 50B við Grettisgötu. Stærð 47.25 ferm. Gjald kr. 5.oo.

5. Runólfi Ólafs leyft að stækka og setja hæð ofan á húsið nr. 12 við Vesturgötu. Stækkunin nemur 31.87 fermetrum. Gjald kr. 19.oo.

6. Jóni Eyjólfssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús á leigulóðinni nr. 6 við Fálkagötu. Stærð 38.19 ferm. Gjald kr. 5.oo.

7. Rafmagnsveitu Reykjavíkur leyft að gera spennubreytistöð við leikvöllinn hjá Freyjugötu. Stærð 14.44 ferm. Gjald kr.3.oo.

8. Hinn 26. febrúar 1921, var Sigurði Oddsyni leyft að lengja húsið nr. 8 við Bergstaðastræti, en þar sem hann er ekki farinn að nota leyfið ákveður nefndin að tilkynna honum að leyfið sé fallið úr gildi.

Fleira gerðist ekki. Á fund vantaði Þorvarð Þorvarðsson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Sveinn Jónsson. Guðm. H. Þorláksson. Kristinn Sigurðsson. Pétur Ingimundarson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1923, laugardaginn 30. júní, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist: -

1. Sigurður Þórólfsson sækir um leyfi til að mega byggja hús á erfðafestulandinu Kaplaskjólsmýri nr. 7. Nefndin vill ekki veita þetta leyfi, vegna útlits hússins og fyrirkomulags.

2. Jóni Guðjónssyni leyft að setja kvist og port og kvist á húsið nr. 8A við Lindargötu. Gjald kr. 6.oo.

3. Jóni Jónssyni og Valdimar Kristjánssyni synjað um leyfi til að setja hæð ofan á húsið nr. 27A við Freyjugötu, vegna þess, að þeir ætla að hafa glugga út að mjóum stíg, sem er á milli húsanna.

4. Þórði Jónssyni leyft að byggja íbúðarskúr úr steinsteypu á lóð við Barónsstíg, neðst í Elsumýri. Stærð skúrsins er 33.44 fermetrar. Gjald kr. 5.oo. Stærð lóðarinnar 236.44 fermetrar.

5. Guðm.Jónssyni og Hallgrími Bachmann synjað um að byggja íbúðarhús á lóðinni nr. 16 við Fálkagötu, sökum þess að húsið stendur ekki í götulínu.

6. Sveini Jóni Einarssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á erfðafestulandinu Meistaravelli. Stærð 76.16 ferm. Gjald kr. 19.oo.

7. Magnúsi Péturssyni leyft að flytja húsið nr. 10 við Urðarstíg og byggja viðbótarbyggingu úr steinsteypu við húsið. Viðbótin nemur 11.78 fermetrum. Ennfremur leggur nefndin til að lóðinni verði skipt þannig, að Magnús Pétursson fái hornið 145.7 fermetra, en Magnús Benediktsson, sem nú hefir lóðina á leigu, og húsið nr. 10B við Urðarstíg, að hann haldi hinum hluta lóðarinnar 145.6 fermetrum að stærð, og verður sá hluti lóðarinnar þá talinn nr. 22 (16) við Bragagötu. Byggingarleyfisgjald kr. 2.oo.

8. Bjarna Einarssyn leyft að gera viðbótarbyggingu úr timbri við húsið nr. 10 við Baldursgötu. Stærð 17.64 ferm. Gjald kr. 5.oo.

9. Ólafi Þórðarsyni synjað um leyfi til að setja hæð ofan á hálft húsið nr. 5B við Grundarstíg.

10. Kristni Jónssyni leyft að gera geymsluskúr úr steinsteypu á lóð, sem hann hefur keypt úr Laufástúninu við Njarðargötu. Stærð 24.75 ferm. Gjald kr. 3.oo.

11. Út af erindi Fr. Magnússonar & Co. um breytingu á leigumála á lóð félagsins við Tryggvagötu, hefir hafnarnefnd beitað álits byggingarnefndar um það, hvort hún muni leyfa að innrétta skrifstofur í vörugeymsluhúsinu á lóðinni. Byggingarnefndin er



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sammála um, að leyfa ekki slíkar breytingar á geymsluhúsum, sem leyfð eru til bráðabirgðar á hafnarbökkunum.

Fleira gerðist ekki.

Á fund vantaði Þorvarð Þorvarðsson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sveinn Jónsson. Kristinn Sigurðsson.
Pétur Ingimundarson. Guðm. H. Þorláksson. Gum. Ásbjörnsson.

31. des. 1951/
Vélr. I.J.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1923, laugardaginn 7. júlí, kl. 4 síðdegis, var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Gerðist þetta:

1. Sigurði Þórólfssyni leyft, að áskildum löglegum stiga, að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á erfðafestulandi hans, Kapplaskjólsmýri nr. 7 (við Kapplaskjólsveg). Stærð 61.32 m². Byggingarleyfisgjald kr. 13.oo.

2. Jóni Sigurðssyni leyft að byggja bráðabirgðaskúr til geymslu, á lóðinni nr. 54 við Laugaveg. Stærð 10m². Leyfisgjald kr. 2.oo.

3. Magnúsi Matthíassyni leyft að hækka um eina hæð húsx sitt á horninu og Garðastræti, er hann fékk byggingarleyfi fyrir 2. sept. 1922. Leyfisgjald kr. 22.oo.

4. Sigurði Þ. Jónssyni leyft að hækka kjallara undir húsi hans nr. 62 við Laugaveg. Byggingarleyfisgjald kr. 3.oo.

5. J. Jensen Bjerg leyft að byggja einlyft íbúðarhús með porti á horninu við Öldugötu og Ægisgötu. Stærð 154.6 m². Leyfisgjald kr. 56.oo. Lóðina hefir hann keypt úr Ólsens-túni, sem er að stærð 500 m². Leyfið því skilyrði bundið, að lóðinni sé breytt í byggingarlóð.

6. Sigurði Halldórssyni leyft að byggja útskot á vesturhlið bakhússins við Þingholtsstræti 7. Stærð 3.9 m². Leyfisgjald kr. 2.oo.

Fleira gerðist ekki.

Byggingarfulltrúi fjærverandi, og gegndi hans störfum Pétur Ingimundarson slökkviliðsstjóri.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Pétur Ingimundarson. Kristinn Sigurðsson. Guðm. Ásbjörnsson. Þorvarður Þorvarðsson. Sveinn Jónsson.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1923, laugardaginn 14. júlí kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Gerðist þetta:

1. Magnús Þorsteinsson, sem hefir leigurétt á leigulóðinni nr. 16 við Urðarstíg, fer fram á að fá lóðinni skipt þannig, að neðri hlutinn, cirka 8.2 m. meðfram Njarðargötu, verði sérstök leigulóð, sem Benedikt Guðmundsson, er á hús á þeim hluta lóðarinnar, fái á leigu. Nefndin mælir með því að þessi skipting verði leyfð.

2. Scheving Thorsteinsson leyft að byggja bílskýli úr holsteini á lóðinni nr. 6 við Thorvaldsensstræti. Stærð 24 m2. Gjald kr. 3.oo.

3. Meiri hluti nefndarinnar leyfir Garðari Gíslasyni að byggja skúr úr steinsteypu við vesturhlið Skjaldborgar við Skúlagötu. Stærð 176 m2. Leyfisgjald kr. 25.oo. Sömuleiðis leyft að setja steinsteypta girðingu meðfram Skúlagötu.

4. Guðm. Jónssyni og Hallgrími J. Backmann leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steini á lóðinni nr. 16 við Fálkagötu. Stærð 71.25 m2. Leyfisgjald kr. 13.oo.

5. Samþykktur að steinsteypuskúr á baklóð Jóns Jakobssonar yfirlandsbókavörðar við Laufásveg 33. Gjald kr. 5.oo.

6. Kristínu Sveinbjarnardóttur leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu nr. 1 við Bergþórugötu. Stærð 57.27 m2. Lóðin er keypt úr lóðinni nr. 19 við Frakkastíg og virðist vera 123 m2. að stærð samkv. framlögðum uppdrætti. Leyfisgjald kr. 16.oo.

7. Jón Magnússon fer fram á að mega byggja hús norðan við Hallveigarstíg er taki 2 m. fram yfir ákveðna götulínu og vestan við hús Sigurðar Oddsonar við Bergstaðastræti 8 og á hans lóð. Nefndin vill ekki samþykkja þetta eða gera breytingar á húsalínunni við Hallveigarstíg.

Sex málum var frstað vegna ónógra uppdrátta og upplýsinga.

Fleira gerðist ekki. Á fund vantaði Guðm. Ásbjörnsson (erlendis) og Guðm. Þorláksson, byggingarfulltrúa (fjarverandi úr bænum).

Fundi slitið.

K. Zimsen. Pétur Ingimundarson. Kristinn Sigurðsson. Sveinn Jónsson. Þorvarður Þorvarðsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1923, laugardaginn 21. júlí, kl. 4 síðdegis var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Gerðist þetta:

1. Sigurfinni Árnasyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steini á lóð hans við Lokastíg. Stærð 65 m². Leyfisgjald kr. 17.oo. Skilyrði, að eldvarnarveggur nái upp fyrir þakið og vatnssalerni flytjist í kjallarann. Lóðarstærðin er 198.45 m².

2. Pétri Maack og Sigurði Gunnlaugssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóð þeirra við Ránargötu, næst fyrir vestan hús Ásgeirs Gunnlaugssonar. Stærð 150 m². Byggingarleyfisgjald 51.oo. Lóðarstærðin er 252 m². og er keypt úr lóðinni nr. 28 við Ránargötu.

3. Sveinn Jón Einarsson fer fram á að fá að byggja geymsluhús á erfðafestulandi hans, Meistaravelli. Nefndin vildi ekki veita leyfi til þessa, þar sem synilegt er, að ekki á að nota á að nota húsið í sambandi við ræktun landsins og þess utan stendur niður við Kapplaskjólsveg og snýr gafli að veginum. -

4. Chr. Nielsen leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á horninu á Bárugötu og Ægisgötu, á lóð, sem hann hefir keypt úr Ólsens-túni. Stærð hússins 76 m². og lóðarinnar 336 m². Leyfisgjald kr. 21.oo.

5. Ásgeiri Sigurðssyni leyft að byggja þrílyft hús á kjallara úr steinsteypu á lóðinni nr. 10 og 12 við Hafnarstræti. Stærð 354 m². Gjald kr. 170.oo. Lagður var samningur fram, á milli Ásgeirs Sigurðssonar og Landsbankans, um sameiginleg afnot lóðarinnar á milli húseignanna.

6. Þorkell Magnússon fer fram á, að leigulóðinni nr. 17 við Freyjugötu verði skipt þannig, að Finnbogi R. Ólafsson fái nyrðri partinn, 129.6 m². með réttindum til gangs yfir forlóðina. Nefndin leggur til, að bæjarstjórnin verði við þessari beiðni.

7. Finnboga R. Ólafssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóð þeirri er nefnd er í næsta lið á undan, og verður húsið nr. 17A við Freyjugötu. Stærð 48.76 m². Leyfisgjald kr. 6.oo.

8. Húsameistara ríkisins leyft að láta gera nokkrar breytingar á innréttingu hússins Nýborg við Skúlagötu, enda haldist óbreytt það skilyrði, sem sett var þegar leyft var að byggja húsið árið 1917, að það verði tekið burtu þegar bæjarstjórnin krefst þess. Leyfisgjald kr. 4.oo. Ennfremur veitist heimild til að setja miðstöðvarhitun í húsið undir umsjón slökkviliðsstjóra.

9. Sláturfélag Suðurlands fer fram á að fá að byggja sútun-



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hús á lóð félagsins við Lindargötu. Á húsið að snúa hlið að Lindargötu og vesturgafli að stígnum niður að Sláturhúsinu. Grunnflötur þess er 470.4 $m^2$. að stærð. Það heyrir undir úrskurð heilbrigðisnefndar, hvort leyfa skuli sútunarhús á þessum stað, og hvort umbúnaður sé fullnægjandi, en byggingarnefndin sér ekkert því til fyrirstöðu, að húsið verði reist, og veitir fyrir sitt leyti leyfi hið umbeðna leyfi. Leyfisgjald kr. 192.oo.

10. Magnús S. Magnússon fer fram á að mega byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á baklóð hússins nr. 7 við Ingólfsstræti, sem er eign dánarbús Magnúsar Magnússonar Ofanleiti. Nefndin veitir fyrir sitt leyti hið umbeðna leyfi. Stærð hússins er 77.5 $m^2$. Gjald kr. 28.oo.

11. Magnúsi Guðmundssyni Sauðagerði leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á eignarlóð hans, Sauðagerði B. Húsið standi samhliða húsi Sveinbjarnar Þorsteinssonar, og í 15 metra fjarlægð frá því. Stærð hússins 64 $m^2$. Byggingarleyfisgjald kr. 9.oo.

Fleira gerðist ekki. Á fund vantaði Svein Jónsson (upp í Kjós), Guðm. Ásbjörnsson, (erlendis) og Guðm. H. Þorláksson (í sumarfríi).

Fundi slitið.

K. Zimsen. Pétur Ingimundarson. Kristinn Sigurðsson. Þorvarður Þorvarðsson..

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1923, laugardaginn 28. júlí, kl. 4 síðdegis, var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Gerðist þetta:

1. Guðmundi Guðnasyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 9 við Brekkustíg. Stærð 66.8 m². Leyfisgjald kr. 17.oo.

2. Lúðvík Hafliðasyni leyft að setja kvist á suðurhlið hússins nr. 11 við Vesturgötu. Gjald kr2.oo.

3. Magnúsi Gunnlaugssyni leyft að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á baklóð (hluta), er hann hefur keypt úr lóðinni nr. 30 við Óðinsgötu. Stærð 41.36 m². Gjald kr. 13.oo. Stærð lóðarinnar er 91.5 m²., og er tryggður 1.58 metra gangur yfir forlóðina frá Óðinsgötu. Húsið verður nr. 30A.

4. Þórði Magnússyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 13 við Brekkustíg. Stærð 78.5 m². Leyfisgjald kr. 19.oo. Stærð lóðarinnar 158.4 m²., og keypt úr lóðinni nr. 15 við Brekkustíg.

5. Friðjóni Sigurðssyni og Stefáni Guðmundssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 52 við Vesturgötu. Stærð 124.38 m². Byggingarleyfisgjald kr. 48.oo. Stærð lóðarinnar er 242.o m²., og er keypt úr lóðinni 52 við Vesturgötu. Gangréttur tryggður austanvert yfir lóðina.

6. Jóni Ásmundssyni leyft að byggja viðbótarbyggingu úr steinsteypu á lóðinni nr. 31 við Bragagötu. Stærð 34.2 m². Leyfisgjald kr. 5.oo.

7. Þórður Stefánsson fer fram á að mega hafa einnar tommu gólfborð í húsinu Hverfisgötu 101, sem hann er að byggja, í stað 1 1/4 þuml., sem byggingarsamþykkt heimilar minnst. Nefndin vill ekki mæla með undanþágu til þessa.

8. Guðm. Sigurjónsson, f.h. U.M.F.R. fer fram á að mega byggja forstofuskúr og geymsluskúr úr timbri við anddyri og norðurhlið hússins nr. 13 við Laufásveg. Beiðninni synjað.

9. Jóni Eyjólfssyni leyft að byggja skúr úr steini á lóðinni nr. 3 við Baldursgötu. Stærð 34.5 m². Leyfisgjald kr. 5.oo.

10. Byggingarnefndin hefir tekið til nýrrar yfirvegunar erindi Jóns Magnússonar, er lá fyrir fundi nefndarinnar 14. júlí. Gatan er ákveðin 10 metra breið og áður ákveðið að húsin standi 2 1/2 metra frá götulínu. En nefndin fellst á, að húsin standi aðeins 2 m. frá götu og færist þá nyrðri húslínan fram um 1 m.

Fleira gerðist ekki. Á fund vantaði Guðm. Ásbjörnsson (erlendis og Svein Jónsson(í Kjósinni). Fundi slitið.
K. Zimsen. Guðm. H. Þorláksson. Kristinn Sigurðsson. Pétur Ingimundarson. Þorvarður Þorvarðsson.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1923, máudaginn 13. ágúst kl. 10 árdegis, var findur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Þorsteini Jónssyni leyft að innrétta bakhus á lóðinni nr. 33 við Vesturgötu og ennfremur að byggja skúr úr steinsteypu við hlið hússins, 3.52 m². að stærð. Gjald kr. 4.oo.

2. Guðjóni Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á baklóðinni nr. 91 við Laugaveg og verður húsið nr. 91A. Stærð 55.38 m². Skilyrði, að tropour séu ekki hærri en 1.5 m. Lóðarstærð 191.8 m². Gjald kr. 14.oo.

3. Helga Thordarsen leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 6 við Óðinsgötu. Stærð 83.6 m². Lóðarstærð 370 m². Gjald kr. 29.oo.

4. A. Obenhaupt leyft að byggja tvílyft hús úr steinsteypu á lóðinni nr. 3 við Suðurgötu. Stærð 68.25 m². Lóðarstærð 301.35 m². Gjald kr. 17.oo.

5. Eggert Kristjánssyni leyft að byggja vinnustofu og geymsluskúr úr steinsteypu á baklóðinni nr. 74 við Laugaveg. Stærð 35.59 m². Gjald kr. 7.oo.

6. Eiríkur Eiríksson fer fram á að stækka skúr viðhúsið Framnesveg 3B (Efri Brekku). Beiðninni synjað með því að horn hússins gengur út í fyrirhugaða götulínu.

7. Runólfi Runólfssyni leyft að byggja vinnuskýli úr steini á leigulóðinni (baklóð) nr. 28 við Baldursgötu. Stærð 22.oo m². Gjald kr. 3.oo.

~~8. Kristján Einarssyni~~
8. Kristjáni Einarssyni leyft að endurbyggja það, sem brann af húsinu nr. 11 við Grundarstíg, í somu myndi og það var fyrir brunann.

9. Pétur Halldórsson spyrzt fyrir um hvort byggingarnefnd muni leyfa að byggja á efri hluta lóðarinnar nr. 30 við Tjarnargötu eða upp við Suðurgötuna. Nefndin treystir sér ekki til að leyfa byggingu á þessum stað að svo stöddu, meðan allt er óákveðið með húsaskipun á þessu svæði.

10. Iðnarmannafélagi Reykjavíkur leyft að byggja steypa fótstall undir líkneski Ingólfs Arnarsonar á Arnarhóli. Gjald kr. 4.oo. (Gjaldið Fellt í bæjarstjórn.).

Fleira ekki gert. Á fund vantaði slökkviliðsstjóra. Borgarstjóri, Knud Zimsen erlendis, störfum hans gegndi Sigurður Jónsson.
Fundi slitið.

Sig. Jónsson. Kristinn Sigurðsson. Guðm. Ásbjörnsson.
Sveinn Jónsson. Þorvarður Þorvarðsson. Guðm. H. Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár. 1923, laugardaginn 1. september kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Pétri Jakobssyni leyft að gera viðbótarbyggingu úr steinsteypu við húsið nr. 5B við Nönnugötu. Stærð 27.28 ferm. Gjald kr. 4.00.

2. Valdimar Kristjánssyni og Jóni Jónssyni leyft að setja hæð,úr holsteini, ofan á húsið nr. 27A við Freyjugötu. Gjald kr. 7.00.

3. Jóhannesi Grímssyni leyft að gera einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 7 við Bergþórugötu. Stærð 52.44 ferm. Gjald kr. 13.00. Leyfið er því skilyrði bundið, að húsið standi 2 metra frá götulínu.

4. Jóni Sigurpálssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús á leigulóðinni nr. 29 við Bragagötu. Stærð 66.88 ferm. Gjald kr. 17.00. Leyfisbeiðninni fylgir heimil frá leiguhafa lóðarinnar.

5. Guðm. Guðmundssyni leyft að gera tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 117 við Laugaveg. Stærð 76 ferm. Stærð lóðarinnar er 266 ferm. Ennfremur er honum leyft að byggja geymsluskúr á somu lóð 19.5 ferm. að stærð. Gjald kr. 22.00.

6. Guðlaugi Guðlaugssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 26 við Frakkastíg. Stærð hússins 66.44 ferm. Stærð lóðarinnar 164 ferm. Þar sem búið er að byggja hús á baklóðinni, sem er talið nr. 26, verður þetta hús talið nr. 26A við Frakkastíg. Byggingarleyfisgjald kr. 9.00.

7. Jóni Erlendssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 31 við Ránargötu. Stærð hússins 66.44 ferm. Stærð lóðarinnar 425.10 ferm. Gjald kr. 16.00.

8. Ársæl Árnasyni synjað um leyfi til að setja hæð ofan á húsið nr. 92C við Hverfisgötu.

9. Sigurði Gíslasyni leyft að setja hæð úr steini ofan á húsið nr. 23 við Óðinsgötu. Gjald kr. 6.00.

10. Þórði Jónssyni synjað um leyfi til að gera skúr á baklóð hússins nr. 9 við Aðalstræti.

11. Helga Magnússyni leyft að gera þvottahús úr steini við bakhlið hússins nr. 8 við Nönnugötu. Stærð 10 ferm. Gjald kr.2.00.

12. Árna Einarssyni leyft að flytja skúr, sem stendur efst í lóðinni nr. 28A við Laugaveg, að húsinu nr. 28A. Leyfið er því skilyrði bundið, að skúrinn verði tekinn í burtu bænum að kostnaðarlausu, hvenær sem krafizt verður. Gjald kr. 2.00.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Sigurði Þórólfssyni leyft að gera geymsluhús á erfðafestulandinu Kaplaskjólsmýri 7. Stærð 42.56 ferm. Gjald kr. 6.00.

14. Ísleifi Jónssyni leyft að byggja geymsluskúr úr steini á baklóðinni nr. 3 við Bergstaðastræti. Stærð 57.2 ferm. Gjald kr. 7.00.

15. Bjarna Bjarnasyni leyft að gera íbúðar- og gripahús á lóðinni nr. 110 við Hverfisgötu. Stærð hússins 59.85 ferm. Stærð lóðarinnar er 108 ferm. Gjald kr. 12.00. Það skal tekið fram, að heilbrigðisnefnd hefur samþykkt byggingu gripahúss á þessum stað.

Fleira gerðist ekki.

Á fund vantaði borgarstjóra, sem er erlendis, og Kristinn Sigurðsson.

Fundi slitið.

Sig. Jónsson. Guðm. H. Þorláksson. Þorvarður Þorvarðsson. Sveinn Jónsson. Pétur Ingimundarson. Guðm. Ásbjörnsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1923, laugardaginn 15. september, kl. 4 síðd. var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Sigurþór Jónssyni leyft að breyta skúrnum nr. 18 við Laufásveg í íbúð. Gjald kr. 2.oo.

2. Sambandi ísl. samvinnufélaga synjað um leyfi til að gera íbúðar- og geymsluskúr úr timbri á lóð félagsins við Sölfhólsgötu.

3. Svafari S. Svafars leyft að breyta glugga á framhlið skúrs við austurenda hússins nr. 57 við Laugaveg. Gjald kr.2.oo.

4. Jóni Egilssyni leyft að byggja við viðgerðarskúr við Hverfisgötu. Stærð 126.15 m$^2$. Gjald kr. 16.oo.

5. Jens Jenssyni synjað um leyfi til að byggja skúr á lóðinni nr. 28 við Njálsgötu.

6. Ragnari Ásgeirssyni og Carl Olsen leyft að byggja ræktunarhús 155.17 ferm. að stærð á svokölluðum Laugamýrarbletti 34; með því skilyrði að bæjarstjórnin heimili byggingu á erfðafestulandinu. Gjald kr. 19.oo.

7. Guðjóni Gamalíelssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 6A við Bergstaðastræti. Stærð 39.6 ferm. Gjald kr. 10.oo.

8. Timbur- og Kolaverzluninni Reykjavík synjað um leyfi til að flytja og snúa svokölluðu"Eyþórshúsi".

Fleira gerðist ekki.

Á fund vantaði borgarstjóra, sem er erlendis og ennfremur Þorvarð Þorvarðsson og Kristinn Sigurðsson.

Fundi slitið.

Sig. Jónsson. Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson.
Sveinn Jónsson. Guðm. H. Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1923, laugardaginn 29.sept., kl. 4 síðd. var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Gerðist þetta:

1. Jónasi Hieronýmussyni leyft að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 65 við Vesturgötu. Stærð 65.04 m². Byggingarleyfisgjald kr. 16.oo. Lóðin er 272 m².að stærð og keypt úr lóð Karels Friðrikssonar (Litla-Sels lóð).

2. Tómasi Jónssyni og Guðsteini Eyjólfssyni leyft að byggja hæð ofan á húsið nr. 32B við Laugaveg. Gjald kr. 3.oo.

3. Jóni Sigurðssyni og Ól. Th. Sveinssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóð, er þeir hafa keypt við Garðastræti ( suður af lóð Magnúsar Matthiassonar). Stærð hússins er 154.75 m². Gjald kr. 62.oo. Lóðin er 1150 m². og leyfið því skilyrði bundið, að greiddar verði 2.oo kr. í götugjald af hverjum fermetra lóðarinnar. Samtals kr. 2300.oo. Húsið stendur 4-5 metra frá götulínu..

4. Jóni Jónssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 8B við Stýrimannastíg (við Bárugötu). Stærð 61.84 m². Gjald kr. 21.oo. Stærð lóðarinnar er 84 m².

5. Elíasi Lingdal leyft að byggja verzlunarskúr úr steinsteypu á lóðinni nr. 23 við Njarðargötu. Stærð 50 m². - Gjald kr. 8.oo.

6. Endurnýja leyfi Egilberts Magnússonar 29. marz 1919 um viðbótarbyggingu við húsið nr. 1 við LindargOTU- Gjald kr.2.oo.

7. Ársæli Árnasyni leyft að byggja hæð úr holsteini ofan á íbúðarskúr við Hverfisgötu 92C. Leyfisgjald kr.5.oo. Skúrinn er 35 m². að stærð.

8. Tekið fyrir á ný erindi Sambands ísl. samvinnufélaga, um skúrbyggingu við Sölvhólsgötu. Nefndin vill veita leyfi til að byggja umræddan skúr, sem er 57.1 m².að stærð, með því skilyrði að hann standi 2 m. frá götulínu, og grunnur verði gerður undir hann. Einnig er leyfið því skilyrði bundið, að skúrinn verði rifinn eigi síðar en þegar Sölvhólsgata verður gerð. Leyfisgjald kr. 7.oo.

9. Með því að upplýst er, að gert hefir verið ráð fyrir undir samningum við Timbur- og Kolaverzlun Reykjavíkur, að leyfi mundi fást til að flytja svo nefnt "Eyþórshús" við Kalkofnsveg, þó vill byggingarnefndin verða við beiðni um fluttning þessa húss, með því skilyrði, að það standi 2 m. frá götulínu og verði tekið burtu bænum að kostnaðarlausu, hvenær sem byggingarnefnd eða bæjarstjórn krefst þess með 6 mánaða fyrirvara. Leyfisgj. kr.2.oo.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

K. Zimsen. Guðm. H. Þorláksson. Kristinn Sigurðsson.

Pétur Ingimundarson. Guðm. Ásbjörnsson. Þorvarður Þorvarðsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

/13.
Ár 1923, laugardaginn okt. kl. 1 1/2 síðd., var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Runólfi Runólfssyni leyft að byggja hæð ofan á húsið nr. 28 við Baldursgötu. Gjald kr. 11.oo.

2. Jóni Magnússyni leyft að byggja íbúðarskúr úr steini á lóðinni Brekkustíg 14B. Stærð 24.86 m2. Leyfisgjald kr. 4.oo.

3. Ólafi Þórarinssyni leyft að stækka inngönguskúr við húsið nr. 54 við Njálsgötu. Stækkunin nemur 6 m2. Leyfisgjald kr. 3.oo.

4. Halldóri Eiríkssyni leyft að setja reykháf í skúr við vesturgafl hússins nr. 22 við Hafnarstræti. Leyfisgjald kr. 2.oo.

5. Timbur- & Kolaverzluninni Reykjavík, T. Fredriksen, leyft að byggja tvílyft hús með porti, úr steinsteypu á leigulóð firmans við Kalkofnsveg, með þeim skilyrðum, sem til eru tekin í leigusamningi þess við Hafnarnefnd. Stærð 220 m2. Byggingarleyfisgjald kr. 88.oo.

6. Árna Árnasyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steypu á lóðinni nr. 100 við Hverfisgötu, og er að stærð 296.6 m2. Hús Jóels Úlfssonar, sem er byggt á sömu lóð, verður nr. 100A. Sbr. fund 2/9 1922.

7. Guðjóni Pálssyni og Skúla Sigurðssyni leyft að byggja h hæð ofan á húsið nr. 7 við Nönnugötu. Gjald kr. 9.oo.

8. Nefndin leggur til, að lóðinni nr. 34 við Bragagötu verði skipt í þrjár lóðir, þannig, að núverandi leigutaki, Vilhjálmur Húnfjörð fái lóð er sé 7.5x11.5 m. Jón Jónsson á Urðarstíg 16 fái baklóð, er sé jafnstór, en Jóhann Jónsson fái norðurhluta lóðarinnar 6.5x23 m. og sé hinum fyrri tveimur áskilinn gangréttur frá Bragagötu. Hús eru byggð á öllum lóðarpörtunum.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 7.58.

K. Zimsen. Pétur Ingimundarson. Sveinn Jónsson. Kristinn Sigurðsson. Guðm. Ásbjörnsson. Þorvarður Þorvarðsson. Guðm. H. Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1923, þriðjudaginn 30. október, kl. 10 árdegis, var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Gerðist þetta:

1. A. Obenhaupt leyft að byggja steinskúr á lóð hans nr. 3 við Suðurgötu. Stærð 28.43 m². Leyfisgjald kr.4.oo.

2. Stefáni B. Jónssyni leyft að byggja steinskúr (forstofu) við hús hans nr. 22 við Njálsgötu. Stærð 8 m². Byggingarleyfisgjald kr. 2.oo.

3. Sveinbirni Stefánssyni leyft að byggja steinsteypuhús á lóð hans Spítalastíg 2. Stærð 51.4 m². Leyfisgjald kr. 15.oo. Rifið verður hús á lóðinni 24 m².að stærð.

4. ~~Óskari~~ Einari Jónssyni og Óskari Smith leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 102 við Hverfisgötu (Hringbraut). Stærð 66.88 m². Byggingarleyfisgjald kr. 22.oo. Stærð lóðarinnar er 1204 ferálnir (?). -

5. Valdimar Kristjánssyni og Jóni Jónssyni leyft að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á baklóðinni við Bræðraborgarstíg ~~m2x~~ nr. 24. Stærð 66.88 m². Leyfisgjald kr. 15.oo. Lóðarstærð 224 m². Húsið verður nr. 24A.

6. Þorvaldi Helga Jónssyni leyft að byggja viðbyggingu úr steinsteypu við húsið nr. 29 við Bragagötu og með inngönguskúr. Stærð 62.2 m². Leyfisgjald kr. 12.oo.

7. Ungmennafélagi Reykjavíkur leyft að setja forstofu úr steini við vesturenda húss félagsins Laufásvegi 13 og að setja bráðabirgðaskúr úr steini við norðurhlið hússins. Stærð forstofuskúrsins er 9.2 m². en geymsluskúrsins 8.8 m². Leyfisgj. kr.4.oo

8. Fiskveiðafélagið "Alliance" fer fram á að fá leyfi til að byggja saltgeymsluhús á lóð á uppfyllingunni, er félagið hefir fengið á leigu hjá hafnarnefndinni. Stærð hússins er 512 m². og verður úr timbri með bárujárni. Nefndin mælir með að undanþága verði veitt til þessarar byggingar, enda verði húsið ekki notað til annars en salt og fisgeymslu, eða annars ekki eldfimara efnis. Leyfisgjald kr. 82.oo. - Leyfið verður bundið sömu skilyrðum og gilda fyrir aðrar byggingar á hafnaruppfyllingunni.

9. Andréi Andréssyni leyft að stækka forstofuskúr við vesturenda hússins nr. 3 við Laugaveg. Stærðin er 3 m². Leyfisgjald kr. 2.oo.

10. Kristjáni Jóhanni Kristjánssyni leyft að byggja íbúðarhús úr steinsteypu við Hringbrautina, vestan við og áfast við hús Tryggva Ólafssonar. Stærð 98.52 m². Leyfisgjald kr. 28.oo.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fyrir nefndinni lá uppdráttur, er sýnir framhlið beggja húsanna.

11. Guðbjörg Magnúsdóttir og Sólmundur Jónsson fara fram á, að leigulóðinni nr. 24 við Baldursgötu verði skipt í tvo, sem næst jafnstóra parta, og leggur nefndin til, að bæjarstjórnin verði við beiðninni. Tvö hús eru byggð á lóðinni.

12. Lagt fram bréf frá P. Breiðfjörð Þórsgötu 1, þar sem hann fer fram á, að bæjarstjórnin taki til íhugunar, hvort ekki sé tiltækilegt að byggja hús hér, eins og átt hefir sér stað erlendis, úr samanþjöppuðum jarðvegi, eins og hann er hér á landi. Nefndin vill ekki sinna þessu.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

K. Zimsen. Sveinn Jónsson. Kristinn Sigurðsson. Pétur Ingimundarson. Guðmundur Ásbjörnsson. Þorvarður Þorvarðsson. Guðm. H. Þorláksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1923, 10. nóvember kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Björn Guðmundsson sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 2 við Njálsgötu, sem er hluti úr erfðafestulandinu Litlaholtsbletti, er bæjarstjórnin hefir samþykkt að breyta í byggingarlóð, og er 227 m2. að stærð samkvæmt framlögðum uppdrætti. Nefndin veitir hið umbeðna leyfi Húsið er að stærð 77.52 m2. að stærð. Byggingarleyfisgj. kr.13.oo.

2. Agli Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 8 við Fálkagötu. Stærð 50.40 m2. Byggingarleyfisgjald kr. 4.oo.

3. Helga Helgasyni leyft að byggja vagnskúr úr steini, á lóðinni nr. 10 við Smiðjustíg. Stærð 28.87 m2. Leyfisgjald kr. 4.oo.

4. Hlutafélagið "Sleipnir" sækir um leyfi til að gera salt- og fiskgeymsluhús úr timbri 150.38 m2.að stærð, a leigulóð félagsins við Tryggvagötu, áfast við geymsluhús H. P. Duus. Nefndin vill ekki veita meðmæli með því að undanþága verði veitt.

5. Magnúsi Blöndahl leyfta að byggja einlyft fiskþvottahús úr steini á leigulóðinni við Haga. Stærð 427.5 ferm. Gjald. kr. 52.oo.

6. Guðmundi Jakobssyni leyft að byggja viðbyggingu úr steinsteypu við vesturenda hússins nr. 32 við Hverfisgötu og mælt með undanþágu með að hann fái að hann fái að byggja hæð ofan á aðal húsið. En aftur á móti var synjað um meðmæli að hann fái að byggja ofan á viðbygginguna við austurenda hússins. Stærð viðbyggingarinnar er 33.25 m2. Byggingarleyfisgjald kr. 15.oo.

7. Friðleifi Friðrikssyni leyft að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á lóð Friðriks Friðrikssonar föður hans, Hóli við Kaplaskjólsveg. Stærð 43.47 m2. Leyfisgjald kr. 9.oo. Skilyrði fyrir leyfinu,að húsið standi samhliða Kaplaskjólsvegi.

8. Guðvaldur Jónsson fer fram á að leigulóð hans nr.22 í Þórsgötu verði skipt milli hans og Eiríks Jónssonar, sem byggt hefur hús á baklóðinni. Nefndin leggur til, að lóðinni verði skipt þannig að Eiríkur fái baklóðina, sem verður nefnd nr. 22A og er 154 fermetrar á stærð, en Guðvaldur framhlið lóðarinnar, sem verður 123 ferm. og fylgir henni sú kvöð, að baklóðin hafi óhindraðan 2 m. breiðan aðgang að frá Þórsgötu.

9. Þorsteinn Ásbjörnsson fer fram á að leigulóð hansnr.33 við Bragagotu verði skipt í 3 parta, og leggur nefndin til, að



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bæjarstjórnin verði við þeirri beiðni þannig, að nyrðra húsinu fylgi lóð, er sé 9.45 m. með götu og 15.5 m. á dýpt og verði sú lóð nr. 33A við götuna. Bakhúsinu, sem er á lóðinni, fylgi lóð er sé 7.5x11.8 m.að stærð og verður sú lóð nr. 33B. Syðrá húsinu fylgir lóð, er sé 5.75 m. með götu og að flatarmáli 114.62 m2. og hvílir sú kvöð á henni, að lóðirnar 33A og 33B fái 2 m. breiðan aðgang frá Bragagötu. Byggingarfulltrúa falið að rannsaka styrkleika holsteins þess, er Frímann Einarsson heur sent byggingarnefndinni teikningar af og æskir leyfis fyr til bygginga.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

K. Zimsen. Sveinn Jónsson. Kristinn Sigurðsson. Guðm. H. Þorláksson. Pétur Ingimundarson. Guðm. Ásbjörnsson. Þorvarður Þorvarðsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1923, 1. desember, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Gerðist þetta:

1. Magnúsi Stefánssyni leyft að byggja tvílyft hús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 1 við Spítalastíg. Stærð 80.08 m². Leyfisgjald kr. 33.oo. Lóðin er keypt úr lóðinni nr. 23 við Ingólfsstræti, og er að stærð 130 m². Aðgangur að lóðinni er frá Ingólfsstræti.

2. H/f."Sleipnir" leyft að byggja geymsluhús úr steini fyrir sunnan Tryggvagötu, norðan við Duus geymsluhús. Stærð 150.38 m². Leyfisgjald kr. 24.oo. Húsið er byggt á leigulóð hafnarinnar.

3. Ólafi Guðmundssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús með kjallara, úr steinsteypu á lóðinni nr. 19 við Bergþórugötu. Stærð 71.89 m². Leyfisgjald kr. 23.oo.

4. Þórði Jónssyni úrsmið leyft að byggja tvílyftan skúr úr steinsteypu bak við húsið nr. 9 við Aðalstræti. Stærð 42.30 m². Leyfisgjald kr. 14.oo.

5. Einari Einarssyni leyft að stækka húsið nr. 83 við Laugaveg um 13.60 m². og að setja hæð ofan á húsið. Leyfisgjald Kr. 10.oo.

6. Steindóri Einarssyni leyft að gera viðbótarbyggingu úr steinsteypu, vestan við hús hans Ráðagerði. Stærð 39.oo m². Leyfisgjald kr. 6.oo.

7. Í sambandi við 9. lið síðustu fundargerðar, um skiptingu lóðarinnar nr. 33 við Bragagötu, leggur nefndin til, að lóðin nr. 33A við Bragagötu, fái 2 m. gangréttindi um lóðina nr. 33 út á bakstiginn.

Fleira gerðist ekki. Á fund vantaði borgarstjóra, sem var sjúkur, og Þorvarð Þorvarðsson.

Fundi slitið.

F.h. borgarstjóra Jón Sigurðsson. Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson. Sveinn Jónsson. Kristinn Sigurðsson. Guðm. H. Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1923, laugardaginn 15. desember, kl. 4 síðdegis, var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Gerðist þetta:

1. Einari Guðmundssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 13 við Holtsgötu. Stærð 56 ferm. Leyfisgjald kr. 9.oo.

2. Hannesi Björnssyni leyft að skipta leigulóðinni Nönnugötu 5, þannig að hornhúsið verði nr. 22 við Bragagötu og því fylgi 86 m2. lóð, og að hús Hannesar Björnssonar verði nr. 22A við sömu götu og að því fylgi líka 86 m2. lóð. Hús Péturs Jakobssonar verður nr. 4 við Nönnugötu og fylgi því 171 m2. lóð.

3. Þorvaldi Ólafssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 14 við Þórsgötu. Stærð 30.58 m2. Leyfisgjald kr. 4.oo. Nefndin leggur til, að lóðinni Þórsgötu 14 verði skipt þannig, að Þorvaldur Ólafsson fái lóð, sem er 101.75 m2. og verður nr. 34 við Baldurgötu. Húsið, sem áður hefir verið nr. 34 verður framvegis nr. 36.

4. Tekið fyrir erindi Frímanns Einarssonar, þar sem hann fer fram á, að fá leyfi byggingarnefndar til að nota holstein þann til bygginga, sem hann hefir sent nefndinni umdrætti af. Nefndin sér ekki ástæðu til að banna að nota stein þenna til smá bygginga, ef hann er steyptur úr blöndu 1:3:5 og með galvaníseruðum járnvír 6 m/m sverum.

5. H/f. "Hreinn" fer fram á að fá leyfi til að byggja skúr til geymslu og baðlyfs gerðar við austurhlið Skjaldborgar við Skúlagötu. Beiðninni synjað.

Fleira gerðist ekki.

Á fund vantaði Guðmund Ásbjörnsson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Pétur Ingimundarson. Sveinn Jónsson. Kristinn Sigurðsson. Guðm. H. Þorláksson. Þorvarður Þorvarðsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1923, laugardaginn 29. desember var fundur haldinn í byggingarnefndinni kl. 4 síðdegis á skrifstofu borgarstjóra.

Gerðist þetta:

1. Jóni Magnússyni og Ingimundi Jónssyni leyft að gera járnvarinn timburskúr við fiskþvottahús þeirra á Selsgranda. Stærð 157.5 m2. Leyfisgjald kr. 19.oo.

Fleira gerðist ekki.

Á fund vantaði slökkviliðsstjóra og Þorvarð Þorvarðsson. Borgarstjóri, K. Zimsen var erlendis. Hans störfum gengdi Guðmundur Ásbjörnsson.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson. Kristinn Sigurðsson. Sveinn Jónsson. Guðm. H. Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1924, laugardaginn 12. jan. kl. 4 síðdegis, var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Gerðist þetta.

1. Ágúst Lárussyni leyft að gera viðbótarbyggingu úr steinsteypu að baki hússins nr. 3 við Ingólfsstræti. Stærð 25.52 m2. Gjald kr. 7.oo.

2. Tómasi Snorrasyni leyft að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 38 við Framnesveg. Stærð 67.95 m$^2$. Leyfisgjald kr. 17.oo. Þess skal getið, að Tómas Snorrason leggur til 1 m. í gang milli hússins nr. 38 og 36A við Framnesveg, og er það skilyrði fyrir leyfinu.

3. Daníel Þjóðbjörnssyni leyft að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 36A við Framnesveg. Stærð 35.96 m$^2$. Leyfisgjald kr. 8.oo. Skilyrði, að leyfisbeiðandi leggi til 89 cm. af lóð sinni í gang milli húss hans og nr. 38 við Framnesveg.

Fleira gerðist ekki.

Á fund vantaði borgarstjóra (erlendis), slökkviliðsstjóra og Kristinn Sigurðsson.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson settur borgarstjóri. Sveinn Jónsson. Guðm. H. Þorláksson. Þorvarður Þorvarðsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1924, laugardaginn 2. febrúar, kl. 4 síðdegis, var haldinn fundur í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstóra.

Gerðist þetta:

1. Magnúsi Matthíassyni leyft að byggja geymsluskúr og þurrkhjall úr steini, austanvert við hús hans nr. 5 við Túngötu. Stærð 50 m². (á geymsluskúrnum) og á þurrkhjallinum 39 m². Leyfisgjald kr. 9.oo.

2. Marel Ólafssyni leyft að byggja geymsluskúr úr steinsteypu á lóðinni nr. 1 við Nönnugötu. Stærð 13.3 m². Leyfisgjald kr. 2.oo.

3. Steingrími Pálssyni leyft að byggja svínahús úr grjóti og torfi á erfðafestulandi hans við sundlaugarnar. Stærð 51.66 m². Leyfisgjald kr. 6.oo. Leyfið er því skilyrði bundið, að bæjarstjórnin leyfi að byggja á erfðafestulandinu.

4. Jóni og Eiríki Ormssonum leyft að byggja geymsluskúr úr steinsteypu á lóðinni nr. 13 við Baldursgötu. Stærð 18 m². Leyfisgjald kr. 2.oo.

5. Lagt fram bréf frá formanni skipulagsnefndar viðvíkjandi fundi með nefndinni um framkvæmd á skipulagsuppdrætti fyrir Reykjavíkurbæ.

6. Lagt fram og lesið upp erindi frá stjórn Landsbankans ásamt álitsskjali frá Guðjóni Samúelssyni, Guðjóni Gamalíelssyni og Geir G. Zöega um notkun holsteins til húsabygginga.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Kristinn Sigurðsson. Guðm. H. Þorláksson. Sveinn Jónsson. Pétur Ingimundarson. Guðm. Ásbjörnsson. Þorvarður Þorvarðsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1924, laugardaginn 16. febrúar, kl. 4 síðdegis, kom byggingarnefndin saman á skrifstofu borgsrstjóra, og eiga nú sæti í nefndinni samkv. kosningu bæjarstjórnae 7. þ.m. Ágúst Jósefssog og Guðmundur Ásbjörnsson úr bæjarstjórninni og Kristinn Sigurðsson og Matthías Þórðarson utan bæjarstjórnar auk borgarstjóra og slökkviliðsstjóra, sem eru sjálfkjörnir í nefndina.

Ritari var kosinn Guðmundur Ásbjörnsson.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Jón S. Loftsson gerir fyrirspurn um hvort byggingarnefnd muni leyfa að nota byggingarefnið "Martinit" (asbestcementskífur) í þök og utan á hús, í staðinn fyrir járn. Nefndin hefir í ýmsum tilfellum leyft að nota steinskífur á þök og lítur þannig á að "Martinit" og aðrar skífur úr sama efni séu engu lakari en steinskífur, en þar sem ekki er leyfilegt að nota þessar eða aðrar skífur á hús, eftir byggingarsamþykktinni, þá verður að fá leyfi til þess í hverju einstöku tilfelli.

2. Lagt fram bréf frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu út af erindi stjórnar Þjóðleikhússsjóðs um lóð undir væntanlega leikhúsbyggingu á horninu við Lækjartorg og Hverfisgötu. Beiðist ráðuneytiðumsagnar bæjarstjórnar um það, hvort hún hafi nokkuð við það að athuga, að leikhúsið verði, á sínum tíma, reist á umræddri lóð. Byggingarnefnd vill leita álits skipulagsnefndar um þetta mál.

3. Ákveðið var að stöðva byggingu á húsinu nr. 1 við Spítalastíg, þar til fullkomlega er rannsakað hvort steypa sú, sem þegar er gerð, er forsvaranleg, sem undirstaða undir frekari byggingu. Byggingarfulltrúa var falið að fá 2 dómkvadda, óvilhalla matsmenn til að framkvæma skoðun á þessari byggingu.

4. Lagt fram bréf Trésmiðafélags Reykjavíkurdags. 5. des. s.l um eftirlit með byggingum í bænum. Í tilefni af þessu bréfi og bréfi Landsbankans, aem lagt var fram á síðasta fundi, var byggingarfulltrúa, slökkviliðsstjóra og Kristni Sigurðssyni falið að koma fram með tillogur við byggingarsamþykkt, um löggildingu manna, sem gera uppdrætti af húsum og standa fyrir byggingum í bænum.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. H. Þorláksson. Kristinn Sigurðsson. Ágúst Jósefsson. Pétur Ingimundarson. Matthías Þórðarson. Guðm. Ásbjörnsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1924, laugardaginn 1. marz, kl. 4 síðd., var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Elínu Egilsdóttur synjað um leyfi til að setja dyr á kjallara hússins nr. 8 við Kirkjustræti.

2. Guðmundi Árnasyni leyft að gera geymsluskúr úr steinsteypu á lóðinni nr. 98 við Hverfisgötu. (Lóðin hefur áður verið ranglega skráð nr. 100 við sömu götu). Stærð skúrsins er 18.5 ferm. Gjald kr. 3.oo.

3. Gesti Guðmundssyni leyft að byggja fjós og geymslu áfast við hlöðu og íbúðarhús hans á erfðafestulandinu Reykjahlíð. Stærð 45.6 ferm. Gjald kr. 6.oo. Leyfið er veitt með því skilyrði, að heilbrigðisnefndin samþykki bygginguna.

4. Friðrik Bjarnarson og Sigurgísla Guðnasyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr timbri á lóðinni nr. 38 við Tjarnargötu. Stærð 75 fermetrar. Gjald kr. 27.oo. Stærð lóðarinnar 369.18 ferm. og er keypt úr lóð Carl Höeffners.

5. Eiríki Sigurðssyni synjað um leyfi til að byggja skúr á lóðinni nr. 21 við Frakkastíg.

6. Guðm. M. Björnssyni leyft að byggja þrílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóð, sem er keypt úr lóðinni nr. 4 við Grundarstíg og verður 4A við sömu götu. Stærð 97.56 fermetrar. Stærð lóðarinnar 147.2 ferm. Gjald kr. 40.oo. Leyfið er því skilyrði bundið að stigarnir verði steyptir.

7. Geir Pálssyni synjað um leyfi til að setja kvisti á húsið nr. 78 við Laugaveg.

8. Sæmundi Helgasyni synjað um leyfi til að gera skúr við húsið nr. 7 við Bókhlöðustíg.

9. Eftir beiðni Þorvaldar H. Jónssonar var samþykkt að skipta leigulóðinni nr. 29 við Bragagötu þannig, að framlóðin verði 167.96 ferm., með gangkvöð frá Bragagötu að baklóðinni, sem verður nr. 29A og er 181.64 fermetrar að stærð. Það skal tekið fram að búið er að byggja á báðum lóðunum.

10. Einar Jónsson og Óskar Smith sækja um undanþágu frá byggingarsamþykktinni um að mega hafa járn á langböndum á þaki hússins nr. 2o4 við Hverfisgötu, í stað plægðra borða og pappa undir járninu. Nefndin vill ekki mæla með því að undanþágan verði veitt.

11. Samkvæmt samþykki síðasta fundar 3. lið voru útnefndir 2 menn til að skoða húsið nr. 1 við Spítalastíg. Í samræmi við álit þessara manna hefir verið lagt fyrir byggingarfulltrúa að



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leyfa ekki að halda byggingunni áfram, fyrr en búið væri að lagfæra að fullu það, sem ónýtt reyndist við skoðunina.

12. Lagt fram álit undirnefndarinnar, sem valin var á síðasta fundi til að koma fram með tillögur um löggildingu manna, sem gera uppdrætti og standa fyrir byggingum í bænum Ákvörðun frestað.

Fleira gerðist ekki.

Á fund vantaði Matthías Þórðarson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson.
Ágúst Jósefsson. Kristinn Sigurðsson. Guðm. H. Þorláksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1924, laugardaginn 8. marz, kl. 4 síðdegis, héldu byggingarnefnd og skipulagsnefnd sameiginlegan fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Rætt var um skipulagsuppdrátt af Reykjavík og hverjar leiðir væru heppilegastar til samvinnu milli nefndanna, sérstaklega nú, meðan málið er á byrjunarstigi. Kaus byggingarnefndin borgarstjóra og Matthías Þórðarson en skipulagsnefndin Guðjón Samúelsson og Geir Zöega til að undirbúa tillögur um skipulagið.

2. Erindi atvinnu og samgöngumálaráðuneytisins, um lóð undir Þjóðleikhús, samkvæmt fundargerð byggingarnefndar 16. febr. s.l. vísað til undirnefndarinnar.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Guðjón Samúelsson. Ágúst Jósefsson. Geir G. Zöega. Matthías Þórðarson. Kristinn Sigurðsson. Guðm. Hannesson. Pétur Ingimundarson. Guðm. H. Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1924, laugardaginn 15. marz, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Lagðar fram fundargerðir samvinnunefndar um skipulags Reykjavíkur frá 10., 12., og 14. marz.

2. Elísabetu Gunnarsson leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 10 við Öldugötu. Stærð 68.64 ferm. með því skilyrði, að götugjald af lóðinni, tvær krónur fyrir hvern fermetra lóðarinnar verði greitt í bæjarsjóð áður en byggingarleyfið er gefið út. Byggingarleyfisgjald kr. 17.oo. Stærð lóðarinnar er 339.1 ferm.

3. Eiríki Sigurðssyni leyft að gera viðbótarbyggingu úr steinsteypu við húsið nr. 21 við Frakkastíg. Stærð 30 ferm. Gjald kr. 5.oo.

4. Elínu Egilsdóttur leyft að breyta dyrum, gluggum og innréttingu í kjallara á húsinu nr. 8 við Kirkjustræti. Gjald kr. 4.oo.

5. Sigurði Magnússyni synjað um leyfi til að byggja íbúðarhús á svokallaðri Doktorshúslóð, þar sem byggingarnefnd getur ekki viðurkennt lóðarskiptinguna, enda hefur hún ekki verið samþykkt af bæjarstjórninni. Ennfremur af þeim ástæðum að nefndin vill ekki vegna þrengsla, leyfa að byggja á þessari baklóð, og gangur sá, sem gert er ráð fyrir er svo mjór að ekki getur komið til mála að hann verði samþykktur.

6. Geir Pálssyni synjað um leyfi til að setja kvist á husið nr. 78 við Laugaveg, með því að ekki er nema 1.85 m. frá gólfi að skammbita.

7. Borgarstjóra leyft að setja glugga á suðurgafl hússins nr. 15 við Suðurgötu, með því skilyrði að eigendur lóðarinnar sem liggur að gaflinum veiti leyft fyrir sitt leyti.

8. Halldór Eiríksson sækir um leyfi til þess að byggja rör frá eldstó, sem er í þvottahúsi við vesturgafl hússins við Hafnarstræti, upp í gegn um þak skúrsins. Nefndin vill ekki verða við þessari beiðni, en vísar til samþykktar byggingarnefndar 13. okt. s.l.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Matthias Þórðarson.
Pétur Ingimundarson. Ágúst Jósefsson. Kristinn Sigurðsson.
Guðm. H. Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1924, laugardaginn 29. marz, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Önnu J. Gunnarsdóttur leyft að setja dyr í stað glugga á húsið nr. 60 við Laugaveg. Gjald kr. 2.oo.

2. Geir Pálssyni leyft að setja 2 kvisti á húsið nr. 78 við Laugaveg, og skulu gaflarnir vera úr steini. Gjald kr.4.oo.

3. Magnúsi Th. S. Blöndahl leyft að hækka fiskgeymsluhús sitt á Haga um eina hæð. Gjald kr. 52.oo.

4. Magnúsi Th. S. Blöndahl leyft leyft að gera verkamannaskýli úr timbri á fiskverkunarstöðinni Haga. Stærð 87 fermetrar. Gjald kr. 14.oo.

5. Jóni Kristjánssyni leyft að gera geymsluskúr úr steinsteypu á lóðinni nr. 30 við Baldursgötu. Stærð 28.38 ferm. Gjald kr. 4.oo.

6. Elíasi Bjarnasyni leyft að gera viðbótarbyggingu úr steinsteypu á lóðinni nr. 30 við Þórsgötu (Þórsgötu). Stærð 33.1 ferm. Gjald kr. 4.oo.

7. Ólöfu Þorbjarnardóttur leyft að setja kvist á suðurhlið hússins nr. 17B við Grettisgötu. Gjald kr. 2.oo.

8. Gunnar Gunnarsson spyrzt fyrir um það, hvort hægt sé að skipta húseigninni nr. 3 og 3B við Skólavörðustíg í tvær sjálfstæðar eignir. Nefndin lítur þannig á, að ekki geti komið til mála að þessari eign verði skipt.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Matthías Þórðarson. Pétur Ingimundarson. Ágúst Jósefsson. Kristinn Sigurðsson. G. H. Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1924, laugardaginn 12. apríl, kl. 4 síðdegis var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. L. Kaaber bankastjóra leyft að gera inngönguskúr úr steini við vesturenda hússins nr. 28 við Hverfisgötu. Stærð 11.5 m2. Leyfisgjald kr. 5.oo.

2. Ágúst Lárussyni leyft að gera skúr á lóð, sem hann hefir keypt úr lóðinni nr. 3 við Smiðjustíg. Stærð lóðarinnar er 283.5 ferm. Skúrinn er að stærð 44 ferm. og verður gerður úr steinsteypu. Leyfið er veitt með því skilyrði, að austurgafl skúrsins verði í 20 m. fjarlægð frá ákveðinni húsalínu vestanvert við Smiðjustíg. Gjald kr. 6.oo.

3. Jóhannesi Jóhannessyni leyft að breyta veröndl hússins nr. 4 við Smiðjustíg (Suðurgötu). Gjald kr. 2.oo. Grunnflötur hússins stækkar um 5.55 ferm. við breytinguna.

4. Vigfúsi Guðbrandssyni leyft að breyta skúr, sem er við húsið nr. 6 við Grettisgötu. Gjald kr. 2.oo. Grunnflöturinn stækkar um 4.41 fermeter.

5. Soffíu Claessen leyt að stækka glugga á vesturenda hússins nr. 1 við Kirkjutorg. Gjald kr. 2.oo.

6. Guðbirni Pálssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóð, sem hann hefir keypt úr Nýjabæjarbletti og er að stærð 295.44 ferm. Verður við Sölvhólsgötu. Stærð hússins 88.oo ferm. Gjald kr. 30.oo.

7. Sigurði Magnússyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóð, sem hann hefir keypt af Sveini Jónssyni úr svokallaðri "Doktorshússlóð". Stærð lóðarinnar er 220.42 ferm. Stærð hússins 57 ferm. Gjald kr. 16.oo. Leyfið er veitt með því skilyrði, að bæjarstjórnin samþykki makaskipti milli Íslandsbanka og Sveins Jónssonar, og ennfremur að sú kvöð verði Lögð á lóðina að 2kr. verði greiddar af hverjum fermetra þegar Ránargata verður gerð.

8. Ingimundi Jónssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóð hans við Holtsgötu og Bræðraborgarstíg. Húsið verður nr. 1 við Holtsgötu og er að stærð 77 ferm. Gjald kr. 21.oo.

9. Jóni Magnússyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 4A við Týsgötu. Stærð hússins er 56.16 ferm. Gjald kr. 18. Eldra byggingarleyfi fellur hér með úr gildi.

10. Hjalta Jónssyni leyft að breyta þaki hússins nr. 18 við Hafnarstræti og innrétta lofthæðina og setja miðstöðvarhitunar-



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

tæki í húsið. Gjald kr. 15.00.

11. Steindór Hannessyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 13 við Sellandsstíg og er keypt úr lóð við Lyðslind(?) og er að stærð 176.6 ferm. Stærð hússins er 53.13 ferm. Gjald kr. 12.00.

12. Eyjólfi Eyfells synjað um leyfi til að byggja íbúðarhús á lóðinni nr. 4A við Skólavörðustíg.

13. Gunnari Sigurðssyni synjað um leyfi til að breyta húsinu nr. 55 við Laugaveg.

14. Kristín Pétursdóttir spyrzt fyrir um skipulag gatna og skiptingu lóða á Melbletti. Erindinu vísað til skipulagsnefndar.

15. Lagðar fram fundargerðir samvinnunefndar frá 19., 22., 26., 28 marz og 2. og 11. apríl.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Matthías Þórðarson.
Ágúst Jósefsson. Kristinn Sigurðsson. Guðm. H. Þorláksson.
Pétur Ingimundarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1924, laugardaginn 26. apríl, kl. 4 síðdegis, var fundue haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram fundargerð samvinnunefndar 16. apríl.

2. Magnúsi Jónssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á pari úr lóðinni nr. 98 við Hverfisgötu. Stærð hússins er 55.44 ferm. með skúr á baklóðinni 14.25 ferm. Lóðin er keypt úr lóðinni nr. 98 við Hverfisgötu, og er að stærð 120.58 ferm. með gangheimild yfir lóðarpartinn næst fyrir sunnan. Gjald kr. 16.00.

3. Hannibal Sigurðssyni leyft að gera þvottahús á baklóðinni nr. 29 við Skólavörðustíg. Stærð 7.5 ferm. Gjald kr. 2.00.

4. Lúðvíg Lárussyni leyft að gera viðbótarbyggingu við suðurenda hússins nr. 31 við Þingholtsstræti. Stærð 60.43 m².Gjald kr. 14.00. Ennfremur er honum leyft að setja miðstöðvarhitun í húsið. Gjald kr. 2.00.

5. Gunnari Sigurðssyni leyft að lyfta húsinu nr. 55 við Laugaveg um 1.3 m. ennfremur að gera viðbótarbyggingu við vesturenda hússins. Viðbótarbyggingin er úr stein og er að stærð 32.73 fermetrar. Jafnframt er honum leyft að breyta gluggum á framhlið hússins. Gjald kr. 20.00.

6. Sigurði Björnssyni og Valgeir Jónssyni leyft að setja hæð ofan á húsið nr. 55 við Bergstaðastræti og byggja tvær útbyggingar við húsið, 10.68 ferm. Gjald kr. 25.00.

7. Einar Kristjánsson fer fram á að samþykkt verði skipti á lóðinni nr. 28A við Laugaveg, þannig að austurhluti lóðarinnar verði sjálfstæð lóð 56.25 ferm. að stærð, með gangréttindum að Laugavegi yfir vesturhluta lóðarinnar. Verði þessi skipti samþykkt, verður lóðin nr. 28D við Laugaveg. Nefndin vill fyrir sitt leyti samþykkja skiptin.

8. Teknar fyrir og ræddar tillögur nefndar þeirrar, sem gera átti tillögur til breytinga og viðauka við byggingarsamþykktina, samkvæmt fundargerð byggingarnefndar 1. marz s.l. Eftir nokkrar umræður var borgarstjóra og byggingarfulltrúa falið að koma fram með endanlegt uppkast.

Fleira ekki gert. Á fund vantaði slökkviliðsstjóra.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Matthías Þórðarson. Ágúst Jósefsson. Kristinn Sigurðsson. Guðm. H. Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1924, laugardaginn 10. maí, kl. 4 síðdegis var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Páli Magnússyni leyft að hækka húsið nr. 4 við Bergstaðastræti og gera viðbótarbyggingu við það. Stærð viðbótarinnar er 89.42 fermetrar og verður öll byggingin gerð úr steinsteypu og tvílyft. Gjald kr. 43.oo.

2. Birni Björnssyni leyft að flytja húsið nr. 41 við Laufásveg að suðurmörkum lóðarinnar. Ennfremur er honum leyft að gera tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni. Útveggir verða holir, þannig: að ytri veggur verður minnst 15 cm. þykkur, þá 13 cm. loftbil og loks 10 og 8 cm. þykkur innri veggur. Loftbilið verður fyllt með mótróði. Stærð hússins er 83.16 ferm. Gjald kr. 33.oo. (33.oo.).

3. Guðna Árnasyni leyft að gera einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 13 við Lokastíg. Stærð hússins er 82.8 ferm. Gjald kr. 11.oo. Stærð lóðarinnar er 188.21 ferm.

4. Borgarstjóri og byggingarfulltrúi lögðu fram frumvarp til breytinga á 5. gr. byggingarsamþykktarinnar og var frumvarpið samþykkt og verður fært inn í fundarbókina á eftir fundargerðinni.

Fleira ekki gert. Á fund vantaði Matthías Þórðarson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Kristinn Sigurðsson.
Guðm. H. Þorláksson. Ágúst Jósefsson. Kristófer Sigurðsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Frumvarp

um breytingu á byggingarsamþykkt fyrir Reykjavík 7.sept.1903.

---

5. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Hver sá, er vill reisa hús, breyta því eða gjöra önnur mannvirki á lóð sinni, skal senda byggingarnefndinni skriflega beiðni um það. Beiðninni skal fylgja nákvæm lýsing á öllu því, sem nauðsynlegt er til sönnunar þess, að verkið fullnægi ákvæðum þessarar samþykktar og þeim reglum, sem settar eru. Beiðninni skulu og fylgja í tveim eintökum:

a. Uppdráttur af hinni fyrirhuguðu byggingu eftir mælikvarða að minnsta kosti 1:100. Á uppdrætti af húsinu skal draga grunnmyndir af öllum hæðum hússins ásamt kjallara, er sýnir einstök herbergi og til hvers þau skulu notuð, aðalhlið hússins og þann gafl, sem mest ber á, ef húsið er ekki í sambyggðri húsaröð, svo og minnst eina sneiðingu af húsinu, og skulu öll aðalmál rituð á uppdráttinn, svo og þykkt burðarveggja o.s.frv. Sé um annað mannvirki að ræða skal uppdráttur glögglega sýna alla gerð, stærð og lögun þess, og við breytingu á húsi eða mannvirki, skal uppdráttur sýna fyrirkomulagið fyrir og eftir breytinguna.

Séruppdrætti skal gera eftir mælikvarða að minnsta kosti 1:20 af þeim hlutum húsa og mannvirkja, sem gerðir eru úr járnbentri steypu eða eru frábrugðnir almennri venju og skal fylgja glögg lýsing og styrkleikaútreikningur.

b. Uppdráttur af lóð þeirri, sem byggja skal á, eftir mælikvarða að minnsta kosti 1:500, er sýnir afstöðu til gatna og nágrannalóða og þau mannvirki, er reisa skal, svo og þau, sem fyrir eru á lóðinni og nágrannalóðum í minna en 15 metra fjarlægð í allar áttir. Flatarmál lóðar og húsa skal rita á uppdráttinn og skal hann ennfremur sýna, hvernig hagað er eða verði afrennsli frá húsi og lóð og vegi að húsi, standi það ekki við götu.

Á alla uppdrætti skal draga mælikvarða uppdráttarins eftir metramáli, og rita glögglega við hvað uppdrættir eiga. Fylgi fleiri uppdráttur en einn sömu beiðni, skulu þeir tölusettir, og á hverjum uppdrætti skal markaður reitur 10x7 cm. til að rita í samþykki byggingarnefndar eða athugasemdir. Uppdráttarblöð skulu vera úr teiknilérefti eða sterkum hvítum pappír og að stærð 40x60 eða 60x80 cm..

Uppdrættir skulu gerðir af manni, sem byggingarnefnd tekur gildan fyrir kunnáttu sakir, og sá er uppdrátt gerir skal undirrita hann með eigin hendi.

Að fengnu leyfi byggingarnefndar skal rita samþykki hennar á öll uppdráttarblöðin og afhenda beiðanda annað eintakið gegn greiðslu gjaldsins fyrir byggingarleyfið.

Ekki má byrja á nýrri byggingu eða gjöra breytingu á eldri byggingu fyrr en fengið er leyfi byggingarnefndar og byggingarfulltrúa tilkynnt hver standi fyrir smíðinni, og skal það vera trésmiður eða múrsmiður, sem fengið hefir viðurkenningu byggingarnefndar til að mega standa fyrir húsasmíði í Reykjavík. Tré-



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

smiður, sem tekur að sér smíði húss, skal lata viðurkenndan múrsmið sjá um allt múrsmíði, og múrsmiður skal sömuleiðis hafa viðurkenndan trésmið við allt trésmíði.

Viðurkenningu byggingarnefndar sem húsasmiðir fá þeir einir, sem hún telur til þess hæfa og hafa fengið sveinsbréf í iðn sinni og unnið að minnsta kosti í tvö ár ~~næst áður en~~ að húsasmíði eftir að þeir fengu sveinsbréfið, enda verið löglega búsettur í Reykjavík að minnsta kosti í eitt ár næst áður en viðurkenningin er veitt. Þó má veita þeim mönnum slíka viðurkenningu, sem síðastliðin tvö ár hafa verið húsasmiðir í Reykjavík, þótt ekki hafi þeir sveinsbréf, ef byggingarnefndin telur þá hæfa til að standa fyrir húsasmíði. Byggingarnefnd getur afturkallað viðurkenningu húsasmiða, sem þrjózkast við að fara eftir fyrirmælum hennar eða verður uppvís að broti á byggingarsamþykkt eða að sviksamlegu eða óvönduðu verki.

Húsasmiður sá, er stendur fyrir byggingu húss, skal sjá um, að eftirrit af uppdrætti þeim, sem byggingarnefnd hefir samþykkt, sé jafnan við hendina og nothæft á vinnustaðnum meðan á smíðinni stendur. Áður en byrjað er að grafa fyrir undirstöðum húss eða mannvirkis skal húseigandi tilkynna það byggingarfulltrúa og lögreglustjóra samkvæmt fyrirmælum 22. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík 19. apríl 1919. Hann skal og skriflega tilkynna byggingarfulltrúa, með að minnsta kosti eins sólarhrings fyrirvara:

a. hvenær byrjað er á undirstöðum eða breytingum húss,
b. hvenær rakavarnarlög verða lögð í veggi eða gólf (gólf),
c. hvenær þak verður reist á steinhúsi eða grind í timburhúsi,
d. hvenær gólf verða lögð á bita, eða járn í járnbenta steypu.

Það er á ábyrgð húsasmiðs og húseiganda, að ekki sé í neinu vikið frá samþykktinni, uppdrætti nema fengið sé til þess skriflegt leyfi byggingarfulltrúa eða byggingarnefndar, og að fylgt sé ákvæðum byggingarsamþykktar um framkvæmd húsasmíðis.

Byggingarleyfi fellur úr gildi, ef ekki er farið að nota það innan eins árs.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1924, fimmtudaginn 22. maí, kl. 10 árdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Þorleifi Jónssyni synjað um leyfi til að gera skúr á lóð nr. 17 við Bjargarstíg.

2. Lofti Sigurðssyni leyft að breyta dyrum og glugga á húsinu nr. 14 við Baldursgötu. Gjald kr. 4.oo. Leyfið er veitt með því skilyrði að bæjarstjórnin leyfi að breyta íbúð, sem er nú í húsinu, í sölubúð.

3. Hlutafélaginu Herðubreið synjað um leyfi til að gera geymsluskúr á lóðinni nr. 8 við Fríkirkjuveg.

4. Helgu Sigurgeirsdóttur leyft að gera skúr úr steinsteypu við bakhlið hússins nr. 14 við Lokastíg. Stærð 10.08 ferm. Gjald kr. 5.oo.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson. Matthías Þórðarson. Kristinn Sigurðsson. Guðm.H.Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1924, laugardaginn 31. maí, kl. 10 árdegis, hélt byggingarnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Sigurður Pálsson sækir um leyfi til að skipta leigulóðinni nr. 3 við Nönnugötu. Nefndin samþ. að skipta lóðinni í tvennt, þannig: að norðurhluti lóðarinnar verði 10.45 metrar á breidd og haldi sá hluti nr. 3 við Nönnugötu, en syðri hlutinn verði 12.55 metrar á breidd og teljist framvegis nr. 21 við Bragagötu. Lóðin nr. 3 við Nönnugötu verður leigð Magnúsi Sæmundssyni.

2. Magnúsi Sæmundssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 3 við Nönnugötu. Stærð 66.88 ferm. Gjald kr. 11.oo.

3. Almar Normann leyft að gera geymsluskúr á norðurmörkum lóðar hans við Hringbraut. Stærð 38.25 ferm. Gjald kr. 5.oo.

4. Theódór Arnbjarnarsyni leyft að gera einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á erfðafestulandinu Vatnsmýrarblettur nr. 3. Stærð hússins er 70.23 ferm. Gjald kr. 14.oo. Húsið á að standa 5 m. frá Laufásvegi.

5. Jóni G. Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 5 við Brekkustíg. Stærð 64.9 ferm. Gjald kr. 19.oo.

6. Eyvindi Árnasyni leyft að gera útbyggingu úr kjallara hússins nr. 52 við Laufásveg. Stærð 27.5 ferm. Gjald kr. 3.oo.

7. Hænsnabúinu leyft að gera íbúðarhús og hænsnahús á landi, sem þeir hafa fengið á leigu í Kleppsmýri. Stærð 149.85 ferm. Gjald kr. 20.oo.

8. Sigursteindóri Eiríkssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 58 við Frammnesveg. Stærð 43.65 ferm. Gjald kr. 9.oo.

9. Friðgeir Bjarnasyni leyft að gera tvílyft íbúðarhús úr holsteini á leigulóðinni nr. 10 við Fálkagötu. Stærð 72.96 ferm. Gjald kr. 18.oo.

10. Borgþór Jósefsson fyrir hönd húsnefndar Goodtemlarahússins sækir um leyfi til að gera viðbótarbyggingu úr steinsteypu norðan við Goodtemplara húsið. Meiri hluti nefndarinnar vill fyrir sitt leyti leyfa þetta, sem bráðabirgðabyggingu, en tekur það jafnframt fram, að með þessu leyfi sé ekki veitt vilyrði fyrir þessari húsalínu við Templarasund í framtíðinni. Leyfið er ennfremur því skilyrði bundið, að landstjórnin geri ekki kröfur til að nota lóðina til opinberra þarfa, samkvæmt



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

byggingarnefndargerð 21/5-1887. Stærð viðbótarinnar 135 ferm. Gjald kr. 26.oo.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Matthías Þórðarson.
Ágúst Jósefsson. Kristinn Sigurðsson. Guðm.H.Þorláksson.
Pétur Ingimundarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1924, laugardaginn 14. júní, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Arent Ottesen leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 9 við Fjólugötu. Stærð 160.59 ferm. Lóðarstærðin er 1330 fermetrar að flatarmáli. Skilyrði fyrir þessari húsbyggingu er að greiddar verði 2 kr. af hverjum fermetra lóðarinnar, þegar Fjólugata verður gerð. Byggingarleyfisgjald kr. 52.oo.

2. Þórarni Kristjánssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steini á lóðinni nr.6 við Öldugötu. Stærð 73.23. Lóðarstærðin er 418.77 að flatarmáli. Byggingarleyfisgjald kr. 18.oo.

3. Júní Pálssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steini á Holtastaðalóð við Laufásveg. Stærð 73.2o. Lóðarstærðin er 557.25 ferm. Byggingarleyfisgjald kr. 18.oo.

4. Elíasi Lyngdal leyft að breikka og hækka hús á lóðinni nr. 23 viðNjálsgötu. Stækkunin er að flatarmáli 43.26 m$^2$. Byggingarleyfisgjald kr. 23.oo.

5. Magnúsi Jónssyni leyft að byggja heyhlöðu og hesthús á vesturmörkum lóðarinnar Óðinsgötu 18. Stærð 69.27. Byggingarleyfisgjald kr. 11.oo. Jafnframt verður rifinn bær, sem er á lóðinni 21 fermetra að stærð.

6. Einari Gíslasyni og Ágúst Jónssyni leyft að hækka húsið nr. 11 við Óðinsgötu. Byggingarleyfisgjald kr. 14.oo.

7. Friðriki Jónssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steini á lóðinni nr. 49 við Laufásveg. Stærð 132.8 ferm. Byggingarleyfisgjald kr. 48.oo. Lóðin er vestasti partur Stekkjarholtsbletts. Það skilyrði er, sett fyrir leyfinu, að lóðin verði girt með laglegri girðingu meðfram Bragagötu í réttri götulínu. Ennfremur að gluggar þeir, sem eru á austurgafli hússins eru leyfðir aðeins til bráðabirgða, þar til byggt verður við austurgafl hússins.

8. Eyjólfi Eyjólfssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steini á lóðinni nr. 59 við Vesturgötu. Stærð 78.4 ferm. Önnur hús, sem eru á lóðinni verða rifin. - Byggingarleyfisgjald kr. 21.oo.

9. Þorleifi Andréssyni og Guðbergi Jóhannssyni leyft að byggja tvílyft steinsteypuhús með kjallara á lóðinni nr.99a við Hverfisgötu. Viðvíkjandi gerð veggjanna athugazt, að kjallaraveggir skulu vera heilsteyptir, og skulu útveggir að öðru leyti gerðir holir. Skal ytra/byrðið vera minnst /byrðið vera minnst



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15 cm. á þykkt en innra byrðið 1o cm. á neðri hæð og 8 cm. á efri hæð. Stærðin er 74.62. Lóðarstærðin er 150 ferm. og keypt úr lóðinni nr. 99 við Hverfisgötu. Byggingarleyfisgjald kr. 26.oo.

10. Bifreiðastöð Reykjavíkur leyft að byggja vinnuhús til viðgerða á bifreiðum á lóðinni Grettisgötu 18 vestantil. Stærð 118.31 ferm. Skilyrði fyrir leyfinu er, að eigendur hússins nr. 16B og 18B fallist á að stígur að lóðum þeirra, sem nú eru vestantil á lóðinni, færist á austurmörk hennar. Byggingarleyfisgjald kr. 16.oo.

11. Lagt fram bréf Guðm. Kr. Guðmundssonar, þar sem hann kvatar yfir því,að leyfi hafi verið veitt til að gera þakbreytingar á húsinu nr. 18 við Hafnarstræti, og þar sem hann krefst þess, að eldvarnarveggur verði settur við austurgafl hússins, sem snýr að Thomsenssundi.

Byggingarnefndin sér ekki að umkvörtun þessi og krafa sé á rökum bygð.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen. Matthías Þórðarson. Kristinn Sigurðsson.
Ágúst Jósefsson. Pétur Ingimundarson. Guðm. H. Þorláksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1924, laugardaginn 28. júní kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Þorleifi Jónssyni leyft að gera smíðaskúr úr steini á lóðinni nr. 17 við Bjargarstíg. Stærð 22.8 ferm. Gjald kr. 3.00.

2. Magnúsi Þorsteinssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 16 við Urðarstíg. Stærð 64fermetrar. Gjald kr. 16.00.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði Matthías Þórðarson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Guðm. H. Þorláksson.

Kristinn Sigurðsson. Ágúst Jósefsson. Pétur Ingimundarson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1924, laugardaginn 12. júlí, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Haraldi Hagan leyft að setja kvist á framhlið hússins nr. 12 við Laufásveg. Gjald kr. 2.oo.

2. Þorsteini Jóhannssyni leyft að gera tvílyft íbúðarhús 59.94 fermetrar að stærð ásamt fjósi og heyhlöðu, sem er 65 ferm. og er allt úr steinsteypu, á erfðafestulandinu Kaplaskjólsmýri nr. 8. Leyfið er því skilyrði bundið, að bæjarstjórnin samþykki að byggt verði á erfðafestulandinu og að hann sjái sér sjálfur fyrir aðgangi að húsinu. Gjald kr. 29.oo.

3. Helga Magnússyni leyft að byggja fjós og heyhlöðu úr timbri á erfðafestulandinu Þvottalaugabletti nr. 19, stærð 76.54 ferm. Gjald kr. 19.oo. Leyfið er veitt með því skilyrði, að bæjarstjórnin samþykki þessa byggingu á erfðafestulandinu.

4. H.f. Nýja Bíó fer fram á að fá leyfi til að byggja yfir stéttina fyrir framan Nýja Bíó. Meiri hluti nefndarinnar vill leyfa þetta og mælir með undanþágu, hvað eldvarnarvegg snertir, en gerir það að skilyrði að eigandi lóðarinnar fyrir framan Nýja Bíó samþykki bygginguna fyrir sitt leyti, og að hurðum verði hagað þannig, að þær hindri á engan hátt aðgang að húsinu eða frá því. Minni hlutinn, borgarstjóri, vill ekki mæla með því að þetta verði leyft og telur ógerlegt að mæla með undanþágu. Stækkunin nemur 77.2 ferm. Gjald kr. 16.oo.

5. Garðari Gíslasyni leyft að gera geymsluskúr úr steinsteypu á Skjaldborgarlóðinni við Skúlagötu. Stærð skúrsins er 3.60.8 ferm. Gjald kr. 44.oo.

6. Jóni O. Jónssyni leyft að gera einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 36 við Vesturgötu. Stærð 98.6 ferm. Gjald kr. 32.00.

7. Ólafi Eliassyni leyft að byggja útihús við húsið nr. 11 við Holtsgötu. Stærð 31.82 ferm. Ennfremur er honum leyft að breyta skilrúmum í gamla húsinu. Gjald kr. 7.oo.

8. Kristjóni Ólafssyni leyft að byggja geymsluskúr á lóðinni nr. 7A við Þórsgötu. Stærð 17.12 ferm. Gjald kr.3.oo.

9. Bergi Einarssyni leyft að setja hæð ofan á geymsluhús hans á lóðinni nr. 7B við Vatnsstíg. Gjald kr. 14.oo.

Fleira ekki gert. Á fund vantaði Kristinn Sigurðsson.
Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Matthías Þórðarson. Pétur Ingimundarson. Ágúst Jósefsson. Guðm. H. Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1924, miðvikudaginn 6. ágúst, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Sturla Jónssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 51 við Laufásveg. Stærð 142 ferm. Byggingarleyfisgjald kr. 52.oo.

2. Í tilefni af umsókn, sem komið hefur um það, að hækka einlyft íbúðarhús úr timbri um eina hæð. Mælir nefndin með því að leitað verði undanþágu, um að byggja megi eina hæð ofan á einlyft timburhús, sem ekki eru stærri en 75 ferm. að flatarmáli. Þó þau fullnægi ekki fjarlægðum þeim sem heimtaðar eru frá götu og lóðarmörkum.

3. Ólafi Björnssyni leyft að setja kvist á húsið nr. 7 við Vitastíg. Leyfisgjald kr. 2.oo.

Fleira ekki gert. Á fund vantaði slökkviliðsstjóra og Matthías Þórðarson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Kristinn Sigurðsson. Ágúst Jósefsson.
Guðm. H. Þorláksson. Guðm. Ásbjörnsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1924, laugardaginn 16. ágúst, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Ólafi Kristjánssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóð hans við Öldugötu. Stærð 73 ferm. Gjald kr.18.oo. Leyfið er veitt með því skilyrði, að leyfisbeiðandi sjái sjálfur fyrir frárennsli frá húsinu þar til gatan verður gerð, láti ókeypis það, sem fer af lóð hans undir Öldugötu, og greiði 2 kr. af hverjum fermetra lóðarinnar í götugjald, þegar gatan verður gerð. Stærð lóðarinnar er 235 ferm. Lóðin er keypt úr lóðinni nr. 15B við Brekkustíg.

2. Magnúsi Ásmundssyni leyft að gera einlyft íbúðarhús úr steinstehpu á lóðinni nr. 56 við Framnesveg. Stærð 52.16 ferm. Gjald kr.13.oo.

3. Hannesi Jónssyni leyft að byggja tvílyft geymsluhús úr steinsteypu, á baklóð hússins nr. 28B við Laugaveg. Stærð 55.49 m2. Á lóðinni er skúr 25.41 ferm., sem verður rifinn. Gjald kr. 14.oo.

4. Jóni H. Guðmundssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri, á lóðinni nr. 11 við Framnesveg. Stærð 47.88 ferm. Gjald kr. 11.oo.

5. Borgarstjóri lagði fram uppdrátt af smiðju við Vegamótastíg, sem kemur í stað annarar er verður rifin niður. Stærð 70.87. ferm. Byggingarnefndin samþykkir þessa byggingu.

6. Axel Andersen og B. Magnússon sækja um leyfi til að láta skúr, sem þeir hafa byggt í óleyfi bak við húsið nr. 14 við Aðalstr., standa fyrst um sinn. Nefndin vill ekki verða við þessari beiðni.

7. Tekið fyrir erindi húsnefndar Góðtemlarahússins, út af byggingarleyfi veittu 31. maí 1924. Nefndin sér sér ekki fært að breyta þeim skilyrðum, sem ~~xe~~ sett eru í umræddu leyfi.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði Matthías Þórðarson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson.
Ágúst Jósefsson. Guðm. H. Þorláksson. Kristinn Sigurðsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1924, fimmtudaginn 21. ágúst, kl. 11 árdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

Samkvæmt beiðni safnaðar~~nefndar~~ /stjórnar Fríkirkjusafnaðarins, var rætt um viðbyggingu við Fríkirkjuna. Nefndin sá sér ekki fært að afgreiða málið á þessum fundi vegna ófullnægjandi upplýsinga og uppdrátta.

Fleira ekki tekið fyrir.

Á fund vantaði Matthías Þórðarson.

Fundndi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Kristinn Sigurðsson.
Pétur Ingimundarson. Ágúst Jósefsson. Guðm. H. Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1924, laugardaginn 30. ágúst, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, dags. 25. þ.m., þar sem það tilkynnir, að það samþykki undanþágu þá frá byggingarsamþykktinni, sem umræðir í fundargerð byggingarnefndar 6. þ. m. 2.lið.

2. Vegna veikinda byggingarfulltrúa var fundinum frestað til þriðjudags 2. sept. kl. 10 árdegis.

K. Zimsen. Matthías Þórðarson. Kristinn Sigurðsson. Ágúst Jósefsson. Pétur Ingimundarson. Guðm. Ásbjörnsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þriðjudaginn 2. sept. kl. 10 árdegis, var fundi þeim, sem frestað var laugardaginn 30. ágúst haldið áfram á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Fríkirkjusöfnuðinum í Reykjavík leyft að gera viðbótarbyggingu, úr steinsteypu, við Fríkirkjuna (kórbygginguna). Stækkunin nemur 72.15 ferm. Byggingarleyfisgjald kr. 20.oo.

2. Hallgrími Jónssyni leyft að lyfta húsinu nr. 17 við Grundarstíg um 1 meter, og jafnframt að gera viðbótarbyggingu úr steinsteypu, við húsið, 26.79 ferm. að stærð. Þess skal gætt að húsið verði sett í rétta götustefnu. Gjald kr. 8.oo.

3. Nefndin leggur til að leigulóðinni nr. 36 við Framnesveg verði skipt þannig, að vesturhluta lóðarinnar verður 5.19 metrar meðfram Framnesvegi og 25 metrar upp frá götunni og verður nr. 26A; austurhluti loðarinnar verður 6.56 metrar framm með Framnesvegi og 25 metrar upp frá götunni og verður nr. 36, og hefur sú lóð aðgang að baklóðinni, um lóðina nr. 36A.

4. Árna Bjarnasyni leyft að setja hæð ofan á húsið nr. 29 við Skólavörðustíg, og stækka skúr um 3.7 metra$^2$. Gjald kr. 7.oo.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Matthías Þórðarson. Pétur Ingimundarson. Kristinn Sigurðsson. Ágúst Jósefsson. Guðm. H. Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1924, laugardaginn 13. september, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Þórarni Jónssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 98 við Hverfisgötu. Stærð 66.88 m$^2$. Gjald kr. 17.oo. Húsið verður nr. 98A. Stærð lóðarinnar 124.25 fermetrar.

2. Metúsalem Jóhannessyni leyft að refta yfir vesturhluta lóðarinnar nr. 15 við Þingholtsstræti, með því skilyrði, að skýlið verði rifið niður, þegar krafizt verður. Gjald kr. 6.oo.

3. Tómasi Jonssyni leyft að gera skúr úr steinsteypu á bakvið húsið nr. 21 við Njálsgötu. Stærð 16 ferm. Gjald kr.4.oo.

4. Friðrik Magnússyni leyft að gera skúr úr steinsteypu við húsið nr. 66 við Bergstaðastræti. Stærð 21.73 ferm. Gjald kr. 6.oo.

5. Guðjóni Jónssyni leyft að gera geymsluskúr úr steinsteypu á baklóð hússins nr. 50 við Hverfisgötu. Stærð 21 ferm. Gjald kr. 2.oo.

6. Samúel Ólafssyni leyft að gera viðbótarbyggingu úr steinsteypu við austurenda hússins nr. 53B við Laugaveg. Stærð 42.63 ferm. Gjald kr. 14.oo.

7. Ingvari Einarssyni synjað um leyfi til að gera einlyft íbúðarhús á lóðinni á horni Skálholtsstígs og Miðstrætis.vegna þess, að nefndin vill láta hús þetta í götulínu Skálholtsstígs og upp að eldvarnarvegg Ungmennafélagshússins.

8. Birni Jónssyni leyft að gera geymsluskúr úr steinsteypu á baklóð hússins nr. 62 við Hverfisgötu. Stærð 31.5 ferm. Gjald kr. 4.oo.

9. Lagt fram erindi Sigríðar Björnsdóttur, um gatnaskipan á Félagsgarðstúni. Erindinu vísað til skipulagsnefndar.

10. Lesið upp bréf frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu þar sem það tilkynnir, að ráðuneytið skorti heimild til að veita undanþágu þá, sem sótt var um fh., h.f. Nýja Bíó. Samanber fundargerð byggingarnefndar 12. júlí s.l., 4. lið.

Fleira ekki gert. Á fund vantaði Matthías Þórðarson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson. Kristinn Sigurðsson. Ágúst Jósefsson. Guðm. H. Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1924, laugardaginn 27. september, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Bifreiðastöð Reykjavíkur synjað um leyfi til að gera bifreiðaskúr á lóðinni nr. 23 við Skólavörðustíg.

2. Guðna Símonarsyni leyft að setja ris á húsið nr.8A við Óðinsgötu, og hækka skúr, sem er við húsið. Gjald kr. 7.oo.

3. Sigtryggi Kaldan leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 22 við Þórsgötu. Stærð 44.1 m$^2$. Gjald kr. 6.oo.

4. Halldóri Eiríkssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 4 við Fálkagötu. Stærð 33.44 ferm. Gjald kr. 5.oo.

5. Hjörleifi Guðbrandssyni leyft að gera hesthus og heyhlöðu, úr steinsteypu, á baklóðinni nr. 20A við Grettisgötu. Stærð 47.88 ferm. Gjald kr. 10.oo.

6. Gísla Gíslasyni synjað um leyfi til að gera geymsluskúr við húsið nr. 39 við Baldursgötu.

7. Á geymsluhús Mory & Co, nr. 17 við Hafnarstræti hafa verið settir gluggar á hliðina, sem snýr að Tryggvagötu, án leyfis byggingarnefndar. Ákvað nefndin að kæra þetta og krefjast þess að hliðin á húsinu verði sett í sama stand og áður, á kostnað eigenda.

Fleira ekki gert. Á fund vantaði Ágúst Jósefsson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Kristinn Sigurðsson. Guðm. H. Þorláksson. Pétur Ingimundarson. Matthias Þórðarson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1924, laugardaginn 11. október, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á sskrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Tómasi Jónssyni leyft að gera viðbótarbyggingu úr steinsteypu við húsið nr. 32 við Laugaveg. Stærð 12.32 ferm. Gjald kr. 2.oo.

2. H/f. Allianze leyft að gera fiskgeymsluhús úr steinsteypu á lóð félagsins fyrir neðan Mýrargötu. Stærð 288.75 ferm. Jafnframt verður rifið hús, sem er á lóðinni 184.75 ferm. Gjald kr. 75.oo.

3. Einari Pálssyni synjað um leyfi til að gera skúr á lóðinni nr. 3 við Þórsgötu.

4. Ingvari Einarssyni leyft að gera einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 12 við Miðstræti. Stærð 155.84 ferm. Gjald kr. 44.oo. Lóðin er talin 263.34 m2.

5. Steingrími Sveinssyni leyft að gera viðbótarbyggingu úr steinsteypu, á erfðafestulandinu Sveinsstaðabletti. Stærð 39.69 ferm. Gjald kr. 10.oo.
Leyfið er því skilyrði bundið, að bæjarstjórnin samþykki bygginguna á erfðafestulandinu.

6. Sigtryggi Jóhannessyni synjað um leyfi til að gera timburskúr við húsið nr. 4 við Bókhlöðustíg, og að breyta húsinu í íbúð.

7. Lögð fram tillaga um skipulag Skólavörðustígs milli Bankastrætis og Bergstaðastrætis, en engin ákvörðun tekin.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Matthías Þórðarson.
Pétur Ingimundarson. Ágúst Jósefsson. Kristinn Sigurðsson.
Guðm. H. Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1924, laugardaginn 1. nóvember, kl. 4 síðd., var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Oddnýju Þorsteinsdóttur leyft að gera viðbótarbyggingu úr steini, við húsið nr. 30 við Klapparstíg. Stærð 41 ferm Ennfremur er henni leyft að breyta húsinu í sölibúð. Gjald kr. 9.oo.

2. Magnúsi Guðmundssyni leyft að byggja steinsteypuskúr á lóð hans í Sauðagerði. Stærð 14 ferm. Gjald kr. 2.oo.

3. Gísla Gíslasyni leyft að gera skúr úr steinsteypu áfast við norðurgafl hússins nr. 39 við Baldursgötu. Stærð 15.2 ferm. Gjald kr. 3.oo.

4. Guðjóni Sæmundssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 12 við Þingholtsstræti. Stærð 61.2 ferm. Gjald kr. 22.oo.

5. Elís Péturssyni leyft að gera steinsteypuskúr á baklóðinni nr. 5 við Njálsgötu. Stærð 30.7 ferm. Skúrinn er ætlaður fyrir smíðavinnustofu. Gjald kr. 4.oo.

6. Magnúsi Blöndahl leyft að gera viðbyggingu við fiskgeymsluhús hans í Haga. Stærð 84.8 ferm. Áskilið er að bæjarverkfræðingur samþykki gerð reykháfsins. Gjald kr. 23.oo.

7. Guðrúnu Kristinsdóttur leyft a byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 29 við Bræðraborgarstíg. Stærð 44.26 m2. Gjald kr. 8.oo.

8. C. Zimsen leyft að gera viðbótarbyggingu úr steini og timbri við húsið nr. 5B við Tjarnargötu. Stærð 16.8 ferm. Gjald kr. 5.oo.

9. Páli Stefánssyni leyft að breyta anddyri húswins nr. 36 við Laufásveg. Gjald kr. 2.oo.

10. Eggert Kristjánssyni leyft að gera skúr úr steinsteypu á baklóð hússins nr. 74 við Laugaveg. Stærð 24.57 ferm.Gjald. kr. 3.oo.

11. Guðríði Bram leyft að gera skúr úr steinsteypu við húsið nr. 21 við Skólavörðustíg. Stærð 16.85 m2.Gjald kr.3.oo.

12. Tómasi Petersen synjað um leyfi til að gera hesthús og heyhlöðu á lóðinni nr. 40 við Skólavörðustíg.

13. Jóni Hafliðasyni leyft að gera einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 1 við Njálsgötu. Stærð 92.08 ferm. Gjald kr. 30.oo.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Tómasi Tómássyni leyft að gera reykháf á lóð, sem hann hefir keypt úr lóðinni nr. 19 við Njálsgötu. Stærð 1.50 ferm. Hæð 15 m. Gjald kr. 2.oo.

15. Guðm. Þorsteinssyni leyft að gera viðbótarbyggingu úr steinsteypu við húsið nr. 40 við Njálsgötu. Stærð 15.81 ferm. Leyfið er veitt með því skilyrði að gluggarnir á viðbótarbyggingunni verði af sömu stærð og í sömu hæð og á gamla húsinu. Gjald kr. 4.oo.

16. Nefndin leggur til, að lóðinni nr. 1A við Nönnugötu verði skipt þannig: að bakhluti hennar, sem er að stærð 98.15 ferm. verði sérstök lóð nr. 1B við Nönnugötu, enda sé áskilinn gangréttur við vesturmörk lóðarinnar 1A. Gangurinn má ekki vera minna en 1.8 metrar á breidd.

17. Byggingarnefndin fellst á að lóðinni nr. 6 við Bókhlöðustíg verði skipt í tvennt, þannig að austurhluti lóðarinnar verður ca. 117 ferm. og nær þá lóðin 3.15 metra vestur fyrir steinhúsið, sem var byggt síðastliðið ár á lóðinni.

18. Ingimundur Þórðarson gerir fyrirspurn um, hvernig megi byggja á lóð hans fyrir neðan nr. 7 við Holtsgötu. Nefndin felur borgarstjóra að skýra Ingimundi frá því, að hún telji ekkert því til fyrirstöðu að byggt verði á lóðinni, með líku fyrirkomulagi og hann gerir ráð fyrir í bréfi sínu.

19. Þá var rædd tillaga skipulagsnefndar um, að vesturjaðar Skólavörðustígs milli Bankastrætis og Bergstaðastrætis verði ákveðin samhliða austurjaðri, sem nú er, og miðast við Skólavörðustíg 3 og Hegningarhúsgirðinguna, og götubreiddin ca. 12.5 metrar, og ennfremur að suðurjaðar Bankastrætis, frá Skólavörðustíg að Ingólfsstræti verði jafnhliða framhliðum húsanna nr. 6 og 8 og í 13 metra fjarlægð frá framhlið hussins nr. 11. Byggingarnefndin samþykkir þessa tillögu með 3 atkv. gegn 2 (Guðm. Ásbjörnsson og Kristinn Sigurðsson).

20. Jón Zöega sækir um leyfi til að byggja bráðabirgðatimburskúr á lóðinni nr. 14 við Bankastræti, í stefnu með girðingunni, sem nú er við Skólavörðustíg. Meiri hluti nefndarinnar vill veita leyfi til þessa, með því skilyrði, að eigandi skúrsins taki hann í burtu hvenær, sem byggingarnefnd krefst þess, með 3 mánaðá fyrirvara. Stærð 25.5 ferm. Gjald kr. 4.oo. Borgarstjóri er á móti þessu leyfi, en vill láta byggja skúrinn í hinni væntanlegu götulínu.

Fleira ekki gert. Á fund vantaði Matthías Þórðarson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson.
Ágúst Jósefsson. Kristinn Sigurðsson. Guðm. H. Þorláksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1924, þriðjudaginn 18. nóv., kl. 10 árdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Gísla Þorsteinssyni leyft að gera bifreiðarskúr á baklóðinni nr. 29 við Ránargötu. Stærð 13.8 ferm. Gjald kr. 2.oo.

2. Tómási Petersen leyft að gera hesthús og heyhlöðu úr steinsteypu á baklóðinni nr. 40 við Skólavörðustíg. Stærð 26.22 m2. Gjald kr. 4.oo.

3. Kristjáni Péturssyni leyft að gera tvílyfta viðbótarbyggingu úr steinsteypu, við Húsið nr. 28 við Þórsgötu, á horni Njarðargötu. Stærð 36.46 fermetrar. Gjald kr. 9.oo.

4. Jón Zöega sækir enn á ný um leyfi til að gera bráðabirgðaskúr á lóð sinni við Bankastræti 14, sem synjað var um á síðasta reglulegum fundi bæjarstjórnar, vegna þess að nokkur hluti skúrsins kemur til að standa á lóð þeirri, sem gert er ráð fyrir að tekin verði undir Skólavörðustíg. Meiri hluti nefndarinnar vill sem fyrr veita honum hið umbeðna leyfi, með því skilyrði, að skúrinn verði gerður úr timbri, og verði rifinn niður með þriggja mánaða fyrirvara, hvenær sem krafizt verður. Þess skal getið að samkvæmt þessari umsókn, kemur skúrinn til að standa nokkru innar en gert var ráð fyrir í síðustu umsókn. Borgaarstjóri er enn sem fyrr mótfallinn þessu leyfi. Stærð 25.5 ferm. Gjald kr. 4.oo.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Matthías Þórðarson.
Pétur Ingimundarson. Ágúst Jósefsson. Kristinn Sigurðsson.
Guðm. H. Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1924, laugardaginn 29 nóvember kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Kristjáni Hanssyni leyft að byggja geymsluskúr úr steinsteypu á baklóð hússins nr. 7 við Frakkastíg. Stærð 11.25 ferm. Gjald. kr. 2.oo.

2. Guðlaugi Skúlasyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 108 við Hverfisgötu. Stærð hússins er 57.76 ferm. Stærð lóðarinnar 526.4 ferm. Gjald kr.14.oo.

3. Sigríði Ólafsdóttur leyft að gera tvílyfta viðbótarbyggingu úr steinsteypu, við húsið nr. 96A við Hverfisgötu. Stærð 43.79 ferm. Leyfið er því skilyrði bundið að stiginn upp á loftið verði gerður 0.87 m. breiður. Gjald kr. 14.oo.

4. Ágúst Jónsson sækir um leyfi til að byggja íbúðarskúr á erfðafestulandinu Laugamýrarbletti VI. Stærð 38.76 ferm. Byggingarnefndin veitir hið umbeðna leyfi, að áskildu samþykki bæjarstjórnar. Gjald kr. 5.oo.

5. Jóni Þorsteinssyni og Axel Guðmundssyni leyft að gera bifreiðaskúr úr timbri á lóðinni nr. 70 við Grettisgötu. Stærð 44.4 ferm. Gjald kr. 6.oo.

6. Sigurgeir Jónsson fer fram á, að leigulóðinni nr. 8 við Bergþórugötu verði skipt í tvo jafna parta, vegna þess að hann ætli að afsala (sér) leigurétti á halfri lóðinni til Sæmundar Magnússonar Lindargötu 7. Nefndin leggur til að lóðinni verði skipt þannig, að hver lóð verði 16.1 meter meðfram götu og 10.75 metrar upp frá götu. Lóðin sem Sigurgeir ætlarað afsala sér, verður framlóð að Bergþórugötu og hvílir 2 metra gangkvöð á vesturhluta lóðarinnar að baklóðinni.

7. Hinn 13. maí 1922, var Sturla Jónssyni leyft að byggja tvö samstæð íbúðarhús á lóðinni nr. 58 við Bergstaðastræti (Stekkjarholtstúni). Þessi hús hafa nú verið seld, annað Garðari Gíslasyni en hitt Jóni Ólafssyni, sem nú sækir um að sitt hús verði framvegis talið við Laufásveg. Þegar það er athugað að Friðrik og Sturla Jóssynir hafa síðan byggt tvö hús í sömu húsalínu, sem bæði eru talin við Laufásveg, og ekki er gert ráð fyrir að byggt verði fyrir framan þessi 4 hús við Laufásveg, leggur nefndin til að sú breyting verði gerð á þessu, að hús Garðars verði framvegis talið nr. 53 og Jóns nr. 55 bæði við Laufásveg. - Nr. 58 við Bergstaðastræti falli niður.

Fleira ekki gert. Á fund vantaði borgarstjóra K. Zimsen, sem er erlendis.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson. Matthías Þórðarson. Ágúst Jósefsson.
Pétur Ingimundarson. Guðm. H. Þorláksson. Kristinn Sigurðsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

År 1924, laugardaginn 13. desember kl. 2 e.h., var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Birni Arnórssyni leyft að byggja hænsnahús á erfðafestulandi sínu Laugamýrarbletti XII. Stærð 41.73 ferm. Gjald kr.5.oo. Leyfið er því skilyrði bundið, að bæjarstjórnin samþykki að byggja megi þessa byggingu á erfðafestulandinu.

2. Júlíusi Árnasyni leyft, að tilskildu samþykki bæjarstjórnar, að byggja skúr á erfðafestulandinu Laugamýrarbletti XIV. Stærð 5.74 ferm. Gjald kr. 2.oo.

3. Einari Péturssyni leyft að gera steinsteypuskúr á lóðinni nr. 3 við Þórsgötu. - Stærð 24 ferm. Gjald 4 krónur.

4. Kristjáni Siggeirssyni synjað um að setja ris á skúr á baklóðinni nr. 13 við Laugaveg.

5. Skógræktarstjóra f.h. skógræktarinnar leyft að gera járnklæddan timburskúr á geymslulóð skógræktarinnar á Arnarhólstúni. - Stærð 24 ferm. Gjald 3 krónur.- Leyfið er því skilyrði bundið, að skúrinn verði rifinn, hvenær sem byggingarnefnd krefst þess með 6 mánaða fyrirvara.

6. Ísafoldarprentsmiðju h.f. leyft að setja dyr og breyta gluggum á skúrbyggingu við austurgafl hússins nr. 8 við Aðalstræti, með því skilyrði, sem sett var á fundi nefndarinnar 3. marz 1906, um að skúrinn verði fluttur inn í fyrirhugaða götulínu, þegar aðalhúsið verður flutt. Gjald 2 krónur.

7. H.f. Nýja Bíó leyft að byggja yfir stéttina fyrir framan Nýja Bíó með því skilyrði, að hurðum verði hagað þannig, að þær hindri á engan hátt aðgang að húsinu eða frá því. - Gjald 16 krónur.

8. Teknar fyrir umsóknir um að mega standa fyrir húsasmíði í Reykjavík. Nefndin samþykkti að viðurkenna eftirtalda trésmiði til að standa fyrir trésmíði húsa í Reykjavík:

1. Brynjólfur Jónsson, Barónsstíg 13. 2. Bjarni Sigurðsson Frakkastíg 13. 3. Einar Gíslason, Óðinsgötu 11.
4. Guðmundur Jónsson, Vitastíg 13. 5. Björn Sigurðsson, Njálsgötu 43B. 6. Vilhjálmur Árnason, Lindargötu 1B.
7. Finnur O. Thorlacius, Laufásvegi 10. 8. Tómás Tómásson, Laugavegi 53A. 9. Jóel Úlfsson, Hverfisgötu 100. (Nr. 9.).
10. Valgeir Jónsson, Bergstaðastræti 55. 11. Jón Guðnason, Urðarstíg 15A. 12. Guðjón Jónsson, Grettisgötu 31.
13. Sigurður Björnsson, Bergstaðastræti 55. 14. Sveinn Jónsson Vesturgötu 25B. 15. Þorlákur Ófeigsson, Laugavegi 89.
16. Þórður Þorsteinsson, Grettisg. 35. 17. Jón Ásmundss. Bragag. 31.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

18. Marel Ólafsson, Nönnugötu 1. 19. Einar Einarsson, Bjargarstíg 16. 20.Ólafur Theódórs, Bergstaðastræti 49.
21. Guðjon Jónsson, Brunnstíg 10. 22.Páll Ó. Lárusson,Spítalastíg 6. 23.Sigurjón Oddsson, Laugavegi 27B.
24. Björn Björnsson, Óðinsgötu 22. 25.Sigvaldi Bjarnason, Laufásvegi. 26.Kristján Hansson, Frakkastíg 7.
27. Sigtryggur Jóhannesson,Laugavegi 16. 28.Jóhann Hafliðason, Njálsgötu 5A. 29.Pétur Þorvaldsson,Hverfisgötu 90.
30. Samúel Jónsson, Skólavörðustíg 35. 31.Einar Jónsson Leó, Þórsgötu 7. ~~Kristján/~~ 32.Kristján Jóh. Kristjánsson, Týsgötu 4. 33.Ólafur Th. Guðmundsson, Laugavegi 34B.
34. Guðmundur Eiríksson, Bræðraborgarstíg 11. 35.Þorbjörn Þorsteinsson,Týsgötu 4. 36.Jóhannes Jósefsson,Bergststr.40.
37. Gísli Björnsson, Hverfisgötu 86. 38.Bjarni Guðnason, Þórsgötu 20B. 39.Ragnar Þórarinsson,Þórsgötu 17A.
40. Þorsteinn Ásbjörnsson, Bragagötu 33. 41.Guðmundur Þorgrímsson,Bergstaðastræti 6B. 42.Stefán Einarsson,Bergstaðastræti 4. 43.Þorvarður Steindórsson,Laugavegi 33B.
44. Níels Guðmundsson,Bragagötu 26A. 45.Ólafur Elíasson, Holtsgötu 11. 46.Karl Þ. Þorvaldsson,Bergstaðastræti 61.

Ennfremur samþykkti nefndin að viðurkenna eftirtalda múrsmiði til að sjá um múrsmíði húsa í Reykjavík:

1. Kristinn Sigurðsson, Óðinsgötu 13. 2.Sveinn Ó. Guðmundsson, Frakkastíg 11. 3.Gísli Magnússon, Grettisgötu 1.
4. Jón E. Gíslason, Þórsgötu 11. 5.Einar Kr. Guðmundsson, Bjargarstíg 15. 6.Gunnar Sigurðsson,Laugavegi 51.
7. Guðni Sigurðsson, Hverfisgötu 66. 8.Páll Ólafsson, Bergstaðastræti 7. 9.Guðni Guðmundsson, Grettisgötu 20A.
10. Guðmundur Þorleifsson, Þórsgötu 19. 11.Sigurður Þorkelsson, Njálsgötu 50. 12.Kristinn Guðmundsson,Njálsgötu 44.
13. Kjartan Ólafsson, Hverfisgötu 58A. 14.Bergsteinn Jóhannesson, Hverfisgötu 84. 15.Rögnvaldur Þorsteinsson,Laugav.65.
16. Páll Þorvaldsson, Þórsgötu 27. 17.Einar Jónsson, Bræðraborgarstíg 31. 18.Guðni Egilsson,Ránargötu 26.
19. Guðmundur Helgi Bjarnason, Bergstaðastræti 6.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Guðmundur Ásbjörnsson, settur borgarstjóri.
Matthías Þórðarson. Ágúst Jósefsson. Pétur Ingimundarson.
Kristinn Sigurðsson. Guðm. H. Þorláksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1925, laugardaginn 10. janúar, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingafnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Hlutafélagið Kveldúlfur fer fram á að fá leyfi til að byggja saltgeymsluhús á lóð á austurbakka hafnarinnar, er félagið hefur á leigu hjá hafnarnefndinni.- Stærð hússins er 898.5 ferm. og verður byggð úr timbri með bárujárni. Nefndin mælir með að undanþága verði veitt til þessarar byggingar, enda verði húsin ekki notuð til annars en salt- og fiskgeymslu eða annars ekki eldfimara efnis.- Leyfisgjald 108 kr. . Leyfið er bundið sömu skilyrðum og aðrar byggingar á hafnaruppfyllingunni.

2. Lögð fram beiðni frá Morg & Co. um að mega setja reykháf á geymsluhús félagsins við Tryggvagötu. Byggingarnefndin vill ekki verða við þessari beiðni.

3. Johanni Eyjólfssyni leyft að setja tvennar dyr á hús sitt Hafnarstræti 18, aðrar á gafl hússins, sem snýr að Kolasundi en hinar á hlið hússins,sem snýr að Hafnarstræti.- Gjald 4 kr.

4. A. Meinholt leyft að setja hæð ofan á húsið nr. 5 við Laugaveg.- Gjald 10 kr.

5. Sigríði Ólafsdóttur leyft að hafa 18 cm. þykka veggi á tveimur efstu hæðum skúrsins við bakhlið húsins nr. 96A við Hverfisgötu, þó með því skilyrði, að skúrinn verði steyptur og höfð ekki minna en 12 stk. 10 mm. járn lóðrétt í steypunni.- Gjald 2 krónur.

6. Jóni Stefánssyni leyft að setja bökunarofn í kjallara bakhússins nr. 17 við Laugaveg. Gjald 2 kr.

7. Teknar fyrir umsóknir til að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík. Nefndin samþykkti að viðurkenna eftirtalda trésmiði til að standa fyrir trésmíði húsa í Reykjavík:

47.a. Sigurð S.Skagfjörð, Grjótagötu 14b.
48.b. Þórð Þórðarson, Laugavegi 81.

Ennfremur/viðurkenndi nefndin /samþykkti eftirtalda múrsmiði til að sjá um múrsmíði húsa í Reykjavík:

19.a. Jón H. Gíslason, Bræðraborgarstíg 5.
20.b. Þorkel Bergsveinsson, Lindargotu 1.
21.c. Sigurð Jónsson, Hverfisgötu 82.
22.d. Björn Jónsson, Bræðraborgarstíg 37.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson, settur borgarstjóri. Matthías Þórðarson.
Kristinn Sigurðsson. Ágúst Jósefsson. Guðm. H. Þorláksson.
Pétur Ingimundarson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1925, laugardaginn 31. janúar, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Sæmundi Magnússyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr.8 við Bergþórugötu. Stærð 47.61 ferm. Gjald kr. 6.oo.

2. Chr. Smidt leyft að breyta þaki á húsinu nr. 18 við Lindargötu (bakhúsinu) og nota asbest.sement-plötur á þakið í stað bárujárns. Gjald 4 krónur.

3. Búnaðarfélagi Íslands synjað um að byggja skúrbyggingu úr steini á vesturhluta lóðarinnar við Lækjargötu.

4. Einari Jónssyni, Þórsgötu 15, leyft að byggja geymsluskúr úr steini á baklóð hússins. Stærð 17.95 fermetrar. Gjald 3 krónur.

5. A.J.Johansson leyft að byggja einlyft hús úr steinsteypu á lóð hans á Sólvöllum (Nyjatúni). Stærð 79 ferm. Gjald kr.20.oo. Loðarstærð 590 ferm. Leyfið er veitt með því skilyrði, að húseigandi sjái sér sjálfur fyrir aðgangi að húsinu, frárennsli og vatni.

6. Birni Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu við Sóleyjargötu. Stærð 165.4 ferm. Lóðarstærð 953.5 ferm. Gjald 48 krónur.

7. Vélsmiðjan "Héðinn" sækir um leyfi til að byggja smiðjuhús á lóðinni bak við húsið nr.6b við Aðalstræti. Nefndinni er kunnugt um, að skipulagsnefndin hefir með höndum tillögur til framtíðar skipulags á Grjotaþorpinu, og samþykkti því að vísa þessu máli til skipulagsnefndar til umsagnar.

8. Gísli Halldórsson, fyrir hönd Sigríðar Ólafsdóttur, sækir um að lóðinni nr. 96a við Hverfisgötu verði skipt í tvær lóðir þannig, að vesturhluti lóðarinnar 6.45 m. frá austri til vesturs og 15.6 m. frá norðri til suðurs. Þessi hluti lóðarinnar á að hafa gangréttindi sunnan og norðanverðu við húsið nr. 96a að austan, og ennfremur sömu gangréttindi um lóðina 96 við Hverfisgötu og húsið nr. 96A hefir.- Á þessum vestri hluta lóðarinnar leyfði byggingarnefndin tvílyft steinsteypuhús á fundi nefndarinnar 29. nóvember síðastliðinn og verður það nr. 96b við Hverfisgötu.

9. Hlutafélaginu Ísbjörninn synjað um leyfi til að hækka veggi og breyta þaki á geymsluskúr við Skothúsveg.

10. Haraldi Árnasyni synjað um leyfi til að gera viðbótarbyggingu bak við húsið nr. 22 við Austurstræti og gera bakhliðina upp á tvær hæðir.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson, settur borgarstjóri. Kristinn Sigurðsson. Matthías Þórðarson. Ágúst Jósefsson. Guðm.H.Þorláksson. Pétur Ingimundarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1925, laugardaginn 14. febr. var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.-

Þetta gerðist á fundinum:

1. Guðmundi Olafssyni & Sandholt leyft að byggja íbúðar- og brauðgerðarhús úr steinsteypu á lóðinn nr. 36 við Laugaveg. Stærð 235.42 ferm. Ennfremur er þeim leyft að flytja húsið nr.36, sem nú stendur við götuna, á baklóðina með því skilyrði að húsið verði látið standa samhliða Laugavegi og eldvarnargafl verði hafður í húsinu á lóðarmörkum. Gjald 77 kronur.

2. Júní Magnússyni leyft að byggja tvílyftan geymsluskúr úr steinsteypu á lóðinni nr.7 við Bjargarstíg. Leyfið er veitt með því skilyrði, að skúrinn standi á vesturhluta lóðarinnar. Stærð 19.84 ferm. - Gjald kr. 4.oo.

3. Kristjáni Schram leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á vesturhluta loðarinnar nr. 36 við Vesturgötu. Stærð 105.4 ferm. Gjald 31 króna. - Skúr við vesturgafl gamla hússins nr. 36 verður rifinn. - Stærð skúrsins er 14.8 ferm.

4. Þorkell Magnússon, Freyjugötu 17, sækir um skiptingu leigulóðarinnar nr.17 við Freyjugötu, þannig að bakloðin, sem hann ætlar að láta af hendi við Finnboga Ólafsson, verði 8.6 m. á dýpt og 15m. meðfram Freyjugötu. Tveggja metra gangréttur verður að baklóðinni um vesturhluta lóðarinnar nr.17. - Baklóðin verður nr. 17a.- Nefndin samþykkti þessar skiptingu lóðarinnar.

5. Finnboga Ólafssyni leyft að byggja tvílyftan íbúðarskúr úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 17a við Freyjugötu. Stærð 48.76 fermetrar. Gjald 6 krónur. - Leyfið er veitt með því skilyrði, að Þorkell Magnússon og Finnbogi Ólafsson skrifi áður undir nýja leigusamninga.

6. Bjarni Jónsson afsalar sér byggingarleyfi því við Sóleyjargötu, sem honum var veitt á síðasta fundi nefndarinnar, 27. jání þ.á.

7. Tekið fyrir á ný erindi vélsmiðjunnar "Héðinn", um byggingu smiðjuhúss á baklóðinni við Aðalstræti 6b. Erindi þetta sendi byggingarnefndin skipulagsnefnd til umsagnar á síðasta fundi og hefur verið haldinn fundur um málið, og hefur samvinnunefnd lagt á móti því að þessi bygging verði leyfð.- Byggingarnefndin fellst á þessa skoðun ~~byggingar~~ samvinnunefndar og synjar því um hið umbeðna leyfi.

Á fund vantaði Kristinn Sigurðsson. Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið.

Guðm.Ásbjörnsson,settur borgarstjóri. Ágúst Jósefsson. Pétur Ingimundarson. Matthias Þórðarson. Guðm. H. Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1925, laugardaginn 28. febrúar, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. P. Petersen leyft að byggja þrílyft kvikmyndahús úr steinsteypu á lóð, sem hann hefur keypt af Jóni Zöega, og er vestanvert við Ingólfsstræti. Stærð 591.26 ferm. Byggingarleyfisgjald kr. 316.oo.

2. Kristni Guðmundssyni leyft að byggja einlyftan íbúðarskúr úr steinsteypu, á baklóðinni nr. 18 við Vitastíg. Stærð 39.9 ferm. Gjald kr.10.oo.

3. Sigurði Þórólfssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á erfðafestulandi hans Hábæjarbletti við Kaplaskjólsveg. Stærð 48.45 ferm. Gjald kr. 8.oo. Leyfið er því skilyrði bundið, að bæjarstjórnin samþykki að byggt sé á erfðafestulandinu.

4. Magnhildi Andrésdóttur leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 1 við Lokastíg. Stærð 77.24 ferm. Gjald kr. 21.oo.

5. Samkvæmt beiðni Þórðar Þorsteinssonar, samþykkti nefndin að skipta leigulóðinni nr. 10 við Nönnugötu þannig, að austurhluti lóðarinnar verður 6 metrar meðfram Nönnugötu og 19.6 metrar upp frá götunni, en afgangurinn verður 140.1 fermeter.

6. Fundargerð skipulagsnefndar 24. febrúar lögð fram. Ennfremur var lögð fram fundargerð samvinnunefndar 28. febrúar og fellst byggingarnefndin á tillögur þær, sem þar eru gerðar, með þeirri breytingu, að hornið á Aðalstræti og Túngötu verði sneitt.

7. Samþykkt að halda aukafund í nefndinni næstkomandi laugardag kl. 4 síðdegis, til að afgreiða umsókn um að standa fyrir ~~byggingum~~ húsabyggingum.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm.Ásbjörnsson. Matthías Þórðarson.
Kristinn Sigurðsson. Pétur Ingimundarson. Ágúst Jósefsson.
Guðm. H. Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1925, laugardaginn 14. marz, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Vilhelm Bernhöeft leyft að byggja hænsnahús í erfðafestulandinu Vatnsmýrarbletti nr. 19. Stærð 44.08 ferm. Gjald kr. 5.oo. Leyfið er því skilyrði bundið, að bæjarstjórnin veiti leyfi til að byggja á erfðafestulandinu.

2. H.f. Hamar leyft að lengja vinnuskúr á uppfylltri lóð austanvert við Ægisgötu og norðan Tryggvagötu, með sömu kvöðum og áður hvíla á lóðinni. Stærð 80 ferm.- Gjald 12 krónur.

3. Kristjáni Jóhannssyni leyft að byggja bifreiðaskúr á lóðinni nr. 18 við Barónsstíg. Stærð 28 ferm. Gjald kr. 4.oo.

4. Steingrími Arasyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr stein á lóð, sem hann hefir keypt úr lóðinni nr. 50 við Bergstaðastræti. Stærð 69.08. Gjald kr. 18.oo. Stærð lóðarinnar eftir framlögðum uppdrætti 264 fermetrar. Húsið verður nr. 50A við Bergstaðastræti.

5. Ágúst Ármann fer fram á, að leigulóðinni nr. 20 við Þórsgötu verði skipt í tvo hluta. Byggingarnefndin getur ekki mælt með þessari beiðni sökum þess, hvernig húsum er skipað á lóðinni.

6. Teknar fyrir umsóknir trésmiða um viðurkenningu, sem húsasmiðir í Reykjavík. Nefndin samþykkti að viðurkenna þessa menn:

49. Guðmund Guðmundsson, Laugavegi 117. 50. Sigurð Halldórsson, Þingholtsstræti 7. 51. Guðjón Vilhjálmsson, Hverfisg. 34. 52. Markús Ísleifsson, Týsgötu 7. 53. Guðmund Halldórsson, Grundarstíg 5. 54. Grunnrek Jónsson, Bergþórugotu 3.

Ennfremur samþykkti nefndin að viðurkenna þessa menn til að standa fyrir múrsmíði húsa í Reykjavík:

23. Jón Eiríksson Urðarstíg 15. 24. Kornelíus Sigmundsson, Óðinsgötu 19. 25. Sigurð Hjörleifsson, Njálsgötu 58.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen. Ágúst Jósefsson. Kristinn Sigurðsson. Guðm. H. Þorláksson. Pétur Ingimundarson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1925, laugardaginn 28. marz, kl. 4 e.h., hélt byggingarnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Snæbirni Jónssyni leyft að byggja tvílyft steinsteypuhús á lóðinni nr. 7B við Holtsgötu. Stærð 74.4. Gjald kr.24.oo.

2. Elíasi S. Lynddal leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 8b við Kárastíg. Stærð 63 ferm. Gjald kr. 16.oo. Stærð lóðarinnar er 242.2 fermetrar.

3. Tómási Jónssyni og Guðbirni Eyjólfssyni leyft að hækka suðurhlið hússins 32a við Laugaveg. Gjald 4 krónur.

4. Sveini Jónssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni næst fyrir vestan hús Sigurðar Magnússonar við Ránargötu. Stærð 76.4 ferm. Lóðarstærð eftir framlögðum uppdrætti 230 ferm. Gjald 25 krónur.

5. Steingrími Pálssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á erfðafestulandinu Laugamýrarbletti nr. XIX. Stærð 28.12. Gjald 4 krónur. Leyfið er því skilyrði bundið, að bæjarstjórn leyfi að byggja á erfðafestulandinu.

6. Helga Magnússyni & Co. leyft að byggja verzlunar- og íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr.19 við Hafnarstræti. Stærð 198.88 fermetra. Gjald 74 krónur.

7. Helga Magnússyni leyft að byggja viðbótarbyggingu við vesturgafl hússins nr. 6 við Bankastræti. Stærð 50.06 ferm. Gjald 19 krónur.

8. Magnús Sæmundsson, Nönnugötu 3, fer fram á að leigulóðinni Nönnugötu 3, verði skipt í tvær lóðir þannig, að efri hlutinn verði ca. 96 fermetrar að stærð. Nefndin vill ekki mæla með þessari beiðni.

9. Tekið fyrir á ný erindi Ágústs Ármann um skiptingu á leigulóðinni nr. 20 við Þórsgötu. Nefndin leggur til að lóðinni verði skipt þannig, að norðurtakmörk baklóðarinnar verði við skúrgafl hússins á framlóðinni, og að eldvarnarveggur verði byggður á skúrinn og steingirðing verði sett á lóðartakmörk milli húsanna. Gangréttur að bakhúsinu er um vesturhluta framlóðarinnar.

10. Teknar fyrir umsóknir trésmiða um viðurkenningu sem húsasmiðir í Reykjavík. Nefndin samþykkti að viðurkenna þessa menn:
55. Jón Sveinsson, Kirkjutorgi. 56.Steingrímur Guðmundsson, Amtmannsstíg 4. 57.Brynjólf N. Jónsson,Miðstræti 10.
58. Svein G. Gíslason, Hverfisgötu 72. 59.Gísla Halldórsson, Hverfisgötu 70a. 60.Sveinbjörn Kristjánsson,Laugavegi 105.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ennfremur samþykkti nefndin að viðurkenna sem múrsmið.

26. Óla Ásmundsson, Nönnugötu 16.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen. Ágúst Jósefsson. Guðm. Ásbjornsson.
Guðm. H. Þorláksson. Kristinn Sigurðsson. Pétur Ingimundarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1925, laugardaginn 11. apríl, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni í skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Thorvaldsensfélaginu leyft að breyta gluggum á húsinu nr. 3A við Veltusund. Gjald kr. 2.oo.

2. Steindóri Gunnlaugssyni, fyrir hönd eigenda hússins nr.12 við Laugaveg, leyft að gera steinskúr við bakhlið hússins. Stærð 10.8 ferm. Gjald kr. 2.oo.

3. Einari Hróbjartssyni leyft að byggja þvottahús úr steinsteypu á baklóð hússins nr. 19 við Brekkustíg. Stærð 13,44 ferm. Gjald kr. 2.oo.

4. Guðjóni Guðmundssyni leyft að byggja heyhlöðu og hesthús úr steinsteypu á baklóð hússins nr. 91 við Laugaveg. Stærð 46 ferm. Gjald kr. 2.oo.
Skylt er að láta heilbrigðisnefnd vita áður en verkið er hafið og hlýta fyrirmælum heilbrigðissamþykktarinnar um peningshús.

5. Bjarna og Þórði Johannssonum leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á leigulóðinni nr. 52 við Frammnesveg. Stærð 21.47 ferm. Gjald kr. 4.oo.

6. Oddi Hermannssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 4 við Sóleyjargötu. Stærð 95.5 ferm. Gjald kr. 31.oo. Stærð lóðarinnar er samkvæmt framlögðum uppdrætti 756 ferm.

7. Teknar fyrir umsóknir trésmiða um viðurkenningu sem húsasmiðir í Reykjavík. Nefndin samþykkti að viðurkenna þessa menn:

61. Guðjón H. Sæmundsson, Þingholtsstræti 12, og
62. Sigurð Bjargmundsson, Grettisgötu 22B.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Matthías Þórðarson.
Pétur Ingimundarson. Kristinn Sigurðsson. Guðm.H.Þorláksson.
Ágúst Jósefsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1925, miðvikudaginn 6. maí, kl. 10 árdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lagðar fram fundargerðir samvinnunefndar 28. apríl og 5. maí. Samvinnunefndin lagði til á fundi sínum 28. apríl, að ákveðinn verði nýr stígur, 9 metra breiður, austast á Arnarhólstúni, milli Sölvhólsgötu og Lindargötu, enda verði þá leyfður aðgangur að húsinu 1D við Lindargötu um lóðina nr. 1C við sömu götu. Byggingarnefndin er samþykk þessari tillögu, og leggur til að hún verði samþykkt.

2. Sigurði Nordal leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 13 við Freyjugötu. Stærð 94.95 ferm. Gjald kr. 31.00. Húsið stendur við götulínu Baldursgötu.

3. Jóni Jóhannssyni leyft að setja hæð ofan á húsið nr. 69 við Laugaveg. Gjald kr. 8.00.

4. Ásgeir Jónssyni og Magnúsi Péturssyni synjað um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús á lóðinni nr. 5 við Þórsgötu.

5. Ágúst Jónssyni og Birni Þorgrímssyni leyft að gera viðbótarbyggingu úr steini við húsið nr. 8 við Grettisgötu. Stærð 34.6 ferm. Gjald kr. 10.00.

6. Boga Ólafssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóð, sem hann kaupir úr Nýjatúni. Stærð 91.33 $m^2$. Gjald kr. 31.00. Særð lóðarinnar er samkvæmt framlögðum uppdrætti 449.28 ferm. Leyfið er veitt með sömu skilyrðum og aðrar byggingar á Nýjatúni.

7. Þorkeli Helgasyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 25 við Bræðraborgarstíg. Stærð 76.3 ferm. Gjald kr. 19.00. Hús, sem var á lóðinni, 39.69 ferm. að stærð, brann 11. apríl s.l.

8. Eiríki og Jóni, Ormssonum, leyft að stækka geymsluskúr á lóðinni nr. 13 við Baldursgötu. Stærð 27 ferm. Gjald kr.4.00.

9. Guðnýju Þorsteinsdóttur leyft að stækka húsið nr. 6 við Fálkagötu um 20.79 ferm. Gjald kr. 3.00.

10. Guðm. Þórðarsyni leyft að byggja þvottahús og hesthús á baklóðinni nr. 39 við Vesturgötu. Stærð 31.4 ferm. Gjald kr. 4.00

11. Þórði Ág. Jónssyni leyft að gera viðbótarbyggingu úr steini, við hús hans við Barónsstíg. Stærð 24.4 ferm. Gjald kr. 4.00.

12. Jónasi Jónassyni leyft að stækka íbúðarskúrinn nr. 3B við Freyjugötu. Stærð 15.41 $m^2$. Gjald kr. 2.00.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Elíasi Guðmundssyni leyft að gera viðbótarbyggingu úr timbri við húsið nr. 35 við Bergstaðastræti. Stækkunin nemur 2.16 ferm. Gjald kr.2.oo.

14. Jóhannesi Magnússyni og Halldóri Einarssyni leyft að byggja einlyftan íbúðarskúr úr steinsteypu á lóð sem þeir fá hjá Jes Zimsen, við Laugarnesveg. Stærð hússins er 81.2 ferm. Gjald kr.12.oo.

15. Bjarna Árnasyni leyft að byggja þvotta- og geymsluhús á baklóðinni nr. 7 við Holtsgötu. Stærð 15.75 ferm. Gjald kr.2.oo

16. Jóni Þorlákssyni leyft að innrétta helming skúrsins nr. 25B við Baldursgötu til íbúðar. Gjald kr. 2.oo.

17. Snorri Fr. Welding leyft að setja hæð ofan á húsið nr. 13 við Urðarstíg. Gjald kr. 8.oo.

18. Einari Jónssyni og Guðmundi Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steini, á erfðafestulandi þeirra, Laugarásbletti I. Stærð 86.24 ferm. Gjald kr. 18.oo.

19. Hjörleyfi Guðbrandssyni leyft að hækka skúr við húsið nr. 20a við Grettisgötu. Gjald kr.2.oo.

20. Haraldi Árnasyni leyft að stækka húsið nr. 22 við Austurstræti og gera bakhliðina tvær hæðir. Stækkunin nemur 22.2 ferm. Ennfremur er honum leyft að flytja Bifreiðarstöð Reykjavíkur að Eymundsonshúsinu og byggja skúr milli bifreiðarstöðvarinnar og hússins nr. 22 við Austurstræti. Sú stækkun nemur 20.75 ferm. Gjald kr. 22.oo.

21. Pétri Björnssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóð, sem hann kaupir úr Nýjatúni. Stærð 66.88 ferm. Gjald kr. 15.oo. Skilyrði sama og fyrir aðrar bygginar á Nýjatúni.

22. Boga Þórðarsyni synjað um leyfi til að byggja véla- og íbúðarhús á lóðinni nr. 8 við Frakkastíg.

23. Skæringi Hróbjartssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á Stekkjarholtsbletti. Stærð 52.5 ferm. Gjald kr. 13.oo.

Leyfið er því skilyrði bundið, að bæjarstjórnin samþykki að byggt sé í erfðafestulandinu.

24. Ingimundi Jónssyni og Jóni Magnússyni leyft að byggja fiskgeymsluhús úr steinsteypu á stakkstæðislóð þeirra við Hringbraut. Stærð 195.25 ferm. Gjald kr.25.oo.

25. Teknar fyrir umsóknir um að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík. Nefndin samþykkti að viðurkenna þessa menn:

Sjá næstu síð, blaðsíðu 83- (83).-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þessir trésmiðir voru viðurkenndir sem Húsasmiðir:

63. ElíasGuðmundsson, Bergstaðastræti 35.
64. Sigurður Sigmundsson, Fálkagötu 11.
65. Jens Eyjólfsson, Grettisgötu 11.
66. Sigurjón Sigurðsson, Vonarstræti 8.
67. Þorsteinn F. Einarsson, Efribrekku.
68. Steindór A. Ólafsson, Freyjugötu 5.
69. Árni Jóhannsson, Óðinsgötu 22.

Og þessir múrsmiðir:

27. Magnús Magnússon, Hverfisgötu 49.
28. Samúel Guðmundsson, Vesturgötu 25B.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 4 1/4 síðdegis.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Kristinn Sigurðsson.
Ágúst Jósefsson. Pétur Ingimundarson. Matthías Þórðarson.
Guðm. H. Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1925, Laugardaginn 16. maí, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Hjalta Jónssyni leyft að gera viðbótarbyggingu úr steini, við húsið nr. 8 við Bræðraborgarstíg. Stærð 9.89 ferm. Gjald kr. 2.00.

2. Ólafi Þorsteinssyni leyft að setja syr í stað glugga á horn hússins nr. 2 við Skólatún. Gjald kr. 2.00.

3. Ásgeir Jónssyni og Magnúsi Pálmasyni (Pálmasyni) leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 5 við Þórsgötu. Stærð 86.74 ferm. Gjald kr. 15.00.

4. Málfríði Oddsson leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðarspildu sem hún fær úr lóðinni nr.22 við Þingholtsstræti. Stærð 65.52 ferm. Gjald kr. 19.00. Stærð lóðarinnar er 206 ferm. Húsið verður nr. 22A við Þingholtsstræti.

5. Jónatan Þorsteinssyni leyft að gera steinsteyptan skúr á lóðinni nr. 31 við Laugaveg. Stærð 105 ferm. Gjald kr.25.00.

6. H/f. Hamar synjað um leyfi til að hækka skúr við hús þess við Tryggvagötu, þar sem það kemur í bága við fyrirhugaða götuskipun.

7. Bjarna Péturssyni leyft að gera viðbótarbyggingu úr steinsteypu við húsið nr. 46A við Vesturgötu. Stærð 19.81 ferm. Gjald kr. 8.00.

8. Hannesi Ólafssyni leyft að byggja tvílyft verzlunar- og íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni, sem er á horni Grettisgötu og Klapparstígs. Stærð 149.96 ferm. Gjald kr. 42.00.

9. Guðlaugi Þorbergssyni leyft að gera viðbyggingu úr steinsteypu við húsið nr. 5 við Frakkastíg. Stærð 26.86 ferm. Gjald kr. 7.00.

10. Byggingarnefndin fellst á tillögur þær, sem samvinnunefndin gerði á fundi sínum 16. maí, og leggur til að bæjarstjórnin samþykki þær.

11. Steindóri Einarssyni synjað um leyfi til að byggja bifreiðarskúr á leigulóðum Landsbankans við Framnesveg.

12. Kristjönu Pétursdóttur leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 34 við Tjarnargötu. Stærð 88.1 ferm. Gjald kr. 22.00.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Rætt um skipulag bygginga við Njarðargötu, en engin ákvörðun tekin á þessum fundi. Samþykkt að halda aukafund í nefndinni næstkomandi miðvikudag, til að ljúka við tillögur um skipulagið.

14. Guðjóni Guðjónssyni leyft að skipta lóðinni nr. 47 við Grettisgötu og selja vesturhluta hennar, sem verður 107.1 ferm. að stærð, með gangrétti frá Vitastíg. Hin selda lóð verður nr. 47A við Grettisgötu.

15. Teknar fyrir umsóknir um að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík. Ákveðið var að viðurkenna þessa trésmiði:

70. Skúla Jónsson, Baldursgötu 19.
71. Guðjón O. Jónsson, Laugavegi 91A.

Kristinn Sigurðsson fór af fundi áður en umræðum um 10. lið var lokið.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Matthías Þórðarson.
Pétur Ingimundarson. Ágúst Jósefsson. Guð. H. Þorláksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1925, miðvikudaginn 20. maí, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Haldið áfram umræðum um skipulag bygginga við Njarðargötu. Nefndin leggur til, að á svæðinu milli Freyjugötu og Nönnugötu, verði byggðar samfelldar byggingar, allar tvílyftar, en á baklóðunum á þessu svæði byggð einlyft eða tvílyft hús, eftir því sem óskað verður, og séu þau byggð tvö og tvö saman, og hafi öll húsin gang frá gangstígnum, sem verður bakvið lóðinnar. Allt samkvæmt framlögðum uppdrætti.

2. Teknar fyrir umsóknir um að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík.

Ákveðið var að viðurkenna sem trésmiði:

72. Sólmund Kristjánsson, Bjargastíg 6.
73. Kristjón Jónsson, Skólavörðustíg 26.
74. Páll B. Stefansson, Bergþórugötu 14.

Ennfremur var samþykkt að viðurkenna þessa múrsmiði:

29. Þorgrím Jónsson, Laugavegi 109.
30. Guðjón kr. Jónsson, Óðinsgötu 15.
31. Jón Gíslason, Njálsgötu 22.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Matthías Þórðarson. Pétur Ingimundarson. Guðm. H. Þorláksson Kristinn Sigurðsson. Ágúst Jósefsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1925, laugardaginn 30. maí, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. O. J. Olsen, f.h. S.D.Aðventista, leyft að byggja samkomuhús við Ingólfsstræti og Hallveigarstíg, úr steinsteypu. Stærð 293.17 ferm. Gjald 106 krónur. - Lóðarstærð: 693.75 ferm.
Leyfið er því skilyrði bundið, að greitt verði götugjald 2 krónur af hverjum ferm. lóðarinnar áður en byrjað er á byggingunni.

2. Guðmundi B. Kristjánssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á horninu á Ægisgötu og Ránargötu. Stærð 78.2 ferm. Gjald 19 krónur. Lóðarstærð sögð 200 ferm.
Leyfið er því skilyrði bundið, að götugjald sé greitt af lóðinni áður en byrjað er á byggingunni, og að lóðareigandi sjái sér sjálfur fyrir vatni og aðgangi að húsinu, unz gatan verður gerð.

3. Boga Þórðarsyni leyft að byggja tvílyft íbúðar- og verksmiðjuhús á lóðinni nr. 8 við Frakkastíg. Stærð 144.32 ferm. Gjald 41 króna.

4. Sólmundi Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 6 við Bergþórugötu. Stærð 46.24 ferm. Gjald 10 krónur.

5. Indriða Gottsveinssyni leyft að byggja viðbótarbyggingu úr steinsteypu við húsið nr. 15 við Óðinsgötu. Stærð 34.44 m². Gjald 7 krónur.

6. Guðmundi Thoroddsen prófessor leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu við Fjólugötu ofanverða. Stærð 95.9 ferm. Gjald 27 krónur. Lóðarstærð samkvæmt framlögðum uppdrætti 591.43 ferm.

7. Vélsmiðjunni "Héðinn" leyft að byggja smiðahús úr steinsteypu á lóðinni nr. 6B við Aðalstræti. Stærð 110.5 ferm. Gjald 36 krónur.

8. Sigurjóni Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr.12 við Öldugötu. Stærð 77.3 ferm. Gjald 22 krónur. Leyfið er því skilyrði bundið, að greitt verði götugjald af lóðinni, áður en byggingarleyfi er gefið út.

Fundinum frestað til þriðjudags n.k. kl.10 árdegis.
Á fund vantaði Matthías Þórðarson.

Guðm. Ásbjörnsson. Ágúst Jósefsson. Guðm. H. Þorláksson.
Kristinn Sigurðsson. Pétur Ingimundarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1925, þriðjudaginn 2. júní, kl. 10 árdegis, var fundinum haldið áfram.

Þetta gerðist:

9. Elínu J. Bríem synjað um leyfi til að gera tvílyftan inngönguskúr úr timbri, við húsið nr. 7 við Bókhlöðustíg.

10. Metúsalem Jóhannessyni synjað um leyfi fil að byggja hús á lóð hans nr. 16 við Ingólfsstræti, með því að það kemur í bága við skipulag það, sem bæjarstjórnin hefur nýlega samþykkt.

11. Ágúst H. Bjarnason leyft að gera viðbótarbyggingu úr steini við húsið nr. 3 við Hellusund. Stærð 20.4 fermetrar. Gjald kr. 5.oo.

12. Benedikt Gabríel Benediktssyni leyft að gera íbúðarskúr úr steini á baklóð hússins nr. 4 við Freyjugötu. Stærð 28.02 ferm. Gjald kr. 5.oo.

13. Hannesi Einarssyni leyft að setja tvo kvisti á húsið nr. 16 við Óðinsgötu. Gjald kr. 4.oo.

14. H.f. "Ari Fróði" leyft að gera viðbótarbyggingu við fiskhús félagsins í Rauðarárholti. Stærð 218.23 ferm. Gjald kr. 44.oo. Leyfið er veitt með skilyrði um að byggingin sé tekin burtu bænum að kostnaðarlausu að leigutíma fiskreits liðnum.

15. Þórði Stefánssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 5 við Framnesveg. Stærð 70.2 ferm. Gjald kr. 23.oo.

16. Friðgeir Bjarnasyni synjað um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr 8 cm. plötum.

17. Teknar fyrir umsóknir um að standa fyrir byggingu húsa og var samþykkt að viðurkenna þessa trésmiði:

75. Þorstein Guðmundsson, Tjarnargötu 4.
76. Árna Erasmusson, Grettisgötu 44.

18. Lögð fram umsókn frá Þorleifi Eyjólfssyni um leyfi til að nota svokallaðan "Vinkilstein" til húsabygginga hér í bænum. Nefndin ákvað að fara og skoða steininn áður en hún gerði tillögur um hvort leyfa ætti að nota hann.

Fleira ekki gert. Á fund vantaði Kristinn Sigurðsson og Matthías Þórðarson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Ágúst Jósefsson. Pétur Ingimundarson. Guðm. H. Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1925, laugardaginn 13. júní, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Þórarni Kristjánssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 3 við Lokastíg. Stærð 67.71 $m^2$. Gjald kr. 15.00. Stærð lóðarinnar er 157.5 ferm.

2. Inga Halldórssyni leyft að gera einlyftan steinsteypuskúr við húsið nr. 14 við Vesturgötu. Stærð 9.5 ferm. Gjald kr. 2.00.

3. Pétri Sigurðssyni leyft að gera viðbótarbyggingu úr steinsteypu, við húsið nr. 51 við Vesturgötu. Stærð 20.1 ferm. Gjald kr. 3.00.

4. Ólafi Auðunssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 10c við Bergstaðastræti. Stærð 45.73 ferm. Stærð lóðarinnar er 61.22 ferm. Gjald kr. 11.00.

5. Elíasi Elíassyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 7 við Urðarstíg. Stærð 45 ferm. Gjald kr. 13.00.

6. Jónasi Jónssyni leyft að byggja geymsluskúr úr steinsteypu á lóðinni nr. 9 við Baldursgötu. Stærð 27.3 (27.3) ferm. Gjald kr. 7.00.

7. Jóhannesi Sveinssyni leyft að gera viðbótarbyggingu úr steinsteypu við húsið nr. 6 við Freyjugötu. Stækkunin er 49.22 ferm. Gjald kr. 20.00.

8. Sigurði Nordal leyft að láta húsið nr. 13 við Freyjugötu standa 2 (m) innan við Götulínu. Gjald kr. 2.00.

9. Jóni Baldvinssyni, f.h. Fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna, leyft að byggja einlyft samkomuhús með kjallara á lóðinni nr. 10 við Hverfisgötu. Stærð 68.42 ferm. Gjald kr. 17.00. Húsið verður byggt úr steinsteypu og er partur úr fyrirhugaðri byggingu.

10. Þórði Þorsteinssyni leyft að gera steinsteypuskúr á bakvið húsið nr. 25 við Baldursgötu. Stærð 6.5 ferm. Gjald kr. 2.00.

11. Guðrúnu Sigurðardóttur leyft að gera viðbótarbyggingu úr steinsteypu við húsið nr. 85 við Hverfisgötu. Stækkunin nemur 33.75 ferm. Gjald kr. 7.00.

12. Marteini Einarssyni leyft að gera geymsluskúr úr steinsteypu bak við húsið nr. nr. 29 við Laugaveg. Stærð 30.75 ferm. Gjald kr. 4.00.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Sambandi ísl. samvinnufélaga leyft að byggja garnahreinsunarhús á lóð, sem Sambandið fær á leigu hjá bænum. Stærð hússins er 472.5 ferm. Lóðin er við Rauðarárstíg og verður 35x33.15 ferm. Gjald kr. 67.oo.

14. Bjarna Sigmundssyni leyft að gera einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á nýbýlalandi, sem hann ætlar að taka á leigu í Sogamýri. Stærð 29 ferm. Gjald kr. 7.oo.

Í ~~þessari~~ tilefni af þessari umsókn samþykkti nefndin að byggingar í Sogamúri verði byggðar samhliða vegum leim, sem húsin standa næst, og standi 30 metra frá þjóðveginum og 15

_/frá metrá/vatnsveituveginum.

15. Karli Þórhallasyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á nýbýlalandi, sem hann fŕ í Sogamýri. Stærð 43.1 ferm. Gjald kr. 9.oo.

16. H.f.Hamar sækir enn á ný um leyfi til að gera viðbótarbyggingu þá, sem nefndin synjaði um á fundi sínum 6.maí s,l. Nefndin heldur fast við synjunina.

17. Byggingarnefndin samþykkir að skipta megi lóðinni nr. 53 við Laugaveg, þannig, að 215.9 ferm. norðan af lóðinni verði sérstök lóð er hafi aðgang frá Laugavegi yfir framlóðina vestan til.

18. Þorleifur Eyjólfsson sækir um leyfi til að nota svokallaðan Vínkilstein, til húsagerðar hér í bænum. Nefndin vill leyfa að byggja einlyft hús úr þessum steini, með því skilyrði, að hann sé ekki lakar gerður en sem svarar blöndun 1:2 1/2: 3 1/2 (sement, sandur, möl.), sem er ekki stærri en það, að hún gangi í gegn um sigti með 2 cm möskvum.

Kristinn Sigurðsson vill ekki leyfa að byggja úr holsteini.

19. Teknar fyrir umsóknir um að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík.

Ákveðið var að viðurkenna þessa trésmiði:

75. Ólaf Auðunsson, Freyjugötu 25. 76.Guðm.Hallsson,Laugav.58.
77. Loft Sigurðsson, Baldursgötu 14. 78.Gestur Magnússon, Grettisgötu 60. 79.Jón.Magnússon, Týsgötu 4.

Ennfremur var samþykkt að viðurkenna þessa múrsmiði:

32. Eyjólf Jónsson, Bergstaðastræti 46. 33. Finnboga Finnsson, Hverfisgötu 83. 34.Jón Eiríksson, Laugavegi 44.
35. Filippus Guðmundsson, Þórsgötu 19. 36.Guttorm Andrésson, Ingólfshúsinu. 37.Sigurð Pétursson, Mýrargötu 5.

Fleira ekki gert. Á fund vantaði Matthía Þórðarson, sem er á leið til útlanda.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Ágúst Jósefsson. Kristinn Sigurðsson. Guðm. E. Þorláksson. Pétur Ingimundarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1925, mánudaginn 29. júní, kl. 9 f.h., var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.-

Þetta gerðist:

1. Bernhard Petersen leyft að byggja þrílyft skrifstofu- og geymsluhús úr steinsteypu á lóð, sem hann á við Tryggvagötu fyrir neðan Merkistein. Stærð 339.3 ferm. Gjald kr. 154.oo. Aðgangur að lóðinni er frá Vesturgötu 12.

2. Framlagður uppdráttur af lóðarskiptingu á erfðafestulandi Hjálpræðishersins. Nefndin samþykkir skiptinguna.

3. Jóni Erlendssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 15 við Lokastíg. Stærð 92.23 ferm. Ennfremur er honum leyft að gera þvottahús á baklóðinni. Stærð 6.25 ferm. Gjald kr. 15.oo.

4. Tómási Jónssyni leyft að byggja einlyftan steinsteypuskúr á baklóð hússins nr. 32 við Laugaveg. Stærð 73.02 ferm. Gjald kr. 12.oo.

5. H.f. "Hamar" leyft að gera bráðabirgðabyggingu úr timbri, á lóð, sem það hefir á leigu hjá bænum við Tryggvagötu. Stærð 136.26 ferm. Gjald kr. 17.oo. Leyfið er bundið því skilyrði, að húsið verði tekið af lóðinni hvenær sem bærinn krefst þess með 6 mánaða fyrirvara.

6. A. J. Johnson leyft að gera útihús úr steinsteypu við hús hans á Nýjatúni. Stærð 17.5 ferm. Gjald kr. 3.oo.

7. Jóni Jónssyni leyft að gera steinsteypuskúr við húsið nr. 9 við Freyjugötu. Stærð 16 ferm. Gjald kr. 2.oo.

8. Jóni Símonarsyni leyft að setja hæð ofan á húsið nr.13 við Þórsgötu. Gjald kr. 7.oo.

9. Rafmagnveitu Reykjavíkur leyft að gera spennistöð á lóðinni nr. 34 við Bræðraborgarstíg. Stærð 24 ferm. Gjald kr. 4.oo.

10. Rafmagnsveitu Reykjavíkur leyft að gera spennistöð á lóðinni nr. 21 við Grundarstíg. Stærð 24 ferm. Gjald kr.4.oo.

11. Teknar fyrir umsóknir um að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík. Samþykkt var að viðurkenna þessa trésmiði:

80. Kjartan Eyjólfsson, Lindargötu 19. 81.Guðm.Egilsson Laugav.42.
Ennfremur var samþykkt að viðurkenna þessa múrsmiði:

38. Guðjón Gamalíelsson, Bergstaðastr. 6B. 39.Davíð Jónsson, Grettisgötu 33B.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði Matthías Þórðarson, sem er erlendis.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson.
Ágúst Jósefsson. Kristinn Sigurðsson. Guðm. H. Þorláksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1925, mánudaginn 13. júlí, kl. 9 árdegis, var fundur haldinn í byggingárnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. H.f. Njörður leyft að gera fiskgeymsluhús úr steinsteypu á fiskreitnum austan og norðan við Rauðarártún. Stærð 696.91 ferm. Gjald kr. 84.00. Leyfið er veitt með því skilyrði, að húsið verði flutt til, bænum að kostnaðarlausu, ef það kemur í bága við götuskipun, þegar hún verður ákveðin á þessu svæði.

2. Einari Einarssyni leyft að hækka húsið nr. 18 við Nýlendugötu og setja kvist á það. Gjald kr. 4.00.

3. Ólafi Þorleifssyni leyft að gera skúr og breyta viðbyggingu við húsið nr. 61 við Grettisgötu. Gjald kr. 4.00.

4. Ámunda Ámundasyni leyft að gera geymsluskýli úr bárujárni á lóð hans ofanvert við Tryggvagötu. Stærð 149.88 ferm. Gjald kr. 18.00. Leyfið er veitt með því skilyrði, að skýlið verði tekið í burtu, bænum að kostnaðarlausu, hvenær sem þess verður krafizt með 6 mánaða fyrirvara.

5. Magnúsi Th. S. Blöndahl leyft að gera einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á Nýjatúni. Stærð 86.85 ferm. Gjald kr. 25.00.

6. Nefndin mælir með því, að lóðinni nr. 22 við Baldursgötu verði skipt, þannig að forlóðin verði 149.8 ferm. en baklóðin 214.2 ferm., og hafi hún umferðarrétt um 2 m. breiðan gang um forlóðina.

7. Kjartani Ólafssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 22 við Baldursgötu. Stærð 47.62 ferm. Gjald kr. 6.00.

8. Ragnheiði Jónsdóttur leyft að byggja einluft íbúðarhús úr timbri með tveimur skúrum úr steini, á horni Hringbrautar og framlengingar Tjarnargötu. Stærð 75 ferm. x 15.5 ferm. lóðin er úr túni Hjálpræðishersins xxx4Axxixxxxxxxxxxxx og er 429 ferm. að stærð. Gjald kr. 26.00.

9. Bjarna Guðmundsson leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóð hans við Hallveigarstíg. Stærð 69.3 ferm. Húsið verður nr. 4A við Hallveigarstíg. Stærð lóðarinnar er 562.8 ferm. Leyfið er veitt með því skilyrði að hann greiði kr. 1125.60 í götugjald. Byggingarleyfisgjald kr. 17.00.

10. Andrési Guðnasyni leyft að hækka húsið nr. 20 við Barónsstíg og stækka skúr við húsið. Stækkunin nemur 5.06 ferm. Gjald kr. 6.00.

11. Hannesi Ólafssyni leyft að hækka hús það, sem honum



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

var leyft að byggja á fundi nefndarinnar 16. maí s.l. um eina hæð. Gjald kr. 24.oo.

12. Gesti Kr. Guðmundssyni leyft að byggja þrílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 57 við Hverfisgötu. Stærð 138.7 ferm. Gjald kr. 61.oo. Jafnframt er honum leyft að byggja aðeins part af neðstu hæðinni í ár.

13. Guðríði Braun leyft að gera einlyft verzlunarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 21A við Skólavörðustíg. Stærð 217.1 ferm. Gjald kr. 26.oo.

14. Sigurði Jónssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 5 við Urðarstíg. Stærð 114.4 ferm. Gjald kr. 32.oo. Þær byggingar, sem nú eru á lóðinni, verða rifnar niður.

15. Jens B. Waage leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni sem er á horni Sóleyjar- og Bragagötu. Stærð 140.66 ferm. Gjald kr. 46.oo. Lóðin er samkvæmt framlögðum uppdrætti 924 ferm.

16. Sigurði Guðmundssyni leyft að setja hæð ofan á húsið nr. 10 við Freyjugötu. Gjald kr. 9.oo.

17. Guðbjörgu Kristjánsdóttur synjað um leyfi til að hækka Litla-Sel.

18. Pétri J. Ólafssyni leyft að setja kjallara undir húsið nr. 65 við Hverfisgötu. Gjald kr. 2.oo.

19. Nefndin mælir með því að lóðinni nr. 6 við Berþórugötu verði skipt í tvo jafna parta, þannig, að baklóðin hafi umferðarrétt um 2 metra gang yfir forlóðina.

20. Nefndin mælir með því, að lóðinni nr. 3 við Nönnugötu verði skipt þannig, að ca. 7 metra breið ræma nyrzt af lóðinni verði sérstök leigulóð, sem hafi gangréttindi um 2 metra ræmu af framlóðinni.

Fleira wkki gert.

Á fund vanta i Matthías Þórðarson. Kristinn Sigurðsson og Pétur Ingimundarson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Ágúst Jósefsson. Guðm. H.Þorláksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1925, laugardaginn 1. ágúst, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Hjalta Björnssyni o.fl. leyft að breyta dyrum og gluggum á húsinu nr. 4 við Vonarstræti. Gjald kr. 2.oo.

2. Ola J. Haldórsen leyft að breyta gluggum og innréttingu hússins nr. 21 við Laugaveg. Gjald kr. 4.oo.

3. Guðm. Guðmundssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni, sem er á horninu vestanvert við Ægisgötu og norðanvert við Ránargötu. Stærð 105 ferm. Lóðin er samkvæmt framlögðum uppdrætti 420 ferm. og er keypt úr Olsenstúni. Gjald kr. 32.oo. Leyfið er veitt með því skilyrði, að hann sjái sér sjálfur fyrir vatni og aðgangi að húsinu, og að áskilin gjöld fyrir að breyta túninu í byggingarlóð, séu greidd áður en byrjað er á byggingunni.

4. Samband ísl. samvinnufélaga leyft að gera múraða slímþró á leigulóð félagsins við Rauðarárstíg. Stærð 75 ferm. Gjald kr. 7.oo. Leyfið er veitt að áskildu samþykki heilbrigðisnefndar.

5. Sigurhans Hannessyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 85 við Laugaveg. Stærð 100.5 ferm. Gjald kr. 38.oo.

6. Stefáni Thorarensen leyft að stækka og hækka geymsluhús á baklóðinni nr. 16 við Laugaveg. Stækkunin nemur 38.6 ferm. Gjald kr. 9.oo.

7. Jóni Þorfinnssyni leyft að gera vinnusjúr á baklóðinni nr. 8B við Freyjugötu. Stærð 32.5 ferm. Gjald kr. 4.oo.

8. Þorbirni Guðmundssyni leyft að hækka þak og setja kvist á húsið nr. 3 við Sellandsstíg. Gjald kr. 4.oo.

9. Ísfél. við Faxaflóa leyft að gera geymsluskúr úr steinsteypu við hús félagsins á lóðinni nr. 23 við Hafnarstræti. Stærð 112 ferm. Gjald kr. 16.oo.

10. Einari Kristjánssyni og Stefáni Einarssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 104 við Hverfisgötu. Stærð 116 ferm. Gjald kr. 28.oo.

11. Ingibjörgu Gísladóttur leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á hluta úr lóðinni nr. 57 við Vesturgötu. Stærð 64 ferm. Gjald kr. 24.oo.

12. Óskar Smidt synjað um leyfi til að skipta lóð hans á



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

horni Hverfisgötu og Hringbrautar í fjórar sérstakar lóðir.

13. Brynjólfi Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóð, sem hann kaupir úr Olsenstúni, neðanvert við Bárugötu. Stærð 83 ferm. Gjald kr. 31.oo.
Leyfið er veitt með því skilyrði, að hann sjái sér sjálfur fyrir frárennsli, vatni og aðgangi að húsinu og að áskilin gjöld í bæjarsjóð, fyrir að breyta þessum hluta túnsins í byggingarlóð, verði greidd áður en byrjað er á byggingunni.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði Matthías Þórðarson, Ágúst Jósefsson, Kristinn Sigurðsson og byggingarfulltrúa.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1925, laugardaginn 15. ágúst, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Sveini Jónssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 93 við Hverfisgötu. Stærð 124.1 ferm. Gjald kr. 50.00.

2. Ólafi Thorarensen leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóð, sem hann kaupir úr Nýja-túni, og er næst fyrir austan lóð Boga Ólafssonar. Stærð 82 ferm. Gjald kr. 29.00. Leyfið er veitt með sömu skilyrðum og annara bygginga á Nýjatúni.

3. Hannesi Jónssyni leyft að gera tvílyftan geymsluskúr, úr steinsteypu, á baklóðinni nr. 28B við Laugaveg. Stærð 27.6 ferm. Gjald kr. 4.00.

4. Páli Stefánssyni synjað um leyfi til að breyta og stækka húsið nr. 1 við Lækjartorg.

5. Gísla Gíslasyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri á lóð, sem hann fær lánaða hjá bæjarstjórninni, úr lóðinni sem fylgir Suðurpólnum. Stærð 43.37 ferm. Gjald kr.6.00.

6. Nikulási Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóð, sem hann hefur keypt úr Thorstensen túni. Stærð 87.75 ferm. Stærð lóðarinnar er 415.57 ferm. Gjald kr. 25.00. Leyfið er veitt með því skilyrði að hann sjái sér sjálfur fyrir vatni,frárræsi og aðgangi að húsinu.

7. Þorvarði Þorvarðssyni leyft að gera viðbótarbyggingu úr steini við húsið nr. 27 við Laufásveg. Stærð 17.8 ferm. Gjald kr. 3.00.

8. Ólafi Þórðarsyni leyft að stækka þak hússins nr. 5B við Grundarstíg. Gjald kr. 2.00.

9. Jóni Stefánssyni leyft að breyta gluggum og dyrum hússins nr. 17 við Laugaveg. Gjald kr. 4.00.

10. H.f. Sleipnir leyft að gera bifreiðarskúr úr timbri á fiskverkunarlandinu í Haga. Stærð 58.5 ferm. Gjald kr.7.00.

11. Ágúst Pálmasyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á Nýbýlalandi, sem hann fær úr Sogamýrinni. Stærð 52.65 ferm. Gjald kr. 14.00.

12. Helga Magnússyni & Co. leyft að setja hæð ofan á húsið nr. 19 við Hafnarstræti. Gjald kr. 29.00.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Jóni Lárussyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 12 við Ingólfsstræti. Stærð 151.2 ferm. Gjald kr. 63.oo. Meiri hluti nefndarinnar vill leyfa honum að klæða húsið utan með bárujárni. Geymsluhús, sem er á lóðinni nr. 11 við Þingholtsstræti verður rifið og nokkur hluti þeirrar lóðar leggst undir lóðina nr. 12 við Ingólfsstræti.

14. Sigurhans Hannessyni leyft að láta hús það, sem honum var leyft að byggja á síðasta fundi nefndarinnar, standa á baklóðinni nr. 85 við Laugaveg. Gjald kr. 2.oo.

15. Sveinbirni Sæmundssyni leyft að skipta lóðinni nr. 8 við Holtsgötu, þannig, að norðausturhluti lóðarinnar verði sérstök lóð, 12 metrar fram með Brekkustíg, alls 264 ferm.

16. Teknar fyrir umsóknir um að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík.
Samþykkt var að viðurkenna þessa trésmiði:

82. Sigmund Halldórsson, Amtmannsstíg 4.
83. Jón Th. Guðmundsson, Bergstaðastræti 59.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði Matthías Þórðarson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson.
Ágúst Jósefsson. Kristinn Sigurðsson. Guðm. H. Þorláksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1925, 2. september, hélt byggingarnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Félagsprentsmiðjunni leyft að stækka skúr við austurhlið prentsmiðjunnar við Ingólfsstræti. Stækkunin nemur 16.5 ferm. Gjald kr. 2.00.

2. Hafstein Bergþórssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 10 við Klapparstíg. Stærð 142.15 ferm. Jafnframt er honum leyft að færa húsið, sem nú er á lóðinni. Gjald kr. 55.00.

3. H.P.Duus leyft að hækka skúr við húsið nr. 2 við Aðalstræti. Gjald kr. 2.00.

4. Sigurði Sigurðssyni leyft að flytja húsið nr. 27A við Laugaveg á suðvesturhorn lóðarinnar, með því að steinn verður á þrjá vegu. Ennfremur er honum leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á sömu lóð. Stærð 67.24 ferm. Gjald kr.24.00.

5. Alexander Jóhannessyni leyft að byggja þrílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 4 við Vonarstræti. Stærð 192.36 ferm. Gjald kr. 93.00.
Umsókninni fylgdi samþykki eiganda lóðarinnar nr. 5 við Templarasund til að hafa glugga á vesturgafli hússins, meðan ekki verður byggt á horninu á Vonarstræti og Templarasundi.

6. Elíasi Lyngdal leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 12B við Kárastíg. Stærð 88.35 ferm. Gjald kr. 20.00.

7. Benedikt Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni nr. 50 við Framnesveg. Stærð 49.5 ferm. Gjald kr. 8.00.

8. Þorsteini Þorsteinssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 55 við Laufásveg. Stærð 104.5 ferm. Gjald kr. 26.00.

9. Haraldi Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 47A við Grettisgötu. Stærð 66.5 ferm. Gjald kr. 16.00.

10. Andrési Pálssyni leyft að byggja tvílyft íbúðar- og verzlunarhús úr steinsteypu, á lóð, sem verður nr. 2 við Framnesveg. Stærð 106.3 ferm. Gjald kr. 32.00. Lóðin er keypt úr lóðinni nr. 55 við Vesturgötu, og er 166.3 ferm. að stærð.

11. Runólfi Magnússyni leyft að byggja einlyftan íbúðarskúr, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 21B við Bræðraborgarstíg.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stærð 66.85 ferm. Gjald kr. 9.oo.

12. Øgmundi Ólafssyni leyft að setja hæð ofan á suðurenda hússins nr. 2 við Laufásveg. Gjald kr. 11.oo.

13. Daníel Kristinssyni leyft að ~~byggja einlyft íbúðarhús úr steini~~ setja dyr á kjallara hússins nr. 9 við Bókhlöðustíg. Gjald kr. 2.oo.

14. Kristófer Grímssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steini á nýbýlalandi, sem hann hefir fengið í Sogamýri. Stærð 49 ferm. Gjald kr. 12.oo. Leyfið er veitt með því skilyrði, að heilbrigðisnefnd samþykki að hafa fjós í kjallaranum.

15. Einari Erlendssyni leyft að hækka skúr við húsið nr. 5B við Skólastræti. Gjald kr. 2.oo.

16. Trausta Ólafssyni leyft að byggja einlyfta vinnustofu úr steinsteypu, á baklóðinni nr. 44 við Hverfisgötu. Stærð 84.88 ferm. Gjald kr. 11.oo.

17. H.P.Duus leyft að breyta gafli á geymsluhúsi á lóðinni nr. 1 við Austurstræti. Gjald kr. 2.oo.

18. Hannesi Einarssyni og Guðmundi Jónssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 33 við Ránargötu. Stærð 145.2 ferm. Gjald kr. 47.oo. Stærð lóðarinnar 288 fermetrar.

19. Magnúsi Th. S. Blöndahl leyft að stækka og hækka viðbyggingu við húsið nr. 6B við Lækjargötu. Gjald kr. 10.oo.

20. Lögð fram beiðni frá Ólafi Proppé, um breytingu á húsinu nr. 14 við Laufásveg. Erindinu vísað frá, vegna ófullnægjandi uppdráttar.

21. Lagt fram erindi frá Jóni Þorlákssyni og Halldóri Sigurðssyni um að ákveðin verði endanleg mörk lóðarinnar nr. 14 við Austurstræti og beiðni um að mega byggja á allri lóðinni. Erindinu vísað til samvinnunefndar til umsagnar.

22. Teknar fyrir umsóknir um að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík.

Samþykkt var að viðurkenna þessa trésmiði:

84. Baldur Benediktsson, Hverfisgötu 92A.
85. Guðmund Jónsson, Grettisgötu 60.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Ágúst Jósefsson. Matthías Þórðarson. Pétur Ingimundarson. Kristinn Sigurðsson. Guðm. H. Þorláksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1925, laugardaginn 12. september, kl. 4 síðdegis var fundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Amunda Árnasyni synjað um leyfi til að setja kvist á húsið nr. 41 við Lindargötu.

2. Einari Einarssyni leyft að setja ris á húsið nr. 14 við Óðinsgötu. Gjald kr. 4.oo.

3. Sigurði Guðmundssyni leyft að setja kvist á húsið nr.10A við Freyjugötu. Gjald kr. 2.oo.

4. Bjarni Jóhannesson fer fram á að leigulóðinni nr. 52 við Framnesveg, verði skipt þannig, að neðri hluti hennar 12x 12.5 metrar verði sérstök lóð nr. 52B, en efri hlutinn skiptist í tvær lóðir, nr. 52, er verður 5.67x12.5 metrar, og nr. 52A, er verður 7.53x12.5 metrar, lóðirnar 52 og 52B hafa gangréttindi um 1.86 metra breiða ræmu af lóðinni nr. 52A. Nefndin mælir með því að þessi skipting verði samþykkt.

5. Sigurði Björnssyni leyft að byggja þvotta- og þurkhús úr steini, á baklóðinni nr. 38 við Grettisgötu. Stærð 21 ferm. Gjald kr. 3.oo.

6. Stefáni Árnasyni leyft að byggja hesthús og safngryfju á lóðinni nr. 9 við Fálkagötu. Stærð 28 ferm. Gjald kr. 4.oo.

7. Kristjáni Sigurðssyni leyft að byggja vinnuskúr úr steini á baklóðinni 28B við Bergstaðastræti. Stærð 36.08 ferm. Gjald kr. 5.oo.

8. Daníel Þorsteinssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóð, sem hann hefir keypt úr Ólsenstúni. Stærð 103.68 ferm. Gjald kr. 27.oo. Leyfið er veitt með því skilyrði, að hann sjái sér sjálfur fyrir vatni og aðgangi að húsinu.

9. Magnusi Th. S. Blöndahl leyft að byggja gripahús og heyhlöðu á erfðafestulandinu Haga. Stærð 239.61 ferm. Gjald kr. 53.oo.
Leyfið er veitt að áskildu samþykki bæjarstjórnar til að byggja á erfðafestulandinu.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði Kristinn Sigurðsson og Matthías Þórðarson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Ágúst Jósefsson. PéturIngimundarson. Guðm. H. Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1925, laugardaginn 26. september, kl. 3 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Kristjáni Einarssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 52 við Framnesveg. Stærð 33.16 ferm. Gjald kr. 8.oo.

2. Jóhannesi Laxdal leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 52A við Framnesveg. Stærð 33.16 ferm. Gjald kr. 8.oo.

3. Jóni Símonarsyni leyft að byggja geymsluskúr úr steini, á lóðinni nr. 13 við Þórsgötu. Stærð 16.36 ferm. Gjald kr.2.oo.

4. Sigurbirni Jóhannssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 16 við Brekkustíg. Stærð 60.8 ferm. Gjald kr. 8.oo. Lóðin er keypt úr lóðinni nr. 8 við Holtsgötu.

5. Inga Halldórssyni synjað um leyfi til að byggja þrílyft íbúðarhús, á lóðinni nr. 14 við Vesturgötu.

6. Þórði Jónssyni synjað um leyfi til að byggja bifreiðarskúr á lóðinni nr. 48 við Vesturgötu.

7. Jóhanni Gíslasyni leyft að gera viðbyggingu úr steinsteypu, við húsið nr.49A við Laugaveg. Stærð 21.73 fermetrar. Ennfremur er honum leyft að setja kvist á húsið. Gjald kr.10.oo.

8. Guðm. Jónssyni leyft að skipta lóðinni nr. 73 við Hverfisgötu, þannig að baklóðin verði 15.7 metrar meðfram götu og 8.8 metrar á dýpt.

9. Lagðar fram fundargerðir samvinnunefndar frá 22. og 26. september. Nefndin fellst á tillögur samvinnunefndar, að því er snertir spítalalóðina, og ennfremur á stefnu Barónsstígs og Hringbrautar mill Laufásvegar og Njálsgötu, en vill ekki að öðru leyfi fallast á skipulagið austan við spítalalóðina.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson. Matthías Þórðarson. Ágúst Jósefsson. Kristinn Sigurðsson. Guðm. H. Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1925, þriðjudaginn 13. október, kl. 3 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Hlutafélaginu Ísaga leyft að byggja súrgasstöð, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 13 við Barónsstíg. Stærð 65.61 ferm. Gjald kr. 16.oo.

2. Guðm. Jónssyni og Guðjóni Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 4 við Njálsgötu. Stærð 67.24 ferm. Gjald kr. 17.oo.

3. Gísla Gíslasyni leyft að byggja fjós og geymsluhús, úr steinsteypu, á erfðafestulandinu Brynjólfsbletti I. Stærð 46.99 ferm. Gjald kr. 10.oo. Leyfið er veitt með þeim skilyrðum, að bæjarstjórnin samþykki byggingu á erfðafestulandinu og að tilskildu samþykki heilbrigðisnefndar.

4. Mjólkurfélagi Reykjavíkur leyft að byggja geymsluskúr, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 10A við Vatnsstíg. Stærð 57.96 ferm. Gjald kr. 7.oo.

5. Jóni Jóhannssyni leyft að gera þvottahús og geymslu úr steinsteypu, á baklóðinni nr. 69 við Laugaveg. Stærð 19.05 ferm. Gjald kr. 3.oo.

6. Birni Hannessyni leyft að byggja geymsluskúr úr steinsteypu, á lóðinni nr. 40B við Grettisgötu. Stærð 11.73 ferm. Gjald kr. 2.oo.

7. Þorvaldi Eyjólfssyni leyft að byggja geymsluskúr úr steinsteypu, á lóðinni nr. 4 við Grettisgötu. Stærð 13.75 ferm. Gjald kr. 2.oo.

8. Þórði Jónssyni leyft að byggja bifreiðarskúr úr steinsteypu, á lóðinni nr. 48 við Vesturgötu. Stærð 61 ferm. Gjald kr. 8.oo. Leyfið er veitt með því skilyrði að timburskúrar, sem nú eru á lóðinni verði rifnir niður, og að lóðin verði girt út að Brekkustíg, á réttri götulínu.

9. Samþykktur uppdráttur af geymsluskúr, sem bærinn ætlar að láta byggja við Vegamótastíg. Stærð 60 ferm.

10. Hannesi Ólafssyni leyft að byggja geymslu- og þvottahús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 2 við Grettisgötu. Stærð 80.12 ferm. Gjald kr. 10.oo.

11. Karli Torfasyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 18 við Fálkagötu. Stærð 52.44 ferm. Gjald kr. 7.oo.

12. Sverri Sverrissyni leyft að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á lóð, sem hann hefir keypt úr Hlíðarhúsabletti nr. 4,



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og er að stærð 281.25 ferm. Stærð hússins er 71.65 ferm. Gjald kr. 20.00.

13. Júlíusi Ólafssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóð sem hann hefir keypt úr Hlíðarhúsabletti nr. 4, og er að stærð 281.25 ferm. Stærð hússins er 71.65 ferm. Gjald kr. 20.00.

14. Ámunda Árnasyni leyft að setja tvo kvisti á húsið nr. 41 við Lindargötu. Gjald kr. 4.00.

15. Magnúsi Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 36 við Fálkagötu. Stærð 43.56 ferm. Gjald kr. 6.00.

16. Samþykkt að hus Tryggva Ólafssonar, við Hringbraut verði talið nr. 48 við Tjarnargötu.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði Kristinn Sigurðsson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Ágúst Jósefsson. Matthías Þórðarson. Pétur Ingimundarson. Guðm.H.Þorláksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1925, þriðjudaginn 3. nóvember, kl. 9 1/2 f.h., var fundur haldinn í bygginarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Eimskipafélagi Íslands leyft að byggja geymsluskúr úr timbri, járnvarinn, við suðurenda geymsluhúss félagsins við Tryggvagötu. Stærð 55.12. Skilyrði, að skúrinn verði ekki látinn standa lengur en geymsluhúsið, sem nú er á lóðinni. Gjald kr. 7.oo.

2. Jónasi Húnfjörð, Óðinsgötu 24a leyft að gera viðbyggingu úr steinsteypu og hækka húsið. Stærð viðbyggingarinnar 21.2. Gjald kr. 13.oo.

3. Jóni Brynjólfssyni leyft að byggja einlyft steinsteypuhús á lóðinni 11a við Smiðjustíg. Stærð 102 ferm. Gjald kr.17.oo.

4. G. Ólafsson & Sandholt leyft að byggja þrjá geymsluskúra og opið skýli á baklóð hússins nr. 36 við Laugaveg. Stærð samtals 77.3. Gjald kr. 10.oo.

5. Hlutafélaginu Nirði leyft að byggja þyrkhús á lóð félagsins við Mjölnisveg. Stærð 658ferm. Gjald kr. 81.oo. Leyfið er veitt með sama skilyrði og fiskhús það, sem félaginu var leyft að byggja á fundi nefndarinnar 13.júlí þ.á.

6. Ákveðin nrúmer húsa við Njarðargötu vestan verða, og verður númer 1 hornlóðin við Sóleyjargötu og nr. 63 hornlóðin við Skólavörðustíg. Ennfremur var ákveðið að nefna stíginn milli Nönnugötu og Freyjugötu vestan Njarðargötu sérstöku heiti, og lóðirnar austanvert við hann taldar nr. 2 - 22.

7. Lóð, sem áður hefur verið talin númer 4 við Njarðargötu verður talin númer 61 við sömu götu.

8. Jóni Hlíðberg og Ólafi Guðmundssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús á leigulóðinni nr. 27 við Njarðargötu. Stærð 66.88 - Gjald kr. 22.oo.

9. Sigvalda Jónssyni og Guðmundi Jónssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús á leigulóðinni nr. 35 við Njarðargötu. Stærð 66.88. Gjald kr. 22.oo.

10. Skúla Sigurðssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús á leigulóðinni nr. 37 við Njarðargötu. Stærð 66.88. Gjald kr. 22.oo.

11. Ólafi Sigurðssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, á leigulóðinni nr. 39 við Njarðargötu. Stærð 66.88. Gjald kr. 22.oo.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Þuríði Jónsdóttur leyft að byggja einlyft íbúðarhús á leigulóðinni nr. 10 við stíginn, sem nefndur er í 6. lið. Stærð 46.43 ferm. Gjald kr. 10.oo.

13. Magnúsi Guðmundssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús á leigulóðinni nr. 8 við áðurnefndan stíg. Stærð 46.43 ferm. Gjald kr. 10.oo.

14. Nefndin leggur til að stígur sá, sem getið er um í 6. lið, verði nefndur Haðarstígur, en stígur sá, sem skiptir lóðum milli Baldursgötu og Bragagötu, verður nefndur Válastígur.

15. Lagður fram uppdráttur af bráðabirgðaskýlinu, sem bærinn er að láta byggja við Þrastargötu og Smyrilsveg á Grímsstaðaholti.

16. Ástríði Hannesdóttur leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 10c við Bergstaðastræti. Stærð 60.34. Gjald kr. 17.oo. - Úr gildi er numið leyfi það, sem Ólafi Auðunnssyni var veitt 13. júní þ.á. á sömu lóð.

17. Kristjáni Siggeirssyni leyft að breyta og hækka skúr á lóðinni nr. 13 við Laugaveg. Gjald kr. 7.oo.

18. Lagðar fram fundargerðir samvinnunefndar frá 20., 21. og 23. október.

19. Samþykkt skipting á lóðinni nr. 99 við Hverfisgötu þannig, að lóð Ingibergs Ólafssonar verði 151.3 ferm., lóð Þorleifs Andréssonar nr. 99a, verði 158 fermetrar, og óbyggð lóð Ingibergs Ólafssonar við Barónsstíg verði 128 fermetrar.

20. Teknar fyrir umsóknir um að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík.
Samþykkt að viðurkenna þessa trésmiði:
86. Björn Rögnvaldsson, Njálsgötu 1.
87. Bjarna Þorláksson, Grettisgötu 35.
88. Harald Jónsson, Bergstaðastræti 41.
89. Skúla Þorkelsson, Laufásvegi 18.
90. Jón Jónsson, Bræðraborgarstíg 24a.

Samþykkt að viðurkenna þessa múrsmiði:
40. Jónas Guðbrandsson, Bergstaðastræti 13.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 4 1/2 e.h.

Kristinn Sigurðsson fór af fundi áður en 20. liður var tekinn fyrir.

K. Zimsen. Matthías Þórðarson. Pétur Ingimundarson.
Guðm. Ásbjörnsson. Guðm. H. Þorláksson. Ágúst Jósefsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1925, laugardaginn 14. nóvember, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Benedikt Jónsson sækir um leyfi til að skipta leigulóðinni nr. 50 við Frammnesveg, þannig að baklóðin verði 12.2 metrar meðfram götu og 12.5 metrar á dýpt og hafi gangréttindi um forlóðina. Nefndin fellst á að lóðinni verði skipt þannig.

2. Páli Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á leigulóðinni 50A við Frammnesveg. Stærð 57.01 fermeter. Gjald kr. 14.oo.

3. Ellert Magnússyni leyft að setja hæð ofan á húsið nr. 15 við Bergþórugötu. Gjald kr. 9.oo.

4. Þorleifi Andréssyni f.h. Pípuverksmiðjunnar leyft að byggja bifreiðaskúr, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 11 við Rauðarárstíg. Stærð 55 ferm. Gjald kr. 7.oo.

5. Jóni Þorlákssyni leyft að breyta kjallara hússins nr. 11 við Bakastræti. Gjald kr. 2.oo.

6. Júlíus Loftsson og Valdimar Guðmundsson fara fram á að skipta leigulóðinni nr. 32 við Bragagötu, þannig að baklóðin verði 128.8 ferm. Lóðin verður nr. 15 við Haðarstíg og leigist Magnúsi Móberg. Nefndin samþykkir skiptinguna.

7. Magnúsi Móberg leyft að gera viðbótarbyggingu úr steinsteypu við husið nr. 32B við Bragagötu, sem verður nr. 15 við Haðarstíg. Stærð 23.59 ferm. Gjald kr. 5.oo.

8. H.f. Hafnarstræti 21 leyft að breyta dyrum og glugga á húsinu nr. 21 við Hafnarstræti. Gjald kr. 4.oo.

9. Eftir beiðni Hafsteins Bergþórssonar var fellt úr gildi byggingarleyfi, sem honum var veitt 2. sept. þ.á., ásamt leyfi til að flytja húsið nr. 10 við Klapparstíg.

10. ~~Magnússxxx~~ Magnússyni synjað um leyfi til að skipta lóðinni nr. 60 við Njálsgötu, þar sem annar hluti lóðarinnar yrði ekki nema 43.94 ferm.

11. Guðmundi Guðmundssyni synjað um leyfi til að skipta lóðinni nr. 12 við Njálsgötu, af þeirri ástæðu, að annar hluti lóðarinnar verði ekki nema 59.8 ferm.

12. Lagður fram uppdráttur af skiptingu lóðar~~innar~~ milli Njálsgötu og Skólavörðustígs, og samþykkti nefndin skiptinguna.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nefndin leggur til að stígurinn milli Njálsgötu og Skólavörðustígs, bak við Kárastíg, verði nefndur Bjarnarstígur.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði Kristinn Sigurðsson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Matthías Þórðarson.
Ágúst Jósefsson. Pétur Ingimundarson. Guðm. H. Þórðarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1925, föstudaginn 20. nóvember, kl. 11 árdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

Nefndin samþykkti að hækka neðstu gólf í 10 neðstu húsunum við Njarðargötu, eins og þegar hefur verið gert á húsinu nr. 27. Þessi hækkun nemur 60-70 cm. og er gerð með það fyrir augum, að unt sé að hafa þvottahús í kjallaranum á þessum húsum. Nefmdin vill leyfa að hafa þessa kjallara, sem ætlazt er til að verði undir bakhlið húsanna, 1.90 m. á hæð, en heldur fast við það, að engir gluggar verði leyfðir á kjallarana út að Njarðargötu.

Ólafur Sigurðsson hefir farið fram á, að fá leyfi til að hafa timburloft í húsinu nr. 39 við Njarðargötu.

Nefndin vill ekki verða við þessum tilmælum.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson.
Ágúst Jósefsson. Kristinn Sigurðsson. Matthías Þórðarson.
Guðm. H. Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1925, laugardaginn 28. nóv. kl. 4 síðd. var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra/

Þetta gerðist:

1. Þorsteini Ásbjörnssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 64 við Njálsgötu. Stærð 72.34 ferm. Gjald kr.17.oo.

2. Pétri Ottesen leyft að gera viðbótarbyggingu, úr steinsteypu við húsið nr. 33 við Bergstaðastræti. Stækkunin nemur 29.99 ferm. Gjald kr. 8.oo.

3. Leifi Þorleifssyni leyft að gera viðbótarbyggingu úr steinsteypu, við húsið nr. 25 við Laugaveg. Stækkunin nemur 40.28 ferm. Gjald kr. 5.oo.

4. H.f. Allianee leyft að byggja þurk- og fiskgeymsluhús, úr steinsteypu, áfast við fiskhús félagsins við Mýrargötu. Stærð 443.34 ferm. Gjald kr. 125.oo. Timburhús, sem er á lóðinni, 285 ferm. að stærð, verður rifið niður.

5. Magnúsi Magnússyni og Guðmundi K. Guðmundssyni synjað um leyfi til að skipta leigulóðinni nr. 16 við Þórsgötu.

6. Samþykkt var að viðurkenna þessa trésmiði til að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík:

91. Kristvin Guðmundsson, Hverfisgötu 61.
92. Guðbjart Jónsson, Sellandsstíg 30B.

Fleira ekki gert.
Á fund vantaði Kristinn Sigurðsson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Ágúst Jósefsson.
Matthías Þórðarson. Pétur Ingimundarson. Guðm.H.Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1925, 12. des. kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Tómási Tómassyni leyft að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á lóð hans á Sólvöllum. Stærð 80.41 m². Leyfisgjald kr. 23.00. Skilyrði, að útitröppur verði 2 metrar á breidd, svo framhlið þeirra verði í götujaðri. Lóðin er samkvæmt framlögðum uppdrætti 282.37 m².

2. Sigurði Eyleifssyni leyft að byggja íbúðarhús úr steinsteypu, á lóð hans á Sólvöllum. Stærð 80.41 m². Leyfisgjald kr. 23.00. Skilyrði, að útitröppur verði 2 metrar á breidd, svo framhlið þeirra verði í götujaðri. Lóðin er samkvæmt framlögðum uppdrætti 282.37 m².

3. S. Egilssyni leyft að gera viðbót við bifreiðasmiðju og breyta smiðjunni, sem fyrir er á lóð hans við Hlemm við Hverfisgötu. Stærð viðbótar 275.7 m². Leyfisgjald kr. 67.oo.

4. Jóhanni Jónssyni leyft að byggja bakhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 34A við Bragagötu. Stærð 60.62 m². Leyfisgjald kr. 17.oo. Húsið verður nr. 34C við Bragagötu.

5. Guðmundi Þórðarsyni leyft að gera viðbótarbyggingu úr steinsteypu við húsið nr. 11 við Vitastíg. Stærð 27.28 m². Ennfremur er honum leyft að hækka framhliðina á timburhúsi því, sem nú er á lóðinni. Leyfisgjald kr. 11.oo.

6. Jóni Þorvarðssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóð hans við Öldugötu, sem er að stærð 360 m². Stærð hússins 79.63 m². Leyfisgjald kr. 23.oo.

7. Bjarna Bjarnasyni og Sigurði Magnússyni leyft að byggja hæð ofan á húsið nr. 48 við Framnesveg. Ennfremur að byggja inngönguskúr úr steinsteypu, að stærð 7.75 m². Leyfisgjald kr. 9.oo.

8. Helga Árnasyni leyft að byggja íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 10 við Njálsgötu. Stærð lóðar er 137 m². Stærð hússins 71.8 m². Leyfisgjald kr. 26.oo.

9. Sigurði Halldórssyni leyft að byggja íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 10A við Njálsgötu. Stærð lóðarinnar 137 m². Stærð hússins 71.8 m². Leyfisgjald kr. 26.oo.

10. Sigurði Jónssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 52 við Njálsgötu. Stærð 103.68 m². Leyfisgjald kr. 25.oo.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen. Matthías Þórðarson. Ágúst Jósefsson. Kristinn Sigurðsson. Guðm. H. Þorláksson. Pétur Ingimundarson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1926, laugardaginn 2. janúar, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Jóni Þorlákssyni leyft að stækka og hækka geymsluhús við Bankastræti 11, með innkeyrslu frá Ingólfsstræti. Stækkunin nemur 36.86 ferm. Gjald kr. 27.oo.

2. Steindóri Einarssyni leyft að byggja bifreiðasmiðju á lóðinni nr. 5 við Sellandsstíg. Stærð 207.58 ferm. Gjald kr. 25.oo.

3. Ástráði Hannessyni leyft að skipta lóðinni nr. 15 við Smiðjustíg, þannig, að vesturhlutinn, 11 metrar meðfram framlengingu Lindargötu, verði sérstök lóð.

4. Ragnheiði Einarsdóttur leyft að skipta lóðinni nr. 12 við Lindargötu þannig, að austurhlutinn verði 10.04 metrar meðfram götu, mælt í götujaðri.

5. Magnúsi Bergmann Friðrikssyni leyft að skipta lóðinni nr. 31 við Njálsgötu þannig, að bakhluti lóðarinnar verður sérstök lóð, 7.55 metrar á dýpt og 15.7 metrar meðfram götu, og hafi umferðarrétt um vesturhluta framlóðarinnar. Þessi hluti lóðarinnar verður nr. 31A við Njálsgötu.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Matthías Þórðarson.
Pétur Ingimundarson. Kristinn Sigurðsson. Guðmundur H. Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1926, laugardaginn 16. janúar, kl.4 síðdegis var fundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Jóni Björnssyni leyft að byggja tvílyft verzlunarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 7A við Bankastræti. Stærð 136 fermetrar. Gjald kr. 58.oo. Leyfið er veitt með því skilyrði, að eigandi lóðarinnar nr. 7 við Bankastræti leyfi fyrir sitt leyti að dyr séu á bakhlið hússins.

2. Guðmundi Guðmundssyni synjað um leyfi til að byggja sérstætt hús á lóðinni nr. 15 við Njálsgötu.

3. Jóni Helgasyni leyft að byggja geymsluskúr úr steinsteypu á lóðinni nr. 27 við Bergstaðastræti, stærð 47 ferm. Gjald kr. 6.oo.

4. Guðmundi Guð~~mundssyni~~jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóð, sem hann hefir keypt úr lóðinni nr. 15 við Smiðjustíg. Stærð 66 ferm. Gjald kr. 16.oo.

5. Sigurði Ásbjörnssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 4 við Haðarstíg. Stærð 46.43 ferm. Gjald kr. 10.oo.

6. Sigurði Ásbjörnssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 6 við Haðarstíg. Stærð 46.43 ferm. Gjald kr. 10.oo.

7. Árna Pálssyni og Árna ~~Pálssyni~~ Þorkelssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni (leigulóðinni) nr. 45 við Njarðargötu. Stærð 66.88 ferm. Gjald kr. 22.oo.

8. Einari Einarssyni synjað um leyfi til að breyta þaki, sem leyft var að setja á húsið nr. 16 við Bjar(gar)stíg, á fundi nefndarinnar (byggingarnefndar) 12. sept. 1925.

9. Lagður fram uppdráttur af Hótel Ísland. Samþykkt að senda samvinnunefnd uppdráttinn til umsagnar.

10. Samþykkt að skipta megi lóðinni nr. 8 við Holtsgötu þannig, að ~~skipta megi~~ vesturhlutinn verði 15 metrar meðfram Holtsgötu.

11. Byggingarnefndin felur borgarstjóra að svara bréfi Jóns B. Helgasonar, viðvíkjandi leigulóðinni nr. 15 við Freyjugötu.

12. Lagt fram bréf frá lögreglustjóra ásamt skýrslu yfirlögregluþjóns, Erlings Pálssonar viðvíkjandi steinsteypugafli,



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sem hrundi á húsinu nr. 27A við Laugaveg. Byggingarfylltrúa var falið að gefa skriflega skýrslu um málið.

Fleira ekki gert.

fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Matthías Þórðarson.
Ágúst Jósefsson. Guðm.H.Þorláksson. Kristinn Sigurðsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1926, ,augardaginn 30. janúar, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Félagsprentsmiðjunni leyft að stækka prentsmiðjuhúsið við Ingólfsstræti um 30 ferm. Gjald kr. 11.oo.

2. Kjartani Guðmundssyni leyft að gera þvottahús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 1a við Spítalastíg. Stærð 17.95 m2. Gjald kr. 3.oo.

3. Magnúsi Magnússyni leyft að gera hæð ofan á viðbótarbyggingu við húsið nr. 60 við Njálsgötu. Gjald kr. 6.oo.

4. Herluf Clausen leyft að breyta framhlið hússins nr. 4 við Kirkjustræti. Gjald kr. 4.oo.

5. Helga Magnússyni leyft að breyta viðbyggingu við húsið nr. 6 við Bankastræti. Gjald kr. 4.oo.

6. Alexander Jóhannessyni synjað um leyfi til að hafa veggsvalir út yfir Vonarstrstræti, á húsinu nr. 4 við Vonarstræti.

7. Einari Einarssyni leyft að setja kvist á húsið nr. 16 við Bjargarstíg. Gjald kr. 3.oo.

8. Guðm. Guðmundssyni leyft að skipta lóðinni nr. 12 við Njálsgötu, þannig, að vesturhlutinn verður sérstök lóð, 6.3 metrar meðfram götu, og verður þá sú lóð talin nr. 12, en eystri hlutinn nr. 12A.

9. Lögð fram skýsla byggingarfulltrúa viðvíkjandi húsgaflinum, sem hrundi á nr. 27A við Laugaveg, 12. þ. m. Borgarstjóra var falið að afgreiða málið til lögreglustjóra.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Matthías Þórðarson.
Ágúst Jósefsson. Pétur Ingimundarson. Kristinn Sigurðsson.
Guðm. H. Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1926, laugardaginn 13. febrúar, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrifstofu borgarstjóra. Í nefndinni eiga nú sæti, samkvæmt kosningu bæjarstjórnar 4. febr. s.l. Ágúst Jósefsson, Guðmundur Ásbjörnsson, Þorlákur Ófeigsson og Kristinn Sigurðsson; tveir þeir síðartöldu utan bæjarstjórnar. Sjálfkjörnir í ~~bæjarstjórninni eru~~ nefndina eru borgarstjóri og slökkviliðsstjóri.

Guðm. Ásbjörnsson var kosinn ritari nefndarinnar.

Þetta gerðist:

1. Í samvinnunefnd um skipulag Reykjavíkur voru kosnir borgarstjóri og Guðm. Ásbjörnsson.

2. Sigurði Guðlaugssyni synjað um leyfi til að byggja vinnustofu á lóðinni Grjótagötu 14, með því að það kemur í baga við fyrirhugað skipulag í Grjótaþorpi.

3. Jóni Magnússyni og Ingimundi Jónssyni leyft að byggja fiskgeymslu og fiskþvottahús á fiskverkunarlóð þeirra við Hringbraut. Stærð 442 ferm. Gjald kr. 54.oo.

4. "Hita & Ljós" leyft að breyta skúr á lóðinni nr. 20B við Laugaveg. Ennfremur var þeim leyft að breyta dyrum og gluggum á austurhlið hússins nr. 20B. Gjald kr. 6.oo.

5. Guðjóni Jónssyni leyft að gera viðbótarbyggingu úr steini við húsið nr. 13 við Brekkustíg. Stærð 31.4 ferm. Gjald kr. 4.oo.

6. Jóhanni T. Egilssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 17 við Nýlendugötu. Stærð 69.52 ferm. Gjald kr. 23.oo.

7. Guðm. Guðmundssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 15A við Njálsgötu. Stærð 91.18 ferm. Gjald kr. 32.oo.

8. Einari Hermannssyni heimilað að selja 160 ferm. skák úr suðurhluta lóðarinnar nr. 3 við Brekkustíg, 9.10 metra með fram götu. Lóðin verður nr. 3A.

9. Óskari Jónssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu á lóðinni nr. 3A við Brekkustíg. Stærð 68.7 ferm. Gjald kr. 20.oo.

10. Guðm. Jónssyni og Kristjáni Markússyni synjað um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 101 við Laugaveg.

11. Kristni Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu. Stærð 58.45 ferm., og geymsluskúr, stærð 26.12 ferm. á lóðinni nr. 50 við Laufásveg. Gjald kr. 18.oo.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Magnúsi Sæmundssyni leyft að byggja tvílyft íbúðar- og verzlunarhús úr steinsteypu,á lóðinni nr. 13 við Skólavörðustíg, sem hann kaupir af Benedikt Sveinssyni, úr lóðinni nr. 11. Stærð 67.67 ferm. Gjald kr. 19.oo.

13. Jóni Bjarnasyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 13A við Skólavörðustíg, ~~[illegible]~~ sem hann kaupir úr lóðinni nr. 11 af Benedikt Sveinssyni. Stærð 67.67 ferm. Gjald kr. 19.oo.

14. Benedikt Sveinssyni leyft að skipta lóðinni nr. 11 við Skólavörðustíg, þannig, að hann selji austast af lóðinni 8.89 metra meðfram Skólavörðustíg og 22.6 metra á dýpt, og verður sú lóð nr. 13A við Skólavörðustíg, og jafnstóra lóð vestan við þessa, sem verður nr. 13.

15. Halldóri Jónssyni leyft að byggja geymsluskúr, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 90 við Hverfisgötu. Stærð 34.1 ferm. Gjald kr. 4.oo.

16. Hermanni Björnssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð hans, Signýjarstöðum á Grímstaðaholti. Stærð 56.88 ferm. Gjald kr. 7.oo. Skilyrði, að húsið standi 3.15 metra frá lóðarmörkum.

17. SAMÞYKKT að skipta lóðinni nr. 4A við Hallveigarstíg, þannig, að suðausturhornið, þar sem búið er að byggja hús, verði sérstök lóð 123.3 ferm., með gangrétti um 2 metra breiða ræmu, norðaustan við húsið frá bakstígnum við húsið nr. 21 við ~~[illegible]~~ Ingólfsstræti.

18. Jóhanni Ólafssyni & Co. synjað um leyfi til að breyta þaki á geymsluhúsum á Laugavegi 1B.

19. Samþykkt að selja megi byggingarlóð úr Landakotstúni við Öldugötu, aðra lóð austur frá Unnarstíg, 24 metra með götu og 22.5 metra á dýpt.

20. Þórði Magnússyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð, sem hann kaupir úr Landakotstúni (samanber 19. lið). Stærð 101,23 ferm. Gjald kr. 37.oo.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði Kristinn Sigurðsson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson.
Ágúst Jósefsson. Þorl. Ófeigsson. Guðm. H. Þorláksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1926, laugardaginn 27.febrúar, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Jóhanni Jónssyni og Þórði Eiríkssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 8A við Holtsgötu. Stærð 125.5 ferm. Gjald kr. 35.oo.

2. Guðm. Gíslasyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á baklóðinni nr. 25 við Framnesveg. Stærð 34.11 ferm. Gjald kr. 6.oo.

3. Jósef Húnfjörð leyft að setja port og ris á húsið nr. 24 við Óðinsgötu. Gjald kr. 6.00.

4. Hafsteini Bergþórssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóð, sem hann kaupir úr Landakotstúni, og er við Unnarstíg og fyrirhugaða götu næst fyrir sunnan Øldugötu. Stærð 151.46 ferm. Gjald kr. 55.oo. Leyfið er veitt með því skilyrði, að götugjald verði greitt af lóðinni.

5. Samþykkt að selja megi byggingarlóð úr Landakotstúni, sem er við Unnarstíg og fyrirhugaða götu næst fyrir sunnan Øldugötu, 665.8 ferm. að stærð. Samanber 4. lið.

6. Gesti og Sigurði, Ámundasonum, leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, við fyrirhugaða götu á Nýjatúni. Stærð 122.82 ferm. Gjald kr. 40.oo.

7. Jóni H. Sigurðssyni leyft að breyta framhlið hússins nr. 40 við Laugaveg. Gjald kr. 4.oo.

8. Ólafi Þorsteinssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 18 við Lokastíg. Stærð 73.6 ferm. Gjald kr. 24.oo.

9. Einari Kristjánssyni og Stefáni Einarssyni leyft að setja hæð ofan á húsið 104 við Hverfisgötu. Gjald kr.14.oo.

10. Samþykkt að skipta leigulóðinni nr. 18 við Fálkagötu í tvennt. Austurhlutinn verður 9.4 metrar meðfram götu og vesturhlutinn 7.6 metrar. Vestari lóðin verður nr. 18A og hefir gangréttindi um austurhlutann frá Smirilsvegi.

11. Gísla Guðmundssyni leyft að hækka skúr við húsið nr. 96 við Hverfisgötu. Gjald kr. 2.oo.

12. Sigurði Guðlaugssyni leyft að gera bráðabirgðaskúr á lóðinni nr. 14 við Grjótagötu. Stærð 44.62 ferm. Gjald kr.5.oo. Leyfið er veitt með því skilyrði að skúrinn verði tekinn í burtu af lóðinni, bænum að kostnaðarlausu, hvenær sem bygg-



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ingarnefnd krefst þess, með þriggja mánaða fyrirvara.

13. Einari Guðmundssyni leyft að setja þakhæð ofan á húsið nr. 13 við Holtsgötu. Gjald kr. 4.00.

14. Guðm. Jónssyni og Kristbirni Markússyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 101 við Laugaveg. Stærð 88.42 ferm. Gjald kr. 26.00.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði byggingarfulltrúa, sem er veikur.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Þorl. Ófeigsson.
Ágúst Jósefsson. Kristinn Sigurðsson. Pétur Ingimundarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1926, laugardaginn 13. marz, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Ríkisstjórninni leyft að byggja hluta úr fyrirhuguðum Landsspítala. Það sem leyft er, er þrílyft steinsteypubygging, 1090.33 ferm. að stærð. Byggingarleyfisgjald kr. 621.oo.

2. Sigurði Guðbrandssyni og Viktoríu Guðmundsdóttur leyft að skipta lóðinni nr. 16 við Hverfisgötu þannig, að vesturhluti lóðarinnar verður 7.65 metrar meðfram götu, alls 114.75 ferm. Þessi lóðarpartur verður nr. 16A við Hverfisgötu og hefur gangréttindi um lóðina nr. 16.

3. Sigurði Guðbrandssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 16A við Hverfisgötu. Stærð 78.46 ferm. Gjald kr. 27.oo.

4. Sigurði Þ. Skjaldberg leyft að setja kjallara undir húsið ~~úr steinsteypu~~ nr. 58 við Laugaveg. Jafnframt er honum leyft að stækka húsið um 8.1 ferm. Gjald kr. 6.oo.

5. Maríu Pétursdóttur leyft að gera viðbótarbyggingu úr steinsteypu, við húsið nr. 1 við Þórsgötu. Stærð 13.86 ferm. Gjald kr. 6.oo.

6. Filippusi Snjólfssyni synjað um leyfi til að byggja skúr við húsið nr. 5 við Bergþórugötu.

7. Emanúel Bjarnasyni leyft að setja kjallara undir húsið nr. 33 við Bergstaðastræti og stækka inngönguskúr við húsið. Stækkunin nemur 3.65 ferm. Gjald kr. 4.oo.

8. Ágústi Jósefssyni leyft að skipta lóðinni nr. 34 við Grettisgötu þannig, að framlóðin verði 15.7 metrar frá götu og baklóðin 197.8 ferm. og hafi gangréttindi um framlóðina. Baklóðin verður nr. 34A við Grettisgötu.

9. Samþykkt var að viðurkenna sem trésmið til að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík:

92. Stefán Magnússon, Laufásvegi 20.

Ennfremur var samþykkt að viðurkenna sem múrsmið til að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík:

41. Gísla Þorkelsson, Bergstaðastræti 41.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði byggingarfulltrúa, sem er veikur.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Þorl. Ófeigsson. Guðm. Ásbjörnsson. Ágúst Jósefsson. Kristinn Sigurðsson. Pétur Ingimundarson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1926, laugardaginn 27. marz, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Tómási Tómássyni leyft að byggja ölaftöppunarhús, úr steinsteypu, á baklóðinni nr. 21 við Njálsgötu. Stærð 65 ferm. Rifið verður hús sem stendur á lóðinni, 37 ferm. að stærð. Gjald kr. 16.oo.

2. Kristni Markússyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 12 við Stýrimannastíg. Stærð xxxx 100.12 ferm. Gjald kr. 29.oo.

3. Sigurjóni Oddssyni leyft að stækka og hækka húsið nr. 27B við Laugaveg. Stækkunin nemur 36.66 ferm. Gjald kr.21.oo.

4. Jóhanni Eyjólfssyni leyft að gera bifreiðaafgreiðslu, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 18 við Hafnarstræti. Stærð 31.o5 ferm. Gjald kr. 4.oo. Leyfið er veitt með því skilyrði, að skúrinn og skýli, sem nú eru á lóðinni, verði rifin og að bifreiðaafgreiðslan verði flutt úr skúrnum, hvenær sem krafizt verður.

5. Páli Stefánssyni leyft að hækka húsið nr. 14 við Bergþórugötu. Gjald kr. 8.oo.

6. Filippusi Snjólfssyni leyft að byggja þvottahús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 5 við Bergþórugötu. Stærð 9.45 ferm. Gjald kr. 2.oo.

7. Pétri Bjarnason leyft að byggja tvílyft hús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 17 við Vesturgötu. Stærð 39.29 ferm. Gjald kr. 11.oo. Jafnstór skúr, sem er á lóðinni, verður rifinn.

8. Guðríði Braun leyft að byggja steinsteypuskúr, við húsið nr. 21 við Skólavörðustíg, 13.07 ferm. að stærð. Jafnframt er henni leyft að setja hæð ofan á húsið. Gjald kr. 18.oo.

9. Páli Lárussyni leyft að byggja íbúðar- og gripahús á Nýbýlandi nr. 4 í Sogamýri. Stærð 130.09 ferm. Gjald kr. Leyfið er veitt með því skilyrði, að heilbrigðisnefnd samþykki fjósbygginguna.

10. Einari Runólfssyni leyft að byggja þvottahús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 34 við Lindargötu. Stærð 11.25 ferm. Gjald kr. 2.oo.

11. Valdimar Stefánssyni leyft að skipta lóðinni nr.67 við Laugaveg, þannig, að baklóðin verði 244.9 ferm. og hafi gangréttindi að Laugavegi um framlóðina. Baklóðin verður talin nr. 67A.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Pétri Guðfinnssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 67A við Laugaveg. Stærð 76.3 ferm. Gjald kr. 26.oo.

13. Einari Guðmundssyni leyft að byggja geymsluhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 13 við Holtsgötu. Stærð 13.65 fermetrar. Gjald kr. 2.oo.

14. Gunnlaugi Einarssyni synjað um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, við Fjólugötu. Ástæða nefndarinnar fyrir synjunni er aðallega sú, að húsið er svo ljótt.

15. Birni Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 16 við Haðarstíg. Stærð 52.64 ferm. Gjald kr. 10.oo

16. Arinbirni Sveinbjarnarsyni leyft að skipta lóðinni nr. 41 við Laugaveg. Þannig að bakhlutinn verði sérstök lóð, 256 ferm. að stærð, með aðgangi frá Laugavegi um framlóðina. Baklóðin verður nr. 41A.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K.Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Þorl.Ófeigsson. Ágúst Jósefsson. Kristinn Sigurðsson. Guðm.H.Þorláksson. Pétur Ingimundarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1926, laugardaginn 10. apríl, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Gísla Jónssyni leyft að hækka og stækka hús hans við Bárugötu og Garðastræti. Stækkunin nemur 46.65 fermetrum. Gjald kr. 16.oo.

2. L. Biering leyft að breyta viðbyggingu við húsið nr.6 við Laugaveg. Gjald kr. 4.00.

3. Þórarni Kjartanssyni leyft að stækka og hækka húsið nr. 76 við Laugaveg. Stækkunin nemur 57 ferm. Gjald kr. 38.oo.

4. Guðm. Einarssyni leyft að hækka húsið nr. 1A við Framm-nesveg. Jafnframt er honum leyft að gera skúr við húsið 10 ferm. að stærð. Gjald kr. 10.oo.

5. Þorleifi Gunnarssyni leyft að byggja einlyftan íbúðar-skúr, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 5 við Lokastíg. Stærð 90.98 ferm. Gjald kr. 26.oo.

6. Kristni Jónssyni leyft að setja kvist á húsið nr. 50 við Laufásveg. Gjald kr. 2.oo.

7. Friðriki Gunnarssyni leyft að gera viðbyggingu við hús-ið nr. 16 við Skólavörðustíg. Stærð 24.41 ferm. Gjald kr. 6.oo/

8. Jón Víðis sækir um leyfi til að byggja yfir tröppur við húsið nr. 40 við Hverfisgötu. Með því, að nefndin telur þörf á að flytja hús þetta inn í rétta götulínu, ákvað hún að fresta erindinu, og leggja til við bæjarstjórnina að leitað verði samninga við Jón Víðis, um flutning á húsinu.

9. Ólafi Ólafssyni leyft að selja bakhluta lóðarinnar nr. 43 við Grettisgötu. Hin selda lóð er 168 ferm. að stærð, og verður talin nr. 43A við Grettisgötu.

10. Karli Torfasyni leyft að flytja húsið nr.21B við Njáls-götu á lóðina nr. 43A við Grettisgötu. Gjald kr. 7.oo.

11. Stefáni Einarssyni og Einari Kristjánssyni leyft að skipta lóðinni nr. 104A við Hverfisgötu.

12. Eggerti Ólafssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð hans á Sólvöllum. Stærð 73.4 ferm. Gjald kr. 21.oo.

13. Jóhanni Ólafssyni & Co. leyft að hækka og stækka geym-sluhús á lóðinni nr. 1A við Laugaveg. Stækkunin nemur 33 ferm. Gjald kr. 18.oo.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Lagðar fram fundargerðir samvinnunefndar frá 12. marz og 6. apríl s.l., og samþykkti byggingarnefnd,fyrir sitt leyti, uppdrátt af gatnaskipulagi í vesturbænum, milli Suðurgötu og Bræðraborgarstígs og Vesturgötu og Hringbrautar.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði byggingarfulltrúa.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Guðm.Ásbjörnsson. Þorlákur Ófeigsson.
Ágúst Jósefsson. Kristinn Sigurðsson. Pétur Ingimundarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1926, laugardaginn 1. nóv., kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Vilhelm Knudsen leyft að byggja vinnu- og geymsluskúr, úr steinsteypu, á baklóðinni nr. 6 við Hellusund. Stærð 117.49 ferm. Gjald kr. 15.oo.

2. Gísla Guðmundssyni leyft að stækka og hækka bakhús á lóðinni nr. 11 við Smiðjustíg. Stækkunin 27.6 ferm. Gjald kr. 20.oo.

3. Skúla Jónssyni synjað um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús á baklóðinni nr. 19 við Baldursgötu. Ástæða nefndarinnar fyrir synjuninni er að lóðin er of lítil.

4. Halldóri Þórðarsyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 21 við Ingólfsstræti. Stærð 72.76 ferm. Gjald kr. 18.oo. Samtímis verður rifið pakkhús, sem er á lóðinni, 37.5 ferm. að stærð.

5. Guðlaugi Ingimundarsyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð, sem hann fær úr Nýjatúni. Stærð 73.04 ferm. Gjald kr. 26.oo.

6. Soffíu Claessen leyft að setja kvist á húsið nr. 17 við Pósthússtræti. Gjald kr. 2.oo.

7. Magnúsi Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 63 við Laufásveg. Stærð 92 ferm. Gjald kr. 23.oo.

8. Sighvati Brynjólfssyni leyft að flytja húsið nr. 43 við Bergstaðastræti upp að lóðarmörkum. Jafnframt er honum leyft að gera viðbyggingu við húsið 33.17 ferm. Viðbyggingin er úr steinsteypu. Gjald kr. 10.oo.

9. Tryggva Árnasyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 8 við Njálsgötu. Stærð 92.52 m². Ennfremur er honum leyft að byggja einlyft geymsluhús á sömu lóð 14.55 ferm. Gjald kr. 29.oo.

10. Einari Kristjánssyni og Stefáni Einarssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 104A við Hverfisgötu. Stærð 113.4 ferm. Gjald kr. 28.oo.

11. Ingibjörgu Magnúsdóttur leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð, sem hún fær úr Nýjatúni. Stærð 80.96 ferm. Gjald kr. 28.oo.

12. Ólafi Magnússyni leyft að byggja skúr, úr steinsteypu,



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á lóðinni nr. 35 við Klapparstíg. Stærð 54. 79 ferm. Gjald kr. 7.oo.

13. Gísla Jónssyni leyft að stækka hús háns við Bárugötu um 2.8 ferm. Jafnframt er honum leyft að breyta stiga í húsinu. Gjald kr. 4.oo.

14. Gunnlaugi Einarssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 6 við Fjólugötu. Stærð 136.6 ferm. Gjald kr. 44.oo.

Leyfið er veitt með því skilyrði, að húsið standi í húsalínu og létt girðing, eins og sýnd er á uppdrættinum, verði gerð í götulínu.

16. Lagður fram og samþykktur uppdráttur af barnaskólabyggingu.

17. Bjarna Guðnasyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóð hans við Hallveigarstíg. Stærð 72.16 ferm. Gjald kr. 29.oo.

18. Ingólfi Lárussyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr.68 við Bergstaðastræti. Stærð 101.7 ferm. Gjald kr. 25.oo.

19. Jóni Jónssyni synjað um leyfi til að gera geymsluskúr á lóðinni nr. 2 við Urðarstíg.

20. Þórði Þórðarsyni leyft að breyta dyrum og gluggum á húsinu nr. 45 við Laugaveg. Gjald kr. 4.oo.

21. Kjartani Ólafssyni leyft að hækka og stækka húsið nr. 48 við Tjarnargötu. Stækkunin nemur 12.09 ferm. Gjald kr.18.oo.

Kl. 7.o5 var fundi frestað til kl. 9 árdegis næstkomandi mánudag.

Á fund vantaði Kristinn Sigurðsson.

K.Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Þorl.Ófeigsson. Guðm. H. Þorláksson. Ágúst Jósefsson. Pétur Ingimundarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mánudaginn 3. maí, kl. 9 árdegis, var fundinum haldið áfram.

Þetta gerðist:

22. Theódór Arnbjarnarsyni leyft að byggja heyhlöðu og gripahús á Vatnsmýrarbletti 3. Stærð 28.88 ferm. Gjald kr.4.oo.

23. Arnlaugi Ólafssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð, sem hann fær hjá bænum fyrir Akurgerði, ásamt geymsluhúsi. Stærð 85.99 ferm. Gjald kr. 18.oo.

24. Guðm. Þorgrímssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 20 við Haðarstíg. Stærð 46.43 ferm. Gjald kr. 10.oo.

25. Guðbirni Þorleifssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 22 við Haðarstíg. Stærð 46.43 ferm. Gjald kr.10.oo.

26. Samþykkt að skipta lóðinni nr. 23 við Fálkagötu þannig, að austurhlutinn 11 metrar með götu og 17 metrar á dýpt, verði sérstök lóð, og verði talin nr. 23 við götuna. Hinn hlutinn verður nr. 23A.

27. Jóhannesi Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 23 við Fálkagötu. Stærð 52.44 ferm. Gjald kr. 13.oo.

28. Magnúsi Magnússyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð sem hann kaupir úr Ólsenstúni, syðst við Ægisgötu, og er 350 ferm. að stærð, samkv. framlögðum uppdrætti. Stærð hússins er 102.12 ferm. Gjald kr. 29.oo.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Guðm.Asbjörnsson. Ágúst Jósefsson. Guðm. H. Þorláksson. Pétur Ingimundarson. Kristinn Sigurðsson. Þorl. Ófeigsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1926, laugardaginn 15. maí, kl. 4 síðdegis var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Bjarna Ásbjörnssyni synjað um leyfi til að byggja einlyftan íbúðarskúr á lóðinni nr. 9 við Rauðarárstíg.

2. Halldóri Oddssyni leyft að flytja húsið nr.56B við Hverfisgötu á baklóðina nr. 41A við Laugaveg. Gjald kr.2.oo.

3. Sigurði Sivertsen og Markúsi Ivarsyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð þeirra á Sólvöllum. Stærð 131.5 ferm. Gjald kr. 58.oo.

4. Almar Normann leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóð á Sólvöllum. Stærð ~~131.5 ferm.~~ 86 ferm. Gjald kr. 28.oo.

5. Sigríði Erlendsdóttur leyft að skipta lóðinni Litla-Steinsholt þannig, að neðri hlutinn verði sérstök lóð 184.3 ferm. og teljist nr. 23 við Framnesveg.

6. Júlíusi Guðmundssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 23 við Frammnesveg. Stærð 60 ferm. Gjald kr. 13.oo.

7. Jóni Straumfjörð leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu,á lóð á Sólvöllum. Stærð 82.7xxxx ferm. Gjald kr. 27.oo.

8. Ingólfi Kristjánssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóð á Sólvöllum. Stærð 66 ferm. Gjald kr. 22.oo.

9. Samþykkt skipti á lóðinni nr. 23 við Bergstaðastræti þannig, að leyft er að selja austurhlutann 157.3 ferm., sem verður nr. 12 við Bjargarstíg. Jafnframt leggur nefndin til að bærinn kaupi 39.7 ferm. sem liggja fyrir norðan þessa seldu lóð og fara undir Bjargarstíg.

10. Guðna Jónssyni leyft að selja vesturhluta lóðarinnar nr. 55 við Grettisgötu. Hin selda lóð er 126.9 ferm. að stærð, og hefir gangréttindi austan við húsið nr. 55 og um baklóð þess húss. Selda lóðin verður nr. 55B við Grettisgötu. (nr.55c)

11. Guðjóni Bjarnasyni leyft að byggja gripahús úr steinsteypu, á Bjarnastöðum á Grímstaðaholti. Stærð 20.8 ferm. Gjald kr. 3.oo.

12. M. Júl. Magnús leyft að byggja fjárhús, hlöðu og safngryfju á suðausturhorni erfðafestulandsins Norðurmýrarblettur nr. 4. Stærð 94.3 ferm. Gjald kr. 14.oo.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Leyfið er veitt með því skilyrði, sem bæjarstjórnin hefur sett fyrir byggingu í þessu erfðafestulandi.

13. Lagður fram og samþykktur uppdráttur af skipulagi í austurbænum, frá Landsstítalalóð til sjávar milli Hringbrautar og Barónsstígs.

14. Byggingarnefnd sér ekki ástæðu til að breyta samþykkt sinni um skipulag í vesturbænum.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði Kristtinn Sigurðsson og byggingarfulltrúa.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Þorl.Ófeigsson.
Ágúst Jósefsson. Pétur Ingimundarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1926, miðvíkudaginn 26. maí, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Jóni Magnússyni og Ingimundi Jónssyni leyft að byggja fiskþurrkunarhús, úr steinsteypu, á lóð þeirra við Hringbraut. Stærð 191.4 ferm. Gjald kr. 31.00.

2. Ágústi Ólagssyni leyft að breyta húsinu nr. 21B við Vesturgötu. Gjald kr. 4.00.

3. Ásgeir Gunnlaugssyni leyft að setja kvist á bakhlið hússins nr. 28 við Ránargötu. Gjald kr. 2.00.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K.Zimsen. Guðm.Ásbjörnsson. Þorl.Ófeigsson. Pétur Ingimundarson. Ágúst Jósefsson. Kristinn Sigurðsson. Guðm.H.Þorláksson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1926, laugardaginn 29. maí, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Magnúsi Magnússyni leyft að hækka húsið nr. 8 við Urðarstíg. Gjald kr. 8.oo.

2. Þorsteini Þorsteinssyni leyft að hækka húsið nr. 91 við Hverfisgötu. Gjald kr. 10.oo.

3. Vilhelm Bernhöft leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á erfðafestulandinu Vatnsmýrarbletti 19. Stærð 52.5 ferm. Gjald kr. 7.oo.
Leyfið er veitt með því skilyrði, að bæjarstjórn heimili að byggt sé í erfðafestulandinu.

4. Sigurbergi Einarssyni synjað um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús á leigulóð við Laugaveg.

5. Einari Backmann leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á leigulóð við Laugaveg. Stærð 35.5 ferm.Gjald kr. 5.oo.

6. Bjarna Ásbjörnssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 9 við Rauðarárstíg. Stærð 60.1 ferm. Gjald kr. 8.oo. Rifið verður timburhús, sem er á lóðinni, 38.25 ferm. að stærð.

7. Ásmundi Jónssyni leyft að hækka húsið nr. 58 við Hverfisgötu. Jafnframt er honum leyft að gera viðbyggingu úrsteinsteypu við húsið, 47.49 ferm. að stærð. Gjald kr.22.oo.

8. Guðna Árnasyni leyft að hækka húsið nr. 13 við Lokastíg. Gjald kr. 10.oo.

9. Hafliða Hafliðasyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóð sem hann hefur keypt úr Melbletti nr.6 og er 388. ferm. Stærð hússins er 78.3 ferm. Gjald kr.22.oo. Jafnframt er honum leyft að gera safnþró á lóðinni.
Byggingarleyfið er veitt með því skilyrði, að húsið standi 2 metra frá götulínu.

10. Jóni Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 55C við Grettisgötu. Stærð 51.75 ferm. Ennfremur er honum leyft að gera geymsluskúr á sömu lóð. Stærð 12.6 ferm. Gjald kr. 16.oo.

11. Nóa Kristjánssyni leyft að byggja tvílyft íbúðar- og verzlunarhús, úr steinsteypu, á lóðina nr. 37 við Klapparstíg. Stærð 135. 52 ferm. Gjald kr. 33.oo.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Hafliða Baldvinssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 123 við Hverfisgötu. Stærð 64 ferm. Gjald kr. 16.oo.

13. Pétri Guðmundssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 7 við Brunnstíg (Vorhúsalóð). Stærð 83.6 ferm. Gjald kr. 30.oo.

14. Benedikt Guðmundssyni synjað um leyfi til að byggja skúr á baklóðinni nr. 16A við Urðarstíg.

15. Eggeri Lárussyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóð, sem hann fær á horni Bergþórugötu og Vitastígs. Stærð 202.8 ferm. Gjald kr.67.oo.

16. Lúter Hróbjartssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 49 við Bergþórugötu. Stærð 66.88 ferm. Gjald kr.20.oo.

17. Magnúsi Guðmundssyni leyft að hækka íbúðarskúr á baklóðinni nr. 16 við Skolavörðustíg. Gjald kr. 4.oo. Leyfið er veitt með því skilyrði, að geymsluskúr, sem er á baklóðinni verði rifinn.

18. Samþykkt var að skipta lóðinni nr. 4 við Sellandsstíg, þeim hlutanum, sem er eign Sigurveigar Runólfsdóttur, í 3 lóðir, þannig að lóðin sem húsinu fylgir, nái 3.15 metra vestur fyrir það. Næsta lóð verði 9 metra me fram götu, og vestasta lóðin 11.8 metrar meðfram götu.

19. Samþykkt var að viðurkenna þessa trésmiði til að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík:

93. Zóphaníasx Snorrasynixx Þórsgötu 3.
94. Björn Erlendsson, Óðinsgötu 2?.
95. Þorleif Eyjólfsson, Laugavegi 15.

Og sem steinsmiðir voru viðurkenndir :

42. Kristinn Sigurðsson, Grettisgötu 35B.
43. Stefán Jónsson, Hverfisgötu 87.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði Þorl.Ófeigsson, sem boðaði forföll.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Guðm.Ásbjörnsson. Ágúst Jósefsson. Pétur Ingimundarson. Kristinn Sigurðsson. Guðm.H.Þorláksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1926, mánudaginn 14. júní, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lagður fram og samþykktur uppdráttur af lóðum norðan við Túngötu og austan við Unnarstíg, að öðru leyti takmarkað af fyrirhuguðum götum.

2. Valdimar Guðmundssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 42 við Túngötu. Stærð 91.39 ferm. Gjald kr.26.oo. Húsið stendur 7 metra frá götulínu.

3. Kristjáni Sigurðssyni leyft að stækka húsið nr. 28C við Bergstaðastræti. Stækkunin nemur 35.2 ferm. Gjald kr.9.oo.

4. Gesti Magnússyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 121 við Hverfisgötu. Stærð 61.5 ferm. Gjald kr. 22.oo.

5. Hannesi Magnússyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 114 við Hverfisgötu. Stærð 61.5 ferm. Gjald kr. 22.oo.

6. Sigurbergi Einarssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á leigulóð, sem hann hefur fengið við Laugarnesveg. Stærð 57.15 ferm. Gjald kr. 14.oo.

7. Guðjóni Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 107 við Laugaveg. Stærð 57.67 ferm. Gjald kr. 12.oo.

8. Guðjóni Guðmundssyni, Birni Benediktssyni og Jóni Sigurðssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu á lóð við framlengingu Tjarnargötu. Stærð 98.69 ferm. Gjald kr. 36.oo. Leyfið er veitt með því skilyrði að húsið standi 4 metra frá götulínu.

9. Hans Bjarnasyni leyft að byggja viðbyggingu, úr steini, við húsið nr. 27 við Baldursgötu. Stækkunin nemur 8.5 ferm. Gjald kr. 2.oo.

10. Guðm.Helgasyni synjað um leyfi til að byggja þrílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 4 við Óðinsgötu.

11. Ólafi Briem leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr timbri og steini, á lóð milli Sóleyjargötu og Fjólugötu. Stærð 87.62 ferm. Gjald kr. 32.oo. Stærð lóðarinnar er 522.14 ferm.
Nefndin tekur það fram að íbúðarleyfi verði ekki veitt fyr en for, sem nú er á götulóðinni verður tekin í burtu.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Helga Helgasyni leyft að gera viðbótarbyggingu, úr steinsteypu, við húsið nr. 2 við Óðinsgötu. Stærð 56.78 ferm. Gjald kr. 14.oo.

13. Andrési Ólafssyni leyft að gera inngönguskúr, úr steini, við húsið nr. 17 við Bergstaðastræti. Stærð 9.22 ferm. Gjald kr. ~~kr~~ 3.oo.

14. Hannesi Sigurðssyni leyft að hækka húsið Ánanaust E og stækka skúrinn við húsið um 4.36 ferm. Gjald kr. 7.oo.

15. Dánarbúi Gunnlaugs Ólafssonar leyft að hækka húsið nr. 9 við Vatnsstíg. Gjald kr. 8.oo.

16. Pétri M. Bjarnason leyft að breyta framhlið hússins nr. 17 við Vesturgötu. Gjald kr. 4.oo.

17. Pétri Þorsteinssyni leyft að gera viðbyggingu, úr steinsteypu, við húsið nr. 5 við Mýrargötu. Stærð 43.56 ferm. Gjald kr. 9.oo.

18. Bergsveini Jónssyni leyft að gera einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 18 við Haðarstíg. Stærð 46.43 ferm. Gjald kr. 10.oo.

19. Sigurði Gunnarssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr timbri, á lóð, sem hann hefur keypt úr Melkotslóð og Melkotstúni og er 388.6 ferm. Stærð húswins er 65.61 ferm. Gjald kr. 16.oo.

20. Haraldi Árnasyni synjað um leyfi til að breyta húsinu nr. 33 við Laufásveg.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Guðm.Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson.
Ágúst Jósefsson. Þorl.Ófeigsson. Kristinn Sigurðsson.
Guðm. H. Þorláksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1926, mánudaginn 28. júní, kl. 9.30 árdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Samþykkt að skipta lóðinni nr. 9 við Kárastíg í tvær lóðir. Neðri lóðin verður 10.95 metrar meðfram götu, og verður talin nr. 9. Efri loðin verður nr.9A og verður 10 metrar meðfram götu.

2. Arinbirni Þorkelssyni og Ólafi Helgasyni leyft að byggja, tvílyftíbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 9A við Kárastíg. Stærð 99.18 ferm. Gjald kr. 34.00.

3. Guðm.Helgasyni leyft að byggja þrílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 4 við Óðinsgötu. Stærð 168.67 ferm. Gjald kr. 75.00.

4. Tómási Jónssyni og Guðsteini Eyjólfssyni leyft að byggja viðbyggingu, úr steinsteypu, við húsið nr. 32B við Laugaveg. Stærð 42.25 ferm. Gjald kr. 5.00.

5. Samþykkt að skipta lóðinni nr. 23 við Bræðraborgarstíg í tvær lóðir, þannig, að syðri hlutinn verði sérstök lóð 8.8 metrar meðfram götu og hafi tveggja metra gangréttindi norðan við lóðina. Samkvæmt framlögðum uppdrætti er þessi syðri hluti 217.2 ferm. og verður talinn nr.23A við Bræðraborgarstíg.

6. Þorsteini Árnasyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 23A við Bræðraborgarstíg. Stærð 68.64 ferm. Gjald kr. 17.00.

7. Pétri Marteinssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 12A við LindargOTU- Stærð 62.32 ferm. Gjald kr. 15.00.

8. Þuríði Erlendsdóttur leyft að gera viðbyggingu, úr steinsteypu, við húsið nr. 44 við Njálsgötu. Stærð 13.86 ferm. Gjald kr. 2.00.

9. Þórði Þorsteinssyni leyft að hækka og stækka húsið nr. 10 við Nönnugötu. Stækkunin nemur 56.16 ferm. Gjald kr.25.00.

10. Ønnu Stefánsdóttur leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 12 við Haðarstíg. Stærð 46.43 ferm. Gjald kr. 10.00.

11. Guðrúnu Jónsdóttur leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 29 við Njarðargötu. Stærð 66.88 ferm. Gjald kr. 22.00.

12. Byggingarnefnd samþykkir að Rauðarárblettur II sé



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skipt í byggingarlóðir fyrir samfelldar byggingar, eru lóðirnar 23 metrar á dýpt frá Laugavegi og þvergötunum. Afgangur ~~inn~~ lóðarinnar fylgir Daufdumbraskólanum.

13. Haraldi Árnasyni leyft að byggja inngönguskúr, úr steini, við húsið nr. 33 við Laufásveg. Stærð 15.79 ferm. Gjald kr. 5.oo.
Leyfið er veitt með því skilyrði að Haraldur Árnason kaupi ca. 2 metra breiða ræmu af eigninni nr. 31 við Laufásveg.

14. Ríkisstjórninni leyft að gera viðbyggingu, úr steinsteypu, við geðveikishælið á Kleppi. Viðbyggingin er 752.17 ferm. Byggingarleyfisgjald kr. 290.oo.

Fleira ekki gert.

Ágúst Jósefsson vék af fundi eftir 5. lið.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Guðm.Ásbjörnsson. Kristinn Sigurðsson.
Þorl.Ófeigsson. Guðm.H.Þorláksson. Pétur Ingimundarson.
Ágúst Jósefsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1926, mánudaginn 12. júlí, kl. 10 árdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Baldri Benediktssyni leyft að byggja þrílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 88 við Hverfisgötu. Stærð 136.4 ferm. Gjald kr. 52.oo.
Borgarstjóri telur sjálfsagt að krefjast þess, að hver íbúð hafi sérstaka forstofu þegar svo stendur á eins og hér, að margar íbúðir á mörgum hæðum nota sama stiga, og er þess vegna mótfallinn því, að leyfi sé veitt til að byggja hér umrætt hús.

2. Sigurði Þorkelssyni og Jakob Smára leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 5 við Öldugötu. Stærð 102.63 ferm. Gjald kr. 35.oo.
Leyfið er veitt með því skilyrði, að götugjald sé greitt af lóðinni áður en byrjað er á byggingunni.

3. Sigurði Skjaldberg leyft að breyta þaki á húsinu nr. 58 við Laugaveg. Gjald kr. 2.oo.

4. Sigurjóni Oddssyni synjað um leyfi til að setja kvist á húsið nr. 27B við Laugaveg.

5. Halldóri Steinþórssyni leyft að gera viðbyggingu, úr steinsteypu, við húsið nr. 26 við Fálkagötu. Stækkunin nemur 27.72 ferm. Gjald kr. 7.oo.

6. Pétri Bjarnasyni leyft að gera þvotta- og geymsluhús, úr steinsteypu, á baklóðinni nr. 34 við Njálsgötu. Stærð 13.86 ferm. Gjald kr. 2.oo.

7. Mjólkurfélagi Reykjavíkur leyft að hækka geymsluhús á lóðinni nr. 10A við Vatnsstíg. Gjald kr. 8.oo.

8. Jóni Júníussyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 18 við Haðarstíg. Stærð 46.43 ferm. Gjald kr. 10.oo.

9. Magnúsi Jónssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 63 við Laufásveg. Stærð 92 ferm. Gjald kr. 34.oo. Jafnframt fellur úr gildi byggingarleyfi, sem honum var veitt 1. maí s.l.

10. Guðjóni Bjarnasyni leyft að byggja heyhlöðu við gripahús á Bjarnastöðum á Grímsstaðaholti. Stærð 20.79 ferm. Gjald kr. 3.oo.

11. Samþykkt að skipta megi lóðinni nr. 19 við Bræðraborgarstíg í tvær lóðir þannig, að austurhlutinn verði sérstök lóð við Öldugötu og 14 metra meðfram henni. Enda greiðist götugjald af lóðinni.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Runólfi Guðjónssyni synjað um leyfi til að hækka og stækka húsið nr. 60 við Bergstaðastræti, vegna þess að ~~x~~ ekki er gert ráð fyrir að byggja að austurmörkum lóðarinnar.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði Kristinn Sigurðsson, Þorlák Ófeigsson og byggingarfulltrúa.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm.Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson.
Ágúst Jósefsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1926, laugardaginn 31. júlí, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. L. Kaaber leyft að gera bifreiðaskýli, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 28 við Hverfisgötu. Stærð 17 ferm. Gjald kr.3.oo.

2. Magnúsi Jóhannessyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 22 við Nýlendugötu. Stærð 88.35 ferm. Gjald kr. 32.oo. Bær, sem er á lóðinni verður rifinn.

3. Guðm. Guðmundssyni leyft að gera viðbyggingu, úr steinsteypu, við húsið nr. 27 við Baldursgötu. Stærð 14.2 ferm. Gjald kr. 2.oo.

4. Guðjóni Vilhjálmssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 102 við Hverfisgötu. Stærð 90 ferm. Gjald kr. 33.oo.

5. Mjólkurfélag Reykjavíkur sækir um leyfi til að hækka geymsluskúr á lóðinni nr. 10A við Vatnsstíg. Á fundi byggingarnefndar 13. okt. 1925 var félaginu leyft að byggja umræddan skúr úr steinsteypu, en nefndin hefur athugað, að norðurhliðin hefur verið gerð úr timbri. Nefndin ákveður því að kæra þetta brot á byggingarsamþykktinni og krefjast þess að skúrinn verði rifinn eða hliðin byggð upp úr steinsteypu.

6. Sigurjóni Jónssyni leyft að hækka og stækka húsið nr.4 við Þórsgötu. Stækkunin nemur 30.44 ferm. Ennfremur er honum leyft að gera geymsluskúr, úr steinsteypu, á baklóðinni. Stærð 18.9 ferm. Gjald kr. 19.oo.

7. Leyft að skipta lóðinni nr. 44 við Skólavörðustíg í tvær lóðir þannig, að austurhlutinn, sem er talinn nr. 44A, verði 5.35 metrar meðfram götu og hafi gangrétt um lóðina nr. 44.

8. Brynjólfi Magnússyni leyft að hækka húsið nr. 44 við Skólavörðustíg og gera geymsluskúr úr steinsteypu á baklóðinni. Stærð skúrsins er 10.4 ferm. Gjald kr. 13.oo.

9. Ágúst Ólafssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni, sem er næst fyrir vestan nr. 4 við Sellandsstíg. Stærð 72 ferm. Gjald kr. 18.oo.
Sigurveig Runólfsdóttir hefir heimilað Ágústi Ólafssyni gangréttindi um lóðina nr. 4 við Sellandsstíg.

10. Jóni Benediktssyni og Kristni Níelssyni leyft að skipta lóðinni, sem bæjarstjórnin hefur selt þeim fyrir vestan kirkjugarðinn, í tvær jafnstórar lóðir, sem hver um sig verður 7.25 metrar meðfram götu.

11. Jóni Benediktssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

úr steinsteypu, á lóðinni, sem umræðir í 10. lið. Stærð 55.97 ferm. Ennfremur er honum leyft að gera geymsluskúr á sömu lóð 7.9 ferm. að stærð. Gjald kr.15.oo.

12. Kristni Níelssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni, sem umræðir í 10. lið. Stærð 55.97 ferm. Ennfremur er honum leyft að gera geymsluskúr á lóðinni, 7.9 ferm. að stærð. Gjald kr. 15.oo.

13. Þórarni Björnssyni synjað um leyfi til að gera skúr á lóðinni nr. 2 við Njálsgötu.

14. Ríkisstjórninni leyft að byggja viðbyggingu, úr steinsteypu, við daufdumbraskólann, nr. 108 við Laugaveg. Stærð 132.65 ferm. Gjald kr. 40.oo.

15. Carlottu Albertsdóttur leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 7 við Lokastíg. Stærð 106.42 ferm. Gjald kr. 26.oo.

16. Jóhanni P. Jónssyni leyft að byggja steinsteypuskúr við húsið nr. 69 við Hverfisgötu. Stærð 35 ferm. Jafnframt er honum leyft að setja dyr í stað glugga á húsið nr. 69. Gjald kr. 7.oo.

17. Böðvari Gíslasyni leyft að byggja íbúðarskúr, úr steinsteypu, á baklóðinni nr. 20 við ÓðinsgÖTU. Stærð 43.2 ferm. Gjald kr. 8.oo.

18. Guðmundi Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 19 við Bræðraborgarstíg, þeim hluta lóðarinnar, sem verður við Öldugötu. Stærð 53.8 ferm. Gjald kr. 11.oo.

19. Einari Waage og Kristni Friðfinnssyni leyft að hækka húsið nr. 37 við Grettisgötu. Ennfremur er þeim leyft að gera tvílyfta viðbyggingu, úr steinsteypu, við húsið. Stærð 41.4 ferm. Gjald kr. 18.oo.

20. Júlíusi Guðmundssyni leyft að breyta kjallara hússins nr. 23 við Framnesveg. Gjald kr. 2.oo.

21. Rafmagnsveitu Reykjavíkur leyft að byggja spennistöð úr steinsteypu, við Geirsgötu. Stærð 27.5 ferm. Gjald kr. 9.oo.

22. Guðlaugi Torfasyni synjað um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús á baklóðinni nr. 42 við Vesturgötu.

23. Árna Jónssyni leyft að gera skúr við húsið nr. 49 við Grettisgötu. Stærð 10.2 ferm. Gjald kr. 2.oo.
Leyfið er veitt með því skilyrði að hann verði rifinn innan 1 árs frá því leyfið er veitt.

Framhald á næstu síðu-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

24. Hans Kristjánssyni leyft að flytja gamla Alþýðuhúsið niður að Skúlagötu, fyrir austan bæinn "Höfn". Gjald kr.2.oo.

25. Guðlaugu Jónsdóttur leyft að hækka húsið nr. 44 við Klapparstíg. Gjald kr. 3.oo.

26. Samþykkt að skipta megi lóðinni nr. 14 við Klapparstíg, þannig, að hornlóðin verði 10.85 metra meðfram Lindargötu, mælt í húsalínu.

27. Samþykkt að lóðin nr. 23 við Hverfisgötu verði sérstök eign, ca. 10.5 metra með götu og þannig að eignin nr. 21 hafi gangrétt um vesturhluta lóðarinnar.

28. Samþykkt að skipta megi lóðinni nr. 12 við Þingholtsstræti þannig, að hornhúsið verði nr. 6 við Amtmannsstíg og lóðin jafnlöng og húsið er meðfram Þingholtsstræti.
Byggingarnefndin krefst þess að skúrar, sem eru á lóðinni, og ekki eru á uppdrættinum, verði rifnir niður jafnframt og skiptin fara fram.

29. Samþykkt að skipta megi lóðinni nr. 104 við Hverfisgötu í 2 lóðir þannig, að eystra húsinu fylgi lóð jafnlöng því og hafi sú lóð gangrétt um vesturhluta lóðarinnar.

30. Samþykkt að viðurkenna til að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík:
96. Hjálmar Þorsteinsson, trésmið, Frakkastíg 14.

31. Byggingarnefndin felur borgarstjóra að fá hjá ríkisstjórninni skýrslu um(rannsóknir þær) rannsóknir þær, sem gerðar hafa verið útaf misfellum við byggingu Landsspítalans og gefa nefndinni, sem unnt er, svo fullkomnar upplýsingar sem kostur er á, um rannsóknir á byggingarefninu, um blöndunarhlutföll steypu og ráðstafanir til umbóta.

32. Byggingarnefndin fellst á að Sigurður Pétursson gegni byggingarfulltrúastörfum í veikindaforföllum byggingarfulltrúa.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 10 síðdegis.

K.Zimsen. Guðmundur Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson
Þorl. Ófeigsson. Kristinn Sigurðsson. Ágúst Jósefsson.
Sigurður Pétursson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1926, laugardaginn 14. ágúst, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Sveini Sigurðssyni leyft að hækka húsið nr. 24B við Nýlendugötu. Jafnframt er honum leyft að gera steinsteypuskúr við bakhlið hússins, 12 ferm. að stærð. Gjald kr. 5.oo.

2. Jóni Bárðarsyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 4 við Njálsgötu. Stærð 85.8 ferm. Gjald kr. 20.oo.

3. Vilboga Péturssyni leyft að setja kjallara undir húsið nr. 22A við Þórsgötu. Gjald kr. 3.oo.

4. Kristjáni A. Ágústssyni leyft að byggja einlyftan sumarbústað á Þvottalaugabletti XXVI. Stærð 20 ferm. Gjald kr.4.oo.

5. Eiríki Torfasyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð við Ránargötu. Stærð 82.2 ferm. Gjald kr. 16.oo. Leyfið er veitt með því skilyrði, að húsið verði sett í rétta húsalínu.

6. Emanúel Cortes leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 33 við Njarðargötu. Stærð 66.88 ferm. Gjald kr. 15.oo.

7. Ønnu Ásmundsdóttur og Guðm.Finnbogasyni leyft að byggja
r.18 tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 18 við Suðurgötu. Stærð 155 ferm. Gjald kr. 53.oo.

8. Geir Gígja leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á erfðafestulandinu Norðurmýrarbletti nr. XXXIII. Stærð 42.2 ferm. Gjald kr. 7.oo.
Leyfið er veitt með því skilyrði að bæjarstjórnin samþykki byggingu á erfðafestulandinu.

9. Ágúst Ólafssyni og Marel Ólafssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð á Nýjatúni. Stærð 87.9 ferm. Gjald kr. 28.oo.

10. Friðgeir Björnssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð á Nýjatúni. Stærð 87.9 ferm. Gjald kr. 28.oo.

11. Guðm. Árnasyni og Magnúsi Björnssyni leyftað gera viðbyggingu úr steinsteypu, við báða enda hússins nr. 6 vi, Lindargötu. Stækkunin nemur 50.98 ferm. Gjald kr. 12.oo.

12. Hjálmtý Sigurðssyni leyft að byggja þrílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 2 við Grundarstíg. Stærð 86.8 ferm. Gjald kr. 29.oo.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Halldóri Magnússyni leyft að byggja tvílyftan íbúðarskúr, úr steinsteypu, á lóðinni nr. ~~4B~~ við ~~Týsgötu Stærð 32~~. (4B við Týsgotu) Stærð 53.5 metrar$^2$. Gjald kr. 12.oo.

14. Guðrúnu Jónsdóttur leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 3A við Nönnugötu. Stærð 39.6 ferm. Gjald kr. 9.oo.

15. Guðjóni Samúelssyni, fyrir hönd prefektsins í Landakoti, leyft að byggja kirkju, úr steinsteypu, á Landakotshæðinni á þeim stað sem ákveðinn er á hinu fyrirhugaða skipulagi. Stærð kirkjunnar er 531 ferm. Gjald kr. 247.oo.

16. Carlottu Albertsdóttur synjað um leyfi til að flytja húsið nr. 7 við Lokastíg ofar í Lóðina.

17. Samþykkt að viðurkenna til að standa fyrir trésmíði húsa í Reykjavík:

97. Bergþór Vigfússon, Frakkastíg 7.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Á fund vantaði, borgarstjóra, slökkviliðsstjóra og Kristinn Sigurðsson.

Guðm. Ásbjörnsson. Ágúst Jósefsson. Þorl. Ófeigsson.
Sigurður Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1926, laugardaginn 28. ágúst, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Nefndin samþykkti að veita Guðmundi Þorlákssyni lausn frá byggingarfulltrúastörfum, samkvæmt umsókn hans.
Nefndin samþykkti að ráða Sigurð Pétursson byggingameistara til að gegna byggingarfulltrúastarfinu, þar til það verður auglýst og veitt.

2. Guðmundi Jenssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, við Öldugötu nr. 16. Stærð 136.7 ferm. Gjald kr. 37.oo.
Leyfið er því skilyrði bundið, að götugjald verði greitt áður en byrjað er á byggingunni.

3. Jóni Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 19 við Frammnesveg. Stærð 70.3 m$^2$. Gjald kr. 16.oo.

4. Guðmundi Sigmundssyni leyft að gera viðbyggingu úr steinsteypu, við húsið nr. 14 við Nýlendugötu. Stærð 27.6 ferm. Gjald kr. 5.oo.

5. Vélstjórafélagi Íslands leyft að byggja tvílyft íbúðar- og verzlunarhús á lóðinni Frammnesvegi nr. 38. Stærð 127.4 ferm. Gjald kr. 41.oo.

6. Karli Ó. Bjarnasyni leyft að setja kvist á húseign sína á Hábæjarbletti við Kaplaskjólsveg. Gjald kr. 2.oo.

7. Margréti Halldórsdóttur leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni Bjarnarstíg nr. 4. Stærð 82.73 ferm. Gjald kr. 19.oo.

8. Jóni Á. Jakobssyni leyft að gera viðbótarbyggingu úr steinsteypu, við húsið nr. 27 við Fálkagötu. Stærð 25.6 ferm. Gjald kr. 3.oo.

9. Guðmundi I. Guðmundssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóð sinni við Lauganesveg. Stærð 94.5 ferm. Gjald kr. 18.oo.

10. Mjólkurfélagi Reykjavíkur leyft að hækka geymsluskúr, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 10A við Vatnsstíg. Gjald kr.7.oo.

11. Karli Á. Torfasyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri, á leigulóð sinni við Lauganesveg. Stærð 52.3 ferm. Gjald kr. 6.oo.

12. Sveini Sveinssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 4 við Sellandsstíg. - Stærð 72.16 ferm. Gjald kr. 25.oo.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Guðmundi Jónssyni leyft að hækka geymsluskúr á baklóðinni 24A við Laugaveg. Gjald kr. 2.oo.

14. Geir Pálssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu við Hallveigarstíg nr. 2. Stærð 124.8 ferm. Gjald kr. 40.oo.
Leyfið er því skilyrði bundið, að götugjald verði greitt áður en byrjað er á byggingunni.

15. Boga A. J. Þórðarsyni leyft að byggja steinsteypuskúr á lóðinni nr. 8 við Frakkastíg. Stærð 173.8 ferm. Gjald kr. 17.oo.

16. Helga Helgasyni, Njálsgötu 13A leyfð þakbreyting á því húsi. Gjald kr. 2.oo.

17. Ólafi R. Ólafs leyft að byggja þrílyft íbúðar- og verzlunarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 16 við Vesturgötu. Stærð 109.98. Gjald kr. 40.oo.

18. Þórði L. Jónssyni leyft að byggja sumarbústað í erfðafestulandi sínu, Rauðarárholtsbletti nr. 1. Stærð 27.50 ferm. Gjald kr. 4.oo.
Leyfið er veitt að því áskildu, að bæjarstjórnin samþykki að byggja megi á erfðafestulandinu.

19. Frímanni Ólafssyni leyft að hækka og stækka húsið nr. 25 við Þórsgötu. Hækkunin nemur 24.88 ferm. Gjald kr. 18.oo.

20. Kristjáni Sveinssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóð, sem hann fær hjá ríkisstjórninni af lóð "daufdumbraskólans" við Laugaveg 108. Stærð 98.8 ferm. Gjald kr. 23.oo.

21. Skúla Jónssyni leyft að breyta gluggum og dyrum á lóðinni nr. 5 við Vesturgötu. Gjald kr. 4.oo.

22. Sigurþór Jónssyni leyft að breyta dyrum á húsinu Veltusundi nr. 1. Gjald kr. 2.oo.

23. Guðrúnu Jónsdóttur leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 31 við Njarðargötu. Stærð 66.88 ferm. Gjald kr. 22.oo.

24. Guðjóni Bjarnasyni leyft að byggja viðbót við hús sitt Bjarnastöðum á Grímsstaðaholti. Stærð 35.2 ferm. Gjald kr. 7.oo.

25. Samþykkt að skipta leigulóðinni nr. 10 við Fálkagötu, þannig, að baklóðin verði sjálfstæð lóð, 105.95 ferm. að stærð og hafi gangréttindi um framlóðina og verður talin nr. 10A.

Framhald á næstu síðu-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

26. Frímanni Einarssyni leyft að byggja einlyftan íbúðarskúr úr steinsteypu, á baklóðinni nr. 10A við Fálkagötu. Stærð 33 ferm. Gjald kr. 3.oo.

27. Frímanni Einarssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 10 við Fálkagötu. Stærð 107.8 ferm. Gjald 23 krónur.

28. Samþykkt að skipta lóðinni nr. 20 við Lokastíg í tvær jafnstórar lóðir, sem verða hver um sig 8 metrar meðfram götu, og verður syðri lóðin(nr. 20) talin nr. 20A við Lokastíg.

29. Samþykkt lóðaskipting austan Unnarstígs og sunnan Øldugötu að fyrirhuguðum götum með því skilyrði að austurendanum verði ekki skipt nema í tvær lóðir.

30. Samþykkt að skipta lóðinni nr. 114 við Hverfisgötu í tvær lóðir, sem verða 8.47 metrar meðfram götu. Eystri lóðin verður nr. 114A.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Á fund vantaði borgarstjóra, sem var erlendis, og Kristinn Sigurðsson.

Guðm.Ásbjörnsson, settur borgarstjóri. Pétur Ingimundarson. Þorl. Ófeigsson. Ágúst Jósefsson. Sigurður Pétursson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1926, laugardaginn 11.september, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Ingólfi Lárussyni leyft að hækka húsið nr. 68 við Bergstaðastræti. Gjald kr. 11.oo.

2. Jóni Jónssyni leyft að gera við búðarbyggingu úr steinsteypu, við húsið nr. 68a við Hverfisgötu. Stærð 43.5 ferm. Gjald kr. 9.oo.

3. Aðalsteini Jónssyni leyft að byggja íbúðarskúr, úr timbri, á leigulóð sinni við Lauganesveg. Stærð 13.85 ferm. Gjald kr. 9.oo.

4. Hirti Elíassyni leyft að breyta gluggum og dyrum á húseigninni nr. 50a við Vesturgötu. Gjald kr. 4.oo.

5. Þormóði Guðmundssyni synjað um að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, við Bárugötu, sökum þess að byggingin er ekki í samræmi við ákveðið skipulag við þá götu.

6. Helga Vigfússyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinu á leigulóð sinni við Lauganesveg. Stærð 42 fermetrar. Gjald kr. 5.oo.

7. Kristni Einarssyni leyft að gera viðbótarbyggingu, úr steini, á lóðinni nr. 24 við Bræðraborgarstíg. Stærð 42.8. ferm. Gjald kr. 10.oo.

8. Húsameistara ríkisins synjað um að gera viðbyggingu úr timbri, við húsið nr. 32 við Tjarnargötu.

9. Guðmundi Helgasyni synjað um leyfi til að setja þrjá kvisti á þakhæð hússins nr. 4 við Óðinsgötu.

10. Guðmundi Helgasyni leyft að byggja geymsluskúr, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 4 við Óðinsgötu. Stærð 56.4 ferm. Gjald kr. 5.oo.

11. Skúla Sigurðssyni, Sigvalda Jónssyni og Guðmundi Jónassyni synjað um þakbreytingar á húsunum nr.35 og 37 við Njarðargötu. Jafnframt krefst nefndin þess, að það sem byggt hefur verið í heimildarleysi verði rifið niður.

12. Þorgrími Jónssyni & Co. leyft að byggja tvílyft íbúðar- og verzlunarhús úr steinsteypu, á leigulóð sinni við Lauganesveg. Stærð 110 ferm. Gjald kr. 26.oo.

13. Jóni Bjarnasyni leyft að gera viðbótarbyggingu úr steinsteypu, við húsið nr. 16b við Grettisgötu. Stærð 12.86 ferm. Gjald kr. 3.oo.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Sveinbirni Kristjánssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 105 við Laugaveg. Stærð 113 ferm. Gjald kr. 36.oo.
Aftur á móti vill nefndin ekki samþykkja umbeðna lóðarskiptingu.

15. Þorláki Ingibergssyni leyft að gera viðbyggingu og geymsluskúr við húsið nr. 9 við Urðarstíg. Stærð 44.48 ferm. Gjald kr. 7.oo.

16. Sylusíusi Hallgrímssyni leyft að byggja á leigulóð við Lauganesveg, sem hann á að fá, einlyft íbúðarhús úr timbri. Stærð 42.69 ferm. Gjald kr. 8.oo.

17. Theódóru Stefánsdóttur leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 114 við Hverfisgötu. Stærð 76.2 ferm. Gjald kr. 26.oo.

18. Hannesi Einarssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús á baklóðinni nr. 16 við Óðinsgötu. Stærð 69 ferm. Gjald kr.20.oo.

19. Friðgeiri Björnssyni leyft að byggja íbúðarskúr á baklóðinni nr. 28 við Fálkagötu. Stærð 32.2 . Gjald kr. 4.oo.

20. Guðma Halldórssyni leyft að byggja þrílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 20a við Lokastíg. Stærð 72.4 ferm. Gjald kr. 26.oo.

21. Sigurði Sigurðssyni leyft að byggja þrílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 20 við Lokastíg. Stærð 72.4 ferm. Gjald kr. 26.oo.

22. Guðlaugu Jónsdóttur leyft að hækka og stækka húsið nr. 25b við Freyjugötu. Stækkunin nemur 13.3 ferm. Gjald kr. 4.oo.

23. Samþykkt að skipta lóð Jóns Bjarnasonar við Laugaveg í tvær lóðir. Verður syðri hluti lóðarinnar sérstök lóð 112.5 ferm. að stærð með gangrétti um nyrðri hluta lóðarinnar, sem er 175 ferm. að stærð. - Lóðin er keypt úr Rauðarárbletti nr. 2.

24. Jóni Bjarnasyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu á baklóðinni, sem umræðir í 23. lið. Stærð 67.5 ferm. Gjald kr. 14.oo.

25. Synjað um að skipta lóðinni nr. 99 við Hverfisgötu.

26. Samþykkt að skipta lóðinni nr. 15 við Þingholtsstræti í tvær lóðir. Verður sá hluti lóðarinnar, sem er við Þingholtsstræti 218.3 ferm. en sá hluti lóðarinnar, sem liggur að Ingólfsstræti, verður 267.7 ferm. og telszt nr. 14 við Ingólfsstr.

27. Nefndin samþykkir fyrir sitt leyti að skipta lóðunum

Framhald á næstu síðu -

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

nr. 16 og 18 við Baldursgötu í 3 lóðir, þannig, að lóðin nr.16 verður 9.5 m. með götu,(og afgangurinn) lóðin nr. 18 verður 7.45 m. með götu, og afgangurinn, sem verður nr. 18a verður 9.05 m. með götu.

28. Samþykkt fyrirkomulag lóðaskiptinga á erfðafestulandi Jónasar Jónassonar við Framnesveg.

29. Samþykkt að skipta baklóðinni nr. 21b við Bræðraborgarstíg í tvær lóðir. Verður norðurhluti lóðarinnar sérstök lóð 131 ferm. að stærð og verður talin nr. 21c við Bræðraborgarstíg og hefur gangrétt um lóðina nr. 21b að Bræðraborgarstíg.

30. Samþykkt að skipta lóð Gísla Þorbjarnarsonar, sem er nr. 36 við Bergstaðastræti í tvær lóðir, að því áskildu, að kaupandi baklóðarinnar kaupi lóðarræmur, sem bærinn á fyrir vestan og sunnan lóðina. Sá hluti lóðarinnar, sem liggur að Bergstaðastræti verður 272,4 ferm. að stærð, og bakhluti lóðarinnar, sem verður talinn nr. 36a við Bergstaðastræti 224 ferm. að stærð. Sá hluti, sem ætlazt er til að kaupandi baklóðarinnar kaupi af bænum, er 49.8 ferm. að stærð.

31. Lóðin, sem talin hefur verið nr. 102 við Hverfisgötu, skiptist í þrjár lóðir. Verður vesturhluti framlóðarinnar framvegis talinn nr. 102, en austurhluti framlóðarinnar nr. 102a. Baklóðin verður nr. 102b.

32. Lóðinni nr. 104 við Hverfisgötu hefur á fundum byggingarnefndar 10. apríl og 31. júlí þ.á. verið skipt í þrjár lóðir, og ákveðst tölusetningin þannig, að vesturhluti framlóðarinnar ~~verður~~(verður) framvegis talin nr. 104, en austurhluti framlóðarinnar nr. 104a. Baklóðin verður nr. 104b.

33. Samþykkt að viðurkenna til að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík trésmiðina:
98. Magnús Guðmundsson, Stýrimannastíg nr. 3 og
99. Kristján Benediktsson, Laugavegi 52.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Guðmundur Ásbjörnsson, settur borgarstjóri. Þorl.Ófeigss. Pétur Ingimundarson. Ágúst Jósefsson. Sigurður Pétursson. Kristinn Sigurðsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1926, laugardaginn 2. október, kl. 4 síðd. var fundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Guðrúnu Erlingsson leyft að gera viðbyggingu, úr steini, við húsið nr.33 við Þingholtsstræti. Stærð 24.01 ferm. Gjald kr. 6.oo.

2. Einari Þórðarsyni leyft að hækka húsið nr. 8 við Kárastíg. Jafnframt er honum leyft að gera inngönguskúr, úr steinsteypu, við húsið. Stækkunin nemur 4.95 ferm. Gjald kr.6.oo.

3. Jóni Jónssyni leyft að byggja vinnuskúr á lóðinni 8b við Njálsgötu. Stærð 39.60 ferm. Gjald kr. 5.oo.

4. Karli Ó. Bjarnasyni leyft að breyta kvisti á húsi sínu á Hábæjarbletti við Kaplaskjólsveg. Gjald kr. 2.oo.

5. Guðmundi Helgasyni leyft að byggja vinnuskúr, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 4 við Óðinsgötu. Stærð 19.20 ferm. Gjald kr. 2.oo.

6. Þórði Magnússyni leyft að byggja geymslu- og þvottaskúr úr steinsteypu, á lóð sinni við Öldugötu. Stærð 17.50 ferm. Gjald kr. 2.oo.

7. Viggó og Haraldi Jóhannessonum leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á erfðafestulandi þeirra Kaplaskjóls-mýri (mýri) III. Stærð 71 ferm. Gjald kr. 10.oo.
Leyfið er veitt að áskildu samþykki bæjarstjórnar til að byggja í erfðafestulandinu.

8. Jóni Bárðarsyni leyft að breyta gluggum á bakhlið hússins Njálsgötu 4. Gjald kr. 2.oo.

9. Leyft að setja kvistglugga á Stýrimannaskólann. Gjald kr. 2.oo.

10. Tryggva Árnasyni leyft að byggja vagnskúr úr steinsteypu á lóðinni nr. 8 við Njálsgötu. Stærð 11.60 ferm. Gjald kr.2.oo.

11. Friðgeiri Björnssyni leyfð viðbygging við húsið nr. 28 við Fálkagötu. Stærð 18.90 ferm. Gjald kr. 2.oo.

12. Guðbjarti Einarssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóð hans við Lauganesveg. Stærð 64 ferm. Gjald kr. 8.oo.

13. Ásmundi Jónssyni leyft að byggja geymsluskúr úr steinsteypu, á baklóð hússins nr. 58 við Hverfisgötu. Stærð 15 ferm. Gjald kr. 2.oo.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Sigurbergi Einarssyni leyft að hækka hús hans við Laugarnesveg, og breyta gluggum á framhlið hússins. Gjald kr. 4.00.

15. Páli Jónssyni synjað um breytingar á húsinu nr. 50a við Framnesveg og þess krafizt, að húsið verði byggt eftir uppdrætti samþykktum 14. nóv. 1925.

16. Guðbirni Pálssyni leyft að setja tvo kvisti á húsið nr. 12 við Sölvhólsgötu. Gjald kr. 4.00.

17. Þormóður Guðmundsson sækir um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús við Bárugötu. Erindinu frestað vegna þess að upplýst er, að ekki er ætlazt til að húsið verði byggt samkvæmt framlögðum uppdrætti.

18. Guðmundi Guðjónssyni leyft að setja kvist á hús hans við Lindargötu. Gjald kr. 2.00.

19. Guðmundi Guðmundssyni leyft að setja tvo kvisti á húsið nr. 117 við Laugaveg. Gjald kr. 4.00.

20. Arinbirni Þorkelssyni leyft að setja kvist á húsið nr. 9a við Kárastíg. Gjald kr. 2.00.

21. Guðmundi Jónssyni og Kristbirni Markússyni leyft að setja kjallara undir húsið nr. 101 við Laugaveg. Gjald kr.4.00.

22. Samþykkt að skipta lóðinni nr. 21 við Bræðraborgarstíg þannig, að framlóðin verði sjálfstæð lóð, 16 metra á dýpt. Baklóðin verður talin nr. 21a við Bræðraborgarstíg.

23. Jóni Jónssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 21a við Bræðraborgarstíg. Stærð 59.60 ferm. Gjald kr. 17.00.

24. Magnúsi Sæmundssyni og Jóni Bjarnasyni synjað um að breyta gluggum á húsunum nr. 13 og 13a við Skólavörðustíg, og krefst nefndin þess, að húsið sé byggt eftir áður samþykktum uppdrætti.

25. Birni Jónssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 99 við Laugaveg. Stærð 93 ferm. Gjald kr. 31.00.

Leyfið er því skilyrði bundið, að því, sem vantar á tilgreinda lóðarstærð verði breytt í byggingarlóð.

26. Guðmundi I. Guðmundssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á leigulóð hans við Laugarnesveg. Stærð 94.5 ferm. Gjald kr. 18.00.

Jafnframt er fellt úr gildi byggingarleyfi, sem honum var veitt á fundi nefndarinnar 28. ágúst síðastliðinn.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Framhald á næstu síðu

27. Bjarna Ásbjörnssyni leyft að fella burtu glugga á sneiðingu á húsinu Rauðarárstíg 9 og gera bráðabirgðainngönguskúr, úr timbri, á lóðinni. Gjald kr. 4.oo.

28. Marel Sigurðssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 43 við Njarðargötu. Stærð 66.88 ferm. Gjald kr. 22.oo.

29. Kjartani Ólafssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 47 við Njarðargötu. Stærð 66.88 ferm. Gjald kr. 22.oo.

30. Jóni Magnússyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 41 við Njarðargötu. Stærð 66.88 ferm. Gjald kr. 22.oo.

31. Jóni Hannesyni leyfðar breytingar á húsinu nr. 28 við Óðinsgötu. Gjald kr. 2.oo.

32. Samþykkt að skipta lóðinni nr. 105 við Laugaveg í tvær lóðir. Bakhluti lóðarinnar verður 90.6 ferm. að stærð og hefir gangrétt um framlóðina.

33. Synjað um leyfi til að skipta lóðinni nr. 28 við Þórsgötu.

34. Synjað um leyfi til að skipta lóðinni nr.(38) 48 við Framnesveg.

35. Samþykkt að skipta lóð nni nr. 43 við Bergstaðastræti í tvær lóðir. Baklóðin verður 162.9 ferm. og verður talin nr. 43a við Bergstaðastræti, og hefir gangrétt um framlóðina, sem er 273.6 ferm.

36. Synjað um leyfi til að skipta lóðinni nr. 2 við Laufásveg.

37. Ísleiki Þorsteinssyni leyft að hækka ris hússins nr. 60 við Grettisgötu um 1 meter. Gjald kr. 2.oo.

38. Guðjón Sæmundsson spyrzt fyrir um hvort leyft leyft mundi verða að hækka húsið nr. 6 við Amtmannsstíg um eina hæð. Nefndin er mótfallin því, að vegghæð hússins sé hækkuð.

39. Ønnu Ásmundsdóttur og Guðmundi Finnbogasyni leyft að fylla upp í vestri helming vestasta gluggans á suðurgafli hússins nr. 18 við Suðurgötu.

40. Byggingarnefnd samþykkir, eftir atvikum, að fallast á samþykkt bæjarstjórnar á síðasta fundi hennar, viðvíkjandi kvistum á húsynum nr. 35 og 37 við Njarðargötu.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kristinn Sigurðsson fór af fundi kl. 7 síðdegis. Á fund vantaði Þorlák Ófeigsson, sem boðaði forföll.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson, settur borgarstjóri. Ágúst Jósefsson. Pétur Ingimundarson. Sigurður Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1926 laugardaginn 16. október, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Þórði Þorsteinssyni leyft að stækka húsið nr. 10 við Nönnugötu um 1.2 ferm. Gjald kr. 2.00.

2. Elís Péturssyni leyft að gera viðbyggingu við steinsteypuskúr á baklóð hússins við Njálsgötu. Stækkunin nemur 38 ferm. Gjald kr. 6.00.

3. Guðjóni L. Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 107 við Laugaveg. Stærð 57.67 ferm. Jafnframt fellt úr gildi byggingarleyfi frá 14. júní þ.á. Mismunur á byggingarleyfisgjaldi kr. 4.00.

4. Jónatan Þorsteinssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri, á leigulóð, sem hann fær við Laugarnesveg. Stærð 57.3 ferm. Gjald kr. 14.00.

5. Ríkisstjórninni leyft að byggja viðbyggingu við húseign ríkisins við Tjarnargötu 32. Stærð 11 ferm. Gjald kr.2.00.

6. Jóni Bjarnasyni leyft að setja 2 glugga á vesturgafl hússins Grettisgötu 16B. Gjald kr. 4.00.

7. Helga Magnússyni leyft að setja glugga á götuhlið hússins nr. 7 við Bankastræti. Gjald kr. 2.00.

8. Tryggva Helgasyni leyft að gera viðbyggingu úr steini við skúrinn nr. 18 við Laufásveg. Stækkunin nemur 16.62 ferm. Gjald kr. 4.00. Leyfið er veitt með því skilyrði, að öll byggingin verði rifin, þegar byggingarnefnd krefst þess, með 6 mánaða fyrirvara.

9. Sigurði Jónssyni leyft að breyta útliti og fyrirkomulagi hússins nr. 52 við Njálsgötu. Gjald kr. 6.00.

10. Þorleifi Gunnarssyni leyft að breyta gluggum á húsinu Lokastíg 5. Gjald kr. 4.00.

11. Erlingi Pálssyni leyft að byggja fjós og heyhlöðu í erfðafestulandi sínu við Sundlaugaveg. Stærð 155.20 ferm. Gjald kr. 27.00.
Leyfið er veitt með því skilyrði, að bæjarstjórn leyfi að byggja á erfðafestulandinu.

12. Sigurði Gunnarssyni leyft að breyta gluggum á suðurgafli hússins Suðurgötu Gjald kr. 4.00.

13. Guðmundi Þórðarsyni leyft að breyta gluggum og risi á húsinu nr. 11 við Vitastíg. Gjald kr. 4.00.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Magnúsi V. Jóhannessyni leyft að setja kvist á bakhlið hússins nr. 22 við Nýlendugötu og fella burtu tvo glugga á sömu hlið hússins. Gjald kr. 6.oo.

15. Guðjóni Guðlaugssyni leyft að hækka kjallara hússins nr. 26 við Lokastíg. Gjald kr. 5.oo.

16. Oddi Bjarnasyni leyft að setja dyr í stað glugga á vesturenda hússins nr. 15 við Vesturgötu. Gjald kr. 4.oo.

17. Karli Torfasyni leyfð viðbygging við hús hans við Laugarnesveg. Stærð 7.5 ferm. Gjald kr. 2.oo.

18. Einari Þórðarsyni leyft að setja kvist á húsið nr. 8 við Kárastíg. Gjald kr. 2.oo.

19. Samþykkt að skipta lóðinni nr. 9 við Framnesveg í tvær lóðir, sem verða 271.3 ferm. að stærð hvor, verður sá hluti lóðarinnar, sem liggur að Brekkustíg, talin nr. 4 við þann stíg.

20. Marteini Halldórssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu á lóðinni nr. 4 við Brekkustíg. Stærð 67.26 ferm. Gjald kr. 17.oo. Leyfið er veitt með því skilyrði, að bæði loftin verði gerð úr steinsteypu, járnbentri.

21. Synjað um að skipta lóðinni nr. 20 við Fálkagötu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson, settur borgarstjóri. Ágúst Jósefsson. Pétur Ingimundarson. Þorl.Ófeigsson. Kristinn Sigurðsson. Sigurður Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1926, laugardaginn 30. október, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrifstofu borgarstjóra:

Þetta gerðist:

1. Ólafi Briem leyfðar breytingar á húsi, sem hann er að byggja við Fjólugötu. Gjald kr. 6.oo.

2. Hannesi Einarssyni synjað um leyfi til að byggja hjall og geymsluskúr á lóðinni nr. 16 við Óðinsgötu.

3. Nóa Kristjánssyni leyfðar breytingar á húsinu nr. 37 við Klapparstíg. Gjald kr. 4.oo.

4. Þormóði Guðmundssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð hans við Bárugötu. Stærð 92.7 ferm. Gjald kr. 29.oo. Loftin séu gerð úr steinsteypu.

5. Þórarni Kristjánssyni leyft að stækka húsið nr. 3 við Lokastíg um 2.7 ferm. Gjald kr. 4.oo.

6. Páli Jónssyni leyfðar breytingar á húsinu nr. 50b við Framnesveg og gera geymsluskúr á lóðinni 4.72 ferm. að stærð. Gjald kr. 4.oo.

7. Guðm. Jónssyni leyft að byggja íbúðar- og gripahús, úr steinsteypu, á erfðafestulandinu Norðurmýrarbletti 13. Stærð 152.6 ferm. Gjald kr. 36.oo.
Leyfið er veitt að áskildu samþykki bæjarstjórnar til að byggja í erfðafestulandinu.

8. Guðm. Guðmundssyni leyft að byggja bifreiðarskýli, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 15A við Njálsgötu. Stærð 21.4 ferm. Gjald kr. 3.oo.

9. Gunnari Sigurðssyni leyft að gera viðbyggingu, úr steinsteypu, við húsið nr. 55 við Laugaveg, í stað timburbyggingar, sem nú er. Jafnframt er honum leyft að gera geymsluskúr úr steinsteypu á lóðinni, 63.60 ferm. að stærð. Gjald kr. 23.oo.
Leyfið er veitt með því skilyrði, að timburskúrar, sem eru á lóðinni, verði rifnir niður.

10. Sólmundi Jónssyni leyft að stækka húsið nr. 6 við Bergþórugötu um 8.05 ferm. Gjald kr. 2.oo.

11. Sólmundi Jónssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 6 við Bergþórugötu. Stærð 55.6 ferm. Gjald kr. 13.oo.
Leyfið er veitt með því skilyrði, að bæði loftin verði gerð úr járnbentri steinsteypu.

12. Grími Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

timbri, á leigulóð, sem hann fær við Laugarnesveg. Stærð 77.4 ferm. Gjald kr. 10.oo.

13. Elíasi Lingdal leyft að breyta húsinu nr. 12B við Kárastíg (Bjarnarstíg). Gjald kr. 6.oo.

14. Halldóri Jónssyni leyft að byggja þrílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 98 við Hverfisgötu. Stærð 95.85 ferm. Gjald kr. 38.oo.

15. Jóni Lárussyni leyfðir tveir kvistgluggar á húsið nr. 12 við Ingólfsstræti. Gjald kr. 5.oo.

16. Samþykkt að viðurkenna til að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík.
100. Guðm. Ebenesersson Breiðfjörð, trésm. Grettisgötu 54.

17. Samþykkt að 172.1 ferm. af lóðinni nr. 2A við Stýrimannastíg, verði bætt við lóðina nr. 30A við Ránargötu.

18. Samþykkt að skipta lóðinni nr. 15 við Bergþórugötu í tvær lóðir. Verður austurhlutinn 9.4 metrar meðfram götu, og telzt nr. 15A.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Ágúst Jósefsson. Kristinn Sigurðsson. Pétur Ingimundarson. Sigurður Pétursson. Þorl. Ófeigsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1926, miðvikudaginn 10. nóvember, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

ÞETTA GERÐIST:

1. Samþykkt að skipta framhluta lóðarinnar nr. 52 við Njálsgötu í tvær lóðir, þannig, að vesturhlutinn verði 7.5 metrar meðfram götu og 9.4 metra upp frá götu og hefir gangrétt um austurhluta lóðarinnar. Vestra húsið á framlóðinni verður talið nr. 52, en eystra húsið nr. 52A, og bakhúsið nr. 52B.

2. Samþykkt að skipta lóðinni nr. 9 við Rauðarárstíg í tvær lóðir, verður framhluti lóðarinnar 179.3 ferm. og verður áfram talið nr. 9, en baklóðin, sem verður jafnstór, verður nr. 9B við Rauðarárstíg.

3. Samþykkt að skipta lóðinni, sem talin hefir verið nr. 16 við Óðinsgötu, og er eign Hannesar Einarssonar í tvær lóðir. Framlóðin verður 188.3 ferm. og telst nr. 14A við Óðinsgötu, en baklóðin 116.1 ferm. og verður nr. 14B. Jafnframt takast af lóðinni 43.9 ferm. til breikkunar á Óðinsgötu.

4. Samþykkt að skipta lóðunum, sem taldar hafa verið nr. 2 og 4 við Hallveigarstíg í 7 lóðir. Lóðin, sem talin hefir verið nr. 4A verður framvegis nr. 8A. Lóðunum er skipt samkv. framlögðum uppdrætti.

5. Nefndin leggur til, að frá næsta nýjári verði byggingarfulltrúanum greiddar kr. 5000.oo - fimm þúsund krónur - í árslaun, auk dýrtíðaruppbótar, enda hafi byggingarfulltrúinn ekki önnur störf með höndum.
Jafnframt leggur nefndin til, að ákvæðin í byggingarsamþykktum um gjald fyrir byggingarleyfi, breytist þannig, að frá 1. jan. næstkomandi að telja verði greiddir 10 aurar fyrir hvern teningsmetra í nýjum húsum og stækkunum á eldri húsum, þó ekki minna en 5 krónur fyrir einstakt leyfi, hvers efnis sem þau eru.

6. Nefndin leggur til, að gatan frá Hólatorgi að Bræðraborgarstíg verði nefnd Sólvallagata; næsta gata þar fyrir sunnan Þingvallagata. Gatan meðfram kirkjugarðinum að vestan verðu Ljósvallagata; næst samhliða gata þar fyrir vestan Blómvallagata, og þar fyrir vestan Hofsvallagata. En gata sú, sem liggur þvert fyrir Blómvallagötu og út á Hringbraut, Brávallagata. Ennfremur að gatan milli Öldugötu og Túngötu, næst fyrir vestan Stýrimannaskólann, verði nefnd Hrannarstígur og gatan milli Hrannarstígs og Unnarstígs verði nefnd Marargata.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson.
Þorl. Ófeigsson. Ágúst Jósefsson. Kristinn Sigurðsson.
Sigurður Pétursson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1926, laugardaginn 13. nóv. kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Charlottu Albertsdóttur leyft að hækka ris á húsi sínu, sem er í smíðum við Lokastíg nr. 7. Gjald kr. 2.00.

2. Þorsteini Sveinbjörnssyni og Sveini Þórðarsyni leyft að breyta skúrbyggingu við húsið Vesturgötu 45. Gjald kr. 3.00.

3. Guðrúnu Lyngdal leyft að byggja þrílyft hús úr steinsteypu á lóðinni nr. 23 við Njálsgötu. Stærð 58.61 ferm. - Gjald kr. 25.00.

4. Ólafi Ólafs leyfð sú breyting á húsinu Vesturgötu 16, sem er í smíðum, að kjallari verði undir húsinu. Gjald kr.10.00.

5. Teiti Teitssyni synjað um leyfi til að byggja hús á lóð hans við Garðastræti norðanvert við Faktorsbæ.

6. Jóhanni Ólafssyni & Co. leyft að endurreisa geymsluhús þeirra, sem brann fyrir nokkru síðan, og er vestast á lóð þeirra nr. 1Bvið Laugaveg. Leyfið er veitt með því skilyrði, að rifin verði öll önnur geymsluhús, sem nú standa á lóðinni. Gjald kr. 2.00.

7. Einari Magnússyni leyft að byggja einlyft steinsteypuhús á lóðinni nr. 20 við Ránargötu. Stærð 103.5 ferm. Gjald kr. 32.00. Götugjald greiðist áður en byrjað verður á byggingunni.

8. Sigurði Gunnarsyni leyft að innrétta þakhæð í húsi hans við Suðurgötu. Gjald kr. 2.00.

9. Samþykkt að skipta lóðinni nr. 18 við Laufásveg í tvær lóðir. Verður nyrðri lóðin 8.25 m. með götu, og syðri lóðin 9.95 m. með götu, og verður talin nr. 18a við Laufásveg. Jafnframt þinglýsist sú kvöð á báðar lóðirnar, að skúrbyggingar, sem nú standa á lóðunum, verði rifnar niður áður en meira verður byggt á þeim.

10. Samþykkt að skipta lóðinni nr. 6 við Hellusund í tvær lóðir, þannig, að framlóðin verði 17.7 m. frá götu,en baklóðin 352.5 fermetrar, og teljist nr. 6a við Hellusund.

Á fund vantaði Guðmund Ásbjörnsson, sem boðaði forföll.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen. Pétur Ingimundarson. Kristinn Sigurðsson.
Ágúst Jósefsson. Þorl.Ófeigsson. Sigurður Pétursson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1926, laugardaginn 27. nóvember, hélt byggingarnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Elinbjörgu Bjarnadóttur leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóð, sem hún fær hjá bænum við Brekkustíg. Stærð 70 ferm. Gjald 18 krónur.

2. Snæbirni Ólafssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóð hans við Túngötu. Stærð 127 ferm. Gjald 37 krónur.

3. Magnúsi Guðjónssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 7 við Nönnugötu. Stærð 79.20 ferm. Gjald 24 krónur.

4. Brynjólfi Magnússyni leyft að byggja geymsluskúr úr steinsteypu, á ,oðinni nr. 44 við Skólavör,ustíg. Stærð 10.45 ferm. Gjald 2 krónur.

5. Benedikt Péturssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóð sinni við Öldugötu, vestast í Thorsteinssonstúni. Stær 94.60 ferm. Gjald 32 krónur.

6. Þ. Þ. Clementz leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóð sinni nr. 5 við Njarðargötu. Stærð 101.5 ferm. Gjald 33 krónur.

7. Petri Marteinssyni leyft að byggja geymsluskúr á baklóð hússins nr. 12a við Lindargötu og að breyta íbúðarhúsinu á þann hátt, að það verði kjallaralaust. Stærð skúrsins 31.21 ferm. Gjald 5 krónur.

8. Þorsteini Ásbjörnssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 24 við Freyjugötu. Stærð 77.40 ferm. Gjald 26 krónur.

9. Einari Einarssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 53a við Laugaveg. Stærð 57 ferm. Gjald 14 krónur.

10. Jóhannesi Sveinssyni og Sveini Jóhannssyni leyft að byggja geymsluskúr úr steinsteypu á lóðinni nr. 18a við Bræðraborgarstíg. Stærð 47.20 ferm. Gjald 5 krónur.

11. Guðjóni Guðjónssyni o.fl. leifð breyting á íbúðarhúsi þeirra við Tjarnargötu 47. Gjald 5 krónur.

12. Jóni Jónssyni leyft að breyta kvisti á húsinu nr. 55c við Grettisgötu. Gjald 2 krónur.

13. Lögð fram fundargjörð samvinnunefndar frá 26. nóv. Byggingarnefndin fellst á tillögur nefndarinnar um skipulag á

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í miðbænum milli Aðalstrætis og Suðurgötu, Lækjargötu, Tjarnargötu og Tryggvagötu, og leggur til, að bæjarstjórnin samþykki þær.

14. Samþykkt að skipta lóð Guðjóns Ólafssonar við Bröttugötu þannig, að húsinu nr. 5 fylgi öll lóð fyrir vestan fyrirhugaða götu 197 ferm. að stærð, en húsinu nr. 3b sú lóð, sem eftir verður fer undir hina fyrirhuguðu götu og er 155 ferm.

15. Bæjarstjórnin hefir ekki viljað fallast á að kalla götuna, sem liggur næst fyrir sunnan Sólvallagötu "Þinvallagötu" og leggur nefndin því til að sú gata verði nefnd "Melvallagata".

16. Samþykkt að viðurkenna til að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík:

101. Símon Daníel Bech trésmið, 40 (46).
102. Olgeir Sigurðsson, trésmið, Njálsgötu 42.

Á fund vantaði Guðmund Ásbjörnsson, sem var veikur og Kristinn Sigurðsson fór af fundi efir 14. lið.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen. Pétur Ingimundarson. Þorl. Ófeigsson.
Sigurður Pétursson. Ágúst Jósefsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1926, laugardaginn 11. desember, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrufstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Hjalta Lýðssyni synjað um leyfi til að byggja íbúðarskúr, á baklóðinni nr. 50B við Grettisgötu.

2. Guðm. Þórðarsyni leyft að stækka og breyta skúr á baklóð hússins nr. 11 við Vitastíg. Stækkunin nemur 2.95 ferm. Gjald kr. 6.oo.

3. Guðm. Stefánssyni leyft að setja kjallara undir húsið nr. 15 við Lindargötu, og stækka skúr við húsið um 7.72 ferm. Gjald kr.5.oo.

4. Samþykkt að gera þá breytingu á skiptingu lóðar Guðjóns Ólafssonar við Bröttugötu, að sá hluti lóðarinnar, sem fylgir húsinu nr. 5 við Bröttugötu verði 154.7 ferm. og hinn hlutinn 197.3 ferm.

5. Samþykkt að skipta lóðinni nr. 7 við Nönnugötu í tvær lóðir. Verður hornlóðin við Njarðargötu 156.8 ferm. og verður nr. 9 við Nönnugötu. En vestari parturinn, sem verður framv. nr. 7, 148.8 ferm.

6. Tilkynnt að atvinnumálaráðuneytið hafi staðfest breytingu þá á byggingarsamþykktinni, sem samþykkt var á fundi byggingarnefndar 10. nóvember þ.á.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði Ágúst Jósefsson, og Kristinn Sigurðsson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson.
Þorl.Ófeigsson. Sigurður Pétursson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1927, mánudaginn 3. janúar, kl. 10 árdegis, var fundur haldinn í byggarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Luciude Sigurðsson leyft að setja port og kvisti á húsið nr. 2 við Grundarstíg. Gjald 10 krónur.

2. Ísleiki Þorsteinssyni leyft að byggja geymsluskúr úr steini á lóðinni nr. 60 við Grettisgötu. Stærð 32.2 ferm. Gjald kr. 6.oo.

3. Theódóru Stefánsdóttur leyft að setja kjallara undir húsið nr. 114 við Hverfisgötu. Gjald 18 krónur.

4. Samþykkt að skipta lóðinni nr. 22 við Óðinsgötu í tvær lóðir, sem verða 207 fermetrar að stærð hvor. Syðri lóðin verður talin nr. 22a.

5. Lagðar fram umsóknir um byggingarfulltrúastarfið frá:

Hannesi Arnórssyni,
P. Þorvaldssyni,
Sigurði Flyenring,
Birni Rögnvaldssyni,
Magnúsi Konráðssyni,
Sigurði Jónssyni,
Ágústi Pálssyni og
Sigurði Péturssyni.

Nefndin er sammála um að leggja til, að starfið verði veitt settum byggingarfulltrúa, Sigurði Péturssyni.

Fleira ekki gert.

Byggingarfulltrúi vék af fundi að loknum 4. lið. Á fund vantaði Borgarstjóra, sem var veikur.

Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson. Ágúst Jósefsson. Pétur INGIMUNDARson. Þorl. Ófeigsson. Kristinn Sigurðsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1927, laugardaginn 15. janúar kl. 4 síðdegis, hélt byggingarnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Sveinbirni Jónssyni leyft að setja ris á húsið Lokastíg 21 og byggja geymsluskúr úr steini á baklóð hússins. Stærð skúrsins 9.1 ferm. Gjald fyrir hvorttveggja 10 krónur.

2. Einari Hróbjartssyni leyft að byggja viðbót við geymsluskúr úr steini á baklóð hússins Bakkastíg nr. 19. Stærð 6.72 ferm. Gjald 5 krónur.

3. Eigendum Laufástúns leyft að selja þríhyrning norðan af lóðinni næst fyrir norðan lóð Jens B. Waage við Fjólugötu. Þríhyrningurinn er 81 ferm. að stærð og leggst við lóð Friðriks Jónssonar, sem er þar næst fyrir norðan. Friðriki Jónssyni er jafnframt leyft að skipta fyrgreindri lóð sinni í tvær lóðir þannig, að sy,ri parturinn verði rétthyrndur ferhyrningur, 20 metrar meðfram Fjólugötu og Sóleyjargötu, en nyrðri parturinn 23 metrar um miðbik lóðarinnar. Er fyrnefnda lóðin seld Páli Ólafssyni, en hin síðarnefnda Helga Hermanni Eiríkssyni og Sigfúsi M. Johnsen.

4. Kristjáni Kristjánssyni leyft að byggja forstofuskúr úr steini við hús sitt við Kirkjugarðsstíg nr. 6. Stærð 2.98 ferm. Gjald kr. 5.oo.

5. Teiti Teitssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús með kjallara úr steinsteypu á lóð sinni við Garðastræti. Stærð 108.95 fermetrar. Gjald 87 krónur.

6. Lagður fram uppdráttur af húseigninni nr. 13 við Laufásveg (U.M.F.R.), og samþykkti nefndin að húsið mætti vera eins og það er, fyrst um sinn, en fyrri uppdráttur felldur úr gildi. Gjald 5 krónur.

7. Kristni Sigurðssyni leyft að hækka geymsluskúr úr steini á lóðinni nr. 13 við Óðinsgötu. Gjald 5 krónur.

8. J.Jensen-Bjerg synjað um leyfi til að gera viðbótarbyggingu við Hótel Ísland.

9. Synjað um skiptingu á lóðinni nr. 16 við Vesturgötu í tvær lóðir.

10. Samþykkt skipting á lóðinni nr. 106 við Hverfisgötu í tvær lóðir.

11. Synjað um skiptingu á loðinni nr. 111 í tvær lóðir.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Samþykkt skipting á lóðinni nr. 85a í tvær lóðir, og verður baklóðin nr. 85b.

13. Nefndin vill ekki verða við beiðni Sæmundar Kristjánssonar um að setja járnvarinn timburskúr til fisksölu á leikvöllinn við Freyjugötu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen. Pétur Ingimundarson. Þorl. Ófeigsson.
Ágúst Jósefsson. Kristinn Sigurðsson. Sigurður Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1927, mánudaginn 31. janúar kl. 10 árdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrifstofu borgarstjora.

Þetta gerðist:

1. Guðríði Braunn leyft að byggja þrílyft íbúðar- og verzlunarhús, úr steinsteypu, á loðinni nr. 21A við Skólavörðustíg. Stærð 241.5 ferm. Gjald kr. 263.oo.

2. Þorsteini Kristjánssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóð, sem hann hefir fengið við Lauganes. Stærð 106.45 ferm. Gjald kr. 71.oo.
Jafnframt er honum leyft að byggja geymsluskúr á sömu lóð. Stærð 33.62 ferm. Gjald kr. 9.oo.

3. Gunnari Sigurðssyni leyft að byggja tvílyftan geymsluskúr, úr steinsteypu, á baklóðinni nr. 55 við Laugaveg. Stærð 70.6 ferm. Gjald kr. 49.oo.

4. Sigurði Sigmundssyni leyft að byggja þrílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 13 við Fálkagötu. Stærð 95.31 ferm. Gjald kr. 79.oo.

5. Magnúsi Péturssyni leyft að breyta húsinu nr. 10A við Urðarstíg. Jafnframt er honum leyft að gera viðbyggingu við húsið 12.4 ferm. að stærð. Gjald kr. 5.oo.

6. Margréti Halldórsdóttur leyfðar breytingar á húsinu nr. 4 við Bjarnarstíg. Gjald kr. 5.oo.

7. Árna Jónssyni leyft að setja glugga á vinnustofu hans við Nýlendugötu 21. Gjald kr. 5.oo.

8. Synjað um að skipta lóðinni nr. 41 við Njálsgötu.

9. Byggingarnefndin samþykkti að fella niður kvöð á lóðunum nr. 18 við Laufásveg, um að skúrbyggingar, sem á þeim standa, verði rifnar niður, áður en meira verður byggt á þeim.

10. Símoni Símonarsyni synjað um leyfi til að byggja geymsluskúr á loð nni nr. 3A við Nönnugötu.

11. Lagður fram að nýju skipulagsuppdráttur af vesturbænum og leggur nefndin til að sá hluti af Hólavelli og Landakoti, sem ekki hefir verið samþykkt enn, verði samþykktur eftir tillögu samvinnunefndar 22. janúar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Þorl. Ófeigsson. Ágúst Jósefsson. Pétur Ingimundarson. Kristinn Sigurðsson. Sigurður Pétursson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1927, laugardaginn 12. febrúar kl. 1 e.h. hélt byggingarnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Helga H. Eiríkssyni og Sigfúsi Johnsen leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 7 við Sóleyjargötu. Stærð 196 ferm. Gjald 155 krónur.

2. Kornelíusi Sigmundssyni leyft að hækka húsið nr. 19 við Óðinsgötu. Gjald 28 krónur.

3. Byggingarnefndin fellst á, að skipta lóðinni nr. 2 við Laufásveg í tvær lóðir, eftir að fullgildur(uppdráttur) eldvarnarveggur hefir verið gerður, milli timburhússins og steinhússins, sem nú standa á lóðinni. Norðurhluti lóðarinnar verður 199 fermetrar og hefir gangrétt frá Laufásvegi um syðri lóðina. Syðri hluti lóðarinnar verður 267 fermetrar að stærð, og verður talin nr. 2a við Laufásveg.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði borgarstjóra, sem var veikur.

Fundi slitið.

Guðm.Ásbjörnsson. Ágúst Jósefsson. Pétur Ingimundarson.
Þorl. Ófeigsson. Kristinn Sigurðsson. Sigurður Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1927, mánudaginn 28. febrúar, kl. 10 f.h., hélt byggingarnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra. -.

Þetta gerðist:

1. V.Paulsen leyft að byggja þrílyft íbúðar- og verzlunarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 29 við Klapparstíg. Stærð 208.52 ferm. Gjald 242 krónur. Húsið, sem nú stendur á lóðinni við götuna, verður rifið.

2. Jóhanni Tryggva Björnssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 100B við Hverfisgötu.- Stærð 94.35 ferm. Ennfremur er honum leyft að gera geymsluskúr úr steinsteypu, á baklóð hússins; stærð 22.50 ferm. Byggingarleyfisgjald 84 krónur.

3. Ólafi Elíassyni leyft að byggja þurkhjall úr steini á lóðinni nr. 11 við Holtsgötu. Stærð 16.65 ferm. Gjald 5 krónur.

4. Skúla Jónssyni synjað um leyfi til að hækka og stækka bakbyggingu á lóðinni nr. 19 við Baldursgötu.

5. Pétri Guðfinnssyni leyft að byggja geymsluhús , úr steinsteypu, á lóðinni nr. 67a við Laugaveg. Stærð 19 fermetrar. Gjald 5 krónur.

6. Einari Kristjánssyni leyft að byggja einlyftan íbúðarskúr á lóðinni nr. 31a við Njálsgötu. Stærð 61.20 ferm. Gjald 29 krónur.

7. Jóni Stefánssyni leyft að byggja bifreiðarskúr, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 17 við Laugaveg. Stærð 20.67 ferm. Gjald 6 krónur.

8. Guðjóni Sæmundssyni synjað um leyfi til að hækka húsið nr. 12 við Þingholtsstræti.

9. Samþykkt að skipta lóðinni nr. 25 við Framnesveg í tvær lóðir. Framlóðin verður 245.3 ferm. Við baklóðina bætist 22.7 ferm. spilda af lóðinni nr. 5 við Sellandsstíg. Baklóðin, sem verður talin nr. 25a við Framnesveg, og á gangstíg út að götunni, verður öll 355.2 ferm. að stærð.

10. Samþykkt að skipta lóðinni Litla-Melshús á Grímstaðaholti í tvær jafnstórar lóðir, og verður hvor lóðin um sig 585.36 ferm. að stærð.

11. Samþykkt að viðurkenna til að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík:
103. Jóhann Kr. Ólafsson, trésmið, Garðastræti.

Fleira ekki gert. Á fund vantaði borgarstjóra, sem var veikur.

Fundi slitið.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Guðm.Ásbjörnsson. Ágúst Jósefsson. Pétur Ingimundarson.
Þorl.Ofeigsson. Kristinn Sigurðsson. Sigurður Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1927, laugardaginn 12. marz, hélt byggingarnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lárusi Lárussyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóð hans við Sólvallagötu. Stærð 108.27 ferm. Gjald 76 krónur.

2. Guðmundi Jónssyni leyft að byggja íbúðarhús ásamt gripahúsum á erfðafestulandi hans Norðurmýrarbletti 13. Stærð 152.50 ferm. Gjald 112 krónur.
Jafnframt fellur úr gildi byggingarleyfi á sama stað, sem Guðmundi var veitt 30. okt. 1926.

3. Sveini Einarssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á leigulóð hans við Laugarnesveg. Stærð 71.25 ferm. Gjald 21 króna.

4. Ragnari Þórarinssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð hans nr. 7 við Lokastíg. Stærð 95.17 fermetrar. Gjald 47 krónur.

5. Þorsteini Einarssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús og geymsluskúr á lóðinni nr. 6 við Brekkustíg. Stærð 90.20 ferm. Gjald 47 krónur.

6. Guðlaugu Jónasdóttur leyfðar smábreytingar á húsinu nr. 44 við Klapparstíg. Gjald 4 krónur.

7. Helgu Sigeirsdóttur leyft að flytja húsið nr. 57 við Grettisgötu upp á baklóðina. Jafnframt er henni leyft að hækka kjallara undir húsinu og byggja tvo inngönguskúra úr steinsteypu, við húsið. Stækkunin nemur 18.02 ferm. Gjald 20 krónur.

8. Jóni Björnssyni leyft að hækka húsið nr. 12 við Bræðraborgarstíg, kjallara um o.50 metra og risið 1.60 metra. Jafnframt er honum leyft að gera viðbótarbyggingu úr steini. Stærð viðbyggingarinnar 38.54 ferm. Gjald 20 krónur.

9. Guðjóni Gíslasyni leyft að byggja sölubúð á lóðinni nr. 61 við Hverfisgötu. Stærð 32.60 ferm. Gjald 18 krónur.

10. H.P.Duus synjað um leyfi til að breyta geymsluhúsi við Aðalstræti, áður verzlunarhús Jóhannessens kaupmanns.

11. Ingólfi Guðmundssyni leyft að byggja íbúðarskúr, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 6c við Bókhlöðustíg. Stærð 89.65 ferm. Gjald 56 krónur.

12. Bjarna Guðmaxxxsyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu á lóðinni nr. 8 við Hallveigarstíg. Stærð 78.72



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ferm. Gjald 63 krónur.

13. Sveinbirni Kristjánssyni leyft að hækka húsið nr.105 við Laugaveg um eina hæð. Gjald kr. 31.oo.

14. Hallgrími Benediktssyni leyft að gera viðbyggingu úr steini við húseignina Thorvaldsensstræti 2. Stærð 15.94 ferm. Gjald 12 krónur.

15. Guðlaugi Ingimundarsyni leyft að stækka hús sitt á Sólvöllum. Stækkunin nemur 2.49 ferm. Gjald 15 krónur.

16. Halldóri Gíslasyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 23 við Sólvallagötu. Stærð 82.74 ferm. Gjald 65 krónur.

17. Elinborgu Bjarnadóttur leyft að gera kjallara undir einu herbergi í húsinu nr. 6 við Brekkustíg. Gjald 4 krónur.

18. Samþykkt að skipta lóðinni nr. 6 við Bergþórugötu í tvær lóðir. Eystri hluti lóðarinnar verður 87.61 ferm. og hefir gangrétt um vesturhluta lóðarinnar. Vesturhluti lóðarinnar verður 85.46 ferm. og verður talin nr. 6b.
Lóðarskipti þessi eru samþykkt með því skilyrði, að leigjendur þessara lóða, (nr.6 og nr. 6b) taki baklóðina nr. 6a á leigu jafnskjótt og þeir eiga kost á að fá hana.

19. Samþykkt að skipta lóðinni nr. 50 við Bergstaðastræti í þrjár lóðir. Baklóðin verður 216 ferm. að stærð, og telst nr. 50b. Norðurhluti framlóðarinnar verður 153 ferm. að stærð og telst nr. 48a og hefir gangrétt um suðurhluta framlóðarinnar, sem verður 165.6 ferm. og verður nr. 50.

20. Samþykkt að viðurkenna til að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík:
104. Jón Árnason trésmið, Bræðraborgarstíg 11.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði borgarstjóra.

Fundi slitið.

Guðm.Ásbjörnsson. Ágúst Jósefsson. Pétur Ingimundarson.
Þórl.Ófeigsson. Kristinn Sigurðsson. Sigurður Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1927, laugardaginn 2. apríl, hélt byggingarnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Guðjóni Ólafssyni leyft, með 4 atkv. gegn 2, að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 18 við Öldugötu. Stærð 133.2 ferm. Gjald kr. 94.00.

2. Bergi Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á Nýbýlalandi hans í Sogamýri. Stærð 51.8 ferm. Gjald kr. 25.00.

3. Þorkeli Helgasyni leyft að setja kvist á húsið nr. 25 við Bræðraborgarstíg. Gjald kr. 5.00.

4. Sigurði Þorsteinssyni synjað um leyfi til að byggja skúr við húsið nr. 11 við Freyjugötu.

5. Boga Þórðarsyni leyft að gera viðbyggingu við húsið nr. 8 við Frakkastíg. Stærð 33 ferm. Gjald kr. 8.00.

6. Pétri M. Bjarnasyni synjað um leyfi til að gera viðbyggingu við húsið nr. 17 við Vesturgötu.

7. Jóni Guðmundssyni og Kristmundi Gíslasyni leyfð þakbreyting á húsinu nr. 8B við Óðinsgötu. Gjald kr. 5.00.

8. Þorsteini Guðmundssyni synjað um leyfi til að byggja íbúðarhús, á lóðinni nr. 2B við Laufásveg.

9. Nefndin leggur til að 8.liður fundargerðar byggingarnefndar, sem frestað var á síðasta fundi bæjarstjórnar, verði samþykktur, að því tilskildu, að húsið verði flutt inn í fyrirhugaða götulínu.

10. Kristjáni Þorgrímssyni synjað um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús við Lauganesveg.

11. Einari Þórðarsyni leyft að byggja íbúðar- og gripahús á nýbýlalandi hans í Sogamýri. Stærð 118 ferm. Gjald kr.58.00.

12. Guðmundi Guðjónssyni og Brynjólfi Sigurðssyni leyft að hækka og stækka húsið nr. 82A við Laugaveg. Stækkunin nemur 25 ferm. Gjald kr. 24.00.

13. Tryggva Árnasyni leyfðar breytingar á húsinu nr. 8 við Njálsgötu. Gjald kr. 10.00.

14. Ágústi Ólafssyni leyft að stækka og breyta útliti húss þess við Ásvallagötu, sem honum var leyft að byggja á fundi nefndarinnar 14. ág. 1926. Stækkunin nemur 16.55 ferm. Gjald kr.20.00.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. Friðgeir Björnssyni leyfðar breytingar á húsi því við Ásvallagötu, sem honum var leyft að byggja á Nýjatúni 14. ág. 1926. Húsið minkar um 7.6 ferm. Gjald kr. 10.oo.

16. Tómasi Tómassyni leyfð þakbreyting á húsinu nr. 21 við Njálsgötu. Gjald kr. 10.oo.

17. Birni Jónssyni leyft að breyta gluggum á húsinu nr. 64 við Hverfisgötu. Gjald kr. 5.oo.

18. Hallgrími Jónssyni leyft að hækka og stækka hús hans á erfðafestulandinu Kaplaskjólsvegi 8. Stækkunin nemur 10.5 ferm. Gjald kr. 15.oo.

19. Samþykkt að skipta lóðinni nr. 81 í tvær lóðir þannig, að austurhluti lóðarinnar verði 9 metr. með fram Laugavegi, 149.4 ferm. að flatarmáli, og verður sú lóð nr. 81A við Laugaveg. og hefir gangrétt frá Barónsstíg um hinn hluta lóðarinnar, sem verður nr. 81 við Laugaveg.

20. Þórði Þórðarsyni og Stefáni Þórðarsyni leyft að byggja þrílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 81 við Laugaveg. Stærð 130.6 ferm. Gjald kr. 150.00.

21. Ingólfi Guðmundssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 6c við Bókhlöðustíg. Stærð 95 ferm. Gjald kr. 62.00. Jafnframt fellur úr gildi leyfi veitt sama manni 12. marz 1927.

22. Páli Stefánssyni leyft að stækka kvist og setja glugga á húsið nr. 14 við Bergþórugötu. Gjald kr. 10.00.

23. Geir Thorsteinsson sækir um leyfi til að byggja íbúðarhús á lóðinni nr. 45 við Skólavörðustíg. Nefndin ákvað að senda skipulagsnefnd umsóknina til umsagnar.

24. Kristjáni Sveinssyni leyft að breyta dyrum og gluggum á húsi hans við Laugaveg. Gjald kr. 10.oo.

25. Elinborgu Bjarnadóttur leyft að gera kjallara undir húsið nr. 6B við Brekkustíg. Gjald kr. 10.oo.

26. Ingibjörgu Gunnarsdóttur synjað um leyfi til að breyta undir húsinu nr. 27 við Skólavörðustíg.

27. Einari Jóhannessyni leyft að hækka skúr við húsið nr. 43 við Skólavörðustíg. Gjald kr. 5.oo.

28. Guðjóni Sæmundssyni leyfð þakbreyting á húsinu nr. 6 við Amtmannsstíg. Gjald kr. 10.oo.

29. Helga Helgasyni synjað um leyfi til að flytja húsið nr. 29 við Klapparstíg á lóðina nr. 10 við Smiðjustíg.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

30. Geir Halldórssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús ásamt geymsluskúr á lóðinni nr. 114 við Laugaveg. Stærð 141 ferm. Gjald kr. 73.oo.

31. Hirti Elíassyni leyft að hækka skúr við húsið nr. 50A við Vesturgötu. Gjald kr. 5.oo.

32. Magnúsi Gíslasyni leyft að byggja íbúðarhús á sumarbústaðarlandi hans í Langholti. Stærð 52.28 ferm. Gjald kr. 15.oo.

33. Jóni Ásbjörnssyni leyft að stækka skúr á lóðinni nr. 26 við Þingholtsstræti um 1.62 ferm. Gjald kr. 5.oo.

34. Helga Magnússyni leyft að refta yfir portið fyrir norðan pakkhúsið nr. 19 við Hafnarstræti. Gjald kr. 5.oo.

35. S. Kristjánssyni og V. Þórðarsyni synjað um að breyta gluggum hússins nr. 10 við Aðalstræti.

36. Lagt fram bréf, frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu viðvíkjandi kæru Skúla Jónssonar út af synjun byggingarnefndar 28. febrúar s.l. Borgarstjóra var falið að skýra ráðuneytinu frá ástæðum nefndarinnar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm.Ásbjörnsson. Ágúst Jósefsson. Þorl. Ófeigsson. Pétur Ingimundarson. Sigurður Pétursson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1927, laugardaginn 16. apríl, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrifstofu bOrgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Magnúsi V. Jóhannessyni leyft að byggja skúr á baklóðinni nr. 22 við Nýlendugötu. Stærð 55.99 ferm. Gjald kr. 24.oo.

2. Magnhildi Andrésdóttur leyft að hækka og stækka húsið nr. 1 við Lokastíg. Stækkunin nemur 15.58 ferm. Gjald kr. 59.oo.

3. Lögð fram beiðni um byggingu a lóðinni nr. 2B við Laufásveg. Nefndin er meðmælt því, að þetta verði leyft, en æskir umsagnar skipulagsnefndar um byggingar á þessum stað.

4. Ingibjörgu Gunnarsdóttur leyft að breyta gluggum á kjallara hússins nr. 27 við Skólavörðustíg. Gjald kr. 10.oo.

5. Jóni Rafnssyni og Karli Guðmundssyni leyft að byggja einlyftan íbúðarskúr á baklóðinni nr. 26B við Baldursgötu. Stærð 65.25 ferm. Gjald kr. 21.oo.
Jafnframt fellur úr gildi byggingarleyfi, á sömu lóð, veitt á fundi byggingarnefndar 11. október 1919.

6. Einari Einarssyni leyft að stækka húsið nr. 53A við Laugaveg, um 4.95 ferm. Ennfremur eru honum leyfðar ýmsar smábreytingar. Gjald kr. 10.oo.

7. Jóhanni Eyjólfssyni leyft að gera geymsluskúr úr steinsteypu, á baklóðinni nr. 18 við Hafnarstræti. Stærð 17.28 ferm. Gjald kr. 5.oo.

8. Margréti Sveinbjarnardóttur leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 25 við Freyjugötu. Stærð 69.28 ferm. Gjald kr. 34.oo.

9. Oddi Jónssyni leyft að setja kvist á húsið nr. 11 við Stýrimannastíg. Gjald kr. 5.oo.

10. Tómasi Tómassyni leyft að byggja 4 íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð úr Hlíðarhúsabletti 1, norðan við Ránargötu. Húsin eru sambyggð og samanlögð stærð þeirra 299.85 ferm. Gjald kr. 228.oo.

11. Sigurði Halldórssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð við Bjarnarstíg. Stærð 92.59 ferm. Gjald kr. 72.oo.

12. Sveini M. Sveinssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr timbri, á lóðinni nr. 36 við Tjarnargötu. Stærð 82.72 ferm. Gjald kr. 71.oo. Leyfið er veitt með því skilyrði að undanþága fáist til að hafa húsið 82.72 ferm. að flatarmáli og mælir meiri hluti nefndarinnar með því að undanþága verði veitt.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Jóni Bergssyni leyft að byggja íbúðar- og gripahús, úr steinsteypu, á nýbýlalandi í Sogamýri. Stærð 117.85 ferm. Gjald kr. 46.oo. Leyfið er veitt að tilskildu samþykki heilbrigðisnefndar.

14. Jóhanni Pálssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 15 við Holtsgötu. Stærð 95.35 ferm. Gjald kr. 80.oo.

15. Ingimundi Péturssyni leyft að gera geymsluskúr á erfðafestulandinu Melblettur 8. Stærð 55 ferm. Gjald kr. 17.oo.

16. Fundargerð samvinnunefndar 26. marz s.l. lögð fram, og fellst byggingarnefnd á þær tillögur, sem þar eru gerðar viðvíkjandi Skólastræti.

17. Synjað um að skipta lóðinni nr. 10 við Þórsgötu.

18. Samþykkt að viðurkenna til að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík:
105. Kristmund Ólafsson, trésmið, Hverfisgötu 104.
106. Jóhannes Kr. Jóhannesson, Suðurpól.
44. Erlend Þ. Magnússon, múrsmið, Fálkagötu 3.

19. Samkvæmt tilmælum Ingólfs Guðmundssonar og eftir tillögum bæjarverkfræðings, ákvað nefndin að holræsi frá húsi Ingólfs, nr. 6a við Bókhlöðustíg, skuli liggja skáhalt yfir lóðina nr. 5 við Laufásveg og út á lóðina nr. 7 við þá götu, í holræsi, sem þar liggur frá húsunum nr.4 og 6 við Miðstræti, enda skal eigandi hússins nr. 6a við Bókhlöðustíg skylt að stækka holræsið frá þeim stað er hans holræsi kemur í samband við holræsið og út í göturæsið í Laufásvegi.

20. Baldur Benediktsson fer fram á að láta standa til 1/7 1927, skúr , sem hann hefir byggt á lóðinni nr. 88 við Hverfisgötu, án samþykkis byggingarnefndar. Nefndin vill ekki verða við þessari beiðni, en krefst þess, að skúrinn verði rifinn niður, nú þegar.

21. Páll Pálmason, fyrir hönd Sigríðar Pálsdóttur, sækir um leyfi til að skipta lóðinni nr. 7 við Suðurgötu. Nefndin vill ekki samþykkja þau skipti, sem gerð hafa verið á lóðinni með skiptagerningi 22. júlí 1924 og getur þar af leiðandi ekki samþykkt þau skipti, sem hér er farið fram á.

22. Lagt fram bréf frá Trésmíðafélagi Reykjavíkur og Múrarafélagi Reykjavíkur, viðvíkjandi því að "lappmenska" með að standa fyrir byggingum í Reykjavík fari mjög mikið í vöxt. Nefndin leggur fyrir byggingarfulltrúa að sjá um, að þeir menn sem taka að sér að standa fyrir húsasmíðum hafi sjálfir umsjónina á hendi og komi að minnsta kosti daglega á vinnustaðinn, í vinnutímanum.

Fleira ekki gert. Á fund vantaði Ágúst Jósefsson, sem er sjúkur. Fundi slitið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

K.Zimsen. Guðm.Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson. Þorl.Ófeigss.
Kristinn Sigurðsson. Sigurður Pétursson.

Ár 1927, laugardaginn 30. apríl, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Sigurði Jónssyni og Einari Sveinssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á horni Ægis- og Öldugötu. Stærð 141 ferm. Gjald kr. 110.oo.

2. Kristjáni Þorgrímssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á leigulóð við Lauganesveg. Stærð 90.25 ferm. Gjald kr. 50.oo.

3. PÁLI Ólafssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 9 við Sóleyjargötu. Stærð 87.75 ferm. Gjald kr. 65.oo.

4. Jóhanni Ólafssyni & Co. leyft að byggja tvílyft geymsluhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 3B við Laugaveg. Stærð 127.16 ferm. Gjald kr. 88.oo.

5. Ara Eyjólfssyni synjað um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð ur Rauðarárbl. 2.

6. Jóni Sigurðssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð úr Rauðarárbl. 2. Stærð 75.60 ferm. Gjald kr. 65.oo.

7. Runólfi Guðjónssyni leyft að hækka og stækka húsið nr. 60 við Bergstaðastræti. Stækkunin nemur 28.30 ferm. Gjald kr. 37.oo.
Beiðninni fylgir heimild frá Þorsteini Þorsteinssyni, til að hafa glugga út að lóð hans.

8. Filippusi Guðmundssyni og Guðmundi Þorleyfssyni leyft að stækka húsið nr. 19 við Þórsgötu. Stækkunin nemur 50 ferm. Jafnframt er honum leyft að gera geymsluhús, úr steinsteypu, á baklóðinni. Stærð 20.70 ferm. Gjald kr. 24.oo.

9. Hannesi Júlíussyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á leigulóð við Laugarnesveg. Stærð 29.07 ferm. (29.07 m2.). Gjald kr. 8.oo.

10. Halldóri Arnórssyni leyft að byggja vinnustofu, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 45B við Laufásveg. Stærð 28.72 ferm. Gjald kr. 8.oo.

11. Guðm. Jónssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð við Ljósvallagötu. Stærð 70.40 ferm. Gjald kr.39.oo.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Jóni Bergmann leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð við Ljósvallagötu. Stærð 70.40 ferm. Gjald kr. 39.oo.

13. Samþykkt að skipta lóðinni nr. 49 við Grettisgötu, í tvær lóðir, verður baklóðin 14 metrar í vesturendann á dýpt og hefir 2. metra gangréttindi um vesturhluta framlóðarinnar.

14. Birni Jónssyni leyft að setja kvist á hús hans við Laugaveg (Rauðaðártuni). Gjald kr. 5.oo.

15. Tryggva Árnasyni leyft að breyta viðbyggingu, við húsið nr. 9 við Njálsgötu. Gjald kr. 10.oo.

16. Helga Jósefssyni synjað um leyfi til að hækka suðurhlið hússins nr. 80 við Hverfisgötu.

17. Baldri Benediktssyni leyft að gera geymsluskúr, úr steinsteypu, á baklóðinni nr. 88 við Hverfisgötu. Stærð 45 $m^2$. Gjald kr. 12.oo.

18. Synjað um leyfi til að skipta lóðinni nr. 6 við Kárast.

19. Samþykkt að skipta Ás og Hofslóðunum í tvær lóðir. Verður lóð sú, sem fylgir Ási, 405.4 ferm. og lóðin, sem fylgir Hofi 329.6 fermetrar.

20. Samþykkt að viðurkenna til að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík:
107. Einar Runólfsson, trésmið, Lindargötu 34.
45. Ión Bergsteinsson, múrsmið, Hverfisgötu 84.

21. Útaf erindi viðvíkjandi aðgerð á húsinu nr. 30 við Bergstaðastræti, fól byggingarnefndin byggingarfulltrúa að hindra aðgerð á húsinu fyrr en fenginn er úrskurður um, hvort húsið sé ekki svo fúið, að ekki sé vert að gera við það, án þess að húsið sé byggt upp að nýju.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K.Zimsen. Guðm.Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson.
Ágúst Jósefsson. Þorl.Ófeigsson. Kristinn Sigurðsson.
Sigurður Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1927, laugardaginn 14. maí, kl. 4 síðd., var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Gunnlaugi Claessen leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð úr "Félagsgarðstúni". Stærð 120.2 ferm. Gjald kr. 96.oo.
Borgarstjóri ákveður hvar húsið verður sett á lóðina.

2. Þorsteini Þorsteinssyni leyft að gera viðbyggingu, úr steinsteypu, við húsið nr. 52 við Laugaveg. Stærð 49.05 ferm. Gjald kr. 25.oo.

3. Einari Bjarnasyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð úr Rauðarárbletti II. Stærð 71.20 ferm. Gjald kr. 75.oo.

4. Þorkeli Helgasyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð úr Rauðarárbl.II. Stærð 71.20 ferm. Gjald kr. 75.oo.

5. Karli Petersen leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á horni Hofsvalla- og Sólvallagötu. Stærð 71.52 ferm. Gjald kr. 51.oo.

6. Kristni Ármannssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð við Sólvallagötu. Stærð 113.50 ferm. Gjald kr. 94.oo.

7. Sveini Jónssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð við Ránargötu. Stærð 72 ferm. Gjald kr.58.oo.

8. Jóni Árnasyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð við Ránargötu. Stærð 72 ferm. Gjald kr. 58.oo.

9. Guðmundi Oddssyni leyft að byggja viðbyggingu, úr steinsteypu, við húsið nr. 8 við Brekkustíg. Stærð 19.60 ferm. Gjald kr. 6.oo.

10. Pétri Bjarnasyni leyft að stækka skúr á baklóðinni nr. 34 við Njálsgötu. Stækkunin nemur 10.85 ferm. Gjald kr. 5.oo.

11. Helgu Andersen synjað um leyfi til að byggja bifreiðageymslu á lóðinni nr. 14 við Aðalstræti.

12. Geir Halldórssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 114 við Laugaveg. Stærð 85.50 ferm. Gjald kr. 47.oo. Jafnframt er fellt úr gildi Byggingarleyfið, veitt sama manni 2. apríl síðastliðinn.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Sylveríusi Hallgrímssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri, á lóð við Lauganesveg. Stærð 27.75 ferm. Gjald kr. 14.oo. Jafnframt fellur úr gildi byggingarleyfi, sem honum var veitt 11. sept. 1926.

14. Eyjólfi Jóhannssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð við Öldugötu. Stærð 125.60 ferm. Gjald kr. 73.oo.

15. Garðari Gíslasyni leyft að breyta gluggum og dyrum á húsinu nr. 4 við Hverfisgötu. Gjald kr. 15.oo.

16. Jóni Sveinssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð við Öldugötu. Stærð 120 ferm. Ennfremur er honum leyft að byggja geymsluskúr á baklóðinni. Stærð 50 ferm. Gjald kr. 115.oo. Skilyrði, að efsta loft sé úr járnbentri steinsteypu.

17. Ólafi T. Sveinssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóð við Garðastræti. Stærð 170.28 ferm. Gjald kr. 192.oo.

18. Pétri Bjarnason leyft að gera viðbyggingu, úr steinsteypu, við húsið nr. 17 við Vesturgötu. Stærð 29 ferm. Gjald kr. 22.oo.

19. Jóni Brynjólfssyni leyft að hækka húsið nr. 11A við Smiðjustíg. Gjald kr. 57.oo.

20. Guðmundi Árnasyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 35A við Ránargötu. Stærð 90.74 ferm. Gjald kr. 68.oo.

21. Sigurlinu Daðadóttur leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 35 við Ránargötu. Stærð 90.74 ferm. Gjald kr. 68.oo.

22. Ragnhildi Árnadóttur synjað um leyfi til að hækka húsið nr. 7 við Ingólfsstræti.

23. Geir Thorsteinson leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 45 við Skólavörðustíg. Stærð 84.50 ferm. Gjald kr. 89.oo. Jafnframt var lagður fram uppdráttur af byggingu á allri lóðinni, sem skipulagsnefnd hefir samþykkt.

24. Hilmari Stefánssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð við Ránargötu. Stærð 79.96 ferm. Gjald kr. 64.oo.

25. Árna Jónssyni leyft að byggja þrílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 13 við Bergstaðastræti. Stærð 106 ferm. Gjald kr. 93.oo.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

26. Ca51 Olsen leyft að byggja fjós, hænsnahús, hlöðu og svínahús á erfðafestulandinu Austurhlíð. Stærð 338.25 ferm. Gjald kr. 148.oo.

27. Bergsteini Jóhannessyni leyft að breyta gluggum á kjallara hússins nr. 84 við Hverfisgötu. Gjald kr. 5.oo.

28. K. Bruun synjað um leyfi til að gera bifreiðarskýli á lóðinni nr. 4 við Laugaveg.

29. Ólafi Sveinssyni synjað um leyfi til að skipta lóð við Garðastræti.

30. Samþykkt að leggja 24.8 fermetra af lóðinni nr. 20 við Óðinsgötu undir lóðina nr. 22 við sömu götu. Ennfremur er samþykkt að skipta lóðinni nr. 20 í tvær lóðir; verður framlóðin 270.7 ferm. og verður framvegis talin nr. 20, en baklóðin 125.3 ferm. og verður nr. 20A. Lóðirnar nr. 20 og 20A hafa tveggja metra gangrétt um lóðina nr. 22 við Óðinsgötu.

31. Samþykkt að viðurkenna til að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík.
108. Stein Júlíus Árnason, trésmið, Vesturgötu 50A.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm.Ásbjörnsson. Kristinn Sigurðsson.
Ágúst Josefsson. Þorl.Ófeigsson. Pétur Ingimundarson.
Sigurður Pétursson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1927, laugardaginn 28. maí, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Jóhanni P. Jónssyni leyft að hækka og stækka húsið nr. 69 við Hverfisgötu. Stækkunin nemur 12$^2$. Leyfið er veitt með því skilyrði, að allt húsið verði sett í rétta götulínu. Gjald kr. 8.oo.

2. Guðm. Guðmundssyni leyft að byggja íbúðarhús á lóðinni nr. 50B við Bergstaðastræti. Stærð 61.4 ferm. Gjald kr. 34.oo.

3. Jóni Gíslasyni leyft að gera viðbyggingu úr steinsteypu, við húsið nr. 5 við Bræðraborgarstíg. Stærð 31.20 ferm. Gjald kr. 16.oo.

4. Guðna Einarssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð við Öldugötu, fyrir vestan lóð Jóns Þorvarðssonar. Stærð 85.05 ferm. Gjald kr. 67.oo.

5. Ólafi Jónssyni synjað um leyfi til að byggja steinskúr, á lóðinni nr. 35B við Vesturgötu.

6. Guðm. Þorsteinssyni synjað um leyfi til að byggja íbúðar- og geymsluhús á bakhluta lóðarinnar nr. 23B við Vesturgötu. (Lóðin er við Ránargötu.).

7. Guðrúnu Jónsdóttur leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á leigulóðinni nr.2 við Haðarstíg. Stærð 60.40 m$^2$. Gjald kr. 33.oo.

8. Gísla Jóhannssyni synjað um leyfi til að byggja viðbyggingu við húsið nr. 21 við Grundarstíg.

9. Ara Eyjólfssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóð úr Rauðarárbletti II. Stærð 89 ferm. Gjald kr. 75.oo.

10. Skæringi Hróbjartssyni leyft að byggja geymsluskúr, á baklóðinni nr. 51 við Grettisgötu. Stærð 7.88 ferm. Gjald kr. 5.oo.

11. Þorsteini Jóhannssyni leyft að byggja geymsluskúr á baklóðinni nr. 58 við Laugaveg. Stærð 23 ferm. Gjald kr. 11.oo.

12. Guðm. Halldórssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð úr Rauðarárbletti II. Stærð 74.70 ferm. Gjald kr. 43.oo.

13. Einari Sveinbjarnarsyni leyft að hækka skúr á baklóðinni nr. 19B við Nýlendugötu. Gjald kr. 5.oo.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

X 14. H.f. Kveldúlfi leyft að breyta gluggum á lóðinni nr. 23 við Lindargötu. Gjald kr. 5.oo.

15. Ólafi Johnson leyft að gera bifreiðarskýli á lóðinni nr. 4 við Lækjargötu. Stærð 19.20 ferm. Gjald kr.5.oo. Leyfið er veitt með því skilyrði, að skýlið verði rifið niður, hvenær sem byggingarnefnd krefst þess, með þriggja mánaða fyrirvara.

16. Helgu Siggeirsdóttur leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 21C viðIngólfsstræti.Stærð 96 ferm. Gjald kr. 77.oo.

17. Lilja Petersen sækir um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóð við Suðurgötu, næst fyrir sunnan lóð Sigurðar Gunnarssonar. Meiri hluti nefndarinnar vill ekki verða við þessari beiðni.

18. Byggingarnefndin endurnýjar byggingarleyfi veitt Kjartani Ólafssyni 1. maí 1926 til að hækka og stækka húsið nr. 48 við Tjarnargötu, með þeirri breytingu, að öll loft verði gerð úr járnbentri steinsteypu og að öðru leyti samkvæmt nú framlögðUM UPPDRÆTTI- Gjald kr. 38.oo.

19. Samþykkt að skipta lóðinni nr. 7 við Suðurgötu í tvær lóðir, sem hvor um sig verður 555.8 ferm. að flatarmáli. Verður austurhlutinn nr. 15 við Vonarstræti.

20. Árna Sveinssyni leyft að setja reykháf í útbyggingu við húsið nr. 76 við Laugaveg. Gjald kr. 5.oo.

21. Magnúsi Matthíassyni leyft að setja bikað pappaþak á húsið nr. 5 við Túngötu. Gjald kr. 5.oo.

22. Samþykkt að viðurkenna til að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík:
109. Ágúst Pálsson, trésmið, Suðurgötu 16.
110. Jens Jónsson, trésmið, Stýrimannastíg 4.
111. Jónas H. Jónsson, trésmið, Vonarstræti 11.
46. Einar Sveinsson, múrsmið, Njarðargötu 39.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði Þorlák Ófeigsson, sem var veikur.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson.
Ágúst Jósefsson. Kristinn Sigurðsson. Sigurður Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1927, fimmtudaginn 2. júní, kl. 10 árdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Þorkeli Sigurðssyni leyft að hækka húsið nr. 9 við Ránargötu. Gjald kr. 15.oo.

2. Lilju Petersen leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð við Suðurgötu,(sunnan við hús Sigyrðar Gunnarssonar). Stærð 82 ferm. Gjald kr. 53.oo.

3. Elísabet Kristjánsdóttir Foss leyft að hækka húsið nr. 12 við Austurstræti. Gjald kr. 33.oo.

4. Helga H. Eiríkssyni leyft að setja glugga á hús hans við Fjólugötu. Gjald kr. 5.oo.

5. Samþykkt að viðurkenna til að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík:
§&- 47. Magnús Guðmundsson, múrsmið, Stafholti við Sauðagerði.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði slökkviliðsstjóra.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm.Ásbjörnsson. Ágúst Jósefsson. Kristinn Sigurðsson. Þorl.Ófeigsson. Sigurður Pétursson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1927, laugardaginn 11. júní, kl. 4 síðdegis, var var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Ríkarði Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr timbri, á sumarbústaðalandi í Laugarási. Stærð 26.56 ferm. Gjald kr. 7.oo.

2. Bjarna Bjarnasyni leyft að byggja geymsluskúr á baklóðinni nr. 48 við Framnesveg. Stærð 19.54 ferm. Gjald kr. 5.oo.

3. Hrefnu Sigurgeirsdóttur synjað um leyfi til að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 6A við Hallveigarstíg.

4. Synjað um leyfi til að breyta húsinu nr. 5 við Bröttugötu.

5. Herluf Clausen synjað um leyfi til að gera viðbyggingu við húsið nr. 4 við Kirkjutorg.

6. Guðnýju Þorsteinsdóttur leyft að stækka skúr við húsið nr. 6 við Fálkagötu. Stækkunin nemur 2.8 ferm. Gjald kr. 5.oo.

7. Guðmundi Jóelssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð við Ránargötu. Stærð 72 ferm. Gjald kr. 55.oo.

8. Steini Jónssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð við Ránargötu. Stærð 72 ferm. Gjald.kr.55.oo.

9. Þorsteini Einarssyni leyft að flytja kvist á húsinu nr. 6 við Brekkustíg. Gjald kr. 5.oo.

10. Samþykkt að endurnýja byggingarleyfi veitt Magnúsi Th. S. Blöndahl 2. sept. 1925. Gjald kr. 25.oo.

11. Guðlaugu Jónsdóttur leyft að setja steingirðingu um lóðina nr. 44 við Klapparstíg, enda sé girðingin sett í rétta götulínu.

12. Jóni Sigmundssyni synjað um leyfi til að breyta gluggum á húsinu nr. 8 við Laugaveg.

13. Byggingarfulltrúi lagði fram uppdrátt af fyrirhuguðum byggingum á leigulóðunum við Framnesveg - beggja vegna við Bankahúsin. - Byggingarnefndin er samþykk uppdrættinum.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði Þorlák Ófeigsson. Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson.
Ágúst Jósefsson. Sigurður Pétursson. Kristinn Sigurðsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1927, laugardaginn 2. júlí, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Emil Rokstað leyft að byggja fiskimjölsverksmiðju, úr timbri og járni, á leigulóð Jes Zimsen milli Lauganess og Klepps. Stærð 148 ferm. Gjald kr. 88.oo.

2. Vilhjálmi Bjarnasyni leyft að hækka húsið nr. 28A við Lokastíg. Gjald kr. 17.oo.

3. Hans Petersen leyft að byggja einlyft verzlunarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 1 við Skólastræti. Stærð 216.8 ferm. Gjald kr. 98.oo. Húsið verður nr. 4 við Bankastræti. Ennfremur er honum leyft að flytja húsið nr. 1 við Skólastræti.
Með umsókninni var lagður fram uppdráttur af framhlið hússins, þegar það verður fullgert.

4. Hrefnu Sigurgeirsdóttur leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 6A við Hallveigarstíg. Stærð 74.35 ferm. Gjald kr. 48.oo.

5. Andrési Andréssyni leyft að byggja viðbyggingu við húsið nr. 3 við Laugaveg. Stækkunin nemur 108.5 ferm. Ennfremur er honum leyft að byggja einlyft geymsluhús á baklóðinni. Stærð 77 ferm. Gjald kr. 135.oo.

6. Guðmundi Þorsteinssyni synjað um leyfi til að byggja íbúðarskúr á baklóðinni nr. 23B við Vesturgötu.

7. Sóknarnefnd Reykjavíkur leyft að byggja skýli, úr timbri, í kirkjugarðinum. Stærð 48.2 ferm. Gjald kr. 13.oo.

8. Jóni Gestssyni leyft að hækka húsið nr. 77B við Laugaveg. Gjald kr. 5.oo.

9. Guðjóni Guðjónssyni og Máríusi Guðjónssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 27 við Bergþórugötu. Stærð 92.5 ferm. Gjald kr. 74.oo.

10. Erlendi Þórðarsyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 25 við Bergþórugötu. Stærð 92.5 ferm. Gjald kr. 74.OO.

11. Þorsteini Guðmundssyni synjað um leyfi til að gera viðbyggingu við húsið nr. 2 við Laufásveg, vegna þess að byggingin kemur í bága við ~~skipulag~~ fyrirhugað skipulag á þessum stað.

12. Einari og Sigurði Kvaran leyft að byggja tvílyft íbúð-



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

arhús, úr steinsteypu, á lóð við Sólvallagötu. Stærð 124 ferm. Gjald kr. 100.oo.

13. Sigurði Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr timbri, á leigulóð við Lauganesveg. Stærð 36.18 ferm. Gjald kr. 18.oo.

14. Hafsteini Bergþórssyni leyft að byggja bifreiða- og geymsluskúr á lóð hans við Marargötu og Unnarstíg. Stærð 31.35 ferm. Gjald kr. 9.oo.

15. Jóni Bjarnasyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 10 við Þórsgötu. Stærð 110.4 ferm. Gjald kr. 88.oo.

16. Sigurði Jónssyni og Einari Sveinssyni leyft að hækka ris á húsi þeirra við Öldugötu. Gjald kr. 5.oo.

17. Sigurði Sigurðssyni synjað um leyfi til að gera geymsluskúr á lóðinni nr. 27A við Laugaveg.

18. Jóni Sigmundssyni synjað um leyfi til að setja kvist á húsið nr. 8B við Laugaveg.

19. Axel Grímssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð úr Rauðarárbletti II. Stærð 81.55 ferm. Gjald kr. 68.oo.

20.~~øø~~.Ámunda Kristjánssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð úr Rauðarárbletti II. Stærð 73.6 ferm. Gjald kr. 62.oo.

21. Sigurði Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð úr Rauðarárbletti II. Stærð 87.4 ferm. Gjald kr. 48.oo.

22. Skúla Thorarensen leyft að byggja íbúðar- og gripahús úr steinsteypu, á nýbýlalandi í Sogamýri. Stærð 122.4 ferm. Gjald kr. 92.oo.

23. Karl Jensen leyft að byggja íbúðar- og gripahús, úr steinsteypu, á nýbýlalandi í Sogamýri. Stærð 52.5 ferm. Gjald kr. 29.oo.

24. Þormóði Guðmundssyni synjað um leyfi til að byggja geymslu- og þvottahús á lóð hans við Bárugötu.

25. Helga Magnússyni & Co. leyft að breyta framhlið hússins nr. 19 við Hafnarstræti, með því skilyrði að þeir tryggi sér gangréttindi frá Tryggvagötu. Gjald kr. 5.oo.

26. Synjað um að breyta kjallara hússins nr.3 við Grundarstíg.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Framh. á blaðsíðu 149 -

27. Stefáni Jóhannessyni leyft að byggja neðanjarðar kolaþró, úr steinsteypu, við hús hans við Sólvallagötu. Gjald kr. 5.00.

28. Guðmundi S. Guðmundssyni og Karli Finnssyni leyft að byggja 2 tvílyft sambyggð íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðum úr Rauðararbletti II. Stærð beggja húsanna er 240 ferm. Gjald kr. 264.00.

29. Samþykkt að skipta lóðinni nr. 8 við Vitastíg í tvær lóðir. Verður nyrðri lóðinn 11.65 metrar meðfram götu og 223.1 ferm. að flatarmáli, en syðri hlutinn 161.7 ferm., og verður talin nr. 8, en nyrðri hlutinn nr. 8A.

30. Þórði Erlendssyni leyft að byggja þrílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 8A við Vitastíg. Stærð 109.5 ferm. Gjald kr. 109.00.
Leyfið er veitt með því skilyrði, að allir skúrar, sem eru á lóðinni verði rifnir niður.

31. Hafliða Hafliðasyni leyft að breyta tröppum, dyrum og gluggum á húsi hans á Melbletti 6. Gjald kr. 15.00.

32. Magnúsi Th. S. Blöndahl leyft að byggja fjós og heyhlöðu á erfðafestulandinu "Hagi". Stærð 240 ferm. Gjald kr. 180.00. Leyfið kemur fyrir leyfi, sem var veitt 12. sept. 1925, en er nú fallið úr gildi.

33. Einari Einarssyni leyft að hækka ris á húsinu nr. 53A við Laugaveg. Gjald kr. 5.00.

34. Samþykkt lóðaskipti á vesturenda Geirstúns, við Túngötu, Ægisgötu og Öldugötu.

35. Leyft að selja 62.4 ferm. af lóðinni nr. 41 við Njálsgötu og leggja við lóðina nr. 42B við Grettisgötu.

36. Leyft að selja megi 299.5 ferm. af lóð H.P.Duus austan við Bryggjuhúsið, og leggja við eignina nr. 1 við Hafnarstræti.

37. Samþykkt að viðurkenna til að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík:
112. Magnús Th. S. Blöndahl, trésmið, Lækjargötu 6B.
113. Sigurð Ísleyfsson, trésmið, Bergþórugötu 15.
114. Böðvar Gíslason, trésmið, Óðinsgötu 20.
48. Ingvar Þorvarðsson, múrsmið, Hverfisgötu 76B.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði Kristinn Sigurðsson. Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm.Ásbjörnsson. Ágúst Jósefsson. Þorl.Ófeigsson. Sigurður Pétursson. Pétur Ingimundarson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1927, laugardaginn 16. júlí, hélt byggingarnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Þorgrími Ólafssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 15 við Bergþórugötu. Stærð 66.75 ferm. Gjald kr. 56.00.

2. Guðm. Gunnlaugssyni leyft að byggja íbúðar- og peningshús á nýbýlalandi sínu í Sogamýri X. Stærð 102.85 ferm. Gjald kr. 50.00.

3. Þormóði Guðmundssyni leyft að breyta innréttingu í kjallara í húsi sínu við Bárugötu. Gjald kr. 5.00.

4. Pétri Maack og Sigurði Gunnlaugssyni leyft að stækka inngönguskúr við hús þeirra við Ránargötu. Stærð beggja skúranna 6 ferm. Gjald kr. 10.00.

5. Halldóri Magnússyni leyft að breyta framhlið hússins Týsgötu 4B. Gjald kr. 5.00.

6. Helga H. Eiríkssyni og Sigfúsi M. Johnsen leyfðar ýmsar smábreytingar á húsi, sem þeir eru að byggja við Sóleyjargötu. Gjald kr. 10.00.

7. Ingvari Einarssyni og Aðalsteini Björnssyni leyft að breyta framhlið hússins nr. 43 við Lindargötu. Gjald kr. 5.00.

8. Sigurði Sigurðssyni leyft að byggja geymsluskúr á lóðinni nr. 27a við. Stærð 12.50 ferm. Gjald kr. 5.00.

9. Tómasi Tómassyni leyft að byggja viðbyggingu við húsið nr. 14 við Frakkastíg. Stærð 26.4 ferm. Gjald kr. 8.00.

10. Geir Halldórssyni synjað um að setja 5 kvisti á hús sitt við Laugaveg 114.

11. Nefndin samþykkti að greiða byggingarfulltrúa 1500 kr. - fimmtán hundruð krónur- til bifreiðarkostnaðar innanbæjar þetta ár.

Á fund vantaði Kristinn Sigurðsson.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen. Pétur Ingimundarson. Þorl.Ófeigsson. Ágúst Jósefsson. Guðm.Ásbjörnsson. Sigurður Pétursson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1927, laugardaginn 30. júlí, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Samþykkt skipting á lóð Haraldar Árnasonar við Hólatorg.

2. Önnu Friðriksdóttur leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 6 við Hólatorg. Stærð 88.3 ferm. Gjald kr. 68.00.

3. Jóni Sveinssyni synjað um leyfi til að setja kvist á hús hans við Öldugötu.

4. Karli Hjörtþórssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á erfðafestulandi hans við Hafnarfjarðarveg. Stærð 470 ferm. Gjald kr. 24.00.

5. Páli Einarssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóð úr Rauðarárbletti II. Stærð 73.6 ferm. Gjald kr. 41.00.

6. Guðjóni Jónssyni leyft að setja kvist á húsið nr. 13 við Brekkustíg. Gjald kr. 10.00.

7. Rafmagnsveitunni leyft að gera spennistöð úr timbri, við norðurgirðingu Íþróttavallarins. Stærð 15 fermetrar. Gjald kr. 5.00. Leyfið er veitt til bráðabirgða.

8. Sigurfinni Hallvarðssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 85B við Laugaveg.

8. Herluf Clausen leyft að breyta framhlið hússins nr.4 við Kirkjutorg. Gjald kr. 10.00.

9. Hafliða Baldvinssyni leyft að b ggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 123 við Hverfisgötu. Stærð 64 ferm. Gjald kr. 41.00.

10. H.f. Kol og salt leyft að byggja einlyft saltgeymsluhús úr timbri, á leigulóð við Geirsgötu. Stærð 694.5 ferm. Gjald kr. 187.00.
Leyfið er veitt með því skilyrði, að ráðuneytið veiti undanþágu frá byggingarsamþykktinni, að því er stærð hússins snertir.

11. Metúsalem Jóhannessyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 16 við Ingólfsstræti. Stærð 156.58 ferm. Gjald kr. 109.00.
Leyfið er veitt með því skilyrði, að engin íbúð verði í kjallara hússins.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12. Emil Rakstað leyft að byggja fjós og heyhlöðu, úr steinsteypu, á erfðafestulandinu Bjarmalandi. Stærð 87.52 ferm. Gjald kr. 29.oo.

13. Báru Jónsdóttur og Sigríði Eyjólfsdóttur leyfðar breytingar á húsinu nr. 5 við Kárastíg. Gjald kr. 5.oo.

14. Ragnhildi Ólfasdóttur leyft að setja kvist á bakhlið hússins nr. 66B við Laugaveg. Gjald kr. 5.oo.

15. Ámunda Árnasyni leyft að breyta framhlið hússins nr. 37 við Hverfisgötu. Gjald kr. 5.oo.

16. Einari Finnssyni leyft að breyta gluggum á húsinu nr. 20 við Klapparstíg. Gjald kr. 5.oo.

17. Samþykkt að skipta lóðinni nr. 6 við Kárastíg í tvær lóðir.

18. Samþykkt að skipta lóðinni nr. 57 við Grettisgötu í þrjár lóðir.

19. Samþykkt lóðarskipti við Hrannarstíg.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði Þorlák Ófeigsson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm.Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson. Ágúst Jósefsson. Kristinn Sigurðsson. Sigurður Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1927, mánudaginn 15. ágúst kl. 9 árdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Sænsk íslenzka frystifélaginu leyft að byggja frystihús með tilheyrandi byggingum á leigulóð við Ingólfsstræti og Sölvhólsgötu. Stærð 2166.5 ferm. Byggingarleyfisgjald kr. 2116.oo.

2. Guðm. Ólafssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 16 við Framnesveg. Stærð 71.6 ferm. Gjald kr. 52.oo.

3. Guðjóni Benediktssyni leyft að byggja geymsluskúr, úr steinsteypu, á baklóðinni nr. 25A við Freyjugötu. Stærð 10.24 ferm. Gjald kr. 5.oo.

4. Einari Finnssyni leyft að setja reykháf í geymsluskúr við norðurhlið hússins nr. 20 við Klapparstíg. Gjald kr. 5.oo.

5. Óskari Jónssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni næst fyrir vestan nr. 15 við Framnesveg. Stærð 86 ferm. Gjald kr. 69.oo.

6. Bernhard Petersen leyft að gera bifreiðarskýli, úr timbri við Grunnoverksmiðju hans innan við Laugarnes. Stærð 52 ferm. Gald kr. 18.oo.

7. Emil Rakstað leyft að breyta tröppum á Bjarmalandi. Gjald kr. 5.oo.

8. Jóhanni T. Egilssyni leyft að gera þvotta- og geymsluskúr á baklóðinni nr. 17 við Nýlendugötu. Stærð 7.15 ferm. Gjald kr. 5.oo.

9. Kristjáni Þorgrímssyni leyft að hækka risið á húsi hans við Lauganesveg um 90 cm. Gjald kr. 5.oo.

10. Jóhanni P. Jónssyni leyft að gera viðbyggingu, úr steinsteypu, austan vi,ð húsið nr. 69 við Hverfisgötu. Stærð 68 ferm. Gjald kr. 37.oo.

11. Sama manni leyft að byggja bifreiðarskýli, úr steinsteypu, á ló inni nr. 69 við Hverfisgötu. Stærð 21 ferm. Gjald kr.6.oo.

12. Arinbirni Sveinbjarnarsyni leyft að breyta framhlið hússins nr. 41 við Laugaveg. Gjald kr. 10.oo.

13. Bjarna Þorlákssyni leyfðar breytingar og stækkun á húsinu nr. 35 við Grettisgötu. Stækkunin nemur 8.05 ferm. Gjald kr. 5.oo.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Kristófer Grímssyni leyft að gera viðbyggingu við hús hans í Sogamýri. Stækkunin nemur 66.2 ferm. Gjald kr. 36.oo.

15. Þorsteini Einarssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, ásamt geymsluskúr, á lóð við framlengingu Holtsgötu. Stærð 99.4 (99.4) fermetrar. Gjald kr. 64.oo.

16. Kristmanni Eyleifssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, ásamt geymsluskúr á lóð við framlengingu Holtsgötu. Stærð 90.9 ferm. Gjald kr. 58.oo.

17. Jóni Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð við Bárugötu. Stærð 97.5 ferm. Gjald kr. 75.oo.

18. Guðm. Halldórssyni leyft að setja kvist á bakhlið húss hans við Laugaveg (Rauðarárbletti II). Gjald kr. 5.oo.

19. Byggingarfulltrúi kærir yfir því, að Gísli Magnússon múrsmiður, Grettisgötu 1, hafi steypt stoðir í húsið nr. 23 við Njálsgötu, án þess að tilkynna byggingarfulltrúa þegar búið var að leggja járnin í stoðirnar. Við rannsókn á þessu verki kom í ljós, að það var sviksamlega unnið, svo óumflýjanlegt var að rífa þessar stoðir niður. Jafnframt upplýstist, að byggingarfulltrúi hafði tvívegis áður veitt þessum manni áminningu fyrir óvandvirkni.
Nefndin ákvað að afturkalla viðurkenningu Gísla Magnússonar til að standa fyrir múrsmíði.

20. Byggingarfulltrúi kærir yfir því, að Þorkell Bergsveinsson múðsmiður, Lindargötu 1, hafi steypt stoðir og stiga í húsið nr. 29 við Klapparstíg, á þess að tilkynna byggingarfulltrúa þegar gengið var frá járnum.
Nefndin ákvað að kæra Þorkel Bergsveinsson fyrir brot á byggingarsamþykktinni og láta rífa niður eina stoðina svo gengið verði úr skúgga um hvort verkið er forsvaranlegt.

21. Synjað um skiptingu á lóðinni nr. 19a við Grettisgötu.

22. Samþykkt að viðurkenna til að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík:
115. Guðmund Brynjólfsson, trésmið, Vegamótastíg 3.

23. Þorsteini Jónssyni leyft að setja reykháf í viðbyggingu við húsið nr. 11 við Nýlendugötu. Gjald kr. 5.oo.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm.Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson.
Þorl.Ófeigsson. Ágúst Jósefsson. Kristinn Sigurðsson.
Sigurður Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1927, laugardaginn 27. ágúst, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Synjað um leyfi til að setja kvist á húsið nr.7 við Sóleyjargötu.

2. Samþykkt að skipta lóðinni nr. 50B við Vesturgötu í tvær lóðir. Verður önnur lóðin talin við framlengingu Nýlendugötu og að stærð 434.7 ferm. En lóðin, sem eftir verður við Vesturgötu verður 361.2 ferm.

3. Þórarni Bjarnasyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð þeirri við Nýlendugötu, sem getið er um í 2.lið. Stærð 65.6 ferm. Gjald kr. 36.00.
Leyfið er veitt með þeim skilyrðum, að af lóðinni falli endurgjaldslaust til bæjarins 82.7 ferm. undir framlengingu Nýlendugötu og að greitt verði 2 kr. götugjald af hverjum ferm. lóðarinnar þegar Nýlendugata verður gerð.

4. A. Obenhaupt leyft að setja hæð ofan á húsið nr. 3 við Suðurgötu. Gjald kr. 20.00.

5. Synjað um leyfi til að hækka húsið nr. 32 við Bragagötu.

6. Páli Jónssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á leigulóðinni nr.16 við Bragagötu. stærð 85.4 ferm. Gjald kr. 66.00.

7. Guðm. Jónssyni leyft að gera ~~geymsluhús/úr/steinsteypu~~ þvottahús á lóð sinni við Ljósvallagötu. Stærð 10.5 ferm. Gjald kr. 5.00.

8. Jóni Bergmann leyft að gera geymsluhús, úr steinsteypu, á lóð hans við Ljósvallagötu. Stærð 10.5 ferm. Gjald kr.5.00.

9. Guðm. Benediktssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð við Bárugötu (úr biskupstúni). Stærð 83.2 ferm. Gjald kr. 67.00.

10. Gísla Jónssyni leyft að byggja hjólhestaskýli á lóðinni nr. 2 við Bárugötu. Stærð 4.42 ferm. Gjald kr. 5.00.

11. Magnúsi Einarssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 12 við Framnesveg. Stærð 65.6 ferm. Gjald kr. 48.00.

12. Gunnari Sigurðssyni synjað um leyfi til að innrétta efstu hæðina á geymsluhúsi, sem er á baklóðinni nr. 55 við Laugaveg, til íbúðar.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Sigurfinni Hallvarðssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 85B við Laugaveg. Stærð 72.2 ferm. Gjald kr. 39.00.

14. Jóni Þ. Benediktssyni leyft að byggja þvottahús, á lóðinni nr. 36 við Skólavörðustíg. Stærð 16.1 ferm. Gjald kr. 5.00.

15. Arinbirni Þorkelssyni og Sigurði Bjargmundssyni leyft að byggja geymslu- og smíðahús á lóðinni nr. 9A við Kárastíg. Stærð 64.4 ferm. Gjald kr. 16.00.

16. Valdimar Loftssyni synjað um leyfi til að byggja bifreiðarskýli á lóðinni nr. 14 við Vitastíg.

17. Samþykkt að skipta lóðinni nr. 11 við Framnesveg í tvær lóðir.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði Kristinn Sigurðsson og Þorlák Ófeigsson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðmundur Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson.
Ágúst Jósefsson. Sigurður Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1927, laugardaginn 10.sept., kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Kristjáni Siggeirssyni leyft að byggja þrílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 13 við Laugaveg. Stærð 119.2 ferm. Gjald 159 krónur.

2. Halfdáni Magnússyni leyft að byggja geymsluskúr, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 4b við Týsgötu. Stærð 16.40 ferm. Gjald 5 krónur.

3. Valdimar Loftssyni leyft að byggja bifreiðarskúr, úr steinsteypu, á baklóðinni nr. 14 við Vitastíg. Stærð 25.15 ferm. Gjald kr. 5.oo.
Leyfið er veitt með því skilyrði, að skúrinn verði rifinn niður, þegar byggt verður á framlóðinni.

4. Óla P. Blöndal leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð úr Geirstúni við Öldugötu. Stærð 73.4 ferm. Gjald kr. 58.oo.
Götugjald sé greitt áður en leyfið er afhent.

5. Lúðvíg Kaaber leyft að setja kvist á bakhlið hússins nr. 28 við Hverfisgötu. Gjald kr. 5.oo.

6. Hafliða Baldvinssyni leyft að gera kjallara undir allt húsið nr. 123 við Hverfisgötu. Gjald kr. 5.oo.

7. Jóni Jónssyni leyft að gera geymsluskúr, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 68A við Hverfisgötu. Stærð 7.54 ferm. Gjald kr.5.oo.

8. Aðalsteini Jónssyni leyft að stækka hús hans við Laugarnesveg. Stækkunin nemur 16.72 ferm. Gjald kr. 5.oo.

9. Júlíusi Lofssyni og Valdimar Guðlaugssyni leyft að flytja húsið nr. 32 við Bragagötu og gera kjallara undir það. Ennfremur er þeim leyft að gera viðbyggingu, úr steinsteypu, 56.25 ferm. að stærð. Gjald kr. 44.oo.

10. Huldu Þorsteinsdóm leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á horninu við Hringbraut og Ljósvallagötu. Stærð 186.6 ferm. Gjald kr. 105.oo.

11. Einari Gíslasyni leyft að byggja einlyfta vinnustofu, úr steinsteypu, á baklóðinni nr. 12 við Bergstaðastræti. Stærð 54.30 ferm. Gjald kr. 17.oo.

12. Guðna Einarssyni leyft að breyta gluggum á kjallara húsw hans við Öldugötu. Gjald kr. 5.oo.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Sigurjóni Féldsted synjað um leyfi til að byggja íbúðarhús við Veghúsastíg, vegna skipulágs.

14. Jóni Lýðssyni leyft að byggja inngönguskúr, úr steinsteypu, við bakhlið hússins nr. 6 við Týsgötu. Stærð 6.72 ferm. Gjald kr. 5.00.

15. Ásgeiri Jónssyni og Magnúsi Péturssyni leyft að hækka og stækka húsið nr. 5 við Þórsgötu, og gera þvottahús á baklóðinni. Stækkunin og þvottahúsið eru 83.44 ferm. að stærð. Gjald kr. 77.00.

16. Gunnari Sigurðssyni leyft að setja reykháf í bakhúsið nr. 28 við Laugaveg. Gjald kr. 5.00.

17. Guðsteini Eyjólfssyni og Guðrúnu Jónsdóttur leyft leyft að byggja fjós og heyhlöðu, úr steinsteypu, á erfðafestulandinu Kirkjuland. Stærð 47.07 ferm. Gjald kr. 12.00.

18. Karli Guðmundssyni leyft að flytja húsið Bjarg við Sólvallagötu, og gera við það viðbyggingu,úr steinsteypu, 37.92 ferm. að stærð. Gjald kr. 17.00.

19. Magnúsi V. Jóhannessyni leyft að innrétta bakhúsið nr. 22 við Nýlendugötu. Gjald kr. 5.00.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði Kristinn Sigurðsson, og byggingarfulltrúa.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm.Ásbjörnsson. Þorl.Ófeigsson. Ágúst Jósefsson. Pétur Ingimundarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1927, laugardaginn 1. október kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Thor Jensen leyft að stækka útihús á lóðinni nr. 11 við Fríkirkjuveg. Stækkunin nemur 15.19 ferm. Gjald kr.5.oo.

2. Eiríki Torfasyni synjað um leyfi til að gera viðbyggingu við hús hans við Bárugötu.

3. Árna St Bjarnasyni leyft að byggja þvottahús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 29 við Skólavörðustíg. Stærð 8.97 ferm. Gjald kr. 5.oo.

4. Magnúsi Guðbjörnssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steini, á leigulóð við Lauganesyeg. Stærð 40.3 ferm. Gjald kr. 23.oo.

5. Boga Þórðarsyni leyft að gera viðbygginguúr steinsteypu, á lóðinni nr.8 við Frakkastíg. Stærð 132 ferm. Gjald kr.110.oo.

6. Sólveigu Ólafsdóttur synjað um leyfi til að byggja þrílyft íbúðarhús á lóðinni nr. 30 við Bergstaðastræti.

7. Kristjáni Þorgrímssyni leyft að gera bifreiðarskúr, úr steinsteypu, á leigulóð hans við Laugarnesveg. Stærð 18.9ferm. Gjald kr. 6.oo.

8. O. Ellingsen synjað um leyfi til að gera bifreiðarskýli, úr timbri, á lóðinni nr. 10 við Stýrimannastíg.

9. Sigurði Jóhannessyni synjað um leyfi til að hækka og stækka húsið nr. 44 við Framnesveg.

10. Jónasi Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr timbri, á sumarbýlalandinu Laugarásblettur V. Stærð 53.5 ferm. Gjald kr.18.oo.

11. Ó. Hvanndal og I. Þorkels leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð úr Melbletti. Stærð 90.7 ferm. Gjald kr. 82.oo.

12. Ólafi Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 8 við Brunnstíg. Stærð 67.6 ferm. Gjald kr. 38.oo.

13. Timburverzlun Árna Jónssonar leyft að gera kjallara fyrir timburgeymslu á lóðunum nr. 39 við Laugaveg og 56 við Hverfisgötu. Stærð 554.8 ferm. Gjald kr. 250.oo.

14. Einari Gíslasyni leyft að hækka og stækka skúr á baklóðinni nr. 12a við Bergstaðastræti. Stækkunin nemur 6.98 ferm. Gjald kr. 17.oo.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. Halldóri Halldórssyni leyft að stækka húsið Austurkot um 6.66 ferm. Gjald kr. 5.oo.

16. Leyft að breyta glugga og dyrum á húsinu nr. 5 við Bröttugötu. Gjald kr. 10.oo.

17. Gísla Halldórssyni synjað um leyfi til að stækka húsið nr. 70A við Hverfisgötu.

18. Inga Halldórssyni leyft að byggja tvílyfta vinnustofu úr steinsteypu, á lóðinni nr. 14 við Vesturgötu. Stærð 111.7 ferm. Gjald kr. 93.oo.

19. Ágúst Pálmasyni leyft að gera safngryfju á nýbýlalandi hans í Sogamýri. Stærð 24 ferm. Gjald kr. 5.oo.

20. Pétri Þorvaldssyni synjað um leyfi til að hækka útbyggingu við húsið nr. 72 við Laugaveg.

21. Stefáni Einarssyni leyft að gera vinnustofu á baklóðinni nr. 78 við Hverfisgötu. Stærð 86.2 ferm. Gjald kr.25.oo.

22. Magnhildi Andrésdóttur leyft að byggja þvottaskúr úr steinsteypu, á lóðinni nr. 3 við Túngötu. Stærð 10.7 ferm. Gjald kr.5.oo.

23. Samþykkt að leyfa að skipta lóðinni nr. 10A við Lækjargötu í þrjár lóðir.

24. Samþykkt að leyfa skipti á lóðinni nr. 53B við Vesturgötu í tvær lóðir, þannig að vesturparturinn verður 198.6 ferm. og telzt nr. 1A við Framnesveg, en eystri parturinn 383.4 ferm. og takmarkast af fyrirhugaðri húsalínu Vesturgötu.

25. Samþykkt að leyfa skipti á lóðinni nr. 2 við Grundarstíg í tvær lóðir, sem verða 140.1 og 134.o ferm. að stærð.

26. Samþ. að viðurkenna til að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík:
116. Þorkel Jónsson trésmið, Stýrimannastíg 8B.
117. Boga Þórðarson, trésmið, Lindargötu 43A.

27. Þá var samþykkt að afturkalla viðurkenningu Þorkels Bergsveinssonar til að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík. Sbr. fundargerð byggingarnefndar 15. ág. s.l. 20. lið.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Þorl.Ófeigsson. Ágúst Jósefsson. Pétur Ingimundarson. Kristinn Sigurðsson. Sigurður Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1927, laugardaginn 15. október, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Nikulási Friðrikssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóð hans á Melbletti VI. Stærð 104 ferm. með skúr. Gjald kr. 73.oo.

2. Guðmundi Guðjónssyni synjað um leyfi til að breyta húsinu nr. 26 við Þórsgötu.

3. Þórði Þorleyfssyni leyfðar smábreytingar á húsinu nr. 10 við Nönnugötu. Gjald kr.5.oo.

4. Guðm. Gíslasyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 22 við Haðarstíg. Stærð 46.4 ferm. Gjald kr. 23.oo.

5. Birni Erlendssyni synjað um leyfi til að hækka húsið nr. 22 við Óðinsgötu.

6. Þórarni Kjartanssyni leyft að stækka húsið nr. 76 við Laugaveg. Stækkunin er 56.6 ferm. Gjald kr. 36.oo.

7. Salomon Jónssyni og Meyvant Sigurðssyni leyft að byggja þrílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 112 við Hverfisgötu. Stærð 82.81 ferm. Gjald kr. 86.oo.

8. Jóni Bjarnasyni leyft að gera geymsluskúr úr steinsteypu, á lóðinni nr. 10 við Þórsgötu. Stærð 14.95 ferm. Gjald kr.5.oo.

9. Siggeir Torfasyni leyft að breyta gluggum á húsinu nr. 19 við Laugaveg. Gjald kr. 5.oo.

10. Erlingi Pálssyni leyft að gera inngönguskúr, úr steinsteypu, við hús hans við Sundlaugaveg. Stærð.15 ferm. Gjald kr. 5.oo.

11. Hans Kristjánssyni leyft að gera viðbyggingu, úr timbri og járni, við gamla Alþýðuhúsið, sem notað er fyrir sjóklæðagerð. Stærð 22.4 ferm. Gjald kr.10.oo.
Leyfið er veitt með því skilyrði að öll byggingin verði rifin niður þegar byggingarnefnd krefst þess með þriggja mánaða fyrirvara.

12. Einari Helgasyni leyft að gera gróðuhús í Gróðurstöðinni. Stærð 47.6 ferm. Gjald kr. 10.oo.

13. Jóhann Jóhannsson spyrzt fyrir um hvort hann megi gera eldhús í kjallara hússins nr. 22A við Óðinsgötu. Nefndin getur ekki leyft þetta, þar sem kjallarinn er ekki íbúðarhæfur.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Guðm.Bjarnasyni leyft að setja reykháf í bakhúsá lóðinni nr. 6 við Aðalstræti. Gjald kr. 5.00.

15. Hönnu Zöega leyft að setja reykháf í bakhús á lóðinni nr. 14 við Bankastræti. Gjald kr. 5.00.

16. Synjað um leyfi til að skipta lóðinni nr. 70 við Hverfisgötu.

17. Sambykkt að skipta lóðinni nr. 9 við Framnesveg í tvær lóðir. Verður syðri lóðin 148.7 ferm. að flatarmáli og talin nr. 9A við Framnesveg.

18. Út af bréfi frá Íslandsbanka viðvíkjandi lóðinni nr. 19 við Laufásveg vill nefndin taka fram, að henni er kunnugt um að skipulagsnefnd gerir ráð fyrir samfelldum byggingum á bessum stað og getur hún bví ekki leyft sundurlausar byggingar á bessum stað.

19. Í tilefni af sambykkt bæjarstjórnar um skipulagsbreytingu við Vallarstræti leggur nefndin til að byggingarreiturinn milli Austurstrætis og Vallarstrætis verði 16.5 metrar breiður og Vallarstræti 7 metra breitt. Við bessa tilhögun skerðist Austurvöllur, sem er ca. 4335 ferm., um ca. 14 ferm.

20. Sambykkt að viðurkenna til að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík:
118. Gunnar Gunnarsson trésmið, Óðinsgötu 1.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K.Zimseb. Guðm.Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson.
Ágúst Jósefsson,, Þorl.Ófeigsson. Kristinn Sigurðsson.
með fyrirvaraum, Sigurður Pétursson.
9. lið.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1927, laugardaginn 29. október, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Sigurði Guðbrandssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 16a við Hverfisgötu. Stærð 78.46m$^2$. Gjald 61 króna.

2. Framlagður nýr uppdráttur af húsinu nr. 100B við Hverfisgötu. Verður Verður húsið samkv. þessum uppdrætti 114.5 ferm. að flatarmáli. Gjald kr. 5.oo.

3. Viggó og Haraldi, Jóhannssonum, leyft að byggja fjós og heyhlöðu á erfðafestulandinu Kaplaskjólsmýri III. Stærð 68.7 ferm. Gjald kr. 19.oo.

4. Sólveigu Ólafsdóttur leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 30 við Bergstaðastræti. Stærð 111.2 ferm. Gjald kr. 92.oo.

5. Sigurði Briem leyft að byggja steinsteypuskúr, við húsið nr. 20 við Tjarnargötu. Stærð 9.63 ferm. Gjald kr. 5.oo.

6. Guðm. Vikar synjað um leyfi til að byggja einlyft íbúðarhús, á lóðinni nr. 87A við Laugaveg.

7. Rannveigu Þorsteinsdóttur leyfðar smábreytingar á húsinu nr. 26A við Þórsgötu. Gjald kr. 10.oo.

8. Samþ. að hús það, sem Magnúsi Guðbjörnssyni var leyft að byggja á fundi nefndarinnar 1. október s.l. verði byggt úr timbri. Gjald kr. 5.oo.

9. Agli Vilhjálmssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð úr Melbletti VI. Stærð 97.65 ferm. Gjald kr. 83.oo.

10. Ólafi Jónssyni leyft að gera þvottahús á lóðinni nr. 35B við Vesturgötu. Stærð 17.75 ferm. Gjald kr. 5.oo.

11. Stefáni J. Björnssyni leyft að gera viðbyggingu, úr steinsteypu, við húsið nr. 20 við Fálkagötu. Stærð 38.6 ferm. Gjald kr. 12.oo.

12. Sigurði Halldórssyni leyft að byggja geymsluskúr, úr steinsteypu, við hús hans við Bjarnastíg. Stærð 12.25 ferm. Gjald kr. 5.oo.

13. Samþykkt að skipta lóð Tómasar Tómassonar við Ránargötu í fjórar lóðir.

14. Kristinn S. Jónsson sækir um leyfi til að láta fjár-



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hús, sem hann hefur byggt í óleyfi, á vegstæði fyrir sunnan Briemsfjós, standa í vetur. Byggingarnefndin vill ekki verða við þessari beiðni, en krefst þess að skúrinn verði tafarlaust rifinn niður.

15. Lögð fram að nýju umsókn um skiptingu á lóðinni nr. 70A við Hverfisgötu, sem bæjarstjórnin vísaði aftur til nefndarinnar á síðasta fundi sínum. Byggingarnefnd getur ekki fallizt á áð forsvaranlegt sé að skipta þessari lóð.

16. Þá voru tekin fyrir götunöfn á vesturuppfyllingunni og leggur nefndin til, að gatan fyrir austan Ó. Johnson & Kaaber frá Hafnarstræti verður nefnd Hafsteinsgata, og gatan fyrir austan verzlunina Björn Kristjánsson frá Vesturgötu, Grófin, og loks að bráðabirgðastígurinn frá Tryggvagötu austan við lóð Eimskipafélagsins verði kölluð Brúnin.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm.Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson. Ágúst Jósefsson. Þorl. Ófeigsson. Kristinn Sigurðsson. Sigurður Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1927, laugardaginn 12. nóvember, kl. 4 síðdegis var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Leyft að breyta kvistgluggum að húsinu nr. 5 við Þórsgötu. Gjald kr. 5.oo.

2. Benjamín Gíslasyni leyft a gera þvotta-og geymsluskúr á baklóðinni nr. 25 við Freyjugötu. Stærð 31.25 ferm. Gjald kr. 7.oo.

3. Guðjóni Jónssyni synjað um leyfi til að flytja og stækka húsið nr. 31 við Grettisgötu.

4. Guðríði Bramm leyft að breyta búðarinnréttingu í húsinu nr. 21A við Skólavörðustíg. Gjald kr. 5.oo.

5. Einari Þorsteinssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 2 við Skálholtsstíg. Stærð 143.27 ferm. Gjald kr. 111.oo.

6. Guðrún Jónsdóttir tilkynnir, að hún í heimildarleysi hafi látið innrétta þrjú íbúðarherbergi og eldhús í kjallara hússins nr. 31 við Njarðargötu og sækir um leyfi til að þetta verði samþykkt til íbúðar. Nefndin vill ekki verða við þessari beiðni.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði Kristinn Sigurðsson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson.
Ágúst Jósefsson. Þorl. Ófeigsson. Sigurður Pétursson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1927, laugardaginn 26. nóv. kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Einari Jónssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 19 við Laufásveg. Stærð 214.6 ferm. Gjald kr. 246.oo.

2. Kristni Gíslasyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 14 við Framnesveg. Stærð 65.6 ferm. Gjald kr. 48.oo.

3. Jóni Jónssyni leyft að gera geymsluskúr, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 15. við Brekkustíg. Stærð 18.5 ferm. Gjald kr. 5.oo.

4. Bjarna Guðmundssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 9A við Framnesveg. Stærð 80 ferm. Gjald kr. 65.oo.

5. Óskari Smidt leyft að byggja þrílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð úr Rauðarárbletti II. Stærð 90 ferm.Gjald kr. 81.oo.

6. Árna Ólafssyni leyft að byggja þrílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á horni Hofsvalla- og Sólvallagötu. Stærð 81.9 ferm. Gjald kr. 90.oo.
Jafnframt var lagður fram uppdráttur af byggingu á allri hornlóðinni.

7. Halldóri Jónssyni leyft að gera inngönguskúr við húsið Litlabæ á Grímsstaðaholti. Stærð 5.51 ferm. Gjald kr. 5.oo.

8. Korneliusi Sigmundssyni synjað um leyfi til að byggja bifreiðarskúr á lóðinni nr. 19 við Óðinsgötu.

9. Guðm. M. Björnssyni leyft að gera þvottahús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 25 við Skólavörðustíg. Stærð 12.88 ferm. Gjald kr. 5.oo.

10. Guðjóni Pálssyni leyft að setja dyr á húsið nr. 7 við Nönnugötu. Gjald kr. 5.oo.

11. Synjað um leyfi til að breyta húsunum nr. 25 og 27 við Bergþórugötu.

12. Synjað um leyfi til að gera íbúðarherbergi í kjallara hússins nr. 50B við Bergstaðastræti.

13. Soffíu Sigurðardóttur leyft að hækka þakið á húsinu nr. 44A við Skólavörðustíg. Gjald kr. 5.oo.

14. Pétri Þorvaldssyni leyft að setja kvist á húsið nr.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

72 við Laugaveg. Gjald kr. 5.oo.

15. Samþykkt að skipta lóðinni nr. 35 við Bragagötu í tvær lóðir.

16. Einari Þorsteinssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 2 við Skálholtsstíg. Stærð 124.27 ferm. Gjald kr. 99.oo. Jafnframt fellur úr gildi leyfi það, sem veitt var á fundi nefndarinnar 12. þ.m. 5. lið.

17. Samþykkt að viðurkenna til að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík:
119. Ingiberg Þorkelsson, trésmiður, Laufásveg 2.

18. Þá voru tekin fyrir götunöfn. Leggur nefndin til að gatan suður frá Skothúsvegi, austan Tjarnargötu og samhliða henni, verði nefnd Bjarkargata; en gatan frá Holtsgötu (á móts við nr. 9) suður yfir Selsmýri og út á Hringbraut verði kölluð Vesturvallagata; gatan frá Öldugötu að Ránargötu milli Brekkustígs og Bræðraborgarstígs: Drafnarstígur, og loks götuna frá Laugavegi suður í holtið fyrir austan Rauðarárstíg og samhliða henni: Þvergata.
Þá leggur nefndin til að í staðinn fyrir Hafsteinsgötu komi Naustagata.

19. Samþykkt tölusetning lóða við Ránargötu frá Garðastræti að Bræðraborgarstíg; við Bárugötu frá Garðastræti að Bræðraborgarstíg, og Öldugötu frá Garðastræti að Framnesvegi, Marargötu alla og Hrannarstíg; Túngötu alla; Holtsgötu frá Bræðraborgarstíg að Framnesvegi, Vesturvallagötu frá Holtsgötu að Sellandsstíg (Sólvallagötu), Sellandsstíg frá Bræðraborgarstíg að Framnesvegi, Sólvallagötu frá Hólatorgi að Bræðraborgarstíg, Ásvallagötu að norðanverðu frá Ljósvallagötu að Hofsvallagötu, og Bjarnarstíg.
Var borgarstjóra falið að semja skrá yfir númer þessara gatna og tilkynna bæjarfógeta og öllum hlutaðeigendum þessar breytingar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðmundur Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson.
Ágúst Jósefsson. Þorl.Ófeigsson. Kristinn Sigurðsson.
Sigurður Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1927, 10. desember, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Sigurði Jóhannssyni leyft að byggja skúr, úr steinsteypu, við húsið nr. 44 við Framnesveg. Stærð 9.18 ferm. Gjald kr.5.oo.

2. Ingimundi Jónssyni leyft að setja kvist á húsið nr. 1 við Holtsgötu. Gjald kr. 5.oo.

3. Magnúsi Guðbjörnssyni leyft að setja glugga á hús hans við Laugarnesveg. Gjald kr. 5.oo.

4. Sigurði Ólafssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr timbri, á erfðafestulandinu Þormóðsstaðabletti. Stærð 84.28 ferm. Gjald kr. 50.oo.
Leyfið er veitt með þeim skilyrðum, sem bæjarstjórnin hefir sett um byggingar á erfðafestulandinu.

5. Karel Hjörtþórssyni leyft að byggja gripahús, úr timbri, á erfðafestulandinu Norðurmýrarbletti 7. Stærð 59.38 ferm. Gjald kr. 13.oo.

6. Karl Jensen leyfðar breytingar á húsi hans í Sogamýri. Gjald kr. 10.oo.

7. Guðjóni Jónssyni leyft að stækka húsið nr. 31 við Grettisgötu um 6 ferm. og flytja húsið á baklóðina. Gjald kr. 10.oo.

8. Samþykkt lóðaskipti á Laufástúni innan Bragagötu, Njarðargötu, Laufásvegs og Fjólugötu.

9. Guðmundi Breiðfjörð og Olgeir Sigurðssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 5 við Njarðargötu. Stærð 69.92 ferm. Gjald kr. 58.oo.

10. Jóni Bjarnasyni leyfðar breytingar á húsinu nr. 10 við Þórsgötu. Gjald kr. 5.oo.

11. Samþykkt að viðurkenna til að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík:
49. Sigmund Þorsteinsson, múrsmið, Laugavegi 40.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði slökkviliðsstjóra.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Guðm.Ásbjörnsson. Ágúst Jósefsson. Þorlákur Ófeigsson. Kristinn Sigurðsson. Sigurður Pétursson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1927, föstudaginn 30. desember kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Hrefnu Sigurgeirsdóttur leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 54 við Bergstaðastræti. Stærð 234.2 ferm. Gjald kr. 165.oo.

2. Verzluninni Vísir leyft að byggja tvílyft geymsluhús,úr steinsteypu, á baklóðinni nr. 1 við Laugaveg. Stærð 115.23 ferm. Gjald kr. 97.oo.

3. B. M. Sæberg synjað um leyfi til að setja reykháf í bifreiðaafgreiðsluskúr hans við húsið nr. 18 í Hafnarstræti.

4. Samþykkt að skipta lóðinni nr. 3 við Bankastræti í tvær lóðir. Eystri lóðin, sem telst nr. 5, verður 18.83 m. meðfram Bankastræti, alls 353 ferm. að flatarmáli og hefir umferðarrétt um bílfæran veg austast á vestari lóðinni.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðm.Ásbjörnsson. Sigurður Pétursson. Ágúst Jósefsson.
Pétur Ingimundarson. Kristinn Sigurðsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1928, þ. 14. janúar, var fundur haldinn í byggingarnefnd Reykjavíkur, kl. 4 síðdegis, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. ~~Þetta gerðist~~ Jóni Víðis leyft að breyta tveim kjallaragluggum á húsinu Hverfisgötu 40. Gjald kr. 5.oo.

2. Ragnari Þórarinssyni leyft að byggja íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 7 við Bjarnarstíg. Stærð 81.84 ferm. Gjald kr. 65.oo.

3. Kristínu Tómasdóttur leyft að byggja smíðahús, úr timbri, á lóðinni við Bakkastíg 9. Stærð 81.9 ferm. Gjald kr. 16.oo. Byggingin er leyfð með því skilyrði, að hún verði tekin burtu af lóðinni þegar bæjarstjórnin krefst þess með þriggja mánaða fyrirvara.

4. Agli Vilhjálmssyni leyft að byggja bifreiðaskýli, úr þvottahúsi á lóð hans við Bjarkargötu 8. Stærð 38.27. ferm. Gjald kr. 8.oo.

5. Hallgrími Benediktssyni leyft að setja dyr í stað glugga á húsið nr. 15 við Bergstaðastræti. Gjald kr. 5.oo.

6. Jóni Þorlákssyni leyfðar innanhúss breytingar á húsinu nr. 22 við Vesturgötu. Gjald kr. 10.oo.

7. Pétri Ingjaldssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð hans við Marargötu nr.4 ~~ferm~~ Stærð 125.8 ferm. ferm. Gjald kr. 110.oo.

8. Þórunni Jóhannsdóttur leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 108 við Hverfisgötu. Stærð 140.9 ferm. Gjald kr. 120.oo.

9. Kristjáni Sigeirssyni leyfð innrétting á þakhæð húss hans nr.13 við Laugaveg. - Gjald kr. 10.oo.

1o. Samþykkt að skipta lóðinni nr. 114 við Laugaveg í tvær lóðir. Verður eystri lóðin 411.11 fermetrar að stærð og hefir umferðarrétt um 2 metra breiðan gang austast á vestari lóðinni. Eystri lóðin verður þá nr. 114a. Vestari lóðin er 250.2 ferm/ og verður nr. 114.

11. Samþykkt að skipta lóð Þórarins Bjarnasonar við Nýlendugötu í tvær lóðir, og hefir vestari lóðin umferðarrétt um tveggja metra breiðan gang á eystri lóðinni.

12. Samþykkt skipting á lóðum á reitnum milli Holtsgötu, Framnesvegar, Öldugötu og Bakkastígs. (Brekkustígs).

13. Samþykkt að viðurkenna til að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík:



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

120. Kára Sigurðsson, trésmið, Laugavegi 78.

Kristinn Sigurðsson veik af fundi að loknum 6. lið.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Guðm. Ásbjörnsson. Þorl. Ófeigsson. Pétur Ingimundarson.
Ágúst Jósefsson. Sigurður Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1928, mánudaginn 30. janúar, kl. 10 árdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Sigurði Guðbrandssyni leyft að breyta glugga og dyrum á húsinu nr. 16 við Hverfisgötu. Gjald kr. 5.oo.

2. Jóni Benediktssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á erfðafestulandinu Þvottalauga XXV. Stærð 39.69 m². Gjald kr. 11.oo.
Leyfið er veitt með því skilyrði, að loftið verði gert úr steinsteypu og að áskildu samþykki bæjarstjórnar til að byggja á erfðafestulandinu.

3. Símoni Kristjánssyni leyft að gera steinsteypuskúr, við hús nr. 2 við Grundarstíg. Stærð 11.5 ferm. Gjald kr.10.oo.

4. Jónasi Hvannberg leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 8 við Hólatorg. Stærð 102.85 ferm. Gjald kr. 79.oo.

5. Herbert Sigmundssyni leyfðar breytingar á húsinu nr. 3 við Bankastræti. Gjald kr. 10.oo.

6. INGVARI Árnasyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á erfðafestulandinu Kringlumýrarbletti VII. Stærð 77.49 ferm. Gjald kr. 70.oo.

7. Sveini Jónssyni leyft að hækka risið og innrétta þakhæðina nr. 9 við Ránargötu. Gjald kr. 19.oo.

8. Jóni Árnasyni leyft að hækka risið og innrétta þakhæðina á húsinu nr. 7 við Ránargötu. Gjald kr. 19.oo.

9. H.f. Hafnarstræti 21 leyft að gera bifreiðaafgreiðslu í skúr við austurenda hússins nr. 21 við Hafnarstræti. Gjald kr. 15.oo.

10. Samþykkt að skipta lóðinni nr. 15 við Vonarstræti í tvær lóðir. Verður syðri lóðin 259.1 ferm. að flatarmáli og verður talin nr. 10 við Tjarnargötu og hefir umferðarrétt um suðurenda lóðarinnar nr. 15 við Vonarstræti.

11. Samþykkt að skipta lóðinni Höll við Kaplaskjólsveg, í tvær lóðir, þannig, að húsinu Leifsstaðir fylgir 258.6 ferm. lóð.

12. Samþykkt að viðurkenna til að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík:
121. Einar Péturson, trésmið, Spítalastíg 7.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1928, laugardaginn 11. febrúar, kl. 4 síðd. var fundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Ingibjörgu Jónsdóttur leyft að byggja einlýft íbúðarhús, á sumarbýlalandinu Laugarásbletti 12. Stærð 45.7 ferm. Gjald kr. 23.oo.

2. Guðm. E. Breiðfjörð leyft að bæta við glugga á húsið nr. 5 við Njarðargötu. Gjald kr. 5.oo.

3. Jóhanni Pálssyni leyft að breyta gluggum og setja kvist á húsið nr. 20 við Sellandsstíg. Gjald kr. 10.oo.

4. Geir G. Zöega leyft að setja kvist á húsið nr. 20 við Túngötu. Gjald kr. 5.oo.

5. V. Poulsen synjað um leyfi til að breyta skúr á lóðinni nr. 29 við Klapparstíg.

6. Axel Meinholt leyft að breyta glugga og dyrum á skúr við húsið nr. 5 við Laugaveg. Gjald kr. 5.oo.

7. Þorbirni Björnssyni og Katli Þórðarsyni leyft að byggja úr steinsteypu, á lóðinni nr. 26A við Framnesveg. Stærð 65.6 ferm. Gjald kr. 48.oo.

8. ~~Karli Torfasyni~~ Kristni Sigurðssyni leyft að gera viðbyggingu, úr steinsteypu, við húsið nr. 13 við Óðinsgötu. Stækkunin er 42 ferm. Gjald kr. 35.oo.

9. Karli Torfasyni og Stefáni Þorlákssyni leyft að byggja hesthús á erfðafestulandi þeirra, Vatnsmýrarbletti I. Stærð 35.52 ferm. Gjald kr. 9.oo.

10. Hjalta Lýðssyni leyft að gera viðbyggingu við húsið nr. 50B við Grettisgötu. Stærð 11.86 ferm. Gjald kr. 5.oo.

11. Leyft að stækka grunnin undir áhaldahúsi vegagerðar ríkissjóðs á horni Klapparstígs og Skúlagötu um 80 cm. Gjald kr.5.oo.

12. Huldu Þorsteinsson leyft að þilja sundur þakhæðina á húsi hennar við Ljósvallagötu. Gjald kr. 5.oo.

13. Samþykkt að leyfa að skipta lóðinni nr. 4B við Týsgötu í tvær lóðir. Verður nyrðri lóðin nr. 4C og 137.7 ferm. að flatarmáli.

14. Ákveðið að hús Sigríðar Maríu Sigurðardóttur Gunnarssonar verði nr. 29 við Suðurgötu og hús Lilju Petersen nr. 31 við sömu götu.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm.Ásbjörnsson. Ágúst Jósefsson.
Pétur Ingimundarson. Þorl. Ófeigsson. Kristinn Sigurðsson.
Sigurður Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1928, laugardaginn 25. febrúar, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Marteini Einarssyni leyft að byggja þrílyft verzlunar- og íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 31 við Laugaveg. Stærð 286.2 ferm. Gjald kr. 430.oo.

2. Helgu Siggeirsdóttur leyft að innrétta eldhús á þakhæð hússins nr. 21c við Ingólfsstræti. Gjald kr. 5.oo.

3. Ólafi Sveinssyni leyft að fella niður einn glugga á húsi hans við Garðastræti. Gjald kr. 5.oo.

4. Einari Péturssyni leyft að byggja þrílyft verzlunar- og íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 59 við Hverfisgötu. Stærð 178.61 ferm. Gjald kr. 210.oo.

5. Guðm. Ólafs synjað um leyfi til að gera viðbyggingu við húsið nr. 54 við Vesturgötu.

6. Magnúsi Blöndahl synjað um leyfi til að skipta lóðinni nr. 4 við Vonarstræti.

7. Synjað um leyfi til að skipta lóðinni nr. 30 við Sellandsstíg.

8. Samþykkt að viðurkenna til að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík:
122. Guðbrand Guðmundsson, trésmið, Lækjargötu 4.
123. Otto W. Ólafsson, trésmið, Vesturgötu 35.

9. Eigendur hússins nr. 27 við Bergþórugötu hafa sent byggingarnefnd kvörtun yfir því, að byggingarfulltrúi hafi sett húsið skakkt niður og gera kröfur til að fá leyfi til að breyta húsinu af þessari ástæðu. Byggingarnefnd hefir látið rannsaka þetta mál, og fengið upplýst að kvörtunin er á engum rökum byggð.

Fleira ekki gert. Á fund vantaði Þorlák Ófeigsson.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Guðm.Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson.
Ágúst Jósefsson. Kristinn Sigurðsson. Sigurður Pétursson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1928, laugardaginn 10. marz kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Tómasi Tómassyni leyft að setja kjallara undir húsin nr. 6, 6A og 8 við Ránargötu. Gjald kr. 15.oo.

2. Bergi Einarssyni leyft að hækka og stækka geymsluhús sitt við Vatnsstíg nr. 7B. Stækkunin nemur 15.07 m2. Gjald kr. 23.00.

3. Stjórnarráðinu leyft að byggja bráðabirgðarbifreiðarskýli á stjórnarráðslóðinni við Hverfisgötu. Stærð 15.50 m2. Gjald kr. 5.00.

4. Jóni Þorlákssyni le ft að reisa þrílyft hús á lóðinni nr. 14 við Austurstræti. Burðarveggi og stoðir skal gera svo, að húsið geti verið fjórar hæðir, enda er byggingarnefndin einhúga um, að betur fari á því að húsið verði fjórlyft, en með því að skipulagsuppdráttur gerir ráð fyrir þrílyftu húsi á þessum stað, er nefndinni ekki heimilt að leyfa hærra hús. Leyfið er þessvegna bundið því skilyrði, að beiðandi skuldbindi sig til að hækka husið um eina hæð, ef samþykkt verður að leyfa fjórlyft hús á þessum stað, áður en byrjað verður að setja þakið á húsið. stærð 250.4 m2. Gjald kr. 325.00.

5. Eiríki Torfasyni leyft að hækka og stækka hús sitt nr. 32 við Bárugötu. Stækkunin nemur 7.99 m2. Gjald kr. 25.00.

6. Sveini Einarssyni leyft aðinnrétta loftið í húsi sínu við Laugarnesveg. Gjald kr. 5.oo.

7. Haraldi Hagan leyft að gera viðbyggingu við hús sitt nr. 12 við Laufásveg. Stækkunin nemur 9.24 m2. Gjald kr.5.oo.

8. Gesti og Hannesi Magnússonum leyft að gera nokkrar breytingar á neðstu hæð hússins nr. 121 og 119 við Hverfisgötu. Leyfisgjald kr. 10.oo.

9. Gesti og Hannesi, Magnússonum leyft að byggja geymsluskúr á lóðunum nr. 121 og 119 við Hverfisgötu. Stærð 47.25 m2. Gjald kr. 12.oo.

10. Júlíusi Árnasyni leyft að gera viðbyggingu, við sumarbústað hans og Björns Árnórssonar (Árnórssonar) á erfðafestulandi þeirra í Laugamýri. Stærð 20.58 m2. Gjald kr. 5.oo.

11. Vilhelm Bernhöft leyft að byggja íbúðarhús og hænsnahús, á Vatnsmýrarbletti nr. 19. Stærð 120.32 m2. Gjald kr. 37.oo.

12. Magnúsi V. Jóhannssyni leyft að breyta gluggum á bak-



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

húsi á lóðinni nr. 22 við Nýlendugötu. Gjald kr. 5.oo.

13. Thorvaldsensfélaginu leyft að breyta gluggum og setja dyr á húsið nr. 3A við Veltusund. Gjald kr. 10.oo.

14. Sigurði Sigmundssyni leyft að gera nokkrar breytingar á húsi sínu nr. 13 við Fálkagötu. Gjald kr. 5.oo.

15. Sambykkt að skipta lóðinni nr. 20 við Óðinsgötu í tvær lóðir, og verður syðra lóðin nr. 20B.

16. Sambykkt að viðurkenna til að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík:
124. Geir Gestsson, trésmið, Lindargötu 8E.

17. Sambykkt að veita Gísla Magnússyni múrara, aftur réttindi til að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík, en réttindin voru af honum tekin 15. ágúst 1927.

18. Lagt fram bréf frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, dags. 6. marz, bar sem bað tilkynnir, að ekki hafi verið sinnt kæru Guðrúnar Jónsdóttur út af bví að byggingarnefndin synjaði henni um sambykki til að gera kjallaraíbúð í húsinu nr. 31 við Njarðargötu.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði Guðmund Ásmundsson, var veikur.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Ágúst Jósefsson. Þorl.Ófeigsson. Pétur Ingimundarson. Kristinn Sigurðsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1928, miðvikudaginn 14. marz, kl.10 árdegis, hélt byggingarnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. E. Björnsson leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 67 við Laufásveg. Stærð 91.90 $m^2$. Gjald kr. 70.oo.

2. Út af erindi Sólvalla, Áss- og Hofstúna um lóðaskiptingu við væntanlegar götur yfir túnin, ákvað byggingarnefndin að fallast á að í stað þess að hafa gang frá götum inn á baklóð hvers húss verði gjörðir 3 m. breiðir bakstígar, sem séu sameiginlegir fyrir húsin milli þvergatna, þannig að túnaeigendur leggi til lóðir undir stígana og greiði kostnað við að gera, púkka og malbera, stígana, en stígarnir verði eign bæjarsjóðs, sem haldi þeim við. Kostnaðinn við að gjöra stígana skal bæjarverkfræðingur áætla, og skulu húsaeigendur greiða hann í bæjarsjóð fyrir hverja lóð jafnóðum og sala fer fram, en bærinn lætur síðan gjöra stígana, þegar búið er að byggja minnst helming þeirra húsa, sem eiga að hafa not stígsins.
Ennfremur skal það vera tekið fram, í afsali, að girða skuli hverja lóð meðfram stígnum með opinni girðingu og byggingarnefnd samþykki gerð hennar.
Leggur byggingarnefndin til, að bæjarstjórnin samþykki þessa tilhögun.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Á fund vantaði Guðmund Ásbjörnsson og Þorlák Ófeigsson.

K. Zimsen. Pétur Ingimundarson. Ágúst Jósefsson.
Kristinn Sigurðsson. Sigurður Pétursson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1928, laugardaginn 31. marz, kl. 4 síðdegis var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Nefndina skipa nú, samkvæmt kosningu bæjarstjórnar 30. marz, auk borgarstjóra og slökkviliðsstjóra, bæjarfulltrúarnir Guðmundur Ásbjörnsson og Kjartan Ólafsson, og utan bæjarstjórnar Kristinn Sigurðsson múrari, og Þorlákur Ófeigsson trésmiður.

Þetta gerðist:

1. Fundarskrifari var kosinn Guðmundur Ásbjörnsson, og varaskrifari Pétur Ingimundarson.

2. L. G. skóverzlun leyft að gera þrílyft steinsteypuhús, á lóðinni nr. 5 við Bankastræti. Stærð 289.04 m². Gjald kr.360.oo.

3. Margréti Jónsdóttur leyft að byggja einlyft íbúðarhús á lóð sinni, Suðurgötu nr. 22. Stærð 117.20 m². Gjald kr. 95.oo. Geymsluhús á lóðinni verður rifið.

4. Bergi Rósinkranssyni leyft að hækka og stækka hús sitt nr. 21 við Þórsgötu. Stækkunin nemur 6.26 m². Gjald kr. 32.oo.

5. Páli Stefánssyni leyft að byggja þriggja hæða verzlunarhús, úr steinsteypu, á lóð hans nr. 1 við Lækjartorg. Stærð 199.86 m². Gjald kr. 242.oo. Gamla Melstedshús, sem nú er á lóðinni verður rifið, og lóðareigandi kaupir af bænum lóðarræmu af Thomsenssundi.

6. Stjórnarráði Íslands leyft að byggja bifreiðarskúr, á stjórnarráðslóðinni við Hverfisgötu. Gjald kr. 7.oo. Stærð skúrsins er 27.5 m². Leyfi frá fyrri fundi, falli úr gildi.

7. Þórarni Jónssyni leyft að stækka skúr við hús sitt nr. 8 við Unnarstíg. Stækkunin er 7.3 m². Gjald kr. 5.oo.

8. Þorkeli Guðmundssyni leyft að byggja timburhús, á erfðafestulandi hans, Laugarásbletti nr. 13. Stærð 28 m². Gjald kr. 12.oo.

9. Hannibal Sigurðssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, ásamt geymsluskúr úr steinsteypu. Stærð 147.4 m². Gjald kr. 72.oo. Húsið verður nr. 9 við Kárastíg.

10. Eiríki Eiríkssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu. Stærð 72 m². Gjald kr. 57.oo. Húsið verður nr. 2 við Vesturvallagötu.

11. Árna Árnasyni leyft að byggja bifreiðarskúr, á lóð hans við Ingólfsstræti nr. 20. Stærð 20.76 m². Gjald kr.5.oo.

12. Jóni J. Víðis leyft að byggja verzlunar- og íbúðarhús, úr steinsteypu,(Stærð 123.53 m².) á lóðinni nr. 17 við



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þórsgötu. Gjald kr. 150.oo.

13. Sjóklæðagerðinni við Skúlagötu synjað um hækkun á húsi félagsins við Skúlagötu.

14. Jóhanni Jónssyni leyft að byggja íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 24 við Framnesveg. Stærð 71.58 $m^2$. Gjald kr. 52.oo.

15. Guðmundi Árnasyni leyft að hækka hús sitt nr. 11 við Bárónsstíg(Barónstíg). Gjald kr. 23.oo.

16. Kristínu Sigurðardóttur leyft að breyta gluggum á húsi sínu Laugavegi 20. Gjald kr. 10.oo.

17. Páli Jónssyni leyft að breyta framhlið hússins nr.40 við Klapparstíg. Gjald kr. 10.oo.

18. Einari Bjarnasyni leyft að byggja geymsluskúr, á lóð við Laugaveg (Rauðarárblettur 2). Stærð 21.58 $m^2$. Gjald kr.6.oo. Skúrinn verður úr steinsteypu.

19. Einari Einarssyni leyft að byggja geymsluskúr, úr steinsteypu, á lóð sinni nr. 55 við Njarðargöt. Stærð 20 $m^2$. Gjald kr. 5.oo.

20. Guðmundi Björnssyni synjað um leyfi til að byggja tvílyftan skúr, á lóðinni nr. 25 við Skólavörðustíg.

21. Magnúsi Guðmundssyni leyft að byggja skúr, úr timbri, á leigulóð hans fyrir norðan Mýrargötu. Stærð 33.03 $m^2$. Gjald kr. 16.oo. Það skilyrði er sett að skúrinn verði rifinn með sama fyrirvara og aðrar á lóðinni.

22. Samþykkt að selja megi 39.1 $m^2$. af lóðinni nr. 40B við Laugaveg og leggja þessa spildu við lóðina nr. 40 við Laugaveg.

23. Jóni H. Sigurðssyni leyft að byggja þrílyft verzlunar- og íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 40 við Laugaveg. Stærð 169.94 $m^2$. Gjald kr. 240.oo.

24. Hildi Bjarnardóttur leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð við Ljósvallagötu, sem hún hefir keypt úr Sólvallatúni. Stærð 100.32 $m^2$. Gjald kr.90.oo.

25. Sigurði Ágústi Guðmundssyni leyft að stækka inngönguskúr við hús sitt Grettisgötu 42B. Stækkunin nemur 6.4 $m^2$. Gjald kr. 5.oo.

Fundi frestað til kl.2 mánudag 2. apríl.

K. Zimsen. Kjartan Ólafsson. Kristinn Sigurðsson. Sigurður Pétursson. Pétur Ingimundarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kl. 2 síðdegis, 2. apríl var fundur settur íbyggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

26. Erlendi Þórðarsyni leyft að breyta ~~kjallara~~ gluggum á kjallara húss hans nr. 25 við Bergþórugötu. Gjald kr.5.oo.

27. Lusinde Sigurðsson leyft að byggja þrílyft íbúðar- og verzlunarhús, á lóð nr. 2 við Grundarstíg. Stærð 128.75m². Gjald kr.179.oo. Húsið verður byggt úr steinsteypu.

28. Þorleyfi Gunnarssyni leyft að byggja hæð ofan á húsið nr. 5 við Lokastíg. Gjald kr. 25.oo.

29. Magnúsi Th. S. Blöndahl synjað um leyfi til að skipta lóðinni nr. 4 við Vonarstræti.

30. Magnúsi Th. S. Blöndahl synjað um leyfi til að byggja brjóstsykursgerðarhús á lóðinni nr. 4 við Vonarstræti.Lækjargötu 10C.

31. Leyft að innrétta þakhæð hússins nr. 24 við Njálsgötu. Gjald kr. 5.oo.

32. Bergi Einarssyni leyft að færa til reykháf í húsinu nr. 7B við Vatnsstíg. Gjald kr. 5.oo.

33. Kristjóni Bergssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 1 við Öldugötu. Stærð 154.16 m². Gjald kr. 150.oo. Það skilyrði er sett, að byggingarleyfið verði ekki afgreitt fyrr en greitt sé götugjald af lóðinni kr. 1131.60.

34. C. Björnes synjað um leyfi til að gera viðbyggingu við hús sitt nr. 25 við Lindargötu.

35. Ölgerðinni "Egill Skallagrímsson" leyft að byggja ketilhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 22D við Grettisgötu. Tveir skúrar, sem nú eru á lóðinni verða rifnir. Stærð 35.64 m². Gjald kr. 12.oo.

36. Bjarna Einarssyni leyft að setja reykháf í hús sitt nr. 10 við Baldursgötu, og breyta tröppum við það. Gjald kr. 10.oo.

37. Ásgeiri Magnússyni og Skúla Árnasyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð sinni við Unnarstíg. Stærð 94.7 m². Gjald kr. 80.oo.

38. Haraldi Guðmundssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð hans við Ásvallagötu nr. 5. Stærð 90 m². Gjald kr. 80.oo.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

39. Samþykkt mörk á milli lóðanna nr. 26 og 28 við Klapparstíg.

40. Samþykkt að viðurkenna til að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík:
125. Georg Atosen, trésmið, Skólastræti 5.
126. Nikulás Halldórsson, Bræðraborgarstíg 17.

Fleira ekki gert. Á fund vantaði Guðmund Ásbjörnsson, sem var veikur.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Þorl.Ófeigsson. Kjartan Ólafsson. Kristinn Sigurðsson. Sigurður Pétursson. Pétur Ingimundarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1928, laigardaginn 14. apríl kl. 4 síðdegis, var fundur hal inn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Samvinnunefndin um skipulag hefir ákveðið, að hús á rananum milli Austurstrætis og Vallarstrætis frá Pósthússtræti að Tholvaldsenstræti, skuli gerð fjórlyft, með vegghæð 14.20 metrar. Byggingarnefndin samþykkir þessa tillögu.

2. Samkvæmt skilyrði því er sett var fyrir byggingarleyfi á lóðinni nr. 14 við Austurstræti, samþykkti nefndin að hús það, sem leyft var á fundi 10. marz, skuli vera fjórlyft. Gjald kr. 85.oo.

3. Stefáni Gunnarssyni leyft að byggja fjórlyft hús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 12 við Austurstræti. Gjald kr.250.oo. Húsið er að stærð 156.23 m².

4. Metúsalem Jóhannessyni leyft að gera kolageymslu undir gangstéttinni við hús hans nr. 16 við Ingólfsstræti, en þak gryfjunnar skal að minnsta kosti liggja 12 cm. undir efri brún gangstéttar. Gjald kr. 5.oo.

5. Gunnlaugi Einarssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 5 við Sóleyjargötu. Stærð 111 m². Gjald kr. 90.oo.

6. Haraldi Pálssyni og Sigríði Lúðvigsdóttur leyft að byggja tvílyft íbúðsrhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 21 við Sólvallagötu. Stærð 87.3 m². Gjald kr. 92.oo.

7. Þórunni Stefánsdóttur leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð sinni nr. 2 við Ásvallagötu. Stærð 86.56 m². Gjald kr. 71.oo.

8. Eyjólfi Jóhannssyni leyft að byggja bifreiðarskúr, á lóð sinni nr. 5 við Óðinsgötu. Stærð 14.4 m². Gjald kr.5.oo.

9. Magnúsi Th. S. Blöndahl leyft að skipta lóðinni nr.4 við Vonarstræti, þannig, að húsinu nr. 4 fylgi 457.5 m². lóð, en baklóðinni, sem verður nr.4B við Vonarstræti (stundum áður talin nr. 10C við Lækjargötu) 368.5 m².

10. Magnúsi Th. S. Blöndahl leyft að byggja einlyft brjóstsykursgerðar hús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 4B við Vonarstræti. Timburhús, sem nú er á lóðinni verður rifið. Hússtærðin er 85.78 m². Gjald kr. 51.oo.

11. Gísla Björnssyni leyft að byggja tveggja hæða íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð sinni nr. 78A við Laugaveg. Stærð



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

106.22 $m^2$. Gjald kr. 63.oo.

12. Ásgrími Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á ló inni nr. 74 við Bergstaðastræti. Stærð 56 $m^2$. Gjald kr. 27.oo.

13. Jóni Stefánssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 74A við Bergstaðastræti.Stærð 56 $m^2$. Gjald kr. 27.oo.

14. Hans Petersen leyfð breyting á húsinu nr. 1 við Skólastræti, og að byggja upp í skarðið milli þess húss og hússins nr. 4 við Bankastræti. Stærð viðbyggingarinnar 14.72 $m^2$.Gjald kr. 10.oo.

15. Bjarna Guðnasyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 9 við Hallveigarstíg. Stærð 106.6 $m^2$. Gjald kr. 94.oo.

16. Carli Ólsen synjað um leyfi til að byggja söluskúr við Sundlaugarveg.

17. Guðmundi Björnssyni leyft að byggja geymsluskúr, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 25 við Skólavörðustíg. Stærð 33.95 $m^2$. Gjald kr. 9.oo.

18. Íslandsbanka leyft að gera geymsluskúr, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 19 við Vesturgötu. Stærð 31.04 $m^2$. Gjald kr. 14.oo. Timburhús, sem nú er á baklóðinni verður rifið.

19. Magnúsi Sigurðssyni leyft að endurbyggja svalir á suðurgafli hússins nr. 9 við Ingólfsstræti. Gjald kr. 5.oo.

20. Sambykkt að skipta lóðinni nr. 53A við Vesturgötu í tvær lóðir.

21. Byggingarnefndin sambykkti að greiða byggingarfulltrúa sömu upphæð og í fyrra, til bifreiðaaksturs innanbæjar.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Kjartan Ólafsson. Þorl.Ófeigsson. Kristinn Sigurðsson. Pétur Ingimundarson. Sigurður Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1928, laugardaginn 21. apríl, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Böðvari Gíslasyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 20B við Óðinsgötu. Stærð 68.88 ferm. Gjald kr. 56.oo.

2. Gesti Pálssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 20 við Óðinsgötu. Stærð 66.78 ferm. Gjald kr. 55.oo.

3. Þorbirni Þorsteinssyni leyft að gera vinnustofu, úr steini, á lóðinni nr. 24A við Baldursgötu. Stærð 36.62 ferm. Gjald kr. 10.oo.
Leyfið er veitt með því skilyrði að þessi bygging verði rifin niður hvenær, sem byggingarnefnd krefst þess með þriggja mánaða fyrirvara, bænum að kostnaðarlausu.

4. Stefáni Þolákssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 33 við Sólvallagötu. Stærð 90 ferm. Gjald kr. 69.oo.

5. Guðmundi Guðmundssyni leyft að gera bifreiðarskúr, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 15A við Njálsgötu. Stærð 30.16 ferm. Gjald kr. 7.oo.

6. Bergi Rósinkranssyni leyft að byggja geymsluskúr, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 21 við Þórsgötu. Stærð 41.82 ferm. Gjald kr. 9.oo.

7. Árna Árnasyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 80 við Bergstaðastræti. Stærð 76.54 ferm. Gjald kr. 44.oo.

8. Sigurði Kristjánssyni leyft að byggja sumarbústað á Laugarásbletti nr. 7. Stærð 20 ferm. Gjald kr. 5.oo.

9. Helgu Sigurgeirsdóttur leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 57 við Grettisgötu. Stærð 72.91 ferm. Gjald kr. 58.oo.

10. Helgu Sigurgeirsdóttur leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 57A við Grettisgötu. Stærð 72.91 ferm. Gjald kr. 58.oo.

11. Guðjóni O. Jónssyni leyft að gera þvottahús úr steinsteypu, á lóinni nr. 91A við Laugaveg. Stærð 11.35 ferm. Gjald kr. 5.oo.

12. Guðbjörgu Bergþórsdóttur leyft að byggja tvílyft í-



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

búðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 29 við Öldugötu. Stærð 130 ferm. Gjald kr. 115.oo.

13. Þórði Þ. Thoroddsen leyft að gera viðbyggingu, úr steinsteypu, við húsið nr. 12 við Túngötu. Stærð 30 ferm. Gjald kr. 20.oo.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K.Zimsen. Guðm.Ásbjörnsson. Kjartan Ólafsson.
Þorl.Ófeigsson. Kristinn Sigurðsson. Pétur Ingimundarson.
Sigurður Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1928, laugardaginn 28. apríl kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Daníel Þjóðbjarnarsyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 26 við Framnesveg. Stærð 65.6 ferm. Gjald kr. 48.oo.

2. Jóni Þorlákssyni leyfðar breytingar á húsinu nr.14. við Austurstræti. Gjald kr. 5.oo.

3. Einari og Sigurði Kvaran leyft að setja tvo kvisti á húsið nr. 3 við Sólvallagötu. Gjald kr. 5.oo.

4. Sigurði Þórálfssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 28 við Ásvallagötu. Stærð 61.56 ferm. Gjald kr. 48.oo.
Lóðin er keypt úr Ástúninu og er 17.4 metrar meðfram Ásvallagötu.

5. Ásgeir Í. Ásgeirssyni synjað um leyfi til að breyta húsinu nr. 36 við Baldursgötu.

6. Jóni Helgasyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 15 við Ásvallagötu. Stærð 112.5 ferm. Gjald kr. 92.oo.

7. Jóni Ásbjörnssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 14 við Ásvallagötu. Stærð 104.78 ferm. Gjald kr. 83.oo.

8. Valtý Stefánssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 69 við Laufásveg. Stærð 90.64 ferm. Gjald kr. 70.oo.

9. Stefáni Árnasyni leyft að stækka húsið nr. 9 við Fálkagötu. Stækkunin nemur 59 ferm. Gjald kr. 32.oo.

10. Einari Péturssyni leyfðar breytingar á húsinu nr. 59 við Hverfisgötu. Gjald kr.10.oo.

11. Leyfðar breytingar á húsinu nr. 7 við Ingólfsstræti. Gjald kr. 5.oo.

12. Leyfðar breytingar á húsinu nr. 7A við Ingólfsstræti. Gjald kr. 5.oo.

13. Magnúsi Bl. Jónssyni leyfðar breytingar á húsinu nr. 3 við Skólavörðustíg. Gjald kr. 5.oo.

14. Þórði Thoroddsen leyfðar breytingar á viðbyggingu



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

við húsið nr. 12 við Túngötu. Gjald kr. 5.oo.

15. Byggingarnefndinni barst kvörtun frá Geir Gestssyni og Sveini Jóhannessyni yfir því, Sveinbjörn Kristjánsson trésm. og Guðni Sigurðsson múrsmi ur hefðu vanrækt eftirlit með byggingu á húsi Metúsalems Jóhannessonar nr. 16 við Ingólfsstræti, sem þeir báru ábyrgð á gagnvart byggingarnefnd.
Ákvað nefndin að vísa þessu máli til lögreglustjóra til frekari rannsókna.

16. Samþykkt lóðarmörk fyrir þjóðleikhús, á Arnarhólstúni.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K.Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Þorl. Ófeigsson. Kristinn Sigurðsson. Sigurður Pétursson. Kjartan Ólafsson. Pétur Ingimundarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1928, laugardaginn 5. maí, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Kristjáni Hanssyni leyft að byggja þrílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 19 við Ásvallagötu. Stærð 209.66 ferm. Gjald kr. 174.oo.

2. Gísla Einarssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á erfðafestulandinu Kringlumýrarbletti 8. Stærð 56.25 ferm. Gjald kr. 26.oo.

3. Steindóri Einarssyni leyft að byggja bifreiðaskýli, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 8B við Suðurgötu. Stærð 20.92 ferm. Gjald kr. 5.oo.

4. Filippusi Guðmundssyni og Guðmundi Þorleifssyni leyft að hækka húsið nr. 19 við Þórsgötu. Gjald kr. 61.oo.

5. Valgerði Guðmundsdóttur leyft að byggja, tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 57 við Öldugötu. Stærð 88 ferm. Gjald kr. 74.oo.

6. Lucinde Sigurðsson leyft að breyta gluggum á húsinu nr. 2 við Grundarstíg. Gjald kr. 5.oo.

7. Helga Thordersen leyft að byggja einlyfta vinnustofu og geymslu á baklóðinni nr. 6 við Óðinsgötu. Stærð 57.5 ferm. Gjald kr. 28.oo.

8. Haraldi Þórðarsyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 21 við Ásvallagötu. Stærð 83 m$^2$. Gjald kr. 71.oo.

9. Eliasi Lyngdal synjað um leyfi til að hækka húsið nr. 12 við Kárastíg, af þeirri ástæðu að gert er ráð fyrir að hafa öll loft úr timbri. Borgarstjóri vill veita leyfið.

10. Sveini Þórðarsyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr timbri, á erfðafestulandinu Kirkjumýrarbletti 9. Stærð 38.25 ferm. Gjald kr. 11.oo.

11. Agli Vilhjálmssyni leyft að stækka bifreiðarskýli, á lóðinni nr. 8 við Bjarkargötu. Stækkunin nemur 3.15 ferm. Gjald kr. 10.oo.

12. Synjað um leyfi til að skipta lóðinni nr. 23 við Njálsgötu.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Samþykkt lóðaskipti við Barónsstíg, Njálsgötu, Bergþórugötu og Grettisgötu.

14. Samþykkt að viðurkenna til að standa fyrir húsasmíðum í Reykjavík:
127. Bertel Sigurðsson, trésmið, Bergstaðastræti 46.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði Þorlák Ófeigsson.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Guðm.Ásbjörnsson. Sigurður Pétursson.
Kjartan Ólafsson. Kristinn Sigurðsson. Pétur Ingimundarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1928, laugardaginn 12. maí, kl.4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Samþykktur uppdráttur af húsinu nr. 10 við Bergþórugötu, sem Reykjavíkurbær hefir eignazt, en sem ekki hefur áður verið samþykktur uppdráttur af. Stærð hússins er 83.98 ferm.

2. Karli Á. Torfasyni og Stefáni Þorlákssyni leyft að gera geymsluskúr, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 24B við Laugaveg. Stærð 18.44 ferm. Gjald kr. 5.00. Timburskúrar, sem nú eru á lóðinni verða rifnir.

3. Sláturfélagi Suðurlands leyft að byggja tvílyft niðursuðuhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 39 við Lindargötu. Stærð 204.8 ferm. Gjald kr. 140.00.

4. Samþykkt að skipta lóðinni nr. 18 við Sólvallagötu í tvær lóðir. Vesturhluti lóðarinnar verður 439.1 ferm. og telst nr.18A við sömu götu.

5. Birni Þórðarsyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 16 við Bjarkargötu. Stærð 109.27 ferm. Gjald kr. 86.00.

6. Ármanni Jóhannssyni synjað um leyfi til að hækka húsið nr. 6 við Bakkastíg.

7. Agli Vilhjálmssyni synjað um leyfi til að innrétta hanabjálkaloft á húsi hans nr. 8 við Bjarkargötu.

8. Helga Thordersen leyft að setja glugga á bakhúsið nr.6 við Óðinsgötu. Gjald kr. 5.00.

9. Óskari Jónssyni leyfðar breytingar á húsinu nr. 3A við Brekkustíg. Gjald kr. 5.00.

10. Bjarna Þorlákssyni leyft stækkun á skúr og breyting á þvottahúsi á lóðinni nr. 35 við Grettisgötu. Stækkunin nemur 3.45 ferm. Gjald kr. 10.00.

11. Jóni Eiríkssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 36 við Bárugötu. Stærð 97.37 ferm. Gjald kr. 78.00.

12. Ásdís Johnsen leyfðar breytingar á húsinu nr. 18 við Túngötu. Gjald kr. 5.00.

13. Samþykkt lóðaskipti á horni Hringbrautar og Ljósvallagötu og Brávallagötu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K.Zimsen. Guðm.Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson. Kjartan Ólafsson. Þorl.Ófeigsson. Kristinn Sigurðsson. Sigurður Pétursson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1928, laugardaginn 19. maí, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Elíasi Lyngdal leyft að hækka og stækka húsið nr. 12 Kárastíg. Stækkunin nemur 29.93 ferm. Gjald kr. 38.oo.

2. K.F.U.M. leyft að byggja sumarskýli á erfðafestulandi þess Kirkjumýrarbletti nr. 15. Stærð 19.95 ferm. Gjald kr.5.oo.

3. Gísla Halldórssyni leyft að stækka og hækka húsið nr. 70A við Hverfisgötu. Stækkunin nemur 20.16 ferm. Gjald kr.16.oo.

4. Steindóri Gunnarssyni leyft að setja kvist á húsið nr. 8B við Suðurgötu. Gjald kr. 5.oo.

5. Hjalta Björnssyni leyft að setja kvist á húsið nr.56 við Hverfisgötu. Gjald kr. 5.oo.

6. Jónínu Matthíasdóttur leyft að setja skúr til bráðabirgða á fiskverkunarland h.f Draupnir. Stærð 13.32 ferm. Gjald kr.5.oo.

7. Geiru Sófoníasdóttur og Ásgeir Jónssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 18 við Sólvallagötu. Stærð 98.26 ferm. Gjald kr. 81.oo.

8. Ríkisstjórninni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á Kleppi, Stærð 166.4 ferm. Gjald kr. 84.oo.

9. Samþykkt að skipta lóðinni nr. 10 við Tjarnargötu í þrjár lóðir. Verður hornlóðin nr. 10, miðlóðin nr. 10A og syðsta lóðin nr. 10B.

10. Guðjóni Sæmundssyni leyft að byggja þrílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 10B við Tjarnargötu. Stærð 112.56 ferm. Gjald kr. 130.oo.

11. Magnúsi Th. S. Blöndahl leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 30 við Tjarnargötu. Stærð 124.67 ferm. Gjald kr. 99.oo.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði Þorlák Ófeigsson.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Guðm.Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson. Kartan Ólafsson. Kristinn Sigurðsson. Sigurður Pétursson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1928, laugardaginn hinn 26. maí kl. 4 síðdegis, hélt byggingarnefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Ármanni S. Jóhannssyni leyft að stækka húsið nr. 6 við Bakkastíg. Stækkunin nemur 11.05 fermetrum. Gjald kr. 29.oo.

2. Guðm. Þorsteinssyni synjað um leyfi til að byggja íbúðarhús á baklóðinni nr. 10 við Ránargötu.

3. Sveini Sveinssyni leyft að stækka húsið nr. 14 við Sellandsstíg. Stækkunin nemur 40.42 ferm. Gjald kr. 34.oo.

4. Meiri hluti nefndarinnar samþykkir að leyfa breytingar á húsinu nr. 14 við Austurstræti. Gjald kr. 5.oo.

5. Þorvaldi Jónssyni leyft að setja dyr á húsið nr. 29 við Bragagötu. Gjald kr. 5.oo.

6. O. Ellingsen leyft að byggja bifreiðarskýli á lóðinni nr. 10 við Stýrimannastíg. Stærð 21.82 m2. Gjald kr. 6.oo.

7. Guðm. Ásbjörnssyni leyft að hækka og stækka húsið nr. 9 við Rauðarárstíg. Stækkunin nemur 12.6 ferm. Gjald kr.32.oo.

8. Huldu Þorsteinsson leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 144 við Hringbraut. Stærð 95.79 ferm. Gjald kr. 64.oo.

9. Huldu Þorsteinsson leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 146 við Hringbraut. Stærð 96.74 ferm. Gjald kr. 64.oo.

10. Huldu Þorsteinsson leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 148 við Hringbraut. Stærð 242.83 ferm. Gjald kr. 162.oo.

11. Solveigu Ólafsdóttur leyft að setja kvist á bakhlið hússins nr. 30 við Bergstaðastræti. Gjald kr. 5.oo.

12. Bergi Rósinkranssyni leyft að breyta kvisti á bakhlið hússins nr. 21 við Þórsgötu. Gjald kr. 5.oo.

13. Steingrími Guðmundssyni leyft að setja glugga á húsið nr. 46 við Grettisgötu. Gjald kr. 5.oo.

14. Samþykkt lóðaskipting á Ástúni, milli Ásvalla- Hofsvalla- og Sólvallagötu.

15. Fundargerð samvinnunefndar frá 8. og 11. maí s.l. lögð fram og samþykkt.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16. Samþykkt að viðurkenna til að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík.
128. Einar Kristjánsson, trésmið, Njálsgötu 31A.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði Þorlák Ófeigsson, sem er veikur.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Guðm.Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson.
Sigurður Pétursson. Kjartan Ólafsson. Kristinn Sigurðsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1928, laugardaginn 2. júní, kl. 4 síðdegis var fundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Ágúst Pálssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 4 við Þvergötu. Stærð 55.1 ferm. Gjald kr. 16.oo.

2. Einari Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús,úr steinsteypu, á lóðinni nr. 103við Laugaveg. Stærð 91.34 ferm. Gjald kr. 47.oo.

3. Tómasi Tómassyni leyfðar breytingar á húsunum nr. 6, 6A og 8 við Ránargötu. Gjald kr. 15.oo.

4. Samþykktur uppdráttur af hliði og tröppum að Ingólfsmyndinni.

5. Þorkelssínu Guðmundsdóttur leyft að setja dyr á þvottahús, á lóðinni nr. 24A við Óðinsgötu. Gjald kr. 5.oo.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði Kristinn Sigurðsson.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Guðm.Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson.
Kjartan Ólafsson. Þorlákur Ófeigsson. Sigurður Pétursson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ári 1928, laugardaginn 16. júní, kl. 4 síðdegis var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta Gjörðist:

1. Magnúsi Th. S. Blöndahl leyfð breyting á húsinu nr. 4B við Vonarstræti. Gjald kr.5.oo.

2. Sigurði Sigurþórssyni leyft að byggja íbúðarhús úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 67 við Njálsgötu. Stærð 74.25 ferm. Gjald kr. 63.oo.

3. Árna J. Árnasyni leyft að hækka húsið nr. 80 við Bergstaðastræti. Gjald kr. 13.oo.

4. Brynjólfi H. Bjarnason leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 14 við Sólvallagötu. Stærð 150.17 ferm. Gjald kr. 161.oo.

5. Kristjáni Hanssyni leyft að gera kjallara undir húsið nr. 19 við Ásvallagötu. Gjald kr. 30.oo.

6. Hannibal Sigurðssyni leyft að hækka húsið nr. 9 við Kárastíg. Gjald kr. 30.oo.

7. Valgerði Guðmundsdóttur leyft að gera geymslu- og þvottaskúr á lóðinni nr. 57 við Öldugötu. Stærð 22 ferm. Gjald kr. 6.oo.

8. Sambandi ísl. samvinnufélaga leyft að gera bráðabirgðabifreiðaskýli á lóðinni nr. 17 við Rauðarárstíg. Stærð 15 ferm. Gjald kr. 5.oo. Leyfið er veitt með því skilyrði, að skýlið verði tekið burtu hvenær, sem byggingarnefnd krefst þess með þriggja mánaða fyrirvara.

9. Eggerti Jónssyni leyft að hækka og stækka húsið nr. 30 við Óðinsgötu. Stækkunin nemur 45.62 ferm. Gjald kr. 48.oo.

10. British Petroleum Co. Ltd. leyft að byggja afgreiðslu- og skrifstofuhús á steinolíugeymslulóðinni við Skúlagötu. Stærð bygginganna 336.34 ferm. Gjald kr. 141.oo.

11. Júlíönu Sveinsdóttur leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinstehpu, á lóðinni nr. 72 við Bergstaðastræti. Stærð 79.55 ferm. Gjald kr. 36.oo.

12. HallgrímiBenediktssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 1 við Fjólugötu. Stærð 135 ferm. Gjald kr. 104.oo.

13. Leyft að breyta húsinu nr. 2? við Ingólfsstræti. Gjald kr. 5.oo.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Sigurð Halldórssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 8C við Njálsgötu. Stærð 79.8 ferm. Gjald kr. 59.oo.

15. Tómasi Tómassyni leyft að hækka húsið nr. 14 við Frakkastíg. Gjald kr. 15.oo.

16. Guðbjarti Einarssyni leyft að gera inngönguskúr, úr steinsteypu, við hús hans við Laugarnesveg. Stærð 8.16 ferm. Gjald kr. 5.oo.

17. Agli Vilhjálmssyni leyfðar breytingar á húsinu nr.8 við Bjarkargötu. Gjald kr. 10.oo.

18. Bendt Bendtsen leyft að láta bráðabirgðaskýli, til íssölu standa ~~á~~á lóðinni nr.87A við Laugaveg. Gjald kr.5.oo.

19. Samþykkt að selja megi af lóðinni nr. 30 við Sellandsstíg 47.2 ferm., sem leggist við lóðina nr. 25A við Framnesveg.

20. Samþykkt að viðurkenna til að standa fyrir húsasmíðum í Reykjavík:
129. Guðm.Ásbjörnsson, trésmið, Njálsgötu 30.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K.Zimsen. Guðm.Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson. Þorl.Ófeigsson. Kjartan Ólafsson. Kristinn Sigurðsson. Sigurður Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1928, laugardaginn 30. júní, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Jóhanni Bjarnasyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 8B við Framnesveg. Stærð 89.51 ferm. Gjald kr. 69.00.

2. Lúter Hróbjartssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 80 við Njálsgötu. Stærð 90 m$^2$. Gjald kr. 45.00.

3. Sigríði Húnfjörð leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr/ 82 við Njálsgötu. Stærð 90 m$^2$. Gjald kr. 45.00.

4. Kristmundi Guðmundssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 75 við Njálsgötu. Stærð 87.5 ferm. Gjald kr. 72.00.

5. Metúsalem Jóhannessyni leyft að gera bifreiðarskýli, á lóðinni nr. 16 við Ingólfsstræti. Stærð 28 ferm. Gjald kr. 7.00.
Leyfið er veitt með því skilyrði að skýlið verði tekið burtu, ef þess verður krafizt þegar húsið nr. 17 við Þingholtsstræti verður endurbyggt.

6. Samþykkt að breyta glugga á framhlið hússins nr. 3A við Brekkustíg. Gjald kr. 5.00.

7. Páli Þorvaldssyni leyft að byggja geymslu- og þvottahús á lóðinni nr. 27 við Þórsgötu. Stærð 22.78 ferm. Gjald kr. 5.00.

8. Stjórn elliheimilisins "Grund" leyft að byggja tvílyft elliheimili, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 150 við Hringbraut. Stærð 854.78 ferm. Gjald kr. 720.00.

9. Ásgrími Jónssyni leyft að gera kjallara undir part af húsi sínu nr. 74 við Bergstaðastræti. Gjald kr. 7.00.

10. Jóni Stefánssyni leyft að gera kjallara undir part af húsi sínu nr. 74A við Bergstaðastræti. Gjald kr. 8.00.

11. Hannesi Friðsteinssyni synjað um leyfi til að hækka og stækka húsið nr. 4 við Lokastíg.

12. Bjarna Guðnasyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 9 við Hallveigarstíg. Stærð 120.72 ferm. Gjald kr. 104.00.
Jafnframt fellur úr gildi byggingarleyfi á sömu lóð, veitt 14. apríl s.l.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

13. Samþykkt að skipta lóðinni nr. 111 við Laugaveg í tvær lóðir. Verður austurhlutinn talinn nr. 111A við Laugaveg.

14. Sigurjóni Símonarsyni leyft að hækka og stækka húsið nr. 111A við Laugaveg. Stækkunin nemur 4.76 ferm. Gjald kr. 13.oo.

15. Ólafíu Jónsdóttur leyft að hækka og stækka húsið nr. 111 við Laugaveg. Stækkunin nemur 19.22 ferm. Gjald kr. 32.oo.

16. Einari Hildibrandssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 23 við Ásvallagötu. Stærð 94.5 ferm. Gjald kr.78.oo.

17. O.Johnsen & Kaaber leyft að gera bifreiðaskýli á lóðinni nr. 1 við Hafnarstræti. Stærð 5.1 ferm. Gjald kr. 10.oo.

18. Magnúsi Th. S. Blöndahl leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 30 við Tjarnargötu. Stærð 134.43 ferm. Gjald kr. 104.oo.
Jafnframt fellur úr gildi leyfi veitt 19. maí s.l. til að byggja á sömu lóð.

19. Samþykkt að viðurkenna til að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík:
130. Einar Jónsson trésmið, Laugavegi 70B.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

Kristinn Sigurðsson veik af fundi nokkru áður en fundi var slitið. Þorlákur Ófeigsson var fjarverandi.

K.Zimsen. Guðm.Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson.
Sigurður Pétursson. Kjartan Ólafsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1928, laugardaginn 14. júlí, kl. 4 síðdegis var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Haraldi Guðmundssyni leyfðar breytingar á húsinu nr. 5 við Ásvallagötu. Gjald kr. 5.oo.

2. Jóhannesi Kr. Jóhannessyni leyft að byggja tvílyft íbúðar- og verzlunarhús, úr steinsteypu, á leigulóðinni nr. 26 við Freyjugötu. Stærð 123.11 ferm. Gjald kr. 98.oo.

3. Pétri Runólfssyni leyfðar breytingar og stækkun á skúr við húsið nr. 24 við Bræðraborgarstíg. Stækkunin nemur 1.4 ferm. Gjald kr. 10.oo.

4. Ragnari Guðmundssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr timbri, á leigulóð við Laugarnesveg. Stærð 63.91 ferm. Gjald kr. 52.oo.

5. Haraldi Þórðarsyni leyfðar breytingar á húsinu nr. 21 við Ásvallagötu. Gjald kr. 5.oo.

6. Jóni Halldórssyni & Co. leyft að breyta gluggum á framhlið hússins nr. 4 við Skólavörðustíg. Gjald kr. 5.oo.

7. Samþykkt að skipta lóðinni nr. 7 við Þórsgötu í tvær lóðir, og verður efri lóðin nr. 7A.

8. Kristjóni Ólafssyni leyft að hækka og stækka húsið nr. 7 við Þórsgötu. Stækkunin nemur 16.92 ferm. Gjald kr. 38.oo.

9. Einari Leó Jónssyni leyft að hækka húsið nr. 7A við Þórsgötu. Gjald kr. 29.oo.

10. Ríkisstjórninni leyft að byggja einlyftan læknabústað á Kleppi. Stærð 183.87 ferm. Gjald kr. 53.oo.
Jafnframt er fellt úr gildi leyfi veitt 19. maí s.l. til byggingar á sama stað.

11. Eiríki Hjartarsyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr timbri, á erfðafestulandi hans. Stærð 113 ferm. Gjald kr. 34.oo.
Leyfið er veitt með því skilyrði að bæjarstjórnin heimili byggingu á erfðafestulandinu.

12. Filippusi Guðmundssyni og Guðm. Þorleyfssyni leyfðar breytingar á húsinu nr. 19 við Þórsgötu. Gjald kr. 5.oo.

13. Eggerti Kristjánssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 30 við Túngötu. Stærð 140.5 ferm. Gjald kr. 97.oo.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fundi frestað til mánudags kl. 10 árdegis.

K.Zimsen. Guðm.Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson.
Kjartan Ólafsson. Kristinn Sigurðsson. Sigurður Pétursson.
Þorl.Ófeigsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mánudaginn 16. júlí kl. 10 árdegis var fundinum haldið áfram.

14. Árna Jónssyni leyft að gera steyptan gang frá Laugavegi að kjallara á baklóðinni nr. 39 við Laugaveg. Gjald kr. 14.oo.

15. Einari Ólafssyni leyft að endurbyggja fjós á erfðafestulandinu Lækjarhvammur. Gjald kr. 30.oo.

16. Sigurði Þorsteinssyni leyft að gera viðbyggingu við húsið nr. 11 við Freyjugötu. Stærð 30.13 ferm. Gjald kr. 10.oo.

17. Hannesi Friðsteinssyni leyft að hækka húsið nr. 4 við Lokastíg. Gjald kr. 36.oo.

18. Guðm. Hannessyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 74 við Njálsgötu. Stærð 90 ferm. Gjald kr. 45.oo.

19. Sigurði Guðbrandssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 19 við Barónsstíg. Stærð 74.23 ferm. Gjald kr. 58.oo.

20. Natan & Olsen synjað um leyfi til að hækka húsið nr. 2 við Vesturgötu.

21. Samþykkt að viðurkenna til að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík:
131. Sigfús Jónsson, trésmið, Laugaveg 85B.
50. Sigurð Fr. Einarsson, múrsmið, Nýlendugötu 22B.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði Kjartan Ólafsson.

K. Zimsen. Guð.Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson.
Þorl.Ófeigsson. Kristinn Sigurðsson. Sigurður Pétursson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Laugardaginn 28. júlí, (1928) kl. 9 árdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Þorsteini J. Jóhannssyni leyft að breyta gluggum og innréttingu í kjallara hússins nr. 68 (68) við Laugaveg. Gjald kr. 10.00.

2. Hannesi Friðsteinssyni leyft að byggja skúr á lóðinni nr. 4 við Lokastíg. Stærð 26.24 m². Gjald kr. 7.00.

3. Ögmundi Guðmundssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 23 við Barónsstíg. Stærð 81.00m². Gjald kr.66.00.

4. Halldóri Jónssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 25 við Barónsstíg. Stærð 74.25 m². Gjald kr. 62.00.

5. Einari Jónssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 69 við Njálsgötu. Stærð 74.25 m². Gjald kr. 62.00.

6. Einari Einarssyni leyft að lengja húsið nr. 16 við Bjargarstíg. Stækkunin nemur 16.74 m². Gjald kr. 13.00.

7. Árna Jónssyni leyft að setja einn kvist í stað þriggja á húsið nr. 54 við Hverfisgötu. Gjald kr. 10.00.

8. Valdimar L. Guðmundssyni leyft að byggja þvotta- og geymsluskúr, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 24B við Frakkastíg. Gjald kr. 5.00.

9. Lusindu Sigurðsson leyft að breyta kvisti á baklóð hússins nr. 2 við Grundarstíg. Gjald kr. 5.00.

10. Ársæli Jóhannssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð hans við Fjólugötu næst fyrir norðan Jóhann Fr. Kristjánsson. Stærð 91.72 m². Gjald kr.72.00.

11. Samþykktur uppdráttur af húsinu Berg við Laugaveg, sem bærinn lætur byggja í stað þess húss sem brann fyrir skömmu. Stærð 71.68 m². Húsið verður byggt úr steinsteypu.

12. Jónasi Jónssyni leyft að gera breytingu á húsi sínu á Laugarásbletti 5. Breytingin er að setja kvist á húsið og byggja skúr við það að stærð 10.94 m². Gjald kr. 8.00.

Fleira ekki gert. Á fund vantaði Guðmund Ásbjörnsson, er erlendis, og byggingarfulltrúa, sem var veikur. Fundi slitið.

K.Zimsen. Kristinn Sigurðsson. Pétur Ingimundarson.
Þorlákur Ófeigsson. Kjartan Ólafsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

(Árið 1928) laugardaginn 4 ágúst, kl. 9 árdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Ingimar Brynjólfssyni & Kvaran leyft að byggja þrílyft verzlunarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 9 við Hafnarstræti. Stærð 112.2 m². Gjald kr. 162.oo.

2. Elísabetu Kristjánsdóttur Foss leyft að byggja þrílyft verzlunar- og íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 11 við Hafnarstræti. Stærð 105 m². Gjald kr. 152.oo.

3. Huldu Þorsteinsson leyft að breyta innréttingu á húsi sínu nr. 148 við Hringbraut. Gjald kr. 10.oo.

4. Geir Sigurðssyni leyft að stækka skúr við húsið nr. 26C við Vesturgötu. Gjald kr. 5.oo.

5. Natan & Olsen synjað um leyfi til að hækka húsið nr.2 við Vesturgötu.(Bryggjuhúsið). Meiri hluti nefndarinnar byggði synjun sína á því, að húsið væri gamalt timburhús, sem auk þess stæði ekki í réttri götulínu.

6. Steingrími Sveinssyni Sveinsstöðum í Kaplaskjóli synjað um leyfi til að hækka hús hans og gera viðbyggingu við framhlið þess.

7. Ásgrími Jónssyni Bergstaðastræti 74 leyft að gera breytingu á húsinu nr. 74. Gjald kr. 5.oo.

8. Jóni Stefánssyni leyft að gera breytingar á húsinu nr. 74A við Bergstaðastræti. Gjald kr. 5.oo.

9. Garðari Gíslasyni leyft að gera viðbyggingu við Geimsluhús, á lóð sinni við Skúlagötu. Stærð 138.5 m². Gjald kr. 40.oo. Viðbótin verður úr steinsteypu.

10. Guðjóni Bjarnasyni leyft að byggja timburhús á erfðafestulandi sínu við Kleppsveg, á Laugarásbletti nr. 20. Stærð 41.24 m². Gjald kr. 12.oo.

11. Guðjóni Jónssyni leyft að skipta lóðinni nr.31 við Grettisgötu, þannig að framlóðin verði 18.5 m. frá götu, en baklóðin 180.5 m². að flatarmáli og verður hún nr. 31A við götuna.

Á fund vantaði Guðmund Ásbjörnsson, sem var erlendis.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Kristinn Sigurðsson. Þorl.Ófeigsson.
Kjartan Ólafsson. Sigurður Pétursson. Pétur Ingimundarson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1928, laugardaginn 11. ágúst, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Guðm. Hannessyni leyft að gera viðbyggingu úr steinsteypu við húsið nr. 12 við Hverfisgötu. Stærð 46.4 ferm. Gjald kr.20.oo.

2. Samþykkt að skipta lóðinni nr. 3 við Aðalstræti í tvær lóðir og verða mörkin milli lóðanna 12.55 m. frá Aðalstræti. Eystri hluti lóðarinnar verður nr. 2 við Hafnarstræti.

3. P. L. Mogensen leyft að reisa þrílyft verzlunar- og íbúðarhús, á lóðinni nr. 3 við Aðalstræti. Stærð 274.96 ferm. Gjald kr. 366.oo. Leyfið er veitt með því skilyrði, að Mogensen kaupi lóðarræmu, sem bærinn á við Hafnarstræti.

4. Aðalheiði Gísladóttur leyft að setja kjallara undir húsið nr. 8 við Lokastíg. Gjald kr. 16.oo.

5. Bjarna Helgasyni leyft að setja kvist á húsið nr. 2 við Kárastíg. Gjald kr. 5.oo.

6. Steingrími Jónssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 73 við Laufásveg. Stærð 104.3 ferm. Gjald kr. 82.oo.

7. Samúel Guðmundssyni leyft að byggja geymsluskúr, úr steinsteypu, á ~~/~~lóðinni nr. 8A við Ránargötu. Stærð 18.63 ferm. Gjald kr. 5.oo.

8. Eggerti Lárussyni leyft að gera bifreiðaskýli, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 23 við Bergþórugötu. Stærð 18 ferm. Gjald kr. 5.oo.

9. B. H. Bjarnason leyfðar breytinar á húsinu nr. 14 við Sólvallagötu. Gjald kr. 5.oo.

10. Sigurði Jóhannssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 71 við Njálsgötu. Stærð 82.5 ferm. Gjald kr. 63.oo.

11. Synjað um leyfti til að stækka skúr á lóðinni nr. 11A við Barónsstíg.

12. Synjað um leyfi til að stækka skúr við Menntaskólann, vegna þess að stækkunin er úr timbri.

13. Gísla og Steingrími Sveinssyni leyft að stækka húsið Sveinstaði í Kaplaskjóli. Gjald kr. 21.oo.

14. Jóni Jónssyni leyft að stækka ~~húsið~~ og hækka húsið nr. 9 við Freyjugötu. Stækkunin nemur 14.26 ferm. Gjald kr. 26.oo.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. Jónasi H. Guðmundssyni leyft að gera þvottahús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 11A við Framnesveg. Stærð 23.3 ferm. Gjald kr. 14.00.

16. Arnbirni Gunnlaugssyni leyft að setja dyr og breyta glugga á kjallara hússins nr. 9A við Vatnsstíg. Gjald kr. 10.00.

17. Samþykkt að viðurkenna til að standa fyrir húsasmíðum í Reykjavík:
132. Sverrir Sverrisson, trésmið Laugaveg 33.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm.Ásbjörnsson. Kristinn Sigurðsson. Sigurður Pétursson. Pétur Ingimundarson Þorlákur Ófeigsson. Kjartan Ólafsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Árið 1928, laugardaginn 1. september kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Jóhannesi Kr. Jóhannessyni leyfðar breytingar á húsi hans nr. 26 við Freyjugötu. Gjald kr. 10.oo.

2. A. Rosenberg leyft að gera breytingar á Hótel Ísland að Vallarstræti. Gjald kr. 10.oo.

3. A. Rósenberg leyft að gera fordyri við veitingasal Hótel Ísland út í Veltusund. Stærð 3.25 m2. Gjald kr. 5.oo. Leyfið er veitt með því skilyrði, að fordyrið verði tekið burtu þegar krafizt verður. Lóðarréttindi fylgja engin.

4. Teiti Kr. Þórðarsyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á leigulóð hans nr. 81 við Bergstaðastræti. Gjald kr. 68.oo. Stærð 97.84 m2.

5. Guðlaugu Björnsdóttur leyft að byggja geymsluskúr, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 6 við Freyjugötu. Stærð 48.32 ferm. Gjald kr. 11.oo.

6. Jóni Árnasyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 71 við Laufásveg. Stærð 88.79 ferm. Gjald kr. 74.oo.

7. Jóni Ólafssyni leyft að gera geymsluskúr, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 14 við Lokastíg. Stærð 16.9 ferm. Gjald kr. 5.oo.

8. Ögmundi Guðmundssyni leyfðar breytingar á gluggum á húsinu nr. 23 við Barónsstíg. Gjald kr. 5.oo.

9. Leyfðar breytingar á glugga á húsinu nr. 18 við Sólvallagötu. Gjald kr. 5.oo.

10. Leyft að breyta dyrum á húsinu nr. 14 við Baldursgötu. Gjald kr. 5.oo.

11. Andreu Guðmundsdóttur leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð hennar við Bergstaðastræti. Stærð 88 ferm. Gjald kr. 64.oo.

12. Magnúsi Gíslasyni leyft að byggja sumarbústað, úr timbri, á sumarbýlalandinu Laugarásblettur IX. Stærð 36.25 ferm. Gjald kr. 10.oo.

13. Jóni Halldórssyni leyft að byggja sumarbústað, úr timbri, á erfðafestulandinu Laugamýrarbletti XXIII. Stærð 21.2 ferm. Gjald kr. 6.oo.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Leyft að þilja í sundur þakhæðina á husinu nr. 10 við Bjarkargötu. Gjald kr. 5.oo.

15. Leyft að gera ýmsar smábreytingar á húsinu nr. 42 við Framnesveg. Gjald kr. 10.oo.

16. Lagður fram uppdráttur af fyrirhuguðum stúdentagarði. Nefndin lítur svo á, að uppdráttyr þessi sé ekki æskileg lausn á því hvernig byggja skuli austanvert við Skólavörðutorgið, og vill meiri hluti nefndarinnar ~~og vill~~ því ekki samþykkja framlagðan uppdrátt.

17. Samþykkt að flytja megi skrifstofuhús við Kalkofnsveg, sem T. Frederiksen hefir átt á lóð, sem höfnin lætur á leigu, vestanvert við fyrirhugaðan Kalkofnsveg. Skúrinn, sem er við vesturhlið hússins verður rifinn niður. Uppdráttur sé sendur þegar lóðin hefir verið látin á leigu.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði Kristinn Sigurðsson. Fundi slitið.

K. Zimsen. Sigurður Pétursson. Guðmundur Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson. Kjartan Ólafsson. Kjartan Ólafsson. Þorlákur Ófeigsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1928, laugardaginn 15. sept. kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Paul Smith leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 75 við Bergstaðastræti. Stærð 155.9 ferm. Gjald kr. 121.oo.

2. Guðjóni Jónssyni leyft að hækka skúr við húsið nr. 50 við Hverfisgötu. Gjald kr. 5.oo.

3. Aðalsteini Pálssyni leyft að stækka húsið Sjávarborg á Bráðræðisholti. Stækkunin nemur 23.58 ferm. Gjald kr. 6.oo.

4. Ársæl Jóhannssyni leyfðar nokkrar breytingar á húsinu nr. 23 við Fjólugötu. Gjald kr. 5.oo.

5. Haraldi Guðmundssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 3 við Ásvallagötu. Stærð 90 ferm. Gjald kr. 76.oo.

6. Helga Helgasyni leyft að byggja þrílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 55 við Öldugötu. Stærð 96.8 ferm. Gjald kr. 81.oo.

7. Valdimar Árnasyni leyft að hækka skúr á lóðinni nr. 9 við Vitastíg. Gjald kr. 5.oo.

8. Jóni Jónssyni leyft að stækka húsið nr. 8B við Njálsgötu. Stækkunin nemur 43.8 ferm. Gjald kr. 1_.oo.

9. Leyfðar breytingar á húsinu nr. 11 við Óðinsgötu. Gjald kr. 15.oo.

10. Íslandsbanka leyft að setja glugga á húsið nr. 14 við Laufásveg. Gjald kr. 5.oo.

11. Jakobi Bjarnasyni leyft að byggja tvílyft, íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 23 við Skólavörðustíg. Stærð 123 ferm. Gjald kr. 135.oo.

12. Jóni Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 38 við Bárugötu. Stærð 89.24 ferm. Gjald kr. 74.oo.

13. Samþykkt að skipta lóðinni nr. 11 við Pósthússtræti í tvær lóðir. Verður norðurparturinn 12.o m. meðfram Pósthússtræti og hvílir sú kvöð á þeim hluta lóðarinnar að þar verði byggt í samræmi við húsið nr. 7 eða væntanlegt hús á lóðinni nr. 11.

14. Lagður fram uppdráttur af kirkjuturni Landakotskirkju



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eins og hann hefur verið byggður. Turninn er minni að Grunnfleti ig öðruvísi gerður en samþykktur uppdráttur sýnir, en að svo vöxnu máli fellzt nefndin á, að við svo búið standi. Gjald kr. 10.oo.

Þar sem byggingarnefndin lítur þannig á, að hr. trésmíðameistari Jens Eyjólfsson sem var viðurkenndur umsjónarmaður við byggingu kirkjunnar, hafi borið fulla ábyrgð á því, að byggt yrði eftir samþykktum uppdrætti, en á því hefir orðið mikill misbrestur og hann þess utan hefir vanrækt tilkynningar til byggingarfulltrúa, viðvíkjandi byggingu kirkjunnar. Felur byggingarnefndin borgarstjóra að gefa Jens Eyjólfssyni áminningu og tilkynna honum jafnframt, að ef slíkt kemur fyrir aftur, verði hann sviptur rétti til að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík.

15. Stefáni Árnasyni leyft að setja bráðabirgða glugga á vesturgafl húsins nr. 9 við Fálkagötu. Gjald kr. 5.oo.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði Þorlák Ófeigsson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Kjartan Ólafsson. Pétur Ingimundarson. Kristinn Sigurðsson. Sigurður Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1928, laugardaginn 29. september kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Samúel Kristjánssyni leyft að byggja geymsluskúr, úr steinsteypu, á baklóðinni nr. 28 við Þórsgötu. Stærð 7.88 ferm. Gjald kr. 5.oo.

2. Jóni Brynjólfssyni leyft að breyta framhlið hússins nr. 3 við Austurstræti. Gjald kr. 5.oo.

3. Lagður fram og samþykktur uppdráttur af skrifstofuhúsi við Kalkofnsveg. Gjald kr. 15.oo.

4. Olíuverzlun Íslands H/f. leyft að byggja bráðabirgða-bifreiðaafgreiðslu á lóðinni nr. 22 við Hafnarstræti. Stærð 48.16 $m^2$. Gjald kr. 12.oo.
Leyfið er veitt að tilskildu samþykki lóðareiganda, og með því skilyrði, að byggingar þessar verði teknar í burtu, bænum að kostnaðarlausu, hvenær sem byggingarnefnd krefst þess með þriggja mánaða fyrirvara.

5. Þorsteini Sigurðssyni leyfðar breytingar og stækkun á húsinu nr. 13 við Grettisgötu. Stækkunin nemur 14.5 ferm. Gjald kr. 25.oo.

6. Benedikt Gröndal leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinn. 79 við Bergstaðastræti. Stærð 71.1 ferm. Gjald kr. 52.oo.

7. Ottó Guðbrandssyni leyft að byggja timburhús á sumarbústaðalandinu nr. 14 í Langholti. Stærð 33 ferm. Gjald kr. 8.oo.

8. Kristófer Egilssyni leyft að breyta framhlið hússins nr. 52 við Vesturgötu. Gjald kr. 10.oo.

9. Leyfðar breytingar á kjallara hússins nr. 27 við Bergþórugötu. Gjald kr. 10.oo.

10. Kjartani Gunnlaugssyni leyft að byggja bifreiðaskýli á lóðinni nr. 7 við Laufásveg. Stærð 18.7 $m^2$. Gjald kr. 5.oo.

11. Hönnu Sveinsdóttur Zoëga leyft að gera sýningarglugga við vesturgafl hússins nr. 14 við Bankastræti. Stærð 3.26 ferm. Gjald kr. 5.oo.

12. Sólveigu Ólafsdóttur leyft að byggja geymslu- og þvottahús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 30 við Bergstaðastræti. Stærð 30.8 ferm. Gjald kr. 8.oo.

13. Sólveigu Ólafsdóttur synjað um leyfi til að innrétta þakhæð hússins nr. 30 við Bergstaðastræti.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Helga Jósefssyni leyft að byggja geymslu- og þvottahús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 80 við Hverfisgötu. Stærð 18.42 ferm. Gjald kr. 5.oo.

15. Jóhannesi Kr. Jóhannessyni synjað leyfis til að gera breytingar á húsinu nr. 26 við Freyjugötu.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði borgarstjóra, K.Zimsen, sem er erlendis,

Fundi slitið.

Guðm.Ásbjörnsson. Þorlákur Ófeigsson. Kjartan Ólafsson.
Kristinn Sigurðsson. Pétur Ingimundarson. Sigurður Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1928, laugardaginn 13. október, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Jóhanni Tryggva Björnssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 21 við Barónsstíg. Stærð 81 m². Gjald kr. 62.oo.

2. Einari Ásmundssyni leyft að byggja þrílyft íbúðar- og verzlunarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 42 við Hverfisgötu. Stærð 167.35 m². Gjald kr. 220.oo.

3. Sigurði Ásbjörnssyni leyft að byggja tvílyft íbúðar- og verzlunarhús á lóðinni nr. 65 við Njálsgötu. Stærð 178.7 m². Húsið verður byggt úr steinsteypu. Gjald kr. 140.oo.

4. Hannesi Sigurðssyni leyft að stækka hús sitt, Ánanaust E. Stækkunin nemur 16.24 m². Gjald kr. 9.oo. Leyfið er veitt með því skilyrði að húsið verði rifið niður, bænum að kostnaðarlausu, hvenær sem byggingarnefnd krefst þess, með þriggja mánaða fyrirvara.

5. Olíuverzlun Íslands leyft að byggja verkfæraskýli úr járni, á lóð hennar við Skúlagötu. Stærð 14.28 m². Gjald kr. 5.oo.

6. Zóphoníasi Snorrasyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 11 við Ásvallagötu. Stærð 90 m². Gjald kr. 73.oo.

7. Halldóru Ólafs leyft að breyta glugga á framhlið hússins nr. 12 við Bankastræti. Gjald kr. 5.oo.

8. Jóni Ásmundssyni leyft að hækka og stækka húsið nr.31 við Bragagötu. Stækkunin nemur 14.48 m².Gjald kr.19.oo.

9. Valdimar Árnasyni leyft að breyta skúr, á baklóð hans við Vitastíg nr. 9. Gjald kr. 5.oo.

10. Magnúsi B. Jónssyni leyft að breyta framhlið hússins nr. 3 við Skólavörðustíg. Gjald kr. 5.oo.

11. Jóhannesi Kr. Jóhannessyni synjað um breytingu á húsinu nr. 26 við Freyjugötu.

12. Kristjáni Fr. Gíslasyni leyfðar breytingar á járnsmiðju hans á Nýlendugötu 15. Gjald kr. 10.oo.

13. Samþykkt að skipta lóðinni nr. 8 við Brunnstíg í tvær lóðir. Verður austurlóðin talin nr. 9 við Mýrargötu og er hún 155 m². að flatarmáli. Vesturhluti lóðarinnar, sem er 120 m² að stærð, verður talin nr. 9A við sömu götu.


© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Sambykkt að skipta lóðinni nr. 8 við Týsgötu í tvær lóðir. Syðri lóðin er 155.6 $m^2$. og verður áfram nr. 8 við Týsgötu, en norðurhluti lóðarinnar, sem er 187.3 $m^2$.verður talin nr. 8A við sömu götu.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði borgarstjóra K.Zimsen, sem var erlendis.

Fundi slitið.

Guðm.Asbjörnsson. Pétur Ingimundarson. Þorl.Ófeigsson.
Kjartan Ólafsson. Kristinn Sigurðsson. Sigurður Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1928, laugardaginn 27.október, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Nikulási Steingrímssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr ~~steinsteypu~~ timbri, á sumarbýlalandinu Laugarásbletti nr. 4. Stærð 52.5 m2. Gjald kr. 15.oo.

2. Einari Péturssyni leyfðar breytingar á gluggum og kvistum á húsinu nr. 59 við Hverfisgötu. Gjald kr. 10.oo.

3. Einari Hildibrandssyni leyft að breyta kvistglugga á lóðinni nr. 23 við Ásvallagötu. Gjald kr. 5.oo.

4. Bernhard Petersen leyft að gera þurkhjall við verksmiðju hans á leigulandi Jes Zimsen við Klett. Stærð 250.25 m2. Gjald kr. 90.oo. Leyfið er veitt að tilskildu samþykki lóðarleigjanda.

5. Gísla Halldórssyni leyft að breyta kvisti á húsi hans nr. 70A við Hverfisgötu. Gjald kr. 5.oo.

6. Þorláki Jónssyni leyft að hækka þak og setja kvist á hús hans nr. 51B~~/~~við Njálsgötu. Gjald kr.13.oo.

7. Sigurði Jóhannssyni leyft að setja kvist á bakhlið hússins nr. 71 við Njálsgötu. Gjald kr. 5.oo.

8. Samþykkt að skipta lóðinni nr. 4 við Vesturvallagötu í tvær lóðir. Verður sá hluti lóðarinnar, sem nær er Holtsgötu 248.3 m2. og telst nr. 2 við Vesturvallargötu. Hinn hluti lóðarinnar, sem er ca.191.3 m2. verður áfram nr. 4 við Vesturvallagötu.

9. Byggingarfulltrúinn skýrði byggingarnefndinni frá því, að Jóhannes Kr. Jóhannesson trésmiður, sem er að byggja hús á leigulóðinni nr. 25 við Freyjugötu, vilji ekki fara eftir ákvörðun byggingarnefndar og byggja greint hús samkvæmt ~~[illegible]~~ samþykktum uppdrætti, og hafi fyirskipanir byggingarnefndar og byggingarfulltrúa að engu.
Með því að nefndinni er kunnugt um, að þessar umkvartanir byggingarfulltrúa eru á rökum byggðar, ákvað nefndin að svipta hr. trésmið Jóhannes Kr. Jóhannessyni rétti til að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði borgarstjóra K.Zimsen, sem er erlendis.

Fundi slitið.

Guðm.Ásbjörnsson. Þorl.Ófeigsson. Kjartan Ólafsson.
Kristinn Sigurðsson. Sigurður Pétursson. Pétur Ingimundarson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1928, laugardaginn 10. nóvember, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Elínu Zoega leyft að gera viðbótarbyggingu við hús hennar nr. 56 við Laugaveg. Stærð 39.87 m2. Viðbótin verður gerð úr steinsteypu. Leyfisgjald kr. 28.oo.

2. Guðjoni Sæmundssyni leyft að byggja þrílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 10A við Tjarnargötu. Stærð 110.55 m2. Gjald kr. 98.oo.

3. Jónatan Jónssyni leyft að breyta gluggum á húsinu nr. 35 við Laugaveg. Gjald kr. 5.oo.

4. Samkvæmt beiðni Guðmundar Jónssonar samþykkti nefndin (byggingarnefndin) að fella úr gildi byggingarleyfi 29. september 1928, fyrir breytingum á húsi hans við Kalkofnsveg, en samþykkti jafnframt aðra breytingu á húsinu. Gjald kr. 5.oo.

5. Helga Helgasyni leyft að byggja geymsluskúr úr steinsteypu á lóðinni nr. 55 við Öldugötu. Stærð 27 m2. Gjald kr. 7.oo.

6. Bjarna Þorsteinssyni leyft að byggja kolageymslu, við bakhlið húss hans nr. 35 við Grettisgötu. Stærð 10 m2. Gjald kr. 5.oo.

7. H/f Draupnir leyft að byggja geymsluhús, úr timbri og járni, á leigulóð félagsins við Sundlaugaveg. Stærð 119 m2. Gjald kr. 30.oo.

8. Samþykkt að skipta lóðinni nr. 103 við Laugaveg, í tvær lóðir, sem hvor um sig verði 10 metra meðfram götu, og verði syðri lóðin nr. 103A við Laugaveg.

9. Samþykkt að skipta megi lóðinni nr. 54 við Bergstaðastræti í tvær lóðir, og vestari hlutinn verði 195.3 m2., en eystri hlutinn 216.7 m2. og teljist nr. 56 við Bergstaðastræti.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði Guðmund Ásbjörnsson, sem var veikur.

K. Zimsen. Pétur Ingimundarson. Þorl.Ófeigsson.
Kjartan Ólafsson. Kristinn Sigurðsson. Sigurður Pétursson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1928, laugardaginn 17. nóvember var aukafundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Tekin fyrir beiðni Jóhannesar Jósefssonar, um hótelbyggingu á lóðinni nr. 11 við Pósthússtræti. Nefndin athugar, að þakhæð (rishæð) hússins er 6.70 m. og mæniásinn þá í sömu hæð og á húsinu nr. 7 við götuna, en samkvæmt skipulagsákvæðunum má rishæðin aðeins vera 2.90 metrar. Að áskildu samþykki skipulagsnefndar vill nefndin samþykkja uppdráttinn eins og hann liggur fyrir með því skilyrði, að neðri hluti þakhæðarinnar, þar sem herbergi eru, að loftið yfir verði gert úr steinsteypu. Af þessum ástæðum frestar nefndin að veita byggingarleyfi.

2. Lagt fram bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til skipulagsnefndar, dags. 17. okt., um breytingar á húsalínu austan Pósthússtrætis fyrir sunnan lóðina nr. 11.

3. Júlíusi Svan leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóð er hann fær leigða við Lauganesveg, næst fyrir norðan lóð Þorgríms Jónssonar. Stærð hússins, ásamt útihúsi er 140.25 m2. Gjald kr. 90.oo.

4. Matthíasi Matthíassyni leyft að skipta lóðinni nr. 22 við Skólavörðustíg þannig, að hornið við Týsgötu verði sérstök lóð, 12.35 metrar með Skólavörðustíg, en 230.3 m2. að flatarmáli. Verður sú lóð talin nr. 1 við Týsgötu.

5. Lagt fram bréf frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, dags. 6. nóvember, þar sem beðið er álits bæjarstjórnarinnar, um það, hvar setja skuli nýjum kirkjugarði stað. Nefndin lítur svo á, að þar sem nýr kirkjugarður hlýtur að verða á óskipulögðu svæði bæjarins, beri skipulagsnefnd að gera tillögur um málið.

6. Nefndin ákveður að eftirleiðis megi byggingarfulltrúi ekki, leggja mál fyrir nefndina, sem koma til hans seinna en á hádegi tveim dögum fyrir nefndarfund, svo hann hafi nægan tíma til að gera athuganir og tillögur.

7. Nefndin leggur til að tekið verði upp á fjárhagsáætlun 1929, kr. 1500.oo fjárveiting handa byggingarfulltrúa, til bifreiðaaksturs.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Guðm.Ásbjörnsson. Kjartan Ólafsson. Pétur Ingimundarson. Þorl.Ófeigsson. Kristinn Sigurðsson. Sigurður Pétursson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1928, laugardaginn 1. desember var fundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Guðrúnu Jóhannesdóttur leyft að byggja einlyft íbúðarhús úr timbri, á lóð við Lágholtsveg, sem hún fær á leigu til bráðabirgða hjá bænum. Stærð hússins 46.76 m2.Gjald kr.14.oo.

2. Jóhannesi Jósefssyni leyft að byggja hótel á lóðinni nr. 11 við Pósthússtræti. Húsið er fjórlyft með hárri þakhæð, 912.5 ferm. að flatarmáli. Byggingarleyfisgjald kr. 815.oo.

3. Leyft að gera bráðabirgðaskýli fyrir bifreiðar, á Sjáfarborgarlóðinni. Stærð 176.7 ferm. Gjald kr. 50.oo. Leyfið er veitt með því skilyrði, að þessi bygging verði tekin burtu, hvenær sem byggingarnefnd krefst þess, með þriggja mánaða fyrirvara.

4. Jóni Árnasyni leyft að setja veggsvalir á húsið nr. 71 ~~xi~~ við Laufásveg. Gjald kr. 5.oo.

5. Jóni Víðis leyfðar breytingar á húsinu nr. 17 við Þórsgötu. Gjald kr. 10.oo.

6. Olíuverzlun Íslands leyfðar breytingar á bifreiðastöð við Lækjartorg. Stækkunin nemur 10.72 ferm. Gjald kr. 5.oo. Jafnframt ákveður nefndin að öll byggingin standi 63 metra frá nnúverandi húsalínu við Lækjartorg. Sama kvöð hvílir á þessari viðbót og hinu upprunalega leyfi.
Borgarstjóri skýrði frá að hann hefði fengið erindi frá ráðuneytinu til umsagnar, þar sem kært er yfir að þessi bifreiðarstöð hefir verið leyfð, og að hann hefði sent ráðuneytinu umsögn sína.

7. H/f Völundi synjað um leyfi til að stækka timburhús á lóð félagsins.

8. Lagt fram bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, dags. 26. okt. s.l., bréfið er svohljóðandi:
"Ráðuneytið hefir ídag ritað formanni Stúdentagarðsnefndarinnar bréf svo hljóðandi:
"Eftir móttöku bréfs yðar, hr. formaður, dags. 27. f.m., og samkvæmt meðmælum bæjarstjórnar Reykjavíkur, veitir ráðuneytið hér með samkvæmt 3. gr. byggingarsamþykktar~~innar~~ fyrir Reykjavík, nr. 68, 7. sept. 1903 leyfi til að hinn fyrirskipaði stúdentagarður megi byggjast samkvæmt þeim uppdrætti, er lá fyrir byggingarnefnd Reykjavíkur 1. þ. m. og sem samþykktur var af bæjarstjórninni 20. f.m."
Þetta tilkynnist yður, herra borgarstjóri,hérmeð.
Stærð stúdentagarðsins er 592.3 ferm. að flatarmáli. Gjald kr. 533.oo.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9. Synjað um leyfi til að skipta lóðinni nr. 4 við Smiðjustíg.

10. Synjað um leyfi til að skipta lóðinni nr. 4 við Brekkustíg.

11. Samþykkt að skipta lóðinni nr. 19 við Ásvallagötu í tvær lóðir. Verður sá hluti lóðarinnar, sem liggur að Ásvallagötu 155.3 ferm. að flatarmáli, og telst framvegis nr. 19 við þá götu. Hinn hlutinn, sem að mestu liggur að Blómvallagötu, verður 229.7 ferm. að flatarmáli, og telst nr. 10 við þá götu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K.Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Kjartan Ólafsson. Pétur Ingimundarson. Þorl.Ófeigsson. Kristinn Sigurðsson. Sigurður Ólafsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1928, laugardaginn 15. desember, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Ólafi Gunnlaugssyni leyft að byggja tveggja hæða íbúðar- og verzlunarhús, úr steinsteypu, á lóðinn nr. 15 við Ránargötu. Stærð 100.2 m2. Gjald kr. 60.oo.

2. Hallgrími Benediktssyni leyft að byggja tveggja hæða íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 1 við Fjólugötu. Stærð 134.3 m2. Gjald kr. 109.oo.
Byggingarleyfi veitt 16. júní, 1928 fellur úr gildi.

3. Júlíönu Sveinsdóttur leyft að setja kjallara undir hús sitt nr. 72 við Bergstaðastræti. Gjald kr. 6.oo.

4. Sigríði Húnfjörð synjað um leyfi til að hafa íbúð í kjallara hússins nr. 82 við Njálsgötu.

5. Lúther Hróbjartssyni synjað um leyfi til að hafa íbúð í kjallara hússins nr. 80 við Njálsgötu.

6. Sveini Jónssyni synjað um breytingu á þakhæð hússins nr. 21 við Barónsstíg.

7. Einari Jónssyni synjað um leyfi til að gera íbúð í kjallara hússins nr. 69 við Njálsgötu.

8. Þórunni Stefánsdóttur Ásvallagötu nr. 2,synjað um leyfi til að innrétta hanabjalkaloft sama húss, vegna þess að upplýst er að loftið á að nota til íbúðar.

9. Halldóri Eiríkssyni synjað um leyfi til að gera geymsluskúr á lóðinni nr. 22 við Hafnarstræti.

10. Arinbirni Sveinbjarnarsyni leyft að setja ytri hurðir á framhlið hússins nr. 41 við Laugaveg. Gjald kr. 5.oo.

11. Arnfríði Stefánsdóttur leyfðar breytingar á húsinu nr. 2 við Laufásveg. Gjald kr. 5.oo.

12. Samþykktar glugga- og dyrabreytingar á húsinu nr. 8 við Frakkastíg. Gjald kr. 10.oo.

13. Samþykkt að skipta mégi lóðinni nr. 4 við Brekkustíg í tvær lóðir, þannig, að suðurhlutinn 8.20 með götu verði sérstök lóð, er teljist nr. 4A við Brekkustíg, og hafi aðgang að baklóðinni um lóðina nr. 4.

14. Nefndin fellst á að myndastytta af Hannesi Hafstein ráðherra, verði sett á lóðarskákina austanvert við Tjarnargötu



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

andspænis ráðherrabústaðnum, enda verið lagt fyrir byggingarnefndina uppdráttur af fótstalli og fyrirkomulagi kring um myndina.

15. Samþykkt tölusetning húsa við Laugaveg frá Barónstíg austur að kaupstaðarlóðamörkum.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Þorl.Ófeigsson. Kjartan Ólafsson. Kristim Sigurðsson. Sigurður Pétursson. Pétur Ingimundarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1928, laugardaginn 29 desember, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Halldóri Eiríkssyni leyft að byggja bráðabirgðaskúr úr steinsteypu, á lóðinni nr. 22 við Hafnarstræti. Stærð 8.9 ferm. Gjald kr. 5.00.

Leyfið er veitt með því skilyrði að skúrinn verði rifinn niður, bænum að kostnaðarlausu, hvenær sem byggingarnefnd krefst þess, með þriggja mánaða fyrirvara.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Guðm.Ásbjornsson. Pétur Ingimundarson.
Kjartan Ólafsson. Þorl.Ófeigsson. Kristinn Sigurðsson.
Sigurður Pétursson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1929, laugardaginn 12. janúar, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Leyfðar breytingar á húsinu "Nýborg" við Skúlagötu. Gjald kr. 5.oo.

2. Tómasi Tómassyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 8 við Bárugötu. Stærð 98.48 ferm. Gjald kr. 89.oo.

3. Sambykkt að byggja steinsteypuskúr við húsið nr. 21B við Bergstaðastræti. Stækkunin nemur 9.49 ferm. Gjald kr. 5.oo.

4. Stefáni Gunnarssyni leyfðar breytingar á bakhæð hússins nr. 12 við Austurstræti. Gjald kr. 5.oo.

5. Guðm. M. Björnssyni leyft að byggja bifreiðaskýli, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 25 við Skólavörðustíg. Stærð 17.82 ferm. Gjald kr. 5.oo.

6.ØØ Øgmundi Guðmundssyni leyfðar breytingar á kjallara hússins nr. 23 við Barónsstíg. Gjald kr. 5.oo.

7. Samb. ísl. samvinnufél. synjað um leyfi til að stækka bifreiðarskúr, á lóðinni nr. 17 við Rauðarárstíg.

8. Sveini Jónssyni leyfðar breytingar á bakhæð hússins nr. 21 við Barónsstíg. Gjald kr. 5.oo.

9. Þorsteini Þorsteinssyni leyft að byggja bráðabirgðaskýli, úr timbri, á lóð sem hann hefir fengið lánaða við Lágholtsveg. Stærð 35.6 ferm. Gjald kr. 11.oo.

10. Lagt fram erindi frá Guðm. Einarssyni um að fá leyfi til að setja upp leirbrennslu í húsi Listvinafélagsins við Skólavörðustíg. Nefndin er mótfallin því að slíkt leyfi sé veitt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Pétur Ingimundarson. Þorl. Ófeigsson. Kristinn Sigurðsson. Sigurður Pétursson. Guðm.Ásbjörnsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1929, laugardaginn 2. febrúar kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Einari Eyjólfssyni leyft að byggja tvílyft íbúðar- og verzlunarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 1 við Týsgötu. Stærð 177.63 ferm. Gjald kr. 150.00.

2. Soffíu Jakobsen leyfðar breytingar á húsinu nr. 9 við Austurstræti. Gjald kr. 15.00.

3. Magnúsi Th. S Blöndahl leyft að setja glugga á kjallara hússins nr. 6B við Lækjargötu. Gjald kr. 5.00.

4. Tryggva Siggeirssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 4 við Smiðjustíg. Stærð 122.4 ferm. Gjald kr. 67.00.

5. Leyft að breyta /gluggum á kjöllurunum húsanna nr. 20 og 20B við Óðinsgögtu. Gjald kr. 10.00.

6. Bæringi Elíssyni leyft að byggja þrílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 132 við Laugaveg. Stærð 89 ferm. Gjald kr. 73.00.

7. Gunnari E. Kvaran leyft að gera þvottaskúr á lóðinni nr. 21 við Vesturgötu. Stærð 24 ferm. Gjald kr. 6.00.

8. Leyfðar breytingar á kvistgluggum á húsunum nr. 9 og 11 við Hafnarstræti. Gjald kr. 10.00.

9. Páli Ólafssyni leyft að byggja einlyft, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 4 við Sólvallagötu. Stærð 96.6 ferm. Gjald kr. 71.00.

10. Gunnl. Þ. Sigurðssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á erfðafestulandinu Þvottalaugabletti XXXI. Stærð 90 ferm. Gjald kr. 48.00.
Leyfið er veitt að tilskildu samþykki bæjarstjórnar til að byggja í erfðafestulandinu.

11. Paul Smith leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 75 við Bergstaðastræti. Stærð 159.55 ferm. Gjald kr. 135.00.
Jafnframt er felt úr gildi byggingarleyfi veitt á fundi nefndarinnar 15. sept. 1928, til að byggja á sömu lóð.

12. Jóhannesi Hjartarsyni leyft að gera viðbyggingu við húsið nr. 27 við Vesturgötu. Stærð 38.7 ferm. Gjald kr.19.00.

13. Valdimar Guðmundssyni leyft að gera bifreiðarskýli á á lóðinni nr. 34 við Túngötu. Stærð 17.93 ferm. Gjald kr.5.00.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. H.f. Fiskimjöl leyft að byggja þurkhjall á leigulandi Jes Zimsen við Klett. Stærð 260 ferm. Gjald kr. 180.oo.
Jafnframt fellur úr gildi byggingarleyfi veitt 28.október 1928, til að reisa byggingar á sömu lóð.

15. Valgerði Pálmadóttur leyft að stækka íbúðarhúsið Litla-Melstað í Bráðræðisholti um 13.72 ferm. Gjald kr. 5.oo.

16. Valgerði Pálmadóttur leyft að gera bráðabirgðaþvottaskúr, ur timbri, á Litla-Melstað. Stærð 10.83 ferm. Gjald kr. 6.oo.
Leyfið er veitt með því skilyrði, að skúrinn verði rifinn niður, hvenær sem byggingarnefnd krefst þess með þriggja mánaða fyrirvara.

17. Þórði Þórðarsyni leyft að byggja þvotta- og bifreiðaskýli, úr steini, á lóðinni nr. 45 við Laugaveg. Stærð 33.68 ferm. Gjald kr. 8.oo.
Leyfið er veitt með því skilyrði að girðing verði sett í götulínu Frakkastígs.

18. Synjað um leyfi til að skipta lóðinni nr. 8 við Bergþórugötu í tvær lóðir.

19. Samþykkt skipti á lóðinni nr. 148 við Hringbraut, þannig, að hornlóðin verður 317.6 ferm. að flatarmáli, en norður hlutinn verður 256 ferm. og telst nr. 4 við Brávallagötu.

20. Samþykkt að viðurkenna til að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík:
133. Sæmund Tómasson, trésm. Vonarstræti 12.
134. Ólaf Guðmundsson, trésmið, Njarðargötu 29.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Guðm.Ásbjörnsson. Sigurður Pétursson.
Kristinn Sigurðsson. Þorl.Ófeigsson. Pétur Ingimundarson.
Kjartan Ólafsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1929, laugardaginn 16. febrúar kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Guðmundi Guðmundssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 1 við Kárastíg. Stærð 160.5 ferm. Gjald kr. 142.00.

2. Guðsteini Eyjólfssyni synjað um leyfi til að byggja þrílyft íbúðarhús á lóðinni nr. 34 við Laugaveg..

3. Sophy Bjarnason leyft að byggja þrílyft íbúðar- og verzlunarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 17 við Vesturgötu. Stærð 108.84 ferm. Gjald kr. 121.00.

4. Boga Þórðarsyni leyft að byggja þrílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 82 við Laugaveg. Stærð 196.79 ferm. Gjald kr. 176.00.

5. Carl Olsen leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 14 við Túngötu. Stærð 231.64 ferm. Gjald kr.192.00.

6. Jóhönnu Þorsteinsson leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð úr Olsenstúni. Stærð 87.72 ferm. Gjald kr.68.00.

7. Hans Hoffmann leyfðar breytingar á framhlið hússins nr. 38 við Laugaveg. Gjald kr. 10.00.

8. Skúla Þorkelssyni og Hans Steinssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 13 við Framnesveg. Stærð 83.3 ferm. Gjald kr. 83.00.

9. Stefáni Þorlákssyni leyfðar breytingar á húsinu nr. 33 við Sólvallagötu. Gjald kr. 24.00.

10. Hjalta Lýðssyni leyfðar breytingar á bakhúsinu nr. 50B við Grettisgötu. Gjald kr. 5.00.

11. Meyvant Sigurðssyni leyft að byggja bifreiðarskýli, úr steinsteypu, á lóðinni nr.112 við Hverfisgötu. Stærð 19.5 ferm. Gjald kr.5.00.

12. Huldu Þorsteinsson leyfðar breytingar á húsinu nr. 4 við Brávallagötu. Gjald kr. 5.00.

13. Benedikt Gröndal leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 79 við Bergstaðastræti. Stærð 88.0 ferm. Gjald kr. 58.00.

14. Birni Björnssyni leyft að gera viðbyggingu, úr stein-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

steypu, við húsið nr. 4 við Vallarstræti. Stærð 2.99 ferm. Gjald kr. 5.oo.

15. Ingimar Brynjólfsson & Kvaran og Elísabet Kristjánsdóttur Foss sækja um leyfi til að fella burtu hluta af eldvarnarvegg milli húsanna nr. 9 og 11 við Hafnarstræti, og til vara að nefndin mæli með undanþágu við ráðuneytið. Nefndin vill ekki verða við þessari beiðni.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm.Ásbjörnsson. Kristinn Sigurðsson.
Pétur Ingimundarson. Kjartan Ólafsson. Sigurður Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1929, laugardaginn 2. marz, kl. 4 sí degis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Guðsteinn Eyjólfsson biður um leyfi til að byggja þrílyft hús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 34 við Laugaveg. Nefndin vill ekki veita þetta leyfi, nema lóðareigandi skuldbindi sig til að kaupa baklóðina nr. 34B fyrir matsverð eigi síðar en hús það, sem nú er á lóðinni hverfur burtu, og hvílir þetta, sem kvöð á eigninni nr. 34.

2. Jónatan Þorsteinssyni & Co. synjað um leyfi til að byggja þriggja hæða hús, á lóðinni nr. 84 við Laugaveg, með vinnustofu fyrir bifreiðaviðgerðir á annari hæð.

3. Matthíasi Lýðssyni leyft að byggja eina hæð úr steinsteypu, ofan á hús hans nr. 2 við Fálkagötu. Gjald kr. 17.oo.

4. Einari Jónssyni Laugaveg 145 leyft að gera bakdyr á kjallara á húsi hans sama stað. Gjald kr. 5.oo.

5. Sigríði Húnfjörð leyft að setja kvist á bakhlið hússins nr. 82 við Njálsgötu. Gjald kr. 5.oo.

6. Ásgeir Magnússyni og Skúla Árnasyni, leyfðar breytingar á húsi þeirra við Hrannarstíg nr. 3. Gjald kr. 10.oo.

7. Stefani Einarssyni synjað um stækkun á vinnuskúr hans, á lóðinni nr. 78 við Hverfisgötu.

8. Stefáni Einarssyni leyft að byggja þrílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 4 við Lindargötu. Gjald kr. 98.oo. Stærð hússins er 116.7 m².

9. Ogmundi Hanssyni leyft að byggja einlyft timburhús, á lóðinni nr. 1 við Fálkagötu, sem hann fær á leigu hja Reykjavíkurbæ. Stærð 33 m². Gjald kr. 9.oo.

10. Jóni Jónssyni leyfðar breytingar á húsinu nr. 38 við Bárugötu. Gjald kr. 5.oo.

11. Bjarna Jenssyni synjað um leyfi til að gera breytingar á innréttingu á húsi hans Kárastíg nr. 11.

12. Ásgeiri Sigurðssyni leyft að gera blómahús á lóðinni nr. 12 við Suðurgötu. Gjald kr. 7.oo.

13. Sigurði Benediktssyni leyft að byggja til bráðabirgða einlyft íbúðarhús, úr timbri, stærð 56.58 m²., á lóð, sem hann fær lánaða hjá bænum við Lágholtsveg. Leyfið er veitt með því skilyrði, að húsið verði tekið í burtu hvenær sem byggingarnefnd krefst þess, með þriggja mánaða fyrirvara, bænum að kostnaðarlausu. Húsið standi í stefnu við Háholt. Gjald kr.19.oo.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Svensk- íslenzka félaginu/ frystihúsfélaginu/ leyfðar breytingar og stækkun á húsi félagsins við Ingólfsstræti. Stækkunin nemur 69.35 m2. Gjald kr. 25.oo.

15. Samþykkt að leyfa breytingu á gluggum á framhlið hússins nr. 4 við Lækjargötu. Gjald kr. 5.oo.

16. Birni Arnórssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr timbri, á erfðafestulandi hans Laugamýrarbletti nr.12. Stærð 77.08 m2. Gjald kr. 48.oo.

16. Samþykkt skipting á milli lóðanna nr. 2 og nr. 4 við Sólvallagötu, þannig að lóð nr. 2 verði 20 metrar meðfram götunni, og lóð nr. 4 verður 22.2 með götu, en dýpt beggja lóðanna verður 29.05 .

18. Byggingarfulltrúinn gerði fyrirspurn um, hvort byggingarnefndin vildi leyfa að nota Ikopalpappa á húsþök hér í bænum, sem yztu klæðningu. Nefndin svarar þessari fyrirspurn neitandi.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Þorl.Ófeigsson. Kjartan Ólafsson. Kristinn Sigurðsson. Sigurður Pétursson. Pétur Ingimundarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1929, laugardaginn 16. marz, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Jóni Eyþórssyni og Sveinbirni Jónssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 3 við Marargötu. Stærð 114 m$^2$. Gjald kr. 120.oo.

2. Valtý Stefánssyni leyfð stækkun og breyting á húsi hans nr. 69 við Laufásveg. Stækkunin nemur 6.98 m$^2$. Gjald kr. 10.oo.

3. Fiskimjöl H/f. leyft að byggja mjölgeymsluhús, úr timbri og járni, á leigulandi Jes Zimsen á Kletti. Stærð 486 m$^2$. Gjald kr. 126.oo.

4. Páli Magnússyni leyft að byggja einlyft hús, úr timbri, á erfðafestulandi hans, Norðurmýrarbletti nr. 14. Stærð 34.8 m$^2$. Gjald kr. 10.oo.

5. Sigurði Guðbrandssyni leyft að innrétta eitt herbergi í kjallara hússins nr. 19 við Barónsstíg. Gjald kr. 5.oo.

6. Jóhönnu Þorsteinsson leyfðar breytingar á húsi hennar nr. 27 við Ægisgötu. Gjald kr. 5.oo.

7. Samþykkt skipting á lóðunum Eystra-Gíslaholt og nr. 4 og 6 við Bræðraborgarstíg, samkvæmt framlögðum uppdrætti og bréfum.

8. Sverri Sverrissyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð hans nr. 44 við Ránargötu. Stærð 86.2 m$^2$. Gjald kr. 46.oo. Lóð þessi er skipt úr lóðum þeim, sem rætt er um í næsta lið á undan, og er 210.2 m$^2$. að flatarmáli.

9. Unni Pétursdóttur leyft að hækka húsið nr. 12 við Miðstræti. Gjald kr. 90.oo.

10. Grími Jónssyni leyft að setja ris, á skúr á lóðinni nr.124 við Laugaveg. Gjald kr. 5.oo.

11. Bæringi Elíssyni leyfðar breytingar á húsi hans nr. 132 við Laugaveg. Gjald kr. 10.oo.

12. Sigurði Þ. Jónssyni leyft að byggja þvotta- og geymsluskúr, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 62 við Laugaveg. Stærð 19.44 m$^2$. Gjald kr. 6.oo.

13. Sigurði Guðmundssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús (sumarbústað), úr timbri, á Laugarásbletti nr. 8. Stærð 36.8 m$^2$. Gjald kr. 11.oo.

14. Einari og Gunnari Kvaran leyft að byggja tveggja hæða



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 9 við Sóleyjargötu. Stærð 171.5 m$^2$. Gjald kr. 160.oo.

15. Pétri Guðmundssyni leyft að byggja tveggja hæða íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 18 við Klapparstíg. Stærð 167.75 m$^2$. Gjald kr. 141.oo.

16. Tómasi Tómassyni leyfð breyting á kvisti, á framhlið hússins nr. 8 við Bárugötu. Gjald kr. 5.oo.

17. Valdimar Þorsteinssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðunum nr. 31 og 33 við Barónsstíg. Stærð 189 m$^2$. Gjald kr. 128.oo.

18. Jóni Jónssyni leyfð breyting á kvisti á bakhlið hússins nr. 38 við Bárugötu. Gjald kr. 5.oo.

19. Júlíusi Árnasyni leyft að byggja þrílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 8 við Týsgötu. Stærð 122.8 m$^2$. Gjald kr. 135.oo.

20. Richardi Torfasyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 10 við Bárugötu. Stærð 98.47 m$^2$. Gjald kr. 89.oo.

21. Guðsteini Eyjólfssyni leyft að byggja þrílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 34 við Laugaveg. Stærð 161 m$^2$. Gjald kr. 210.oo (210.oo).

22. Guðmanni Hróbjartssyni leyft að byggja tveggja hæða íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 17 við Bárugötu. Stærð 118.16 m$^2$. Gjald kr. 126.oo.

23. Ráðuneytið tilkynnir, að það hafi eftir atvikum, veitt leyfi til, að fella megi burtu fremsta hluta eldvarnarveggjar í ytri forstofu húseignarinnar nr. 9 og nr. 11 við Hafnarstræti. Veitist því leyfi samkvæmt þessum úrskurði. Gjald kr. 10.oo.

Fleira eikki gert. Fundi slitið.

Guðm.Ásbjörnsson. Sigurður Péturson. ÞorlLÓfeigsson.
Pétur Ingimundarson. Kristinn Sigurðsson. Kjartan Ólafsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1929, laugardaginn 23. marz, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Borgarstjóri lagði fram bréf frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, þar sem það beiðist umsagnar hans, um kvörtun skipulagsnefndar, útaf byggingu ~~skipulagsnefndar~~ bakhúsa. Rætt um málið og borgarstjóra falið að svara kvörtuninni.

2. Jóni Sigurðssyni leyft að gera til bráðabirgða, viðbyggingu við smiðjuhús á Laugavegi nr. 54. Stærð 25 $m^2$. Gjald kr. 7.oo.

3. Vilhelm Steinsen leyft að byggja þvottahús og geymslu úr steinsteypu, á leigulóð hans nr. 27A við Freyjugötu. Stærð 24.21 $m^2$. Gjald kr. 5.oo.

4. Sigurgeir Jónssyni og Sveini Ásmundssyni leyft að stækka vinnustofu á lóðinni nr. 78 við Hverfisgötu, en það skilyrði er sett, að allur skúrinn verði rifinn þegar byggingarnefnd krefst þess, með þriggja mánaða fyrirvara, og ekki síðar en þegar nýtt hús verður byggt á framlóðinni. Stækkunin nemur 58.52 $m^2$. Gjald kr. 15.oo.

5. K.Jacobsson og W.Sigurðsson leyft að byggja tveggja hæða íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð sem þeir kaupa úr biskupstúni. Stærð hússins er 141.22 $m^2$. Gjald kr. 125.oo.

Á fund vantaði Þorlák Ófeigsson.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Guðm.Ásbjörnsson. Kjartan Ólafsson. Pétur Ingimundarson. Sigurður Pétursson. Kristinn Sigurðsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1929, laugardaginn 30. marz, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Mjólkurfélagi Reykjavíkur leyft að byggja þrílyft verzlunarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 5 við Hafnarstræti. Stærð 763.5 m². Gjald kr. 1195.oo.

2. Jónatan Þorsteinsson & Co. leyft að byggja þriggja hæða verzlunar- og íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 84 við Laugaveg. Stærð 125.5 m². Gjald kr. 142.oo.

3. Haraldi Guðmundssyni leyft að byggja tveggja hæða íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 7 við Ásvallagötu. Stærð 87.75 m². Gjald kr. 75.oo.

4. Haraldi Guðmundssyni leyft að byggja tveggja hæða íbúðarhús, úr steinsteinsteypu, á lóðinni nr.9 við Ásvallagötu. Stærð 87.75 m².Gjald kr. 75.oo.

5. Ögmundi Sigurðssyni leyft að byggja tveggja hæða íbúðarhús úr steinsteypu, á lóðinni nr. 8 við Ljósvallagötu.Stærð 153.6 m². Gjald kr. 166.oo.

6. Hrefnu Sigurjónsdóttur leyft að byggja tveggja hæða íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 65 við Bergstaðastræti. Stærð 128.3 m². Gjald kr. 140.oo.

7. Einari Arnórssyni leyft að byggja bifreiðarskúr, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 25 við Laufásveg. Stærð 28 m². Gjald kr. 7.oo.

8. Pálma Einarssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús og fjós á Þvottalaugabletti nr. 36. Stærð 129.28 m². Gjald kr. 81.oo.

9. Árna Ólafsson synjað um leyfi til að skipta lóðinni nr. 27 við Sólvallagötu.

Á funs vantaði Þorlák Ófeigsson og Kjartan Ólafsson.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K.Zimsen. Pétur Ingimundarson. Kristinn Sigurðsson.
Guðm.Ásbjörnsson. Sigurður Pétursson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1929, laugardaginn 6. apríl kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Margréti Halldórsdóttur leyft að byggja einlyft hús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 28 við Klapparstíg. Stærð 130.35 m2. Gjald kr. 66.oo.

2. Gunnhildi Árnadóttur leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 5 við Marargötu. Stærð 139.92 m2. Gjald kr. 139.oo.

3. Pétri Ingjaldssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 4 við Marargötu. Stærð 108.15m2. Gjald kr. 92.oo.

4. Steingrími Arasyni leyft að hækka og stækka hús hans nr. 50A við Bergstaðastræti. Stækkunin nemur 25.6 m2.Gjald kr. 55.oo.

5. Sæmundi Magnússyni leyft að stækka og hækka hús hans nr. 8 við Bergþórugötu. Stækkunin nemur 17.5 m2. Gjald kr. 31.oo. Það skilyrði er sett fyrir leyfinu, að húseigandi skuldbindi sig til að leigja eða kaupa baklóðina nr. 8B, þegar hús það sem nú er á lóðinni hverfur af henni, og hvílir þetta sem kvöð á eigninni.

6. Tekið fyrir kirkjugarðsmálið. Byggingarnefndin leggur til við bæjarstjórnina, að hún ákveði hinum nýja kirkjugarði stað í Fossvogi, vestan Reykjanesbrautar, fyrst um sinn niður að fyrirhuguðu járnbrautarstæði.

7. Framlögð beiðni um leyfi til að hafa Icopal-pappa, á þak hússins nr. 73 við Laufásveg. Byggingarnefndin vill eftir atvikum veita hið umbeðna leyfi, en felur jafnframt borgarstjóra að gefa Birni Rögnvaldwsyni, trésmið, sem var viðurkendur smiður við bygginguna, áminningu út af því, að hann hefir lagt Icopalpappa á þakið, án heimildar frá byggingarnefndinni, og tilkynna honum, að brjóti hann aftur ákvæði byggingarsamþykktarinnar, megi hann búast við, að viðurkenningin verði tekin af honum. Jafnframt gerir nefndin þá ákvörðun viðvíkjandi notkun Icopalpappa, að leyfilegt skuli framvegis að nota hann á þök á steinhúsum í sundurlausum byggingum, sem eru minni en 200 fermetrar að flatarmáli, og standi að minnsta kosti 20 metra frá næsta húsi á næstu lóð.
Slökkviliðsstjóri er mótfallinn þessari ályktun.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K.Zimsen. Þorlákur Ófeigsson, með fyrirvara. Kristinn ~~Pétur Ingimundarson.~~ Sigurðsson. Pétur Ingimundarson. Sigurður Pétursson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1929, laugardaginn 13. apríl kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Stjórn Elliheimilisins Grund leyft að byggja tvílyft elliheimili, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 150 við Hringbraut. Stærð 879.28 $m^2$. Gjald kr. 740.oo. Jafnframt fellur úr gildi leyfi veitt 30. júní 1928.

2. Samþykkt að endurnýja byggingarleyfi samþykktu 30. apríl 1927, til að stækka húsið nr. 60 við Bergstaðastræti. Skilyrði, að efsta gólf sé gert úr steinsteypu. Gjald kr.5.oo.

3. Geiru Zakaríasdóttur og Ásgeiri Jónssyni leyft að byggja bifreiðarskúr, á lóð þeirra nr. 18 Sólvallagötu. Gjald kr.6.oo. Stærð skúrsins er 25.o$m^2$. og verður hann byggður úr steinsteypu.

4. Gesti Guðmundssyni leyft að hækka og stækka gripahús, á erfðafestulandinu Reykjahlíð í Norðurmýri. Stækkunin nemur 11.34 $m^2$. Gjald kr. 10.oo.

5. Jóhannesi Jónssyni leyft að stækka skúr við hús hans nr. 9 við Framnesveg. Stækkunin nemur 4.18 $m^2$. Gjald kr.5.oo.

6. Sólveigu Ólafsdóttur leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 73 við Njálsgötu. Stærð 87.5 $m^2$. Gjald kr. 68.oo.

7. Elínu Zöega leyft að setja kvist á bakhlið hússins nr. 56 við Laugaveg. Gjald kr. 5.oo.

8. Oliuverzlun Íslands leyft að byggja afgreiðsluskúr, úr timbri, á lóðinni nr.      sem hún hefur fengið við höfnina, á horni Tryggvagötu og Grófarinnar. Stærð 19.54 $m^2$. Gjald kr. 5.oo. Leyfið er veitt með því skilyrði, að skúrinn verði rifinn þegar byggingarnefnd krefst þess, með þriggja mánaða fyrirvara.

9. Þórði Þórðarsyni og Stefáni Þórðarsyni leyft að breyta þaki á húsinu nr. 81 við Laugaveg. Gjald kr. 10.oo.

10. Sigurbirni Þorkelssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni horni á Njarðargötu og framhald Nönnugötu. Stærð 93.5 $m^2$. Gjald kr. 91.oo.

11. Leyft að gera viðbyggingu við Landakotsspítala, að stærð 74.64 $m^2$. Gjald kr. 32.oo.

12. Einari Eyjólfssyni leyft að breyta þaki á húsinu nr. 1 við Tysgötu. Gjald kr. 25.oo.

13. Pétri Hjaltested leyft að breyta framhlið hússins nr.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

23 við Laugaveg. Gjald kr. 5.oo.

Fleira ekki gert.

Á fund vantaði K. Zimsen borgarstjóra.

Funsi slitið.

Guðm.Ásbjörnsson. Þorl.Ófeigsson. Kjartan Ólafsson.
Sigurður Pétursson. Kristinn Sigurðsson. Pétur Ingimundarson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1929, laugardaginn 20. apríl, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Jóni Eyþórssyni leyft að byggja sumarhús, úr timbri, á erfðafestulandi hans Laugarásbletti nr. 1. Stærð 39.5 ferm. Gjald kr. 12.oo.

2. Bjarna Sæmundssyni leyft að byggja skýli yfir forstofutröppur við Þingholtsstræti 14. Stærð 6.1 m2. Gjald kr.5.oo.

3. Jakob Thorarensen leyft að byggja geymsluskúr, úr steinsteypu, á baklóðinni nr. 2A við Skálholtsstíg. Stærð 25.5 m2. Gjald kr. 6.oo.

4. Steingrími Guðmundssyni leyft að byggja þrílyft íbúðarhús, úr steinsteypu. Stærð 90 m2. Gjald kr. 71.oo. Lóðin er nr. 148 við Laugaveg.

5. Ólafi Þorsteinssyni leyft að breyta skúr, á lóðinni nr. 10 við Lækjargötu. Gjald kr. 5.oo.

6. Eyvindi Árnasyni synjað um leyfi til að byggja vagnskýli, á lóðinni nr. 52 við Laufásveg.

7. Geiru Zoponíasdóttur og Ásgeiri Jónssyni leyft að setja kvist á húsið nr. 18 við Sólvallagötu, og innrétta þakhæð hússins. Gjald kr. 10.oo.

8. Konráði Konráðssyni synjað um leyfi til að byggja þrílyft steinsteypuhús, á lóðinni nr. 21 við Þingholtsstræti, með því að byggingin kemur í bága við skipulag bæjarins.

9. Samþykkt að skipta megi lóðinni nr. 4 við Smiðjustíg í tvær lóðir, þannig að forlóðin verði 18 metrar á dýpt frá götu, en baklóðin sérstök lóð 176.1 m2. og teljist nr. 4A við Smiðjustíg, og hafi hún gangrétt yfir lóðina nr. 4.

10. Samþykkt að viðurkenna til að standa fyrir húsasmíði í Reykjavík:
135. Þorkel Ásmundsson, Bjarkargötu 10.

11. Samþykkt tölusetning húsa við Garðastræti. Verður nr. 3 húsið, sem talið hefur verið nr. 1, og Melshús við Kirkjugarðsstíg nr. 49.

12. Samþykkt tölusetning fjögurra lóða við Mjölnisveg ofanvert við Laugaveg nr. 44- 50 og er nr. 44 næst Laugaveginum.

Fundi slitið.

Fleira ekki gert.

K.Zimsen. Þorl.Ófeigsson. Kristinn Sigurðsson. Sigurður Pétursson. Kjartan Ólafsson. Guðm.Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1929, laugardaginn 27. apríl, kl. 4 e.m. var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Carli Ólsen leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr timbri, á erfðafestulandi hans, Laugamýrarbletti nr. III. Stærð 99.23 m2. Gjald kr. 76.oo.

2. Kristínu Torfason synjað um leyfi til að setja kvist á hús hennar nr. 14 við Stýrimannastíg.

3. Ólafi Theódórs leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 7 við Marargötu. Stærð 92 .7 m2. Gjald kr. 75.oo.

4. Huldu Þorsteinsson leyft að breyta gluggum á kjallara hússins nr. 148 við Hringbraut, og nr. 4 við Brávallagötu. Gjald kr. 10.oo.

5. Halli Hallssyni synjað um leyfi til að byggja þrílyft íbúðarhús, á lóðinni nr. 73 við Bergstaðasti.

6. Þorgrími Guðmundssyni leyft að stækka og hækka húsið nr. 82 við Hverfisgötu. Stækkunin nemur 49.90 m2. Gjald kr.92.oo. Skilyrði, að allir skúrar semnú eru á lóðinni, verði rifnir.

7. Sigurði Þorsteinssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 77 við Bergstaðastræti. Stærð 79.2 m2. Gjald kr. 60.oo.

8. Byggingarnefndin vill fyrir sitt leyti fallast á að skipta megi leigulóðinni nr. 30 við Baldursgötu í tvær lóðir, þannig, að austurhlutinn 10 metrar meðfram Freyjugötu, verði sérstök lóð, sem teljist nr. 14 við sömu götu.

9. Nefndin vill ekki verða við beiðni Helga Þ. Steinbergs, til að gera íbúðarhús á Arnarhólstúni neðantil.

10. Nefndin vill ekki verða við beiðni Guðmundar Bjarnasonar, um hækkun á húsinu nr. 4A við Amtmannstíg.

11. Byggingarnefndin leggur til, að gata í Skólavörðuholti austan Njarðargötu, næst fyrir austan Bergstaðastræti verði nefnd Fjölnisvegur og gatan þar fyrir ofan verði nefnd Sjafnargata, en bogna gatan frá Skólavörðutorgi niður á Barónsstíg hjá Landsspítalanum, verði nefnd Mímisvegur.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Guðm.Ásbjörnsson. Þorl.Ófeigsson. Kjartan Ólafsson. Pétur Ingimundarson. Sigurður Pétursson. Kristinn Sigurðsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1929, laugardaginn 4. maí, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Helga Eiríkssyni leyft að byggja þrílyft verzlunar- og íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 98 við Hverfisgötu. Stærð 126.4 m2. Gjald kr. 130.oo.

2. Magnúsi Helgasyni og Ásmundi Guðmundssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 75 við Laufásveg. Stærð 108 m2. Gjald kr. 87.oo.

3. Sigvalda Jónssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr timbri, á Sogabletti nr. III. Stærð 43.81 m2. Gjald kr.14.oo.

4. Þórði Stefánssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr timbri, á Sogabletti nr. x. Stærð 37 m2. Gjald kr.11.oo.

5. Einari Sigurðssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 18 við Ljósvallagötu. Stærð 92.7 m2. Gjald kr. 97.oo.

6. Evu Björnsson leyft að byggja bifreiðarskýli, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 67 við Laufásveg. Stærð 24.7 m2. Gjald kr. 5.oo.

7. Steingrími Jónssyni leyft að byggja bifreiðarskýli, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 73 við Laufásveg. Stærð 24.05 m2. Gjald kr. 5.oo.

8. Samþykkt að selja megi úr lóðinni nr. 4 við Bakkastíg 117.9 m2. er leggist við lóðina nr. 6 við sömu götu.

9. Samþykkt að skipta megi Mýrarholtslóðinni (nr. 6 við Bakkastíg) í þrjár lóðir, og verði tvær þeirra við væntanlegt framhald Nýlendugötu. Eystri lóðin 379.8 m2. og sú vestari 264.5 m2., en 499.2 m2. fylgir húsinu nr. 6 við Bakkastíg.

10. Kristni Jónssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóð við Nýlendugötu úr Mýrarholtslóð, næst við Bakkastíg. Stærð 109.25 m2. Gjald kr. 112.oo.

11. Guðmundi Kr. Guðmundssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 134 við Laugaveg. Stærð 75.65 m2. Gjald kr. 82.oo. Gangréttur inn á baklóðina, er um lóðina nr. 132.

12. Ríkisstjórninni leyft að hækka útbygginu við geðveikrahælið á Kleppi. Gjald kr. 12.oo.

13. Vilhjálmi Árnasyni og Guðjóni Guðmundssyni leyft að



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 31 við Bárugötu. Stærð 147 m². Gjald kr. 120.oo.

14. Samþykkt breyting á útbyggingu á Landakotsspítala. Gjald kr. 7.oo. Stækkunin nemur 19.55 m².

15. Richardi Torfasyni leyft að breyta veggsvölum á húsinu nr. 10 við Bárugötu. Gjald kr.5.oo.

16. Guðmundi Ásbjörnssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 9 við óskírða götu, í Skólavörðuholti. Stærð 116 m². Gjald kr. 136.oo.

17. Endurnýjað byggingarleyfi á husinu nr. 24 við Framnesveg. Gjald kr. 5.oo.

18. Jóni Ólafssyni synjað um leyfi til að setja port og ris á húsið nr. 6 við Amtmannsstíg.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen. Þorl.Ófeigsson. Guðm.Ásbjörnsson. Kristinn Sigurðsson. Pétur Ingimundarson. Sigurður Pétursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1929, laugardaginn 11. maí kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Steingrími Arasyni leyft að breyta gluggum á húsi hans nr. 50A við Bergstaðastræti. Gjald kr. 5.oo.

2. Guðmundi Jónssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 5A við Ránargötu. Stærð 74.26 m2. Gjald kr. 78.oo.

3. Árna Benediktssyni og Eiríki Jónssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 7 við Ránargötu. Stærð 74.26 m2. Gjald kr. 78.oo..

4. Bræðrunum Ormsson leyfðar breytingar á húsinu nr. 13 við Baldursgötu. Gjald kr. 10.oo.

5. Samþykkt að stækka megi lóð Jóhannesar Magnússonar og Halldórs Eiríkssonar, í tvær lóðir, þannig að syðri lóðin verði 10.3 metrar meðfram götu, en hin nyrðri verði 10.7 metrar.

6. Lagt fram bréf allsherjarnefndar neðri deildar(Alþingis), dags. 11. maí, þar sem beiðst er umsagnar byggingarnefndar um frumvarp til laga úm íbúðir í kjöllurum. Nefndin kom sér saman um að svara erindinu, sem hér segir:
Byggingarnefndin telur ekki rétt, að banna algerlega íbúð í kjöllurum, en álítur að takmarka eigi íbúðarkjallara við að gólf liggi ekki meira en 60 cm. undir jarðlínu, á þeirri hlið hússins, sem íbúðin er í. Ennfremur þarf að ákveða að lofthæð sé minnst 2.50 m., og mætti setja þessi ákvæði inn í 2. gr. frumvarpsins, en 1. gr. falli burtu. Í 2. gr. 4.lið þyrfti að bæta við krofu um að rakavarnalag sé í öllu gólfinu og veggjum og að séð verði fyrir sæmilegri loftræstingu í íbúðarherbergjum.
Loks þarf að setja í lögin viðurlög, ef brotin eru ákvæði þeirra.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K. Zimsen. Þorl.Ófeigsson. Kjartan Ólafsson. Guðm. Ásbjörnsson. Kristinn Sigurðsson. Sigurður Pétursson. Pétur Ingimundarson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1929, laugardaginn 18. ~~maíxxxxgxs~~ maí, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Jóni Sigurðssyni leyft að stækka skúr, a lóðinni nr. 54 við Laugaveg. Stækkunin nemur 5.4 m2. Gjald kr. 5.oo.

2. Magnúsi Sæmundssyni leyft að setja glugga á kjallara hússins nr.13 við Skólavörðustíg. Gjald kr. 5.oo.

3. Magnúsi Sæmundssyni leyft að byggja geymsluskúr, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 13A við Skólavörðustíg. Stærð 35.2 m2. Gjald kr. 9.oo.

4. Jóni Bjarnasyni leyft að byggja geymsluskúr, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 13A við Skólavörðustíg. Stærð 35.2 m2. Gjald kr. 9.oo.

5. Ludvig Storr leyft að byggja viðbót við steinsteypuhúsið nr. 15 við Laugaveg, að stærð 156.4 m2., og verður jafnframt gamla timburhúsið á lóðinni rifið. Gjald kr. 240.oo. Fyrir leyfinu eru sett þau skilyrði, að húseigandi skuldbindi sig til þess, að kaupa á sýnum tíma lóð til viðbótar við lóð sína, úr eignunum nr. 4A við Smiðjustíg og nr. 17 við Laugaveg og til þess að breyta ~~t/n/x/l/~~ framhlið gamla hússins, í samræmi við framhlið nýja hússins. Borgarstjóra falið að ganga frá samningum um þessi efni.
Leyfi þetta er veitt með hliðsjón af fundargerð samvinnunefndar, um skipulag, 19. apríl síðastliðinn, hvað breidd hússins snertir.

6. Jóhönnu Þorsteinsson leyft að setja veggsvalir á húsið nr. 27 við Ægisgötu. Gjald kr. 5.oo.

7. Sighvati Gíslasyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr timbri, í Langholtsbletti nr XI. Stærð 54.28 m2. Gjald kr. 18.oo.

8. Halli Hallssyni synjað um leyfi til að byggja íbúðarhús, á lóðinni nr. 73 við Bergstaðastræti.

9. Andrési Andréssyni leyft að gera nokkrar breytingar á húsinu nr. 3 við Laugaveg. Gjald kr. 5.oo.

10. H/f. Fiskimjöl leyft að hækka fiskimjölsgeymsluhús, á Kletti við Lauganes. Gjald kr. 65.oo.

Fleira ekki gert. Fundi slitið.

K.Zimsen. Guðm.Ásbjörnsson. Pétur Ingimundarson. Sigurður Pétursson. Kjartan Ólafsson. Þorl.Ófeigsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1929, laugardaginn 25. maí, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Haraldi Björnssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 83 við Bergstaðastræti. Stærð 113.2 m². Gjald kr. 88.oo.

2. Gísla Jónssyni leyft að byggja við sumarhúsið í Laugarásbletti nr. VII. Stækkunin nemur 5.74 m². Gjald kr. 5.oo.

3. Gissuri Sveinssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 6 við Fjölnisveg. Stærð 80.o m². Gjald kr. 44.oo.

4. H/f. Hamar synjað um leyfi til að byggja timburskúr á uppfyllingunni neðanvert við Tryggvagötu.

5. Samþykkt að skipta megi lóðinni nr.108 við Hverfisgötu, í tvær lóðir, þannig að hornlóðin við Hverfisgötu og Hringbraut verði 162.5 m²., en syðri hluti lóðarinnar 170.o m². og teljist 22 við Hringbraut, og hafi lóðirnar 108 - 106A og 106 við Hverfisgötu, gangrétt yfir hana.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Guðm. Ásbjörnsson. Þorl.Ófeigsson. Kjartan Ólafsson. Pétur Ingimundarson. Sigurður Pétursson. Kristinn Sigurðsson.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1929, laugardaginn 1. júní, kl. 4 síðdegis, var fundur haldinn í byggingarnefndinni, á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Huldu Þorsteinsson leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 6 við Brávallagötu. Stærð 117.2 m². Gjald kr. 126.oo.

2. Huldu Þorsteinsson leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 8 við Brávallagötu. Stærð 95.8 m². Gjald kr. 100.oo.

3. Huldu Þorsteinsson leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 10.við Brávallagötu. Stærð 95.8 m². Gjald kr. 100.oo.

4. Sigurbergi Elíssyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu. Stærð 100 m². Gjald kr. 62.oo.

5. Skúla Þorkelssyni og Hans Steinasyni leyft að innrétta tvö herbergi til íbúðar, í bakhúsi hússins nr. 13 við Framnesveg. Gjald kr. 5.oo.

6. Árna og Bjarna leyft að gera breytingar á gluggum á framhlið hússins nr. 42 við Laugaveg. Gjald kr. 5.oo.

7. Baldri Benediktssyni leyft að gera breytingar á framhlið hússins nr. 88 við Hverfisgötu. Gjald kr. 5.oo.

8. Baldri Benediktssyni synjað um endurnýjun á leyfi 30. apríl, 1927 til að byggja vinnuskúr, á lóðinni nr. 88 við Hverfisgötu.

9. Kristjáni Siggeirssyni synjað um leyfi til að byggja vinnustofur á lóðinni nr. 4A við Smiðjustíg.

10. Rikhard Torfasyni leyft að hækka kvist, á framhlið hússins nr. 10 við Bárugötu. Gjald kr. 5.oo.

11. Ármanni Guðmundssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr timbri, á erfðafestulandinu Sogabletti nr. XVIII. Stærð 36 m². Gjald kr. 13.oo.

12. Herbert M. Sigmundssyni leyft að byggja bráðabirgðarskýli, á lóðinni nr. 3 við Bankastræti. Stærð 51.8 m². Gjald kr. 15.oo.

13. Helga Helgasyni leyft að byggja tvílyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 4 við Bræðraborgarstíg. Stærð 134 m². Gjald kr. 134.oo.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14. Ófeigi J. Ófeigssyni leyft að byggja sumarbústað, úr timbri, á Langholtsbletti nr. XVI. Stærð 20.79 m2. Gjald kr. 7.oo.

15. Kristvin Guðmundssyni og Sigurði Kristjánssyni leyft að byggja einlyft íbúðarhús, úr steinsteypu, á lóðinni nr. 16 við Fjölnisveg. Stærð 105 m2. Gjald kr. 76.oo.

16. Ríkisstjórninni leyft að byggja þrílyft skrifstofuhús, úr steinsteypu, norðanvert við Lindargötu, á horni Ingólfsstrætis að austanverðu. Stærð 428.4 m2. Gjald kr. 515.oo.

17. J. Lange leyft að breyta gluggum á húsinu nr. 3 við Þingholtsstræti. Gjald kr. 5.oo.

18. Samþykkt að skipta megi suðurhluta lóðarinnar, Nýlendu í tvær byggingarlóðir, og verði sú vestari 277.o m2. að stærð, á horni Bræðraborgarstígs og Nýlendugötu, en sú eystri, sem verður við Nýlendugötu 169.9 m2., enda falli endurgjaldslaust til bæjarins 87.1 m2., sem fer undir götu og 10.6 m2. af götustæði Brunnstígs leggist til eystri lóðarinnar, án endurgjalds, og verður hún þá 180.5 m2. að stærð.

19. Lagt fram bréf lögreglustjóra, dags. 30. maí 1929, þar sem hann skýrir frá að verið sé að breyta íshúsinu"Herðubreið". Þar sem ekki hefir verið fengið leyfi byggingarnefndar til breytingar á húsinu, ákveður nefndin að láta stöðva verkið.

20. Nefndin samþykkir fyrir sitt leyti að leyfa að byggja smáhýsi, allt að 5 m2. að stærð, á reiti þá í Aldamótagarðinum, sem leigðir eru einstaklingum til(ræktunar) notkunar séu húsin lagleg útlits og leitað samþykkis nefndarinnar í hvert skipti, og ekki leyft að hafa eldfæri í þeim né íbúð.

21. Samþykkt að viðurkenna til að standa fyrirhúsasmíði í Reykjavík:
136. Jón Magnússon, trésmið.

22. Með því að nú eru um 150 ný hús í smíðum í bænum, auk breytinga á fjölda húsum og mörg hús um það bið fullgerð, þótt ekki sé lokið eftirlitsstarfinu við þau, telur nefndin ekki mögulegt að byggingarfulltrúi (fulltrúi) geti komizt yfir að hafa nægilegt eftirlit með byggingunum, og leggur til að bæjarstjórn heimili henni að fá byggingarfulltrúa mann til aðstoðar næstu mánuði.

Fundi slitið.

K.Zimsen. Guðm.Ásbjörnsson. Þorl.Ófeigsson. Sig.Pétursson. Pétur Ingimundarson. Kristinn Sigurðsson. Kjartan Ólafsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur